

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B108-116

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 108-116**

**Nr. 692-747**

# **2003**

## Efnisyfirlit B 108-116 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
692	15. sept.	Reglugerð um námsstyrki .....	2117-2121
693	18. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004 .....	2122
694	22. sept.	Reglugerð um verndun hrygningar steinbíts á Látragrunni ...	2123
695	22. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997 - 2017, miðsvæði 1 .....	2124
696	23. sept.	Auglýsing um deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Sandgerði ...	2124
697	19. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	2125
698	17. sept.	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	2126
699	9. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 646/1995 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga, með síðari breytingum .....	2126
700	22. sept.	Samþykkt um búfjárhald í Dalvíkurbyggð .....	2127-2128
701	19. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ .....	2129
702	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024, Hlíðarendi (M5), Reykjavík .....	2129
703	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024, miðsvæði M5, M6, M8 og athafnasvæði ...	2130
704	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024, undirgögn undir Snorrabraut .....	2130
705	26. sept.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti .....	2131
706	16. sept.	Auglýsing um deiliskipulag frístundahúsalóðar að Hábrekku í landi Heyholts, Borgarbyggð .....	2132
707	18. sept.	Samþykkt um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, stofngjald holræsa og stofngjald vatnsveitu í Fjarðabyggð ....	2132-2134
708	29. sept.	Auglýsing um breytt deiliskipulag háskólasvæðis á Akureyri .....	2135
709	26. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða .....	2135-2136
710	1. okt.	Reglugerð um bann við síldveiðum með vörpu .....	2137-2138
711	1. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum .....	2138
712	2. okt.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	2139
713	6. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu .....	2140
714	25. sept.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	2141
715	22. sept.	Auglýsing um umferð í Sveitarfélaginu Árborg .....	2141-2142
716	26. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum .....	2142
717	25. sept.	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	2142

# STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2003

15. september 2003

2117

Nr. 692

## REGLUGERÐ

### um námsstyrki.

1. gr.

#### *Almenn skilyrði.*

Nemendur á framhaldsskólastigi, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

- a. Nemandi stundar reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, enda sé um að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem fellur undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.
- b. Nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum jafngildum dvalarstað.
- c. Nemandi nýtir ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða nýtur hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

Hámarksaðstoðartími er fimm ár eða 10 annir.

2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a. *Reglubundið nám.* Nemandi telst stunda reglubundið nám hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi skóla eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði. Heimilt er að miða við sex einingar ef um lokaönn er að ræða og nemandi hefur lokið a.m.k. 12 einingum á undangenginni önn.
- b. *Sambærilegt nám.* Við mat á því hvort sambærilegt framhaldsnám verði stundað í heimabyggð eða ekki, er námsbrautarlýsing samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla lögð til grundvallar, ef um nám á fyrsta ári samkvæmt skipulagi skóla er að ræða. Í fylgiskjali I er listi yfir staði þaðan sem nám á tilgreindum brautum á fyrsta ári telst ekki styrkhæft vegna dvalar fjarri lögheimili. Að loknu fyrsta ári ræður eigið mat umsækjanda á eðli og gæðum skóla eða einstakra námsáfanga.

- c. *Fjölskylda*. Með hugtakinu fjölskylda er átt við foreldra nemanda, sé þeim til að dreifa – nánar tiltekið kynforeldra, stjúpfareldra, fósturforeldra eða kjörforeldra, en ella ömmur og afa nemanda; maka samkvæmt hjúskap aðila, maka samkvæmt staðfestri samvist eða maka samkvæmt skráðri sambúð í þjóðskrá, hafi skráningin varað lengur en eitt ár; svo og börn nemanda, þ.m.t. kynbörn, stjúpbörn, fósturbörn eða kjörbörn.
- d. *Dvalarstyrkur*. Dvalarstyrkur samanstendur af ferðastyrk til og frá námsstað við upphaf og lok námsannar, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk.
- e. *Styrkur til skólaaksturs*. Styrkur til skólaaksturs samkvæmt 6. gr. er ferðastyrkur sem úthlutað er til umsækjenda sem ekki njóta dvalarstyrks samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar.

### 3. gr.

#### *Námsstyrkjanefnd og LÍN.*

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemanda að jafnaði einu sinni á ári. Umsækjandi skal skila umsókn til nefndarinnar á því formi er námsstyrkjanefnd ákveður.

Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki sérstaklega fyrir haust- og vorönn. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna haustannar fyrir 1. september ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 31. október sama ár. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna vorannar fyrir 1. desember ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 31. janúar næsta árs. Birta skal auglýsingar um námsstyrki í dagblöðum og með öðrum sannanlegum hætti. Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita umsókn viðtöku í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skal styrkur þá skertur um einn hundraðshluta fyrir hvern dag fram yfir frest dag.

Námsstyrkjanefnd hefur starfsstöð í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og annast sjóðurinn alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki, sér um úrvinnslu þeirra, leitar eftir upplýsingum frá skólum um hvort nemandi teljist hafa stundað reglubundið nám, sbr. 2. gr., og annast útborgun námsstyrkja.

Til staðfestingar á því að nemandi stundi reglubundið nám á framhaldsskólastigi ber viðkomandi framhaldsskóla, að ósk námsstyrkjanefndar, að láta nefndinni í té upplýsingar þar að lútandi áður en útborgun námsstyrkja fer fram.

Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi og við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 10. janúar og 10. júní ár hvert. Skilyrði útborgunar er að skóli hafi staðfest námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar og í lok vorannar.

Athugasemdir við niðurstöður námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar.

### 4. gr.

#### *Dvalarstyrkir.*

Skilyrði fyrir veitingu dvalarstyrks er að:

- a. Nemandi stundi reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sbr. a-lið 2. gr.
- b. Nemandi geti ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu, sbr. skilgreiningu í b-lið 2. gr.
- c. Nemandi verði að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili og fjarri fjölskyldu vegna námsins. Heimilt er að veita dvalarstyrk þótt fjarlægð skv. 1. málsl. sé styttri en 30 km, ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar m.a. með tilliti til veðráttu og ástands vega eða vegna skorts á almenningsamgöngum.

## 5. gr.

*Upphæð dvalarstyrks.*

Fullur dvalarstyrkur nær til ferðastyrks, fæðisstyrks og húsnæðisstyrks. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð fulls dvalarstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

Nemandi þarf að leggja fram staðfestingu skóla á greiðslu fyrir dvöl á heimavist eða í sambærilegu húsnæði á vegum skóla eða staðfestingu fyrir greiðslu á húsaleigu til að fá fullan dvalarstyrk.

Greiði nemandi ekki húsaleigu nemur mögulegur dvalarstyrkur sömu upphæð og styrkur vegna skólaaksturs, sbr. 6. gr.

## 6. gr.

*Styrkir vegna skólaaksturs.*

Þeir nemendur sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla geta átt rétt á styrk vegna skólaaksturs. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð akstursstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til skólaaksturs á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

Styrkir vegna skólaaksturs skulu renna beint til nemenda enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

- a. sækja skóla frá lögheimili sínu og fjölskyldu,
- b. lögheimili er ekki í nágrenni skóla, sbr. yfirlit á fylgiskjali II yfir staði, sem teljast í nágrenni skóla í þessu samhengi.

Til viðbótar akstursstyrk til nemenda er námsstyrkjanefnd heimilt að styðja þá skóla sem skipuleggja daglegan akstur fyrir nemendur sína. Upphæð þessi skal samsvara allt að 15% af fullum akstursstyrk fyrir hvern nemanda.

## 7. gr.

*Sérstakur styrkur vegna efnalítilla nemenda.*

Samþykki námsstyrkjanefnd að auglýsa eftir umsóknum um veitingu sérstaks styrks vegna efnalítilla nemenda, ákvarðar nefndin upphæð styrksins með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til sérstakra styrkja á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga um námsstyrki nr. 79/2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 576/2002 með síðari breytingum.

*Menntamálaráðuneytinu, 15. september 2003.*

**Davíð Oddsson.**

*Stefán Baldursson.*



**Fylgiskjal II.****Staðir í nágrenni framhaldsskóla.**

<b>Svnr.</b>	<b>Sveitarfélag</b>	<b>Pnr.</b>
<b>0000</b>	Reykjavíkurborg	<b>101-155</b>
<b>1000</b>	Kópavogsbær	<b>200-203</b>
<b>1100</b>	Seltjarnarneskaupstaður	<b>170</b>
<b>1300</b>	Garðabær	<b>210</b>
<b>1400</b>	Hafnarfjarðarkaupstaður	<b>220;221</b>
<b>1603</b>	Bessastaðahreppur	<b>225</b>
<b>1604</b>	Mosfellsbær	<b>270</b>
<b>2000</b>	Reykjanesbær	<b>230;235;260</b>
<b>3000</b>	Akraneskaupstaður	<b>300</b>
<b>3503</b>	Innri-Akraneshreppur	<b>301<sup>1)</sup></b>
<b>3711</b>	Stykkishólmsbær	<b>340</b>
<b>3714</b>	Snæfellsbær	<b>355;360</b>
<b>4200</b>	Ísafjarðarbær	<b>400;410</b>
<b>5200</b>	Sveitarfélagið Skagafjörður	<b>550</b>
<b>6000</b>	Akureyrarkaupstaður	<b>600;603</b>
<b>6150</b>	Húsavíkurbær	<b>640</b>
<b>6612</b>	Pingeyjarsveit	<b>650;641<sup>2)</sup></b>
<b>7300</b>	Fjarðabyggð	<b>740</b>
<b>7506</b>	Fellahreppur	<b>701<sup>3)</sup></b>
<b>7618</b>	Austur-Hérað	<b>700</b>
<b>7708</b>	Sveitarfélagið Hornafjörður	<b>780</b>
<b>8000</b>	Vestmannaeyjabær	<b>900</b>
<b>8200</b>	Sveitarfélagið Árborg	<b>800</b>
<b>8721</b>	Bláskógabyggð	<b>840</b>

1) Frá Miðgarði að Akranesi.

2) Umhverfis Laugar að hjóðvegi 1.

3) Fellabær.



# STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 2003

---

Nr. 693

2122

18. september 2003

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Í stað lokamálsliðar 5. mgr. 8. gr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Sé fiskur hauseður um borð í veiðiskipi skal stærð hans mæld frá sporðsenda að gotrauf og er þá miðað við þorsk styttri en 27 cm, ýsu styttri en 26,5 cm og ufsa styttri en 31 cm. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla sem flakaður er eða flattur um borð í veiðiskipi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. september 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2003

22. september 2003

2123

Nr. 694

## REGLUGERÐ

### um verndun hrygningar steinbíts á Látragrunni.

#### 1. gr.

Frá og með 1. október 2003 til og með 31. janúar 2004 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.  $65^{\circ} 03'00''$  N –  $26^{\circ} 10'00''$  V
2.  $65^{\circ} 17'00''$  N –  $26^{\circ} 10'00''$  V
3.  $65^{\circ} 17'00''$  N –  $25^{\circ} 50'00''$  V
4.  $65^{\circ} 11'00''$  N –  $25^{\circ} 42'00''$  V
5.  $65^{\circ} 03'00''$  N –  $25^{\circ} 50'00''$  V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. september 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997 – 2017, miðsvæði 1.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin felst í að miðsvæði 1 er stækkað til austurs inn á áður skilgreint íbúðarsvæði og lega Víkurbrautar til suðurs breytist þannig að gatnamót hennar við Austurgötu verða við Suðurgötu í stað Vallargötu. Jafnframt er hringtorg á gatnamótum Hafnargötu og Strandgötu fellt niður og Víkurbraut tengd við Strandgötu. Miðsvæðið er skilgreint sem miðsvæði/miðbæjarsvæði í stað blandaðrar landnotkunar þjónustustofnana, verslunar og þjónustu og íbúða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 22. september 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Sandgerði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 10. september 2003 samþykkt deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Sandgerði.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Sandgerði, 23. september 2003.*

F.h. Sandgerðisbæjar,

**Guðfinnur G. Þórðarson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Klettháls, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Klettháls.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugardalur, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir suðvesturhluta Laugardals.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grafarholt austur, Biskupagata 1-39/Gvendargeisli 118-166, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt austur, varðandi Biskupagötu 1-39 og Gvendargeisla 118-166. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reykjanesbraut við Mjódd, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi við Reykjanesbraut við Mjódd.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 19. september 2003.*

Skiplagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að allar U-beygjur skuli bannaðar á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. september 2003.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 646/1995 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist:

Verðbréf útgefin af fjölþjóða þróunarbankanum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar nr. 530/2003 um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, sem eitt eða fleiri aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eru aðilar að.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 34. gr. sömu laga.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 9. september 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þóra M. Hjaltsted.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2003

22. september 2003

2127

Nr. 700

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Dalvíkurbyggð.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í lög-sagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, m.a. til að koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir íbúa og vernda gróður í sveitarfélaginu.

Landbúnaðarráð Dalvíkurbyggðar fer með framkvæmd þessarar samþykktar.

#### 2. gr.

Með búfjárhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, sbr. 2. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald. Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar.

#### 3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skal senda skriflega umsókn til landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Telji landbúnaðarráð að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum veitir það leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. eða samþykkt þessari, má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Útgáfa leyfis er háð því skilyrði að umsækjandi kaupi ábyrgðartryggingu á tjóni sem búfé veldur á hagsmunum þriðja aðila.

#### 4. gr.

Byggingafulltrúi skal halda skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar sem úthlutað er til beitar og slæгна. Umsóknum um land til grasnytja fyrir búfé skal koma til byggingafulltrúa sem úthlutar leyfum, eftir umsögn landbúnaðarráðs. Leyfin eru gefin út á nafn og eru óframseljanleg.

Í leigusamningum skulu vera ákvæði um viðhald gróðurs og beitarnytja. Byggingafulltrúi og/eða landbúnaðarráð geta krafist úrbóta eða svipt viðkomandi leigusamningi.

## 5. gr.

Óheimilt er að halda búfé nema hafa fyrir það hús sem samræmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beutiland og fóður fyrir búfé sitt. Honum er skylt að gefa búfjárefirlitsmanni upplýsingar um búfjáreign og hefynd og sýna honum búfé og aðstöðu þegar þess er óskað.

## 6. gr.

Öllum umráðamönnum búfjár í sveitarfélaginu, á lögbýlum og utan þeirra er skylt að hafa það í vörslu sem hér segir:

- a) Hross og nautgripir, allt árið.
- b) Sauðfé, frá fyrstu göngum til 15. júní.

## 7. gr.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal handsama og færa í örugga vörslu sem búfjárefirlitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem vegna tjóns og kostnað við handsömun. Við ítrekuð brot og hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og öðrum gildandi lögum og stjórnvaldsreglum á hverjum tíma eftir því sem við á.

## 8. gr.

Byggingar gripahúsa skulu einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í þéttbýlinu, á svæðum sem ætluð eru til annarra nota en búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn samþykkir slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurbyggja eða endurnýja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

## 9. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu tilkynna búfjárhald sitt til landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar innan tveggja mánaða frá gildistöku samþykktarinnar.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi sem er samín og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 103/2002 um búfjárhald og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 377/1995 um búfjárhald á Dalvík.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. september 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Viðauki við skipulagsskilmála við Hæðarbyggð 27.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt viðauka við skipulagsskilmála fyrir Hæðarbyggð 27. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Strandveg 9, 11, 13, 15 og 17 í Sjólandi .*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Strandveg 9, 11, 13, 15 og 17 í Sjólandi. Í breytingunni felst að heildarflatarmál húsa verður 7966 m<sup>2</sup> í stað 7520 m<sup>2</sup> sem heimilt er í skipulagsskilmálum. Heildarnýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 1,29 í 1,36 vegna þess. Heildarfjöldi íbúða, hæðir húsa, byggingarreitir, götur, gangstéttir og önnur skipulagsákvæði eru óbreytt.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 19. september 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, Hlíðarendi (M5), Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að hluti opins svæðis til sérstakra nota við íþróttasvæði Vals að Hlíðarenda, milli Bústaðavegar og Hlíðarfótar, breytist í miðsvæði merkt M5. Þar er gert ráð fyrir 120 íbúðum og verður því bætt við sem þéttingarsvæði nr. 10a „Vatnsmýri-Hlíðarendi“ en á móti fækkar íbúðum úr 500 í 380 á þéttingarsvæði nr. 6 „önnur þétting í miðborg“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, miðsvæði M5, M6, M8 og athafnasvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

*Svæði M6, Ártúnshöfði, Grafarholt:* Eftirfarandi setningu er bætt við skilgreiningu svæðanna: „Óheimilt er að reka matvöruverslanir á svæðinu norðvestan Grafarholts“.

*Svæði M5, Vatnsmýri, Borgartún, Keldur:* Eftirfarandi setningu er bætt við skilgreiningu svæðanna: „Óheimilt er að reka matvöruverslanir á svæðunum nema það sé sérstaklega tekið fram í deiliskipulagi að það sé heimilt“.

*Svæði M8, Spöngin, Hallar- og Hamrahlíðarlönd, Blikastaðir:* Eftirfarandi setning er felld brott þar sem um villu er að ræða: „Skrifstofur og léttur iðnaður og umboðs- og heildverslanir leyfðar á miðsvæði í Grafarholti“.

*Athafnasvæði:* Eftirfarandi texta verði bætt við skilgreiningu á athafnasvæðum í kafla 3.1.6: „Óheimilt er að veita leyfi til rekstrar nýrra matvöruverslana á athafnasvæðum“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, undirgögn undir Snorrabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að bætt er við undirgöngum undir Snorrabraut norðan gatnamóta Hringbrautar og Snorrabrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar 65 mm og stærri	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	30
<b>Tollnúmer:</b>					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	26.09.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	26.09.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2003.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundahúsalóðar að Hábrekku í landi Heyholts, Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 16. september 2003.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, stofngjald holræsa og stofngjald vatnsveitu í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

Af öllum lóðum, nýbyggingum, stækkunum eldri húsa svo og annarra mannvirkja, hvort sem er á leigu- eða eignarlóðum, skal greiða eftirtalin gjöld til bæjarsjóðs samkvæmt samþykkt þessari:

- 1.1 Gatnagerðargjald.
- 1.2 Byggingarleyfisgjald.
- 1.3 Stofngjald holræsa.
- 1.4 Stofngjald vatnsveitu.

Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í bæjarfélaginu. Skal nota það til greiðslu alls kostnaðar við að fullgera gatnakerfi, þ.e. að skipuleggja, hanna og undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, götulýsingu, slitlagi, kantsteinum, gangstéttum og gangbrautum, umferðareyjum, gangstígum og opnum svæðum. Innfalið í fullu gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarútsetningu byggingar og ein staðsetning lóðarmarka.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá stærð lóðar. Greitt er fast gjald á hvern fermetra lóðar og er lóðarhafa heimilt að byggja á lóðinni innan byggingarreits og samkvæmt því nýtingarhlutfalli sem deiliskipulag kveður á um. Ef deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal ákveða nýtingarhlutfall við lóðarúthlutun. Ekki þarf að greiða gatnagerðargjald af viðbyggingum eða breytingum sem kunna að verða gerðar á húsi síðar. Aðeins er greitt eitt gjald fyrir hverja lóð. Ef óskað er eftir að byggja meira en nýtingarhlutfall lóðar segir til um skal semja sér-

staklega um gjald fyrir það sem umfram er byggt. Upphæð gatnagerðargjalds er sem hér segir:

- 3.1 Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.600 fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhús.
- 3.2 Gjald á fermetra lóðar er kr. 1.200 fyrir iðnaðarhús, vörugeymslur og annað húsnaði.

Bæjarstjórn er heimilt í sérstökum tilvikum að hækka eða lækka gatnagerðargjald á einstökum lóðum eða svæðum um allt að 25%.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en hér að ofan greinir ef aðstæður eru fyrir hendi sem metnar eru óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar enda hafi viðkomandi lóðir ekki gengið út við lóðarúthlutun eins og aðrar lóðir.

#### 4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- 4.1 Við lóðarúthlutun skal greiða 50% gatnagerðargjalds.  
Hafi ekki verið lagt bundið slitlag á viðkomandi götu við lóðarúthlutun skal einungis greiða 20% gjaldsins við lóðarúthlutun og 30% við lagningu bundins slitlags.
- 4.2 Við útgáfu byggingarleyfis skal greiða 25%.
- 4.3 Þegar hús er fokhelt skal greiða 25%.

Af gjaldföllu gatnagerðargjaldi skal reikna dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

#### 5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hvert útgefið byggingarleyfi sem afgreitt er í byggingarnefnd. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfis skyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning húss og eftirlit byggingarfulltrúa skv. reglugerð.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa eru:

- 5.1 Byggingarleyfisgjald er kr. 50 á rúmmetra húss sem er stærra en 10 m<sup>2</sup> og að auki fast gjald sem er eftirfarandi:
 

Fyrir byggingar sem eru 10 til 60 m <sup>2</sup>	kr. 20.000
Fyrir byggingar sem eru 60 m <sup>2</sup> og stærri	kr. 50.000
- 5.2 Leyfisveitingar, úttektir og vottorð
- 5.3 Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga
- 5.4 Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar

Ekki er innheimt leyfisgjald samkv. 5.2 af byggingum sem falla undir lið 5.1 um gjaldtöku.

Gjöld skv. 5. gr. eru óendurkræf þó lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og er innheimt við útgáfu byggingarleyfis sbr. 29. gr. byggingarreglugerðar.

#### 6. gr.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Fjarðabyggðar og skráðar eru í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis.

- 6.1 Íbúðarhúsnaði, verslun og þjónusta, heimtaug <= 150 mm
- 6.2 Iðnaðar- og atvinnuhúsnaði og/eða heimtaug > 150 mm

Tengigjald holræsa byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

## 7. gr.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitum Fjarðabyggðar. Til að tenging við vatnsveitu fáist skal vera búið að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimtaugar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimtauga sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar.

7.1 Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimtaug <= 40 mm kr. 40.000

7.2 Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimtaug > 40 mm kr. 90.000

Tengigjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

## 8. gr.

Öll gjöld í samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 285,9 stig og reiknast á hverjum tíma samkvæmt gildandi byggingarvísitölu.

## 9. gr.

Samþykkt þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 15/1923, 81/1991, 17/1996 og 73/1997, gildir frá 1. október 2003 og fellur þá úr gildi eldri samþykkt um gatnagerðargjald nr. 972/2000 með síðari breytingum.

Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt af lóð skv. eldri samþykktum um gatnagerðargjald gilda ákvæði þeirra samþykktu um viðkomandi lóð og mannvirki áfram.

Samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. september 2003.

*Fjarðabyggð, 18. september 2003.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2003

29. september 2003

2135

Nr. 708

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag háskólasvæðis á Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundum sínum 2. september 2003 samþykkt breytingar á deiliskipulagi háskólasvæðis sem samþykkt var 2001.

Helstu breytingar eru þær að háskólasvæðinu er skipt upp í 3 lóðir, en það var áður ein óskipt lóð, ákvæði um hæð bygginga á lóð rannsóknarhúss breytist og byggingarreitur, bílastæði og fleiri skipulagsatriði á þeirri lóð eru útfærð nánar en í eldra skipulagi.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 29. september 2003.*

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

26. september 2003

Nr. 709

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.

1. gr.

a-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af gimbrarlömbum að tólf mánaða aldri og skrokkar af hrútlömbum sem slátrað er fyrir 1. nóvember og eftir 1. mars, svo og skrokkar af geltum hrútlömbum, að 12 mánaða aldri, enda hafi þau verið gelt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir slátrun. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum D.

e-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af fullorðnum og veturgömlum hrútum sem slátrað er eftir 10. október og lambhrútum sem slátrað er eftir 31. október til og með 1. mars. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum H.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2003

1. október 2003

2137

Nr. 710

## REGLUGERÐ

### um bann við síldveiðum með vörpu.

#### 1. gr.

Allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

#### 1. Við Austurland:

1.  $65^{\circ} 25'00$  N –  $13^{\circ} 40'00$  V
2.  $65^{\circ} 25'00$  N –  $12^{\circ} 10'00$  V
3.  $64^{\circ} 48'10$  N –  $12^{\circ} 28'00$  V
4.  $64^{\circ} 48'10$  N –  $13^{\circ} 50'00$  V

#### 2. Við Suðausturland:

1.  $64^{\circ} 48'10$  N –  $13^{\circ} 50'00$  V
2.  $64^{\circ} 48'10$  N –  $12^{\circ} 28'00$  V
3.  $64^{\circ} 18'00$  N –  $12^{\circ} 28'00$  V
4.  $64^{\circ} 00'00$  N –  $15^{\circ} 00'00$  V
5.  $63^{\circ} 20'00$  N –  $17^{\circ} 00'00$  V
6.  $63^{\circ} 20'00$  N –  $18^{\circ} 00'00$  V
7.  $63^{\circ} 30'40$  N –  $18^{\circ} 00'00$  V

#### 3. Við Suðvesturland:

1.  $63^{\circ} 56'40$  N –  $24^{\circ} 01'40$  V
2.  $63^{\circ} 42'10$  N –  $22^{\circ} 58'00$  V
3.  $63^{\circ} 42'00$  N –  $22^{\circ} 25'00$  V
4.  $63^{\circ} 20'00$  N –  $22^{\circ} 25'00$  V
5.  $63^{\circ} 20'00$  N –  $24^{\circ} 33'00$  V

#### 4. Fyrir Vesturlandi:

1.  $64^{\circ} 42'00$  N –  $25^{\circ} 30'00$  V
2.  $64^{\circ} 42'00$  N –  $24^{\circ} 11'00$  V
3.  $63^{\circ} 50'60$  N –  $23^{\circ} 35'90$  V
4.  $63^{\circ} 56'40$  N –  $24^{\circ} 01'40$  V
5.  $63^{\circ} 20'00$  N –  $24^{\circ} 33'00$  V
6.  $64^{\circ} 10'00$  N –  $25^{\circ} 37'00$  V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi 3. október 2003. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 923, 23 desember 2002, um bann við síldveiðum fyrir Vesturlandi,



reglugerð nr. 832, 29. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Austurland, reglugerð nr. 775, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðvesturland og reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðausturland.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003,  
um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum.**

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Við úthlutun aflaheimilda samkvæmt reglugerð þessari koma eftirfarandi sjávarbyggðir ekki til greina: Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarbær og Reykjavíkurborg.

2. gr.

Í stað: „2002/2003“ í 6. tl. 2. gr. kemur: 2001/2002.

3. gr.

Á 4. gr. verða eftirfarandi breytingar:

1. Í stað: „15. október“ í 1. mál. 2. mgr. kemur: 1. nóvember.
2. Í stað: „15. nóvember“ í lokamálslið 3. mgr. kemur 1. desember.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 2003

2. október 2003

2139

Nr. 712

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Lambhagi v/Vesturlandsveg.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir gróðrastöðina Lambhaga v/Vesturlandsveg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hraunteigur 14.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hraunteig 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.180.2.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.180.2 sem afmarkast af Hallveigarstíg, Bergstaðastræti, Spítalastíg og Ingólfsstræti.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Smárarími/Sóleyjarrími, lóð Landsímans í Grafarvogi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. ágúst 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Smára- og Sóleyjarríma í Rimahverfi, nyrðri hluta lóðar Landsímans í Grafarvogi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Stakkahlíð, Bogahlíð, Hamrahlíð.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 18. september 2003, deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Stakkahlíð, Bogahlíð og Hamrahlíð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 2. október 2003.*

Skiplagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 115 – 2003

---

Nr. 713

2140

6. október 2003

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002,  
um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo: Þrátt fyrir 2. málslíð 2. gr. er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði fyrir Vestfjörðum, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Blakknesi og að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðvestur frá Straumnesvíta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. október 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 2003

25. september 2003

2141

Nr. 714

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju hf., Eski-firði, kt. 630169-4299. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnu-rekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., Seyðisfirði, kt. 570269-7479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

*Umhverfisstofnun, 25. september 2003.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

\_\_\_\_\_  
*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

22. september 2003

Nr. 715

## AUGLÝSING

### um umferð í Sveitarfélaginu Árborg.

Að tillögu bæjarstjórnar Árborgar og samkvæmt 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður umferð breytt með eftirfarandi hætti og umferðarmerki sett upp samkvæmt því:

*Stokkseyri:*

Eyrarbraut verði aðalbraut og sett verði biðskyldumerki á alla botnlanga sem veita umferð inn á Eyrarbraut.

*Selfoss:*

Biðskylda verði á gatnamótum Ástjarnar við Langholt.

Við hringtorg á Tryggvagötu við Hólahverfi verði biðskylda gagnvart umferð um hring-torgið og sett verða upp biðskyldumerki, akstursstefnumerki og hringtorgsmerki.

Biðskylda verði á gatnamótum Dverghóla, Tröllhóla og Nauthóla sem liggja að Tryggva-götu, en hún er aðalbraut. Einnig verði biðskylda á Álfhólum gagnvart Norðurhólum.

Biðskylda verði á öllum götum sem liggja að Fossvegi, þar með töldum götum sem liggja frá fjölbýlishúsunum að Fossvegi 2, 4 og 6.

Gutenberg

Biðskylda verði á Fossvegi við Eyrarveg, sunnan við Húsasmiðjuna.

Biðskylda verði á Jórutúni og Miðtúni gagnvart Ártúni.

*Dreifbýli:*

Viðvörðunarkerki, A11.31, A11.36 og A11.37 verða sett á Kaldaðarnesveg, Holtaveg og „engjaveg“ á Eyrarbakka.

Efni þessarar auglýsingar tekur gildi frá og með birtingu hennar í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum.

*Lögreglustjórinn á Selfossi, 22. september 2003.*

**Ólafur Helgi Kjartansson.**

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum.**

1. gr.

Töluliður nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að Efstaleiti verði aðalbraut, milli Bústaðavegar og Listabrautar
2. að banna bifreiðastöður á Sunnuvegi, að vestanverðu, meðfram lóð KFUM og K.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. september 2003.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Athafnasvæði Hellnahrauni 1. áfanga“ vegna Hringhellu 2 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 1. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Athafnasvæði Hellnahrauns 1. áfanga“ vegna Hringhellu 2 í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 29. september 2003.*

**Anna Margrét Tómasdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 5. febrúar 2002 nýtt deiliskipulag á lóðinni Grænumörk 10, Hveragerði, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Tilheyrandi greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 18. september 2003.*

**Guðmundur F. Baldursson**, skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Löngumýri 28 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu/viðauka við skipulagsskilmála fyrir Löngumýri 28 í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að fjölga íbúðum úr 9 í 10 í fjölbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreind breyting öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 22. september 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. september 2003 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til raðhúsalóðanna 7-9-11-13 og 8-10-12-14 við Birkiholt. Í tillögunni er byggingarskilmálum lóðanna breytt þannig að í stað þess að húsin verði einnar hæðar með nýtanlegu risi undir hallandi þaki verði heimilað að byggja þar tveggja hæða raðhús með flötu þaki.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 18. september 2003.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2004.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,64 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2004 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárefritsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2004.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 723 frá 24. október 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. september 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir heitt vatn, nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir viðeigandi gjaldskrárliðir hækka um 2%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 24. september 2003.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002 - 2017, Selbrekka, Egilsstöðum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Stækkun íbúðarsvæðis í Selbrekku á Egilsstöðum um 3,3 ha og breyttri lögun svæðisins.

Færslu á aðkomu inn á íbúðarsvæði frá Seyðisfjarðarvegi.

Nýrri aðkomu inn á svæðið frá Norðfjarðarvegi.

Breytingu á legu göngustígs frá Seyðisfjarðarvegi í gegnum Selskóg.

Lagningu núverandi raflínu yfir Norðfjarðarveg í jörð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. september 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990 - 2010, aðkomuleiðir að hafnarsvæði og miðbær, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Áætluð gata vestast og syðst á iðnaðar- og hafnarsvæði verður lögð af ásamt iðnaðar- og hafnarsvæði vestan hennar.

Ægisgata verður framlengd og tengist Hjallanesi, Búðareyri og Norðfjarðarvegi sunnan tjaldsvæðis merkt U3.

Búðareyri verður framlengd og fyrirhugaðri legu hennar breytt þannig að hún komi í hringtorg að norðan.

Tjaldsvæði (opið svæði til sérstakra nota) verður lagað að breyttri legu Búðareyrar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. september 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Kattahald er bannað í þéttbýlisstöðunum í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu undanþágu frá 1. gr. og leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

3. gr.

Þeir sem óska eftir leyfi til kattahalds skulu sækja um það á skrifstofu áhaldahússins á Sel-fossi eða á þjónustuskrifstofunum á Eyrarbakka og Stokkseyri og þar fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Greiða skal skráningargjald, sem nemur sannarlegum kostnaði vegna skráningar kattarins.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

## 4. gr.

Skilyrði fyrir kattahaldi í fjöleignahúsum, er að hlutaðeigandi íbúðareigendur veiti samþykki í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum, og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu kattarins.

## 5. gr.

Eigand kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið, gerist þess þörf.

## 6. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili.

## 7. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.

## 8. gr.

Eigi er leyfilegt að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum eða öðrum þeim stöðum sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælafyrirtækjum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1999, með síðari breytingum, eða vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.

## 9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað. Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðarhverfum er dýraeftirlitsmanni heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum köttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

## 10. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður á hennar vegum, framkvæmd og eftirlit með kattahaldi í Sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef köttur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili kattarins tálmar starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valdi því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýrið. Að öðru leyti starfar dýraeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

## 11. gr.

Gjald samkvæmt 3. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

## 12. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 13. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um katta-hald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 773/1999.

*Umhverfissráðuneytinu, 22 september 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Vestmannaeyjum.

## 1. gr.

Markmiðið með samþykkt þessari er að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Vestmannaeyjum, sbr. lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýli í Vestmannaeyjabæ. Landnytjanefnd fer með málefni sem varða búfjárhald. Til þess að framfylgja samþykkt þessari og lögum um búfjárhald skal ráða búfjárefntirlitsmann, sem annast eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun, hirðu og vörslu bjarlandsins. Hann skal handsama og skrá lausagöngubúfénað. Auk forðagæslu og vörslu lands skal búfjárefntirlitsmaður halda skrá um búfjáreigendur og fjölda búfjár af einstökum tegundum. Hann skal starfa á vegum landnytjanefndar Vestmannaeyjabæjar.

## 2. gr.

Búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) og lausaganga búfjár er óheimil á Heimaey að öðru leyti en greinir í samþykkt þessari.

## 3. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds á Heimaey skal senda um það umsókn til landnytjanefndar. Leyfi til búfjárhalds er veitt til óákveðins tíma en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert. Leyfið miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda. Óheimilt er að framselja leyfið. Leyfi skal einungis veitt þeim sem hafa yfir að ráða viðunandi beitilandi og gripahúsi að mati landnytjanefndar.

## 4. gr.

Leyfi til byggingar gripahúss og til afnota af beitilandi skal sækja um til skipulags- og byggingafulltrúa, sem fjallar um umsóknina í samráði við landnytjanefnd. Skipulags- og byggingafulltrúi heldur skrá og kort yfir tún og jarðir sem eru í notkun og samninga sem í

gildi eru. Umsóknin, ásamt tillögum skipulags- og byggingafultrúa og landnytjanefndar, er síðan send bæjarstjórn til afgreiðslu.

5. gr.

Búfjáreigandi skal ætíð ganga vel um leiguland sitt og draga úr eða aflétta beit tafarlaust ef ástæða þykir til að dómi búfjárefirlitsmanns, að fenginni umsögn gróðurefirlitsmanns Landgræðslu ríkisins. Þá skal búfjáreigandi ábyrgjast örugga vörslu búfjár síns með fjárheldum girðingum, sbr. ákvæði reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000 og reglugerðar um girðingar nr. 748/2002. Jafnframt skal hann viðhalda gripahúsum sínum og girðingum, sbr. ákvæði girðingarlaga nr. 135/2001 og reglugerðar um girðingar nr. 748/2002. Haga-ganga, þ.e. haust- og vetrarþétt sauðfjár á skilgreindum svæðum á Heimaey er heimil á tímabilinu 1. október til 31. mars ár hvert. Landnytjanefnd getur að fenginni umsögn búfjárefirlitsmanns veitt undanþágu frá dagsetningu ef nauðsynlegt þykir að mati nefndarinnar. Land sem ætlað er til hagagöngu skal ákvarðað af landnytjanefnd að fenginni umsögn búfjárefirlitsmanns. Mörk landsvæðis sem ætlað er til hagagöngu skulu endurskoðuð 3. hvert ár.

6. gr.

Fylgi búfjáreigandi ekki settum reglum varðandi búfjárhald má svipta hann forræði þess að undangenginni skriflegri aðvör. Sleppi búfénaður laus skal búfjárefirlitsmaður sjá um að framfylgja 9. gr. III. kafla laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

7. gr.

Peir, sem við gildistöku samþykktar þessarar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til landnytjanefndar og sækja um leyfi til búfjárhalds.

8. gr.

Vestmannaeyjabær leigir úteyjafélögum nýttarétt í úteyjum öllum að undanskilinni Surtsey til óákveðins tíma en með eins árs uppsagnarfresti miðað við 15. júní ár hvert. Aðskilja skal beitar- og veiðirétt. Þeim sem nýttja úteyjar til beitar ber að hafa samráð við landnytjanefnd og búfjárefirlitsmann um fjölda fjár og fyrirkomulag að öðru leyti.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi, ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103 frá 2002 um búfjárhald.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar, er sett með heimild 5. gr. laga nr. 103/2002 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi V. kafli lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 320 frá 1979 og 12. gr. reglugerðar um fjallskil, fjármörk o.fl. í Vestmannaeyjum nr. 5 frá 1958.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Bolungarvík.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 23. september 2003 staðfest tillögur hættumatsnefndar Bolungarvíkur að hættumati vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### Hitaveitu Flúða.

#### I. KAFLI

#### Rekstrarform.

##### 1. gr.

Hitaveita Flúða og nágrennis er sjálfstætt fyrirtæki sem Hrunamannahreppur á og starfrækir, hér eftir nefnt hitaveitan.

##### 2. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veituvæðinu eftir því sem hagkvæmt þykir, reka aðveitur og orkudreifikerfi á starfsvæði sínu og annast sölu á varmaorku til notenda.

##### 3. gr.

Orkuveituvæði hitaveitunnar er Flúðir og þeir bæir sem aðveituæð hitaveitunnar fer um í Hrunamannahreppi og nágrennasveitum eftir nánara samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps og viðkomandi sveitarstjórna og sem ráðherra samþykkir.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku til notenda á orkuveituvæði sínu.

##### 4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum hreppsnefndar en framkvæmdastjórn hennar skal falin veitustjórn ásamt framkvæmdastjóra.

##### 5. gr.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af hreppsnefnd. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og hreppsnefndar. Í upphafi kjörtímabils kýs hreppsnefnd formann en á fyrsta fundi veitustjórnar fer fram kjör varaformanns og ritara.

## 6. gr.

Hreppsnefnd ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar að fengnum tillögum veitustjórnar. Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem veitustjórn gefur. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til veitunnar eftir þörfum umfram hina föstu starfsmenn. Framkvæmdastjóri situr fundi veitustjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Einnig hefur sveitarstjóri seturétt á fundum veitustjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 7. gr.

Veitustjórn heldur einn reglulegan fund í hverjum mánuði samkvæmt nánara samkomulagi. Formaður veitustjórnar boðar til fundar. Einnig ber að kalla veitustjórn saman ef einn aðalmanna í stjórninni æskir þess eða framkvæmdastjóri veitunnar. Til fundar telst löglega boðað hafi allir aðalmenn í veitustjórn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði eða á annan þann hátt sem veitustjórn kemur sér saman um. Fundarboði skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar veitustjórnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

## 8. gr.

Veitustjórn getur enga samþykkt eða ályktun gert nema boðað hafi verið til fundar með löglegum hætti og meirihluti stjórnar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Stjórnarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi stjórnarmanna fer eftir ákvæðum 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

## 9. gr.

Rita skal fundargerðir veitustjórnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær samkvæmt gildandi reglum um tölvuskráningu fundargerða. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir veitustjórnar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

## 10. gr.

Verkefni veitustjórnar er að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún ákveður framkvæmdir allra varmaorkumála á orkuveituvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir hreppsnefndar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Hún semur gjaldskrá fyrir veituna og leggur fyrir hreppsnefnd og síðan ráðherra til samþykktar.

Hún semur fjárhagsáætlanir og leggur fyrir hreppsnefnd.

Hún undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og leggur fyrir hreppsnefnd.

Hún gerir tillögur um ráðningu fastra starfsmanna hitaveitunnar.

Hún gefur hreppsnefnd þær skýrslur sem óskað er eftir.

Hún semur nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggur þær fyrir hreppsnefnd til staðfestingar.

## 11. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera

endurskoðaðir af endurskoðendum hans. Tekjum hitaveitunnar skal varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggur sé öruggur rekstur veitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af hreppsnefnd að fengnum tillögum veitustjórnar. Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að orkuverð sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku á hagkvæmu verði.

## II. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 12. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi varmaorku eða sá aðili sem skráður er fyrir mælagrind ber ábyrgð á greiðslum varmaorkugjalda.

#### 13. gr.

Varmaorka er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá. Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu varmaorku utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki hreppsnefndar. Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur í gegnum hitakerfi hvers húseiganda endurgjaldlaust. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv. en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Húsráðandi skal annast og bera kostnað af að leiða afrennslisvatnið í frárennslí hússins.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslíð nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

#### 14. gr.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns. Hitaveita skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og þess háttar.

#### 15. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennslí í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

#### 16. gr.

Endursala varmaorkunnar er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

## III. KAFLI

### Veitukerfið.

#### 17. gr.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituaðar, dreifiaðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald hans.

## 18. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði t.d í sumarhúsahverfum.

## 19. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki. Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir tengigrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Heimilt er að setja það sem skilyrði fyrir tengingu sumarhúsa að tengigrind verði í sérstökum skáp utanhúss.

## 20. gr.

Húseigandi greiðir stofn og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

## 21. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi/kaupandi annast og kosta. Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi/kaupandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

## 22. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind er ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

## IV. KAFLI

**Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.**

## 23. gr.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa hennar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingareftirliti hreppsins. Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar með minnst fjögurra daga fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og/eða annað tilheyrandi tengingu við hitaveituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.



## 24. gr.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveita við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar. Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist. Sveitarstjórn getur sett nánari fyrirmæli og reglur um þá starfsemi á orkuveitusvæði sínu. Þeir aðilar, sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar bera ábyrgð á því að verk þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að vera gefin og samþykktu uppdrætti. Ef skipt er um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt framkvæmdastjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar meistari hefur tekið við verkinu.

## 25. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Húseiganda/kaupanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kravatn sé þess óskað. Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

## 26. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar án heimildar, getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

## 27. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar, sem verður fyrir skemmdum af völdum notenda.

## V. KAFLI

**Skilmálar fyrir orkusölu.**

## 28. gr.

Upphaf og lok sammings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

## 29. gr.

Skilyrði varmaorkusölunnar er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstratruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúru-

hamfara eða annarra óviðráðanlega atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Purfi að takmarka notkun varmaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds). Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hitastigi. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

### 30. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru á mælagrind. Starfsmenn hitaveitunnar mega innsigla mæla.

Ef innsigli er rofið á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef kaupandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 50% eða minna er heimilt að gera kaupanda að greiða mælaálestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár. Notendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli sem fasta greiðslan er miðuð við, en hitaveitunni er skylt að leiðréttá skekkju hemilsins svo fljótt sem auðið er.

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á vatnshita.

Kaupandi skal greiða fastagjald (mælagjald) þrátt fyrir stöðvun á orkuafhendingu vegna vanskila eða annarra vanefnda kaupanda þar til orkukaupasamningur er úr gildi fallinn fyrir uppsögn.

### 31. gr.

Kaupandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir varmaorkuna samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um varmaorkunotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggja á staðreyndri varmaorkunotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast áætlunarreikningar. Raunverulega varmaorkunotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar varmaorkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestrargjalds krafist aukaálestrar og uppgjörðs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um varmaorkunotkun vegna nýrra forsendna. Ef mælir bilar eða orkukaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætla hitaveitan selda varmaorku með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Gjald-dagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Útsending varmaorkureikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er að skipta reikningi vegna varmaorkukaupa um einn mæli. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings.

Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 30. gr.

Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

### 32. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu varmaorku til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notandann um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd stöðvunar, svo og opnun veitunnar á ný (lokunargjald). Hitaveitunni er heimilt að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er á ný.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal fara með það sem óleyfilega orkunotkun.

Verði uppvíst að varmaorka hafi verið notuð á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla þá varmaorku sem notuð var óleyfilega.

### 33. gr.

Nú vanrækir húseigandi/kaupandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

## VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

### 35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

### 36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

### 37. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 112/1969 um Hitaveitu Flúða.

*Iðnaðarráðuneytinu, 24. september 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## REGLUGERÐ

### um örverurannsóknir á sláturafurðum og búnaði sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi kveður á um örverueftirlit á kjötskrokkum nautgripa, svína, sauðfjár, geita og hrossa og um örverueftirlit á búnaði í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum sem starfa samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Sláturleyfishafar sem reka sláturhús og kjötpökkunarstöðvar skulu fara eftir ákvæðum og leiðbeiningum sem fram koma í viðauka I við reglugerð þessa, er varða eftirlit með örverumengun á yfirborði kjötskrokka og taka til sýnatöku, úrvinnslu sýna og túlkunar á niðurstöðu.

#### 2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og fyrirmælum settum samkvæmt henni varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2001/471/EC og með heimild í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Reglugerðin öðlast þegar gildi gagnvart þeim sláturleyfishöfum sem hafa útflutningsleyfi á Evrópusambandsmarkað við birtingu reglugerðarinnar. Gagnvart öðrum sláturleyfishöfum öðlast hún gildi þann 1. september 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. september 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

#### VIÐAUKI I

### I. Örverurannsóknir á kjötskrokkum nautgripa, svína, sauðfjár, geita og hrossa.

#### A) Sýnataka.

1. Vefjasýni: Taka skal fjögur vefjasýni sem eru samtals a.m.k. 20 cm<sup>2</sup> af kjötskrokkum eftir slátrun en fyrir kælingu. Taka má sýnin með dauðhreinsuðum bor (2,5 cm) eða með því að skera út með dauðhreinsuðu áhaldi 5 cm<sup>2</sup> bita sem er mest 5 mm þykkur. Setja skal vefjabitann í dauðhreinsað ílát í sláturhúsi, og senda til rannsóknastofu þar sem hann er marinn í mulningsvél (stomacher) eða tilsvarendi tæki.
2. Stroksýni: Væta verður strokpinna fyrir notkun. Nota má 0,1% pepton + 0,85% NaCl í þessu skini. Á hverjum sýnatökustað skal strjúka yfir svæði sem er a.m.k. 100 cm<sup>2</sup>. Vætið strokpinna í a.m.k. 5 sek. fyrir notkun. Strjúka skal fyrst lóðrétt, síðan lárétt og loks horna á milli í ekki skemmri tíma en 20 sek. yfir allan flötinn á skrokknum

sem afmarkaður hefur verið með dauðhreinsuðu móti (ramma). Þrýstið pinna eins vel að yfirborði flatarins og unnt er. Til þess að fá samburðarhæfar niðurstöður er mikilvægt að nota sömu tækni og vandvirkni frá einni sýnatöku til annarrar.

#### B) Sýnatökustaðir.

Á hverjum skrokk skulu sýni tekin á fjórum stöðum.

##### Nautgripir:

Sýni skulu tekin af hálsi, bringu, framskanka og á lærum aftanverðum við endaparm.

##### Sauðfé/geitfé:

Sýni skulu tekin aftarlega á síðu við náraband, á miðjum bóg, á bringu og á læri aftanverðu við dindil.

##### Hross:

Sýni skulu tekin á framskanka, á síðu, á bringu og á læri aftanverðu.

##### Svín:

Sýni skulu tekin af framskanka, á síðu, á hálsi og á læri aftanverðu við hala.

Nota má aðra staði á skrokkum til töku sýna í samráði við eftirlitsdýralækni, ef sýnt hefur verið fram á að með þeim aðferðum sem notaðar eru við slátrun í viðkomandi sláturhúsi megi búast við meiri mengun annars staðar á skrokkum. Í þessum tilvikum skal nota þá staði til sýnatöku þar sem vænta má mestrar yfirborðsmengunar.

#### C) Sýnatökuaðferð og fjöldi sýna.

Einn dag í hverri viku skal taka sýni af 5-10 skrokkum. Ef niðurstöður eru ásættanlegar 6 vikur í röð nægir að taka sýni hálfsmánaðarlega. Taka skal sýnin á mismunandi vikudögum þannig að tryggt sé að tekin hafi verið sýni á öllum vikudögum að loknum fimm vikum. Í sláturhúsum sem slátra ekki alla daga vikunnar og í sláturhúsum sem slátra minna en 20 sláturæiningum á viku og minna en 1000 sláturæiningum á ári samkvæmt reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða skal haga sýnatöku í samráði við eftirlitsdýralækni, sem byggja skal ákvörðun sína á mati á hreinlæti og vinnubrögðum í viðkomandi sláturhúsi.

Taka skal sýnin af tilviljunarkenndu úrtaki skrokka samkvæmt fyrirfram ákveðinni skriflegri áætlun. Taka skal sýni á fjórum stöðum á hverjum skrokki á miðjum sláturdegi áður en skrokknarnir eru kældir. Skrá skal skrokknúmer, dagsetningu og klukkan hvað sýni er tekið fyrir hvert einstakt sýni. Setja skal sýni frá mismunandi sýnatökustöðum (læri aftanverðu, síðu, bringu og hálsi) á hverjum skrokki saman í safnsýni áður en þau eru tekin til rannsóknar. Ef niðurstöður eru óviðunandi og úrbætur skila ekki árangri skulu sýnin rannsökuð hvert fyrir sig þar til hreinlætisvandamál í slátruninni hefur verið leyst.

#### D) Rannsóknaraðferð.

Sýnin skulu rannsökuð á rannsóknarstofu sem viðkomandi héraðsdýralæknir hefur viðurkennt að höfðu samráði við yfirdýralækni.

Öll sýni, hvort heldur um er að ræða vefjasýni eða stroksýni, skal geyma í kæli við 4°C þar til þau eru rannsökuð. Gera skal sýnin einsleit (homogenisera) í a.m.k. tvær mínútur í 100 ml af þynningarvökva (t.d. 0,1% buffruðu pepton vatni + 0,85% NaCl) í mulningsvél (stomacher) við 250 slætti eða í tilsvarendi tæki. Stroksýni má einnig hrista kröftuglega í þynningarætinu. Rannsaka skal sýni innan 24 klst. frá sýnatöku.

Fyrir sáningu skal búa til 10 falda þynningarröð í 0,1% pepton + 0,85% NaCl. Við útreikninga skal líta á lausnina með strokpinnunum og vefjasýnunum eftir homogeniseringuna sem óþynnt sýni þ.e. 10<sup>0</sup>.

Rannsaka skal heildargerlafjölda og iðragerla (*Enterobacteriaceae*). Embætti yfirdýralæknis getur þó fallist á að gefnum ákveðnum forsendum, að í stað *Enterobacteriaceae* sé notast við fjölda *E. coli* baktería.

Auk þeirrar aðferðar sem hér er lýst má nota ISO aðferðir við rannsókn á sýnum. Einnig má nota aðrar aðferðir við mat á fjölda fyrrnefndra baktería svo fremi sem þær hafi verið viðurkenndar af viðkomandi yfirvöldum.

#### E) Varðveisla niðurstaðna.

Allar niðurstöður skal skrá sem fjölda þyrpinga (colony forming units, cfu) á hvern fersenti-metra yfirborðs (cm<sup>2</sup>). Til þess að leggja mat á niðurstöðurnar þurfa niðurstöður rannsóknna a.m.k. 13 undangenginna vikna að liggja fyrir í framleiðsluskýrslum. Koma þarf fram tegund sýnis, uppruni og númer þess, dagsetning og klst. sýnatöku, nafn sýnatökumanns og rannsóknarstofu og nákvæm lýsing á rannsóknaraðferð og ætum sem notuð hafa verið við rannsóknina, ræktunarhitastig og tími og gerlafjöldi á hverri ræktunarskál sem notaður er við útreikninga á cfu/cm<sup>2</sup> á yfirborði sláturskrokksins.

Ábyrgðarmaður rannsóknarstofunnar skal undirrita rannsóknarskýrsluna.

Varðveita skal allar skýrslur í fyrirtækinu í a.m.k. 15 mánuði og þær skulu vera aðgengilegar eftirlitsdýralækni til skoðunar þegar hann óskar þess.

#### F) Nýting niðurstaðna örverufræðilegra athugana.

Meðal log hvers dags skal flokka í þrjá flokka; viðunandi, vafasamt og óviðunandi. M og m gildin gefa til kynna efri mörk vafasamra og viðunandi niðurstaðna við rannsóknir á vefjasýnum.

Til þess að búa til gagnabanka sem nýtast mun greininni og til skilgreiningar á lágmarkskröfum er mikilvægt að nota áreiðanlegustu rannsóknaraðferðina. Þess vegna er mikilvægt að hafa í huga að með stroksýnaaðferðinni næst aðeins hluti (oft undir 20%) yfirborðsflórunnar á kjöti. Þess vegna gefur þessi aðferð aðeins vísbendingu um hreinlæti.

Þegar notaðar eru aðrar aðferðir en vefjasýnaaðferðin verður að meta hverja aðferð fyrir sig og bera saman við vefjasýnaaðferðina og fá hana viðurkennda af viðkomandi yfirvöldum.

#### G) Sannprófun / viðmiðunarmörk.

Flokka skal niðurstöður í samræmi við örverufræðileg viðmið í sömu röð og sýni eru tekin. Jafnskjótt og niðurstöður liggja fyrir skal flokka þær í samræmi við viðmiðunarmörk og staða framleiðslunnar metin m.t.t. saurmengunar og hreinlætis. Séu niðurstöður óásættanlegar eða á mörkum þess að vera óviðunandi ófullnægjandi skal kanna framleiðsluferla, finna orsakir lélegs hreinlætis og leita leiða til úrbóta.

#### H) Eftirfylgni.

Tilkynna skal niðurstöður rannsókna til ábyrgra aðila eins fljótt og kostur er. Nota skal niðurstöðurnar til þess að viðhalda og bæta hreinlæti við slátrun. Leita skal orsaka lélegs hreinlætis og leiða til úrbóta einkum með tilliti til eftirfarandi þátta:

1. Lélegra vinnubragða.
2. Ófullnægjandi kennslu og þjálfunar.
3. Ófullnægjandi þrifa og sótthreinsunar á tækjum og búnaði.
4. Ófullnægjandi viðhalds á hreinsibúnaði.
5. Lélegrar verkstjórnar.

## Tafla 1.

Meðal log einingar (cfu/cm<sup>2</sup>) hvers dags innan flokkanna viðunandi, vafasamt og óviðunandi á grundvelli örverufræðilegra athugana á nautgripa-, svína-, sauðfjár-, geita- og hrossa-skrokkum með vefjasýnaaðferð.

	Viðunandi		Vafasamt (m en M)	Óviðunandi (M)
	Nautgripir/sauðfé/ geitur/hross	svín	Nautgripir/svín/sauðfé/ geitur/hross	Nautgripir/svín/sauðfé/ geitur/hross
Heildargerla fjöldi (TVC)	< 3,5 log	< 4,0 log	< 3,5 log (svín: 4,0 log - 5,0 log)	> 5,0 log
Iðragerlar (Enterobacteriaceae)	< 1,5 log	< 2,0 log	1,5 log (svín: 2,0 log) - 2,5 log (svín: 3,0 log)	> 2,5 log (svín: > 3,0 log)

## II. Örverufræðilegt eftirlit með þrifum og sóttþreinsun í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum.

Sláturleyfishafi skal útbúa skriflega lýsingu á örverufræðilegu eftirliti með þrifum og sóttþreinsu á búnaði sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva í samræmi við hreinlætisáætlun fyrirtækisins skv. reglugerð nr. 40/1999 um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

## III. Sýnataka.

Í þessum leiðbeiningum er lýst tveimur aðferðum, snertiskálaaðferðinni og stroksýnaaðferð. Notkun þessara aðferða takmarkast við rannsóknir á sléttum flötum sem eru þrífir og sóttþreinsaðir, þurrir og hæfilega stórir.

Rannsóknin skal ávallt framkvæmd áður en framleiðslan hefst, aldrei á meðan á framleiðslu stendur. Við sjáanleg óhreinindi skal dæma þrif ófullnægjandi án frekari örverufræðilegrar rannsóknar.

Aðferðin hentar ekki til rannsókna á kjöti og kjötafurðum.

Nota má aðrar aðferðir sem gefa sambærilegar niðurstöður eftir sannprófun til þess hæfra aðila.

### A) Snertiskálaaðferð.

Aðferð þessi gengur út á að litlum agarskálum (innra þvermál 5 cm) sem fylltar eru annars vegar með Plate Count Agar (PCA) og hins vegar með Violet Red Bile Glucose Agar (VRBG agar) er þrýst á sýnatökustaðinn og síðan settar í hitaskáp. Yfirborð hvorrar skálar er 20 cm<sup>2</sup>.

Geymsluþol tilbúins ætis er u.þ.b. 3 mánuðir ef það er geymt í lokuðum flöskum við 2-4°C. Rétt fyrir lögum agarskálanna skal bræða agarinn með því að hita hann upp í 100°C og síðan kæla niður í 46-48°C. Setja skal skálarnar í sóttvarnarskáp (laminar flow hood) og hella það miklum agar á þær að yfirborðið verði kúpt. Tilbúnar skálar skal þurrka með því að setja þær á hvolf í hitaskáp yfir nótt við 37°C. Þá kemur einnig í ljós hvort skálarnar séu mengaðar og skal öllum skálum þar sem örlar á vexti hent.

Geymsluþol skála er 1 vika við 2-4°C í lokuðum umbúðum.

## B) Stroksýnaaðferð.

Taka skal sýni með bómullarpinnum sem hafa verið vættir í 1 ml 0,1% NaCl pepton lausn (8,5 g NaCl, 1 g trypton casein-pepton, 0,1% agar og 1000 ml eimað vatn) af yfirborði sem er u.þ.b. 20 cm<sup>2</sup>. Best er að afmarka svæðið sem á að strjúka yfir með dauðhreinsuðum ramma (móti). Ef sýnin eru tekin eftir þrif og sótthreinsun skal bæta lausn sem samanstendur af 30 g/l Tween 80 og 3 g/l lecitin út í vökvann sem pinnarnir eru vættir í fyrir notkun. Við sýnatöku af blautum flötum má nota þurra pinna.

Halda skal á pinnunum með dauðhreinsaðri pinsettu og strjúka síðan yfir yfirborð flatarins 10 sinnum ofan frá og niður, hæfilega fast. Pinnunum er síðan safnað saman í flösku með 40 ml buffruðu peptoni með 0,1% agar saltlausn. Pinnarnir skulu síðan geymdir við 4°C þar til frekari úrvinnsla fer fram. Hrista skal flöskuna kröftuglega og síðan skulu búnar til tífaldr þynningar í 40 ml 0,1% NaCl pepton lausn fyrir útsáningu.

## C) Tíðni.

Á hverju tveggja vikna tímabili skal taka minnst 10 og allt upp í 30 sýni ef um mikla framleiðslu er að ræða. Ef niðurstöður eru viðunandi yfir lengra tímabil má fækka sýnatökum í samráði við eftirlitsdýralækni. Einkum skal taka sýni af stöðum sem komast í snertingu við afurðir og skal taka minnst 2/5 sýna á slíkum stöðum. Til þess að tryggja að allir staðir séu athugaðir á mánaðar tímabili skal gera áætlun yfir sýnatökustaði hvers dags. Niðurstöður skulu skráðar á þann hátt að sjá megi þróunina yfir ákveðið tímabil.

## D) Sending sýna.

Óþarft er að kæla snertiskálar meðan á flutningi til rannsóknarstofu stendur.

Strokpinna þarf að geyma í kæli (4°C) þar til unnið hefur verið úr sýnunum.

## E) Ræktunaraðferðir.

Gefa skal upp gerlafjölda sem fjölda þyrpinga á cm<sup>2</sup> flatarins. Til ræktunar á heildargerlafjölda (TVC) skal hafa PCA æti og snertiskálar í hitaskáp í 24 klst. við 37°C við súrefnisríkar aðstæður (aerobic). Þetta skal framkvæmt innan tveggja klst. frá sýnatöku.

Til magngreiningar á iðragerlum (*Enterobacteriaceae*) skal nota VRBG agar. Setja skal þessar skálar og snertiskálar í hitaskáp við súrefnisríkar aðstæður innan tveggja klst. frá sýnatöku. Eftir 24 klst. við 37°C eru skálarnar skoðaðar m.t.t. vaxtar af iðragerlum (*Enterobacteriaceae*).

Rannsaka skal heildargerlafjölda. Eftirlitsdýralæknir getur krafist þess að sláturleyfishafi rannsaki einnig iðragerla (*Enterobacteriaceae*).

## F) Sýnatökustaðir.

Dæmi um sýnatökustaði: hnífar, brýnslustál, stálhanskar, pönnur, bakkar, bakkar á bakka-bandí, sagarblöð og önnur tæki og fletir sem komast í beina snertingu við afurðirnar.

## G) Mat á niðurstöðum.

Skrá skal niðurstöður gerlatalningar á snertiskálunum, heildargerlafjölda (TVC) og iðragerla (*Enterobacteriaceae*) talningarnar á sérstök eyðublöð. Til þess að meta gæði þrifa og sótthreinsunar eru niðurstöður TVC og iðragerla (*Enterobacteriaceae*) talningar aðeins flokkaðar í viðunandi og óviðunandi.



Tafla 2: Meðal þyrpingafjöldi við rannsóknir á yfirborðsmengun

	Viðunandi	Ófullnægjandi
Heildargerlafjöldi (TVC)	0 – 10 /cm <sup>2</sup>	> 10 /cm <sup>2</sup>
Enenterobacteriaceae	0 – 1/ cm <sup>2</sup>	< 1 /cm <sup>2</sup>

## H) Eftirfylgni.

Tilkynna skal niðurstöður rannsókna stjórnendum eins fljótt og kostur er. Nýta skal niðurstöðurnar til þess að viðhalda og bæta gæði þrifa og sótthreinsunar. Ef niðurstöður eru óviðunandi þarf að komast að ástæðum í samráði við hreingerningarfólk. Tekið skal á eftirfarandi atriðum:

1. Skorti á eða ófullnægjandi þjálfun og/eða leiðbeiningum.
2. Notkun rangra hreinsi- og sótthreinsiefna.
3. Ófullnægjandi viðhaldi á áhöldum til þrifa.
4. Lélegri verkstjórn.

## SKIPULAGSSKRÁ

### Sjóðs Sigríðar Lárusdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Sigríðar Lárusdóttur. Hann er stofnaður 27. ágúst 2003 af Sigríði Lárusdóttur fæddri 5. maí 1918, kt. 050518-3889, til minningar um þá einstaklinga sem hafa átt um sárt að binda vegna meðfæddra sjúkdóma í mjöðm.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn er í umsjá Styrktarsjóða Háskóla Íslands, og fellur undir sjóði sem lúta yfirstjórn Háskóla Íslands.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði bæklunarlækninga. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir á meðfæddum göllum í mjaðmalið svo sem ættgengi þeirra, tíðni og afleiðingum. Veita má styrki til fyrirlestrahalds eftir því sem sjóðstjórnin telur ástæður til.

Tilgangi er framfylgt með því að veita styrki til verkefna sem rúmast innan þess ramma sem ákvæði skipulagskrárinnar setja.

## 3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er eftirfarandi:

1. Framlag Sigríðar að fjárhæð 500.000 krónur.
2. Hluti af söluverði íbúðar Sigríðar að Hjallabraut 33 í Hafnarfirði, þegar hún verður seld.
3. Erfðaskrá Sigríðar Lárusdóttur, samkvæmt nánari fyrirmælum sem þar koma fram.
4. Gjöf frá Dalaætt að fjárhæð 300.000 krónur.

Stofnframlag er óskerðanlegt.

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

1. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
2. Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Sjóðinn skal ávaxta á hagkvæmastan hátt á hverjum tíma og í regnhlífarsjóði Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta allt að tveimur þriðju af ávöxtun hvers tímabils, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Þriðjungur ávöxtunar leggst við stofnfé og verður hluti af bundnum höfuðstól, sem óheimilt er að úthluta.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

#### 4. gr.

Sjóðnum skal skipuð sérstök sjóðstjórn sem kemur saman að minnsta kosti árlega. Hún skal skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi er skipaður af rektor Háskóla Íslands en meðan Sigríður er á lífi og hefur andlega getu til skipar hún tvo fulltrúa í stjórnina og skulu þeir sitja svo lengi sem þeir hafa vilja til. Eftir andlát Sigríðar og þegar fulltrúar hennar láta af störfum skal sjóðstjórn skipuð til tveggja ára í senn, þar sem rektor skipar einn fulltrúa, bæklunarlækningasvið Landspítala háskólasjúkrahúss einn fulltrúa og barnalækningasvið lækna-deildar Háskóla Íslands einn fulltrúa.

Hlutverk sjóðstjórnar er að annast úthlutun styrkja. Sjóðstjórn ber að halda formlega fundargerðarbók um starf sitt og afriti fundargerða skal skila til Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Stjórn setur sér nánari starfsreglur um úthlutanir svo sem um umsóknarfresti og ferli umsókna. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

#### 5. gr.

Fyrsta úthlutun fer fram eigi fyrr en einu ári eftir að fé frá sölu íbúðarinnar að Hjalla-braut hefur verið lagt til sjóðsins. Að öllu jöfnu skal úthluta styrk árlega, á afmælisdegi Sigríðar 5. maí en sjóðstjórn getur þó ákveðið að safna saman leyfilegri úthlutun milli reikningsára og úthluta í einu lagi. Heildarfjárhæð styrkja er þó aldrei hærri en sem nemur lausum höfuðstól samkvæmt uppgjöri.

#### 6. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til málefna tengdum tilgangi sjóðsins.

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun.

#### 7. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 2003.*

F. h. r.  
**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Bókmenntahátíðin í Reykjavík.

## 1. gr.

### *Stofnendur.*

Halldór Guðmundsson, kt. 080256-4779, Einar Kárason, kt. 241155-4479, Friðrik Rafnsson, kt. 050259-7149, Örnólfur Thorsson, kt. 080654-4489, Thor Vilhjálmsson, kt. 120825-3219, Sigurður G. Valgeirsson, kt. 220554-3419 og Pétur Már Ólafsson, kt. 040965-4679 stofna hér með sjálfseignarstofnunina Bókmenntahátíðin í Reykjavík.

Heimili stofnunarinnar er Bakkasel 19, 109 Reykjavík.

Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 2. gr.

### *Stofnfé.*

Stofnendur leggja fram stofnframlag til Bókmenntahátíðarinnar í Reykjavík kr. 581.000. Stofnféð er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunninnar.

Stofnunina ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

## 3. gr.

### *Tilgangur.*

Tilgangur stofnunarinnar er að halda annað til þriðja hvert ár alþjóðlega bókmenntahátíð í Reykjavík með þátttöku innlendra og erlendra gesta.

## 4. gr.

### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnina skipa Halldór Guðmundsson, kt. 080256-4779, Einar Kárason, kt. 241155-4479, Örnólfur Thorsson, kt. 080654-4489, Thor Vilhjálmsson, kt. 120825-3219 og Sigurður G. Valgeirsson, kt. 220554-3419; varamenn eru, Friðrik Rafnsson, kt. 050259-7149 og Pétur Már Ólafsson, kt. 040965-4679

Stjórnarmenn og varamenn þeirra sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. þrír stjórnarmenn krefjast þess. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórn sé fullskipuð. Það sem gerist á fundum stjórnar skal fært til bókar.

## 5. gr.

### *Starfssvið stjórnar.*

Stjórn Bókmenntahátíðar í Reykjavík fer með æðsta vald hennar, mótar stefnu og starfs-tilhögun hennar, vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr., setur henni starfsreglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

## 6. gr.

*Reikningshald.*

Reikningsár Bókmenntahátíðar í Reykjavík er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Endurskoðaðir ársreikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 7. gr.

*Fjáröflun.*

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

## 8. gr.

*Ráðstöfun eigna.*

Stjórn stofnunarinnar má ráðstafa tekjum og eignum hennar til að halda alþjóðlega bókmenntahátíð í Reykjavík og til málefna sem tengjast megintilgangi hennar skv. 3. gr.

## 9. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 3/5 hluta stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

## 10. gr.

*Slit stofnunarinnar.*

Bókmenntahátíðinni í Reykjavík verður aðeins slitið með ákvörðun allra stjórnarmanna. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir slitunum.

Verði Bókmenntahátíðin í Reykjavík lögð niður skulu eignir hennar renna til Rithöfundasambands Íslands.

## 11. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. september 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Bryndís Helgadóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Rannsóknasjóð um offitu og skylda sjúkdóma.

### 1. gr.

#### *Nafn og varnarþing.*

Sjóðurinn heitir Rannsóknasjóður um offitu og skylda sjúkdóma. Heimili og varnarþing sjóðsins er á Seltjarnarnesi.

### 2. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir:

Atli Árnason, kt. 070651-2549, Emil L. Sigurðsson, kt. 090861-3959, Jens Magnússon, kt. 181152-4519 og Skúli Gunnarsson, kt. 220261-2129.

### 3. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er 581.000 kr. og skal það ávallt haldast óbreytt að raungildi.

### 4. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skipa stofnendur hans. Stjórnin velur sér formann, ritara og gjaldkera. Ef stofnandi óskar eftir því að vera leystur frá stjórnarstörfum, þá velur hann eftirmann í sinn stað úr hópi sérmenntaðra heimilislækna. Falli stjórnarmaður frá skulu þeir sem eftir sitja í stjórn velja nýjan stjórnarmann sem allir aðrir stjórnarmeðlimir þurfa að samþykkja. Formaður kallar saman fundi stjórnar og stýrir fundum. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að óska eftir fundum stjórnar þegar þurfa þykir.

### 5. gr.

#### *Tilgangur sjóðsins.*

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þekkingu á sviði offitu og tengdra sjúkdóma m.a. með verkefnum, sem unnin eru á vegum sjóðsins, launagreiðslum til aðstoðarfólks, ferðastyrkjum og endurmenntunarstyrkjum, með tækjakaupum rannsóknastyrkjum og styrkjum til fræðslu og ráðstefnuhalds.

Ennfremur skal heimilt að greiða einstaklingum umbun fyrir rannsóknastörf. Sjóðnum skal jafnframt heimilt að styrkja starfsemi félagasamtaka með fjárframlögum svo fremi þau séu nýtt í anda þessarar skipulagsskrár.

### 6. gr.

#### *Tekjur.*

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- A. Styrkur eða greiðslur til sjóðsins vegna rannsóknarverkefnis á sviði offitu í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu.
- B. Arður af inneign sjóðsins.
- C. Aðrir styrkir, framlög tekjur eða greiðslur sem til sjóðsins eru greiddar.

### 7. gr.

#### *Úthlutanir.*

Stjórn annast úthlutun úr sjóðnum í samræmi við 5. gr. einu sinni á ári eða oftari ef þurfa þykir.

## 8. gr.

*Umsýsla sjóðsins.*

Stjórn annast vörslu sjóðsins, ávöxtun og bókhald. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela viðurkenndu fyrirtæki á fjármálamarkaði umsýslu og ávöxtun sjóðsins í samræmi við markaða stefnu sjóðstjórnar þar um. Stjórnin skal halda fundargerðabók um alla fundi sína um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins. Stjórnunarumsýslu- og risnukostnaður greiðist af tekjum sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum, þó sbr. ákvæði 9. gr. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns ákvörðun.

## 9. gr.

*Reikningar.*

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 30. júní næsta ár á eftir reikningsári.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 10. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Engin breyting á skipulagsskránni fæst þó nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 5. greinar né heldur ákvæðum 11. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

## 11. gr.

*Sjóðsslit.*

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að leggja hann niður, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til hvers kyns vísindavinnu, tækjakaupa eða rannsóknarstarfsemi samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar í samræmi við 5. gr.

## 12. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. september 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Landbótasjóð Fljótsdalshrepps.

### 1. gr.

#### *Nafn og lögheimili.*

Sjóðurinn heitir Landbótasjóður Fljótsdalshrepps. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Lögheimili sjóðsins er að Végarði, Fljótsdalshreppi.

### 2. gr.

#### *Stofnandi.*

Sjóðurinn er stofnaður af Fljótsdalshreppi fyrir framlag Landsvirkjunar skv. samningi sveitarfélagsins og Landsvirkjunar dags. 28. janúar 2003 um uppgræðslu og landbætur vegna skerðingar og rýrnunar gróðurlendis innan marka Fljótsdalshrepps vegna byggingar og reksturs Kárahnjúkavirkjunar.

### 3. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnframlag sjóðsins á grundvelli samnings sbr. 2. gr., eru kr. 45.000.000 krónur fjöru-  
tíuogfimmilljónir 00/100 og greiðist það með eftirfarandi hætti:

Pann 1. júní 2003	kr. 25.000.000
Pann 1. júní 2004	kr. 10.000.000
Pann 1. júní 2005	kr. 10.000.000

### 4. gr.

#### *Tekjur sjóðsins.*

Tekjur sjóðsins eru:

- I. Framlag Landsvirkjunar til Fljótsdalshrepps.
- II. Frjáls framlög einstaklinga og lögaðila.
- III. Vextir og arður af eigin fé.

### 5. gr.

#### *Tilgangur.*

Hlutverk sjóðsins skal vera að veita framlög og standa fyrir uppgræðslu og landbótum innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.

### 6. gr.

#### *Stjórn sjóðsins.*

Stjórn Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps skal skipuð þremur mönnum og einum til vara, skipuðum af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn. Skipunartími skal vera sami og kjör-  
tímabil sveitarstjórnar. Skal stjórnin skipuð á fyrsta fundi sveitarstjórnar eftir hverjar sveit-  
arstjórnarkosningar. Sveitarstjórn skipar formann sjóðstjórnar.

Stjórnarmenn skulu allir eiga heimilisfesti á jörðum sem eru innan núverandi sveitarfé-  
lagsmarka Fljótsdalshrepps.

### 7. gr.

#### *Ársreikningar.*

Sjóðstjórnin skal leggja starfsskýrslu sína og ársreikninga sjóðsins fyrir sveitarstjórn  
vegna næstliðins árs í síðasta lagi fjórum vikum fyrir afgreiðslu ársreikninga sveitarfélagsins  
í sveitarstjórn. Reikningarnir skulu staðfestir af löggiltum endurskoðanda og sendir ríkisend-  
urskoðun ásamt starfsskýrslu sjóðsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en þann 30. júní ár hvert.

## 8. gr.

*Fjárvarsla.*

Sjóðstjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Óheimilt er að nýta tekjur eða eignir sjóðsins til annarra verkefna en landgræðsluverkefna í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins. Sjóðnum er ekki heimilt að veita lán af eigin fé sínu. Sjóðstjórnin skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma án þess að stofna fé hans í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða eigið fé sjóðsins við úthlutun úr honum um allt að 6,0% árlega en þó eigi fyrr en við úthlutun árið 2007.

## 9. gr.

*Úthlutun úr Landbótasjóði Fljótsdalshrepps.*

Stjórn sjóðsins ákveður framlög til einstakra verkefna og er henni heimilt að auglýsa eftir tillögum um þau.

Ákvarðanir um framlög hvers árs til einstakra verkefna skulu teknar af stjórn fyrir 1. maí ár hvert meðan sjóðurinn er til.

Þó er stjórn ekki skylt að veita framlög á hverju ári.

Sjóðstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við markmið hans og með tilliti til ákvæða 5. gr. og 8. gr.

## 11. gr.

*Rekstur.*

Sjóðstjórnin skal fyrir hvert ár gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og leggja hana fyrir sveitarstjórn til kynningar í upphafi hvers rekstrarárs. Rekstrarkostnaður Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps greiðist úr sjóðnum, þar með talinn kostnaður vegna úthlutunar, úttekta, stjórnunar, umsjónar og reikningsskila.

## 12. gr.

*Gerðabók.*

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem skráðar eru fundargerðir stjórnarfunda. Þar skal einnig skrá öll erindi er berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

## 13. gr.

*Skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta að meirihluti stjórnar sjóðsins og meirihluti sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps sé því samþykkt. Leitað skal umsagnar ríkisendurskoðunar um breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi vegna Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps var samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þann 3. júní 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. september 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*



## REGLUGERÐ

### um (10.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri.

#### 1. gr.

Á eftir næstsíðustu setningu 8. gr., I. kafla bætist eftirfarandi:

Aðfangaeftirlitið getur veitt fyrirtæki sem ekki uppfyllir þessar kröfur að fullu hæfilegan frest til að gera þær úrbætur sem krafist er, enda liggi fyrir tímasett áætlun um verkið sem aðfangaeftirlitið samþykkir. Þessi frestur má þó aldrei vera lengri en sex mánuðir. Uppfylli fyrirtæki ekki skilyrði 14. viðauka að liðnum gefnum fresti fellur viðurkenning á fyrirtækinu niður.

#### 2. gr.

Í II. kafla 1. viðauka fellur niður tilvísun til tilsk. 1999/29/EB og í staðinn kemur tilvísun til tilsk. 2002/32/EB.

#### 3. gr.

Með hliðsjón af tilsk. 2003/32/EB fellur A. hluti 1. viðauka II. kafla Almenn ákvæði niður og í staðinn kemur:

##### 1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar eiga aðeins við í þessum viðauka:

- a) „Fóðurefni“: ýmsar afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir þeirra úr iðnaðarvinnslu, og lífræn eða ólífræn efni, með eða án aukefna, gefin dýrum, annaðhvort óbreytt eða eftir vinnslu, notuð til framleiðslu á fódurblöndum eða notuð sem burðarefni í forblöndum,
- b) „Afurðir sem ætlaðar eru í fóður“: fóðurefni, forblöndur, aukefni, fóður og allar aðrar afurðir sem ætlaðar eru til notkunar eða eru notaðar í fóður,
- c) „Dýr“: dýr af tegundum sem algengt er að menn fódri, haldi eða leggi sér til munns og dýr sem lifa villt í náttúrunni og er gefið fóður,
- d) „Markaðsetning“ (setja í dreifingu eða dreifing): að geyma hvers kyns afurðir, ætlaðar í fóður, með tilliti til sölu, einnig að bjóða til sölu, eða afhendingar með einhverjum öðrum hætti til þriðja aðila, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan eða afhendingin sem fer fram með einhverjum öðrum hætti,
- l) „Óæskilegt efni“: sérhvert efni eða afurð, að undanskildum sjúkdómsvöldum, sem eru í og/eða á afurðum sem ætlaðar eru í fóður og sem heilbrigði dýra eða manna eða umhverfinu stafar hugsanlega hættu af eða sem gæti haft skaðleg áhrif á búfjárframleiðslu.

##### 2. gr.

1. Einungis er heimilt að flytja inn afurðir, sem ætlaðar eru í fóður, frá þriðju löndum til dreifingar og/eða notkunar ef þær eru óspilltar, ósviknar og markaðshæfar og því skal ekki stafa af þeim hættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra, umhverfið né skulu þær hafa skaðleg áhrif á búfjárframleiðslu ef þær eru notaðar á réttan hátt.
2. Líta skal svo á að afurðir, sem ætlaðar eru í fóður, samræmist ekki 1. mgr. ef magn óæskilegra efna, sem þær innihalda, er ekki í samræmi við hámarksviðmiðunargildin sem mælt er fyrir um í B hluta 1. viðauka.

##### 3. gr.

1. Einungis er heimilt að nota óæskilegu efnin, sem eru talin upp í B hluta 1. viðauka, í afurðir sem ætlaðar eru í fóður í samræmi við skilyrðin sem þar er mælt fyrir um.

2. Í því skyni að draga úr eða eyða upptökum óæskilegra efna í afurðum, sem ætlaðar eru í fóður, skal í samvinnu rekstraraðila framkvæma rannsókn til að finna upptök þessara óæskilegu efna í þeim tilvikum þar sem farið er yfir hámarksviðmiðunargildi og í þeim tilvikum þar sem aukið magn slíkra efna greinist að teknu tilliti til bakgrunnsgilda. Til að fá einsleita nálgun í þeim tilvikum þar sem um aukið magn er að ræða kann að vera nauðsynlegt að setja aðgerðamark til að hrinda slíkum rannsóknum af stað. Heimilt er að mæla fyrir um þetta aðgerðamark í C. hluta 1. viðauka.

4. gr.

Óheimilt er að blanda afurðir, sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í magni sem er yfir hámarksviðmiðunargildinu sem tilgreint er í B hluta 1. viðauka, sömu afurð eða öðrum afurðum, sem ætlaðar eru í fóður, í því skyni að þynna þær.

5. gr.

Fóðurbætir má ekki innihalda meira af óæskilegu efnum, sem eru talin upp í B hluta 1. viðauka, en tilgreint er fyrir heilfóður.

6. gr.

1. Hafi aðfangaeftirlitið ástæðu, sem byggð er á nýjum upplýsingum eða endurmati á fyrirliggjandi upplýsingum sem farið hefur fram eftir að viðkomandi ákvæði voru samþykkt, til að ætla að hámarksviðmiðunargildi, sem er tilgreint í B hluta I. viðauka, eða óæskilegt efni, sem er ekki talið þar upp, skapi hættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða umhverfið, er því heimilt tímabundið að lækka gildandi hámarksviðmiðunargildi, ákvarða hámarksviðmiðunargildi eða banna að óæskilega efni sé í afurðum sem ætlaðar eru í fóður. Þetta skal þegar í stað tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum EES-svæðisins og tilgreina ástæðuna fyrir ákvörðun sinni.
2. Breytingar gerðar skv. 1. mgr. skal birta opinberlega.

4. gr.

Með hliðsjón af tilsk. 2002/32/EB fellur B hluti 1. viðauka II. kafla Aðrar viðmiðanir varðandi innihald óæskilegra efna og afurða í fóðri niður og í staðinn kemur:

**B. Hámarksmörk fyrir innihald óæskilegra efna í afurðum sem ætlaðar eru í fóður.**

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
1. Arsen	Fóðurefni, að undanskildu:	2
	— grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykurrófumauki	4
	— fosfötum og fóðri sem fellur til við vinnslu fisks eða annarra sjávardýra	10
	Heilfóður, að undanskildu:	2
	— heilfóðri fyrir fisk	4

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald	
(1)	(2)	(3)	
2. Blý	Fóðurbætir, að undanskildum:	4	
	— steinefnablöndum	12	
	Fóðurefni, að undanskildu:	10	
	— grænfóðri	40	
	— fosfötum	30	
	— geri	5	
3. Flúor	Heilfóður	5	
	Fóðurbætir, að undanskildum:	10	
	— steinefnablöndum	30	
	Fóðurefni, að undanskildu:	150	
	— fóðri úr dýraríkinu	500	
	— fosfötum	2 000	
	Heilfóður, að undanskildu:	150	
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé		
	— mjólkandi	30	
	— önnur	50	
	— heilfóðri fyrir svín	100	
	— heilfóðri fyrir alifugla	350	
— heilfóðri fyrir kjúklinga	250		
4. Kvikasilfur	Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé	2 000	
	Annar fóðurbætir	125 (1)	
	Fóðurefni, að undanskildu:	0,1	
	— fóðri sem fellur til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra	0,5	
	Heilfóður, að undanskildu:	0,1	
	— heilfóðri fyrir hunda og ketti	0,4	
	Fóðurbætir, að undanskildum:	0,2	
	— fóðurbæti fyrir hunda og ketti		
	5. Nítrít	Fiskimjöl	60
			(gefið upp sem natriúmnítrít)
Heilfóður, að undanskildu:		15	
— fóðri ætluðu gæludýrum, öðrum en fuglum og búrfiskum	(gefið upp sem natriúmnítrít)		

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
6. Kadmfum	Fóðurefni úr jurtaríkinu: Fóðurefni úr dýraríkinu, að undanskildu: — fódri fyrir gæludýr Fosföt Heilfóður fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé, að undanskildu: — heilfóðri fyrir kálfa, lömb og kiðlinga Annað heilfóður, að undanskildu: — fódri fyrir gæludýr Steinefnablöndur Annar fóðurbætir fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé	1 2  10 1  0,5  5 0,5
7. Aflatoxín B <sub>1</sub>	Fóðurefni, að undanskildum: — jarðhnetum, kókosknetukjarna, pálmakjarna, baðmullarfræi, babassú, mais og afurðum úr vinnslu þeirra Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, að undanskildum: — mjólkurkúm — kálfum og lömbum Heilfóður fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungvíði) Annað heilfóður Fóðurbætir fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé (að undanskildum fóðurbæti fyrir mjólkandi dýr, kálfa og lömb) Fóðurbætir fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungvíði) Annar fóðurbætir	0,05 0,02  0,05 0,005 0,01 0,02 0,01 0,05 0,03 0,005
8. Blásýra	Fóðurefni, að undanskildu: — hörfræi — hörfræskökum — manjókafurðum og möndlukökum Heilfóður, að undanskildu: — heilfóðri fyrir kjúklinga	50 250 350 100 50 10
9. Óbundið gossýpól	Fóðurefni, að undanskildum: — baðmullarfræskökum Heilfóður, að undanskildu: — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé	20 1 200 20 500

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
	— heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa	100
	— heilfóðri fyrir kanínur og svín (að undanskildum mjólkurgrísimum)	60
10. Þeóbrómín	Heilfóður, að undanskildu:	300
	— heilfóðri fyrir fullvaxna nautgripi	700
11. Rokgjörn mustarðsolía	Fóðurefni, að undanskildum:	100
	— repjufræskökum	4 000
	Heilfóður, að undanskildu:	150
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitfé (að undanskildu ungvíði)	1 000
	— heilfóðri fyrir svín (að undanskildum mjólkurgrísimum) og alifugla	500
12. Vínýlþíóoxasólídon (vínýloxasólídínþíon)	Heilfóður fyrir alifugla, að undanskildu:	1 000
	— heilfóðri fyrir varphænur	500
13. Grasdrjólaveppur ( <i>Claviceps purpurea</i> )	Allt fóður sem í er ómalað korn	1 000
14. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósið eða önnur eitrefni, ein sér eða saman, m.a.:	Allt fóður	3 000
a) <i>Lolium temulentum</i> L.,		1 000
b) <i>Lolium remotum</i> Schrank,		1 000
c) <i>Datura stramonium</i> L.		1 000
15. Kristpálmi — <i>Ricinus communis</i> L.	Allt fóður	10
		(gefið upp sem hýði kristpálmafræja)
16. <i>Crotalaria</i> spp.	Allt fóður	100
17. Aldrín } eitt sér eða saman, } Allt fóður, að undanskildum: }		0,01
18. Díeldrín } gefið upp sem } — fituefnum }		0,2
19. Kamfeklór (toxafen)	Allt fóður	0,1

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
20. Klórdan (summa sis- og trans-myndbrigða og oxýklórdans, gefið upp sem klórdan)	Allt fóður, að undanskildum: — fituefnum	0,02 0,05
21. DDT (summa DDT-, TDE- og DDE-myndbrigða, gefið upp sem DDT)	Allt fóður, að undanskildum: — fituefnum	0,05 0,5
22. Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfats, gefið upp sem endósúlfan)	Allt fóður, að undanskildum: — mais — olíufræjum — heilfóðri fyrir fisk	0,1 0,2 0,5 0,005
23. Endrín (summa endríns og delta-ketóendríns, gefið upp sem endrín)	Allt fóður, að undanskildum: — fituefnum	0,01 0,05
24. Heptaklór (summa heptaklórs og hepta-klórepoxiðs, gefið upp sem heptaklór)	Allt fóður, að undanskildum: — fituefnum	0,01 0,2
25. Hexaklórbenzen (HCB)	Allt fóður, að undanskildum: — fituefnum	0,01 0,2
26. Hexaklórsýklóhexan (HCH)		
26.1 alfa-myndbrigði	Allt fóður, að undanskildum: — fituefnum	0,02 0,2
26.2 beta-myndbrigði	Heilfóður, að undanskildu: — fóðri fyrir mjólkurkúr	0,01 0,0005
26.3 gamma-myndbrigði	Fóðurefni, að undanskildum: — fituefnum	0,01 0,1
27. Díoxín (summa PCDD og PCDF), gefið upp í alþjóðlegum eiturjafngildum	Sítusmauk	500 pg I-TEQ/kg (efri greiningarmörk) (2)

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
28. Apríkósur — <i>Prunus armeniaca</i> L.	Allt fóður	Fræ og aldin þeirra plöntutegunda, sem eru taldar upp hér til hliðar, og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fóðri í sneffilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
29. Beiskar möndlur — <i>Prunus dulcis</i> (Mill.) D.A. Webb var. <i>amara</i> (DC.) Focke (= <i>Prunus amygdalus</i> Batsch var. <i>amara</i> (DC.) Focke)		
30. Beykihnetur með hýði — <i>Fagus silvatica</i> L.		
31. Akurdoðra — <i>Camelina sativa</i> (L.) Crantz		
32. Mowrah, <i>Bassia</i> , <i>Madhuca</i> — <i>Madhuca longifolia</i> (L.) Macbr. (= <i>Bassia longifolia</i> L. = <i>Illiped malabrorum</i> Engl.) <i>Madhuca indica</i> Gmelin (= <i>Bassia latifolia</i> (Roxb.) = <i>Illipe latifolia</i> (Roxb.) F. Mueller)		
33. Purghera — <i>Jatropha curcas</i> L.		
34. Tígurskrúð — <i>Croton tiglium</i> L.		
35. Brúnn mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>intergrifolia</i> (West.) Thell.		
36. Sareptamustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>juncea</i>		
37. Kínverskur mustarður — <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin		
38. Svartmustarður — <i>Brassica nigra</i> (L.) Koch		
39. Eþíópíumustarður — <i>Brassica carinata</i> A. Braun		

(<sup>1</sup>) Flúorinnihald fyrir hvert 1% af fosfór.

(<sup>2</sup>) Efri styrkleikamörk eru reiknuð út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu efnamynda (congener), sem eru undir greiningarmörkunum, séu jöfn greiningarmörkunum.

### 5. gr.

Með hliðsjón af tilskipun 2002/32/EB fellur C. hluti 1. viðauka II. kafla niður og í staðinn kemur:

### C. Aðgerðamörk óæskilegra efna í afurðum sem ætlaðar eru í fóður.

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Aðgerðamark í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir afurð sem ætluð er í fóður með 12% rakainnihald	Athugasemdir og frekari upplýsingar (t.d. eðli rannsóknna sem gerðar verða)

6. gr.  
Með hliðsjón af tilsk. 2003/77/EB fellur tafla um E 161 g Kantaxantín í 6. lið D. hluta 3. viðauka niður og í staðinn kemur:

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, Ísing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					innihald mg/kg heilföðurs	innihald mg/kg heilföðurs		
<b>Lítarefni, þar með taldir dreyfulítir</b>								
<b>I. Karótenóíð og xantófýll:</b>								
E 161 g	Kantaxantín	$C_{40}H_{56}O_2$	Alifuglar, aðrir en varphaenur	—	—	25	Blöndun kantaxantíns við önnur karótenóíð og xantófýll er heimil, að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 80 mg/kg í heilföðrinu.	Án tímamarka
			Varphaenur			8	Blöndun kantaxantíns við önnur karótenóíð og xantófýll er heimil, að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 80 mg/kg í heilföðrinu.	Án tímamarka
			Lax, urriði	—	—	25	Mjá gefa dýrum sem hafa náð sex mánaða aldri. Blöndun kantaxantíns við astaxantín er heimil, að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 100 mg/kg í heilföðrinu.	Án tímamarka
			Hundar, kettir og skrautfiskar	—	—	—	—	Án tímamarka



EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					Lágmarks- innihald mg/kg heilföðurs	Hámarks- innihald mg/kg heilföðurs		
3.	Litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum bandalagsins, önnur en patentblátt V, súrskærgrænt BS og kantaxantín	—	Allar tegundir eða flokkar dýra, að undanskildum hundum og köttum	—	—	—	Einungis leyfilegt í fódri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvælaúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þessum efnum eða lítað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka
			Hundar	—	—	—	—	Án tímamarka
			Kettir	—	—	—	—	Án tímamarka
3.1	Kantaxantín, leyft til litunar matvæla samkvæmt reglum EES-svæðisins		Allar tegundir eða flokkar dýra, að undanskildum alifuglum, laxi, urriða, hundum og köttum	—	—	—	Einungis leyfilegt í fódri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvælaúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þessum efnum eða lítað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka
			Hundar	—	—	—	—	Án tímamarka
			Kettir	—	—	—	—	Án tímamarka

EB-nr.	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Lok gildistíma leyfis
					mg/kg heilfóðurs			
			Alifuglar, aðrir en varphænur, lax og urriði			25	Einungis leyfilegt í föðri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvæluúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þess- um efnum eða lítað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka
			Varphænur			8	Einungis leyfilegt í föðri í afurðum sem eru unnar úr: i) matvæluúrgangi eða ii) öðrum grunnefnum, að undanskildu korni og manjókamjöli sem hefur verið eðlisbreytt með þess- um efnum eða lítað við tæknilegan undirbúning til að tryggja auðkenningu þess meðan á framleiðsluferlinu stendur.	Án tímamarka

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/7/EB skv. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2003 og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/32/EB skv. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2003 sem vísað er til í II. hluta I. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum.

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

*Aðskotaefni* eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum þeirra, samsetningu, gæðum eða hollustu.

*Egg* eru egg og eggjavörur svo sem eggjarauður.

*Fiskur og fiskafurðir* eru fiskhold og innyfli af og úr þeim fisktegundum, sem almennt eru nýttar til manneðis og vörur unnar úr þeim, ásamt krabbadýrum (*Crustacea*), samlokum (*Bivalvia*), smokkfiskum (*Cephalopoda*) og sniglum (*Gastropoda*) án skelja.

*Hámarksgildi* er mesta magn aðskotaefna sem leyfilegt er í hverri þyngdar- eða lagar- einingu matvæla eins og þau koma fyrir tilbúin til neyslu.

*Kjöt og kjötvörur* eru úrbeinað kjöt af þeim dýrum sem almennt eru nýtt til manneðis og vörur unnar úr því.

*Korn og kornvara* er þroskuð fræ af hveiti, rúgi, byggi, höfrum, maís, hýðishrísrjónum, hirsí, bókhveiti, dúrru, rúghveiti og öðrum korntegundum.

*Sveppaeitur* eru náttúruleg eiturefni sem framleidd eru af ákveðnum tegundum myglusveppa.

*Varnarefni* eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu eða geymslu matvæla.

*Varnarefnaleifar* eru leifar af varnarefnum og umbrots-, niðurbrots- eða myndefnum þeirra.

*Pungmálmur* eru blý, kadmín og kvikasilfur.

## 3. gr.

*Sýnatökur.*

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á varnarefnaleifum í og á ávöxtum, grænmeti og dýraafurðum skulu vera í samræmi við B hluta í viðauka með reglugerð þessari. Sýnataka vegna eftirlits með sveppaeitri í matvælum skal framkvæmd í samræmi við ákvæði í D, E, F og G hluta í viðauka. Greining skal framkvæmd með þeirri aðferð sem þar kemur fram eða annarri aðferð sem telst sambærileg.

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á blýi, kadmíni, kvikasilfri og 3-MCPD (3-monochloropropane-1,2-diol) skulu vera í samræmi við C hluta viðauka. Aðrar rannsóknir á aðskotaefnum í matvælum skulu, eftir því sem við á, vera í samræmi við viðauka I, staðla Alþjóðlega staðalskráráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius) eða samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.

## 4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 4. tölul., XII. kafla, II. viðauka (tilskipun 98/53/EB, tilskipun 2001/22/EB, tilskipun 26/2002/EB, tilskipun 27/2002/EB og tilskipun 63/2002/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi 5. gr. reglugerðar nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, viðauki 6 við reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum og 1. gr. til og með 12. gr. í reglugerð nr. 286/2003 um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

*Umhverfisstofnunin, 26. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## VIÐAUKI

## A hluti

**Almennar leiðbeiningar um töku og meðhöndlun sýna.**

Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa, aflatoxíns, okratoksíns A, blýs, kadmíns, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum, skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum.

Vöru/safn- og rannsóknarsýni tekin á þann hátt skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Opinber eftirlitsaðili skal taka sýnin.

**1. Skilgreiningar.**

*Framleiðslueining:* Sanngreinanlegt magn vöru sem hefur einsleit einkenni, t.d. varðandi meðhöndlun og uppruna. Framleiðslueining getur verið merkt með númeri framleiðanda, pökkunaraðila eða dreifingaraðila og einkenna þessar merkingar framleiðslueininguna. Sé um fisk að ræða ætti að taka þannig sýni að fiskar séu af svipaðri stærð.

*Framleiðsluhluti:* Tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta. Hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum og sanngreinanlegur.

*Hlutasýni:* Magn sýnis tekið á einum stað úr ákveðnum framleiðsluhluta eða framleiðslueiningu.

*Safnsýni:* Sameinuð hlutasýni sem tekin hafa verið úr sömu framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

*Rannsóknarsýni:* Sýni ætlað til rannsóknar á rannsóknastofu. Dæmigerður skammtur tekinn af safnsýni.

## 2. Almenn ákvæði.

*Sýnataka:*

Taka skal sýni úr hverri framleiðslueiningu sem rannsaka á fyrir sig. Ef um er að ræða stórar framleiðslueingar af jarðhnetum, hnetum, þurrkuðum ávöxtum, korni og kryddi skal samkvæmt sérákvæðum í töflu D1 í D hluta þessa viðauka skipta þeim í framleiðsluhluta og skal taka sýni úr hverjum þeirra fyrir sig.

*Varúðarráðstafanir:*

Gera þarf varúðarráðstafanir þegar rannsóknarsýni eru tekin og undirbúin til þess að forðast breytingar sem hafa slæm áhrif á niðurstöðu greiningarinnar eða gera rannsóknarsýnin þannig að þau verði ekki dæmigerð.

*Hlutasýni:*

Hlutasýni skulu tekin á eins ólíkum stöðum á víð og dreif um framleiðslueininguna og mögulegt er. Sé ekki farið eftir þessari aðferð skal það skrásett ásamt öðrum upplýsingum um sýnin. Ekki skal nota til sýnatöku vörur sem eru skemmdar að einhverju eða öllu leyti. Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka þarf er gefinn upp í töflum í B, C, D og F hluta þessa viðauka eftir því sem við á. Sýni skulu vera eins lík að stærð og mögulegt er.

Þegar um er að ræða vörur í fljótandi formi er nægilegt að taka eitt hlutasýni til greiningar í hverri framleiðslueiningu sem safnsýni. Vísa verður til framleiðslueiningarinnar. Vörur í fljótandi formi sem innihalda vatnsrofin jurtaþrótein (HVP) eða sojasósar þarf að hrista mjög vel eða gera einsleitar með öðrum hætti, áður en hlutasýni er tekið.

## B hluti

### Sýnatökuaðferðir fyrir mælingar á varnarefnaleifum í og á grænmeti, ávöxtum og dýraafurðum.

#### 1. Skilgreiningar.

*Greiningarhluti:*

Hæfilegt magn sem tekið er úr greiningarsýni og sem gefur rétta mynd af styrk varnarefnaleifa í því.

*Greiningarsýni:*

Sá hluti afurðar sem undirbúinn er fyrir greiningu með því að blanda, mala, saxa smátt o.s.frv.

*Vörusýni/safnsýni:*

Að því er varðar kjöt og alifugla skal hlutasýni vera jafngilt vörusýni. Fyrir aðrar afurðir skal taka úr framleiðslueiningu hlutasýni sem eru sett saman og blandað vel saman.

*Eining:*

Minnsti einstaki hluti framleiðslueiningar sem taka skal til að ná hlutasýni annaðhvort heilu eða að hluta.

Einingar eru sem hér segir:

- a) Ferskir ávextir og grænmeti. Sérhver heill ávöxtur, grænmeti eða klasi af slíku (t.d. vínber) skal að jafnaði mynda einingu. Þegar um er að ræða smáar pakkningar gildir d-liður. Ekki skal nota sýnatökubúnað sem skemmir vöruna. Stök egg, ferska ávexti eða grænmeti skal hvorki skera né brjóta til að búa til einingu.
- b) Stór dýr, líkamshlutar/líffæri úr þeim. Hluti eða allt tilltekið líffæri/líkamshluti skal mynda einingu. Líkamshluta eða líffæri má skera til þess að mynda einingu.
- c) Lítill dýr, líkamshlutar/líffæri úr þeim. Úr sérhverju heilu dýri eða heilum hluta úr dýri eða líffæri er hægt að mynda einingu. Ef einingar eru pakkaðar: sjá d-lið. Ekki skal nota sýnatökubúnað sem skemmir vöruna.
- d) Pakkað efni. Smáar, einstakar pakkningar geta myndað einingu, en ef um er að ræða stórar pakkningar skal taka úr þeim sýni eins og um lausavöru væri að ræða sbr. e-lið. Ef smæstu pakkningarnar eru mjög smáar skulu nokkrir pakkar mynda eininguna.
- e) Vörur í lausu og stórar pakkningar (t.d. tunnur, ostar o.s.frv.) sem eru of stórar einar og sér til að unnt sé að nota þær sem hlutasýni.

## 2. Sýnatökuaðferðir.

### Söfnun hlutasýna.

Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal er ákvarðaður í samræmi við töflu B1 eða töflu B2 ef grunur leikur á að framleiðslueining af kjöti eða alifugli innihaldi varnarefni yfir hámarks-gildum. Sérhvert hlutasýni skal taka úr stað í framleiðslueiningunni sem valinn er af handahófi að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt. Í hlutasýnunum skal vera nægilega mikið af vörunni til að unnt sé að ná þeim rannsóknarsýnum sem þarf úr framleiðslueiningunni.

**Tafla B1**  
**Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu.**

	Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu
a) Kjöt og alifuglar	
Framleiðslueining	1
Grunur um varnarefni	Ákvarðað í samræmi við töflu B2
b) Aðrar afurðir	
i) Afurðir, pakkaðar eða í lausu, sem gera má ráð fyrir að séu vel blandaðar eða einsleitar	1 (Framleiðslueining getur t.d. verið blönduð vegna stærðarflokkunar eða framleiðsluferla)
ii) Afurðir, pakkaðar eða í lausu, sem eru e.t.v. ekki vel blandaðar eða einsleitar	Þegar um er að ræða afurðir sem eru í stórum einingum, þó eingöngu matvæli úr jurtafökinu, skal lágmarksfjöldi hlutasýna vera í samræmi við lágmarksfjölda eininga sem krafist er fyrir rannsóknarsýnið (sjá töflu 4)
annaðhvort:	
Þyngd framleiðslueiningar í kg	
< 50	3
50–500	5
> 500	10
eða:	
Fjöldi dósa, askja eða annarra íláta í framleiðslueiningunni	
1–25	1
26–100	5
> 100	10

## Tafla B2

Fjöldi hlutasýna, valin af handahófi, sem þarf til að finna a.m.k. eitt sýni í framleiðslueiningu af kjöti eða alifuglum þar sem magn varnarefnaleifa er yfir hámarksgildum ef miðað er við gefna tíðni sýna sem ekki uppfylla kröfur.

Hlutfall sýna í framleiðslueiningu sem ekki uppfylla kröfur	Lágmarksfjöldi sýna ( $n_0$ ) sem þarf til að finna a.m.k. eitt sýni sem ekki uppfyllir kröfur með líkum:		
	90%	95%	99%
90	1	—	2
80	—	2	3
70	2	3	4
60	3	4	5
50	4	5	7
40	5	6	9
35	6	7	11
30	7	9	13
25	9	11	17
20	11	14	21
15	15	19	29
10	22	29	44
5	45	59	90
1	231	299	459
0,5	460	598	919
0,1	2.301	2.995	4.603

Ef fjöldi hlutasýna, sem sýndur er í töflu B2, er meiri en sem nemur u.þ.b. 10% eininganna í allri framleiðslueiningunni mega hlutasýni sem tekin eru vera færri og skal fjöldinn reiknaður sem hér segir:

$$n = n_0 / ((1 + (n_0 - 1)) / N)$$

þar sem

$n$  = lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal

$n_0$  = fjöldi hlutasýna sem gefinn er upp í töflu B2

$N$  = fjöldi eininga í framleiðslueiningunni sem unnt er að ná hlutasýni úr.

#### Undirbúningur vörusýnis/safnsýnis.

Aðferðin, sem notuð er við undirbúning sýnis vegna kjöts og alifugla, er lýst í töflu B3. Litið er á sérhvert hlutasýni sem sérstakt vörusýni/safnsýni.

Aðferðin, sem notuð er við undirbúning sýnis vegna afurða úr plöntum, eggjum eða mjólk, er lýst í töflum B4 og B5. Hlutasýnin skal setja saman og blanda vel, ef unnt er, og mynda þannig vörusýni/safnsýni.

Ef blöndun á ekki við eða er ekki raunhæf má nota eftirfarandi aðferð sem annan kost. Ef einingar hafa skemmst (með þeim afleiðingum að það hafi haft áhrif á varnarefnaleifar) þegar vörusýninu er blandað saman eða því skipt frekar niður eða ef ekki er hægt að blanda stórar einingar svo að dreifing varnarefnaleifa verði einsleitari skal raða einingunum af handahófi til að endurgera rannsóknarsýnin áður en hlutasýni eru tekin. Í slíkum tilvikum skal niðurstaðan sem notuð er vera meðaltal gilda niðurstaðna sem fengnar eru úr rannsóknarsýnum sem greind hafa verið.

**Tafla B3**  
**Kjöt og alifuglar: Lýsing á hlutasýnum og lágmarksstærð rannsóknarsýna.**

	Vörflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
<b>Óunnin matvæli úr dýraríkinu.</b>				
1.	Kjöt af spendýrum. Vegna eftirlits með leyfilegu hámarks magni leifa af fituleysanlegum varnarefnum skal taka sýni skv. 2. hluta hér á eftir.			
1.1.	Stór spendýr, heill eða hálfur skrokkur, yfirleitt $\geq 10$ kg	Nautgripir, sauðfé, svín	Öll þindin eða hluti hennar auk hálsvöðvans, ef þörf krefur	0,5 kg
1.2.	Lítill spendýr, heilir skrokkar	Kanínur	Heill skrokkur eða afturpartar	0,5 kg eftir fláningu og úrbeiningu
1.3.	Kjöt af spendýrum, í lausu, nýtt/kælt/fryst, einnig pakkað	Fjórðungar, kótelettur, kjötsneiðar, bógur	Heil eða heilar einingar eða hluti stórrar einingar	0,5 kg eftir úrbeiningu
1.4.	Kjöt af spendýrum, fryst í lausu	Fjórðungar, kótelettur	Annaðhvort frystur hluti tekinn með þverskurði úr fláti eða heill einstakur hluti kjötsins (eða öll stykkinn úr honum)	0,5 kg eftir úrbeiningu
2.	Fita af spendýrum, þ.m.t. fita af skrokknum. Fitusýni, sem tekin eru eins og lýst er í hlutum 2.1., 2.2. og 2.3., má nota til að ákvarða hvort fitan eða öll afurðin uppfyllir kröfur um leyfilegt hámarks magn varnarefnaleifa.			
2.1.	Stór spendýr við slátrun heill eða hálfur skrokkur, yfirleitt $\geq 10$ kg	Nautgripir, sauðfé, svín	Fita frá nýrum, úr kviðarholi eða undan húð eins dýrs	0,5 kg
2.2.	Lítill spendýr við slátrun heill eða hálfur skrokkur, $< 10$ kg		Fita úr kviðarholi eða undan húð eins eða fleiri dýra	0,5 kg
2.3.	Kjöt af spendýrum	Leggír, kótelettur, kjötsneiðar	Annaðhvort sýnileg fita úr einingu(m) sem hafa verið snyrt(ar) eða heil(ar) eining(ar) eða hlutar heillar (heilla) einingar(a) þar sem ekki er unnt að fitusnyrta	0,5 kg 2 kg
2.4.	Fituvefur í lausu af spendýrum		Einingar teknar með sýnatökubúnaði af a.m.k. þremur stöðum	0,5 kg
3.	Innmatur úr spendýrum.			
3.1.	Ný lifur úr spendýrum, kæld, fryst		Heil lifur eða hluti lifrar	0,4 kg
3.2.	Ný nýru úr spendýrum, kæld, fryst		Annað eða bæði nýrun úr einu eða tveimur dýrum	0,2 kg
3.3.	Nýtt hjarta úr spendýrum, kælt, fryst		Heilt hjarta (hjörtu) eða ef það er stórt, einungis sleglahlutinn	0,4 kg



	Vöruflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
3.4.	Annar nýr innmatur úr spendýrum, kældur, frystur		Hluti eða heil eining úr einu eða fleiri dýrum eða þverskurður tekinn úr afurð sem er fryst í lausu	0,5 kg
4.	Alifuglakjöt. Vegna eftirlits með leyfilegu hámarks magni leifa af fituleysanlegum varnarefnum skal taka sýni skv. 5. hluta hér á eftir.			
4.1.	Fuglar, stór skrokkur > 2 kg	Kalkúnn, gæs, hanar, geldhanar og endur	Læri, leggir og annað dökkt kjöt	0,5 kg eftir hamflettingu og úrbeiningu
4.2.	Fuglar, meðalstór skrokkur > 2 kg 0,5 - 2 kg	Hænur, perluhænsn, ungir kjúklingar	Læri, leggir eða annað dökkt kjöt af a.m.k. þremur fuglum	0,5 kg eftir hamflettingu og úrbeiningu
4.3.	Fuglar, lítil skrokkur < 500 g skrokkur	Kornhæna, dúfur	Skrokkar a.m.k. sex fugla	0,2 kg af vöðvavef
4.4.	Hlutar fugla, nýir, kældir, frystir, í smásölu- eða heildsöluumbúðum	Leggir, fjórðungar, bringur og vængir	Pakkaðar eða stakar einingar	0,5 kg eftir hamflettingu og úrbeiningu
5.	Fita af alifuglum, þ.m.t. fita af skroknum. Fitusýni sem tekin eru á þann hátt sem lýst er í hlutum 5.1. og 5.2. má nota til að ákvarða hvort fitan eða afurðin í heild sinni uppfyllir kröfur um leyfilegt hámarks magn varnarefnaleifa.			
5.1.	Fuglar við slátrun, heill eða hálfur skrokkur	Kjúklingar, kalkúnar	Einingar með fitu úr kviðarholi a.m.k. þriggja fugla	0,5 kg
5.2.	Kjöt úr fuglum	Leggir, bringuvöðvi	Annaðhvort sýnileg fita úr einingu eða einingum sem hafa verið snyrtar eða heil eining eða einingar eða hlutar þeirra sem ekki er unnt að fitusnyrta	0,5 kg  2 kg
5.3.	Fituvefur af fuglum, í lausu		Einingar teknar með sýnatökubúnaði af a.m.k. þremur stöðum	0,5 kg
6.	Innmatur úr alifuglum.			
6.1.	Ætur innmatur úr fuglum nema fita úr lifur gæsa og anda og svipaðar afurðir sem eru í háu verði		Einingar úr a.m.k. sex fuglum eða þverskurður úr íláti	0,2 kg
6.2.	Fita úr lifur gæsa og anda og svipaðar afurðir sem eru í háu verði		Eining úr einum fugli eða íláti	0,05 kg

	Vöruflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
<b>Unnin matvæli úr dýraríkinu.</b>				
7.	Matvæli úr dýraríkinu á öðru framleiðslustigi, þurrkað kjöt. Afleiddar, ætar afurðir úr dýraríkinu, unnin dýrafita, þ.m.t. brædd eða útdregin fita. Unnin matvæli (með einu innihaldsefni) úr dýraríkinu með eða án umbúða eða innihaldsefna sem lítið er af, t.d. bragðefna, krydds og bragðbæta, og sem eru yfirleitt forpökkuð og tilbúin til neyslu, einnig elduð. Unnin matvæli (mörg innihaldsefni) úr dýraríkinu; matvæli með mörgum innihaldsefnum sem eru bæði úr dýra- og jurtaríkinu verða meðtalin hér ef í er eða eru innihaldsefni að mestu leyti úr dýraríkinu.			
7.1.	Spendýr eða fuglar, smátt skormir, eldaðir, niðursöðnir, þurrkaðir, bræddir eða afurðir unnar á annan hátt, þ.m.t. afurðir með mörgum innihaldsefnum	Skinka, pylsur, hakkað nautakjöt, kjúklingakæfa	Pakkaðar einingar eða dæmigerður þverskurður úr íláti eða einingum (þ.m.t. safi, ef hann er til staðar) tekinn með sýnatökubúnaði	0,5 kg eða 2 kg ef fituinnihald er < 5%

**Tafla B4****Plöntuafurðir: Lýsing á hlutasýnum og lágmarksstærð rannsóknarsýna.**

	Vöruflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
<b>Óunnin matvæli úr jurtaríkinu.</b>				
1.	Allir ferskir ávextir. Allt ferskt grænmeti o.þ.h., þ.m.t. kartöflur og sykurrófur, en ekki kryddjurtir.			
1.1.	Fyrirferðalítlar, nýjar afurðir í einingum sem eru yfirleitt < 25 g	Ber, ertur og ólífur	Heilar einingar eða pakkningar eða einingar sem teknar eru með sýnatökubúnaði	1 kg
1.2.	Meðalstórar, nýjar afurðir, yfirleitt í einingum 25 - 250 g	Epli, appelsínur	Heilar einingar	1 kg (a.m.k. 10 einingar)
1.3.	Stórar, nýjar afurðir, yfirleitt í einingum sem eru >250 g	Hvítkálshöfuð, gúrkur, vínber (í klösum)	Heil eða heilar einingar	2 kg (a.m.k. 5 einingar)
2.	Belgávextir	Þurrkaðar baunir, þurrkaðar ertur		1 kg
	Korn	Hrisgrjón, hveiti		1 kg
	Trjáhnatur	Nema kókoshnetur		1 kg
		Kókoshnetur		5 einingar
	Olúfræ	Jarðhnatur		0,5 kg
Fræ í drykkjarvörur og sælgæti	Kaffibaunir		0,5 kg	
3.	Kryddjurtir	Fersk steinselja	Heilar einingar	0,5 kg
		Annað, ferskt		0,2 kg
	Hvað varðar þurrkaðar kryddjurtir sjá 4. hluta í þessari töflu.	Krydd	Þurrkað	Heilar einingar eða tekið með sýnatökubúnaði

	Vöruflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
<b>Unnin matvæli úr jurtaríkinu.</b>				
4.	Matvæli úr jurtaríkinu á öðru vinnslustigi, þurrkaðir ávextir, grænmeti, kryddjurtir, humall, malaðar kornafurðir. Afleiddar afurðir úr jurtaríkinu, te, jurtate, jurtaolíur, safi og ýmsar afurðir, t.d. unnar ólífur og melassi úr sítrusávöxtum. Unnin matvæli (með einu innihaldsefni) úr jurtaríkinu, með eða án umbúða eða innihaldsefna sem lítið er af, t.d. bragðefna, krydds og bragðbæta, og sem eru yfirleitt forþökkuð og tilbúin til neyslu, ýmist elduð eða ekki. Unnin matvæli (með mörgum innihaldsefnum) úr jurtaríkinu, að meðtöldum afurðum sem í eru innihaldsefni úr dýraríkinu og þar sem innihaldsefni úr jurtaríkinu er eða eru yfirgnæfandi, brauð og aðrar tilreiddar kornvörur.			
4.1.	Afurðir þar sem hver eining er hátt verðlögð		Pakkningar eða einingar teknar með sýnatökubúnaði	0,1 kg
4.2.	Afurðir í föstu formi sem eru fyrirferðarlitlar	Humall, te, jurtate	Einingar í umbúðum eða einingar sem teknar eru með sýnatökubúnaði	0,2 kg
4.3.	Aðrar afurðir í föstu formi	Brauð, mjól, þurrkaðir ávextir	Pakkningar eða aðrar heilar einingar eða einingar sem teknar eru með sýnatökubúnaði	0,5 kg
4.4.	Afurðir í fljótandi formi	Jurtaolíur, safi	Einingar í umbúðum eða einingar sem teknar eru með sýnatökubúnaði	0,5 l eða 0,5 kg

**Tafla B5****Egg og mjólkurafurðir: Lýsing á hlutasýnum og lágmarksstærð rannsóknarsýna.**

	Vöruflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
<b>Óunnin matvæli úr dýraríkinu.</b>				
1.	Egg alifugla.			
1.1.	Egg, nema egg kornhæna og skyldra tegunda		Heil egg	12 heil unghænuegg, 6 heil gæsar- eða andaregg
1.2.	Egg, kornhæna og skyldra tegunda		Heil egg	24 heil egg
2.	Mjól		Heilar einingar eða einingar sem teknar eru með sýnatökubúnaði	0,5 l

**Unnin matvæli úr dýraríkinu.**

3.	Matvæli úr dýraríkinu á öðru vinnslustigi, mjólkurafurðir á öðru vinnslustigi t.d. undanrenna, niðurseydd mjól og mjólkurduft. Afleiddar, ætar afurðir úr dýraríkinu, mjólkurfita, afleiddar mjólkurafurðir, t.d. smjör, smjörolfúr, rjómi, rjómaduft, kasín o.s.frv. Unnin matvæli (með einu innihaldsefni) úr dýraríkinu, unnar mjólkurafurðir, t.d. jógúrt, ostar. Unnin matvæli (með mörgum innihaldsefnum) úr dýraríkinu, unnar mjólkurafurðir (að meðtöldum afurðum sem innihalda efni úr jurtaríkinu og mest er af innihaldsefni (um) úr dýraríkinu) t.d. unnar ostaafurðir, tilreiddir ostar, bragðbætt jógúrt, sykruð, niðurseydd mjól.			
3.1	Mjól sem vökvi, mjólkurduft, niðurseydd mjól og rjómi, rjómaís, rjómi, jógúrt		Heil eining eða einingar eða hlutar eininga í umbúðum sem taka skal með sýnatökubúnaði	0,5 l (vökvi) eða 0,5 kg (í föstu formi)

	Vöruflokkur	Dæmi	Eðli hlutasýnis sem taka skal	Lágmarksstærð hvers rannsóknarsýnis
	i) Niðurseydda mjólk og rjóma í lausu skal blanda mjög vel áður en sýni er tekið og skafa burt efni sem situr á hliðum og botni flátsins og hræra vel. Taka skal u.þ.b. 2 til 3 l og hræra vel í aftur áður en rannsóknarsýnið er tekið. ii) Sýni úr mjólkurdufti í lausu skal taka með smitgát með því að fara með þurrt borror gegnum duftið á jöfnum hraða. iii) Blanda skal rjóma í lausu vandlega með bullu áður en sýnið er tekið en forðast skal að mynda froðu, þeyta og strokka.			
	Smjör og smjörólíur	Smjör, mysu-smjör, fituskert smurálegg sem inniheldur smjörfitu, vatnsfrí smjör-olía, vatnsfrí mjólkurfita	Heil eining eða einingar eða hlutar þeirra í umbúðum sem taka skal með sýnatökubúnaði	0,2 kg eða 0,2 l
3.2.	Ostar, einnig unnir ostar.			
	Einingar, 0,3 kg eða stærri		Heil eining eða einingar sem skera skal með sýnatökubúnaði	0,5 kg
	Einingar, < 0,3 kg			0,3 kg
	Sýni úr kringlóttum ostum skal taka með því að skera tvo skurði í þá sem liggja út frá miðju. Sýni úr ferhyrmdum ostum skal taka með því að skera tvo skurði í þá samsíða hliðunum.			
3.3.	Afurðir úr eggjum, fljótandi, frystar eða þurrkaðar		Eining eða einingar skal taka með sýnatökubúnaði og viðhafa smitgát	0,5 kg

### 3. Undirbúningur sýna og viðmiðanir.

#### Undirbúningur rannsóknarsýnis.

Ef vörusýnið/safnsýnið er stærra en þörf er á fyrir rannsóknarsýni skal því skipt til að fá dæmigerða skammta. Nota má sýnatökubúnað til að skipta sýninu niður í fjóra hluta eða nota aðra hentuga aðferð til að minnka það, en einingar með ferskum plöntuafurðum eða heilum eggjum skal hvorki skera né brjóta. Ef þess gerist þörf skulu samhliða rannsóknarsýni tekin á þessu stigi. Lágmarksstærðir, sem þarf fyrir rannsóknarsýnin, eru gefnar upp í töflum B3, B4 og B5.

#### Þökkun og flutningur á rannsóknarsýnum.

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

#### Undirbúningur greiningarsýnis.

Rannsóknarsýnið skal fá sértákn sem skal bæta á sýnatökuskrána ásamt viðtökudagsetningu og stærð sýnis. Þann hluta vörunnar, sem greina skal, þ.e. greiningarsýnið, skal skilja frá eins fljótt og unnt er. Ef reikna þarf magn varnarefnaleifa til að taka tillit til hluta sem ekki eru greindir skal skrá þyngd þeirra hluta sem skildir eru frá.

#### Undirbúningur og geymsla greiningahlutans.

Skera skal greiningarsýnið smátt, ef þarf, og blanda vel svo að unnt sé að taka dæmigerða greiningarhluta. Stærð greiningarhlutans skal ákvörðuð út frá greiningaraðferðinni og

Því hve vel tekst til með blöndunina. Skrá skal aðferðirnar við að skera smátt og blanda og þær skulu ekki hafa áhrif á varnarefnaleifar sem eru í greiningarsýninu. Þar sem við á skal vinnsla við greiningarsýnið fara fram við sérstakar aðstæður, t.d. við hitastig undir frostmarki, til að draga úr skaðlegum áhrifum. Í þeim tilvikum, þar sem meðhöndlun getur haft áhrif á varnarefnaleifar og aðrir raunhæfir starfshættir eru ekki tiltækir, má greiningarhlutinn vera úr heilum einingum eða hlutum úr heilum einingum. Ef greiningarhlutinn er úr fáum einingum eða hlutum er ólíklegt að hann sé dæmigerður fyrir greiningarsýnið og þá skal greina nógu marga hluta í viðbót til að fá vísbendingu um óvissu meðalgildisins. Ef geyma á greiningarhlutana áður en þeir eru greindir skal geymsluáðferðin og geymslutíminn ekki vera lengri en svo að hann hafi ekki áhrif á magn varnarefnaleifanna. Taka skal hluta til viðbótar, eftir því sem þörf er á, fyrir endurtekna greiningu og til að staðfesta greiningu.

*Viðmiðanir til að skera úr um hvort sýni uppfylli settar kröfur.*

Greiningarniðurstöður skal ákvarða út frá einu eða fleiri rannsóknarsýnum sem tekin eru úr framleiðslueiningu og eru hæf til greiningar við móttöku. Niðurstöðurnar skulu studdar ásættanlegum gögnum um gæðaeftirlit. Ef í ljós kemur að leifar varnarefna fara yfir leyfilegt hámarksgildi skal staðfesta um hvaða varnarefni er að ræða og magn skal staðfest með greiningu á einum eða fleiri viðbótargreiningarhlutum sem ákvarðaðir eru út frá upprunalega rannsóknarsýninu eða -sýnunum.

Ef niðurstöðurnar úr vörusýnunum eru yfir leyfilegum hámarksgildum varnarefnaleifa skal taka tillit til eftirfarandi þegar skorið er úr um hvort framleiðslueiningin uppfylli ekki settar kröfur:

- a) niðurstaðna sem fengnar eru úr einu eða fleiri rannsóknarsýnum, eftir því sem við á, og
- b) nákvæmni og samkvæmni í greiningu í samræmi við það sem gögnin, sem fylgja með um gæðaeftirlit, gefa til kynna.

## C hluti

### Sýnatökur vegna mælinga á blýi, kadmín, kvikasilfri og 3-MCPD í matvælum.

#### 1. Almenn ákvæði.

*Undirbúningur safnsýna.*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Safnsýni skal vera a.m.k. 1 kg nema það sé óframkvæmanlegt, t.d. þegar ein eining er tekin.

Þegar sýni eru tekin af samlokum (*Bivalve mollusc*), krabbadýrum (*Crusacea*) og smáfiskum sem venjulega eru borðaðir heilir skal taka innfli með.

*Samhliða sýni.*

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatök. Algengt er að eftirlitsaðili taki þrjú sýni: eitt skilið eftir hjá framleiðanda/innflutningsaðila; eitt geymt hjá eftirlitsaðilanum; eitt sent til rannsóknastofu/mælinga. Þannig er hagsmuna allra aðila málsins gætt.

*Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum.*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

**Tafla C1**

**Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu til mælinga á blýi, kadmín, kvikasilfri og 3-MCPD í matvælum.**

Þyngd framleiðslueiningar (kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna
<50	3
50-500	5
>500	10

**Tafla C2**

**Fjöldi hlutasýna sem mynda safnsýni ef framleiðslueiningin samanstendur af einstökum einingum.**

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúðaeininga eða eininga sem taka skal
1-25	1
26-100	Um 5%, a.m.k. 2 einingar
>100	Um 5%, mest 10 einingar

Rannsaka skal tvö sýni og reikna meðaltal. Ef meðaltal er undir hámarksgildum er framleiðslueiningin í lagi. Ef meðaltal fer yfir hámarksgildi er framleiðslueiningin ekki ásættanleg.

## **D hluti**

**Sýnatökur fyrir mælingar á aflatoksíni í matvælum.**

### **1. Almenn ákvæði.**

*Undirbúningur safnsýna.*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Að lokinni blöndun skal skipta safnsýninu í nokkur jafnstór undirsýni eins og lýst er hér að neðan.

*Samhliða sýni.*

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknarsýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur.

*Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum.*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

*Mismunandi framleiðslueiningar.*

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Styðjast skal við eftirfarandi formúlu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni} = \frac{\text{Þyngd}^1 \text{ framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

Sýnatökutíðni: n-tí hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunda að næstu heilu tölu).

*Þyngd hlutasýnis.*

Þyngd hlutasýnis skal vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í kafla um sýnatökuaðferðir hér á eftir. Hlutasýni af kryddi skal vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkninga.

*Fjöldi hlutasýna í framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn.*

Fjöldi hlutasýna, sem taka á, fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar, skal þó minnstur vera 10 sýni og mestur 100 sýni, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka. Styðjast má við tölurnar í töflu D1 við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka ber.

### Tafla D1

**Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.**

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 - ≤ 0,2	15
>0,2 - ≤ 0,5	20
>0,5 - ≤ 1,0	30
>1,0 - ≤ 2,0	40
>2,0 - ≤ 5,0	60
>5,0 - ≤ 10,0	80
>10,0 - ≤ 15,0	100

<sup>1</sup> Þyngd í kg.

## 2. Sýnatökuaðferðir og viðmiðanir.

### 2.1. Jarðhnetur, hnetur, þurrkaðir ávextir, krydd og korn.

**Tafla D2**  
**Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir**  
**afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.**

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Þurrkaðar fíkjur og aðrir þurrkaðir ávextir	≥ 15 < 15	15-30 tonn -	100 10-100 <sup>2</sup>	30 ≤ 30
Jarðhnetur, pistasiuhnetur, parahnetur og aðrar hnetur	≥ 500 > 125 og < 500 ≥ 15 og ≤ 125 < 15	100 tonn 5 framleiðsluhlutar 25 tonn -	100 100 100 10-100 <sup>2</sup>	30 30 30 ≤ 30
Korn	≥ 1500 > 300 og < 1500 ≥ 50 og ≤ 300 < 50	500 tonn 3 framleiðsluhlutar 100 tonn -	100 100 100 10-100 <sup>2</sup>	30 30 30 1-10
Krydd	≥ 15 < 15	25 tonn -	100 10-100 <sup>2</sup>	10 1-10

### 2.2. Jarðhnetur, pistasiuhnetur, parahnetur, þurrkaðar fíkjur, korn og krydd þar sem framleiðslueiningar eru ≥ 50 tonn.

#### Sýnatökuaðferð.

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu D2. Þar sem þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna má þyngd þeirra mest fara 20% umfram tilgreinda þyngd;
- sýnataka skal fara fram í hverjum framleiðsluhluta fyrir sig;
- fjöldi hlutasýna skal vera 100. Ef framleiðslueiningar eru undir 15 tonnum fer fjöldi hlutasýna sem taka ber eftir þyngd framleiðslueiningarinnar og skal fjöldinn vera minnstur 10 og mestur 100;
- safnsýni af kryddi vegur ekki meira en 10 kg og þarf því ekki að skipta sýninu í undirsýni;
- safnsýni (30 kg) skal blanda og skipta í þrjú jafnstór undirsýni, sem hvert vegur 10 kg, áður en þau eru möluð (þessi skipting í þrjú undirsýni er óþörf ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari hlutbundna meðhöndlun, en það er hins vegar háð því að fyrir hendi sé búnaður sem gerir kleift að búa til einsleitt 30 kg sýni). Ef þyngd safnsýna er minni en 10 kg skal ekki skipta þeim í þrjú undirsýni;
- rannsóknarsýni er undirsýni sem vegur 10 kg (hvert undirsýni skal fín mala sérstaklega og það blandað vandlega til þess að það verði fullkomlega einsleitt, til samræmis við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í E hluta þessa viðauka);
- ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuaðferð, sem lýst er hér að framan er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku að því tilskildu að hún sé svo dæmi-gerð sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún studd traustum rökum.

<sup>2</sup> Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar.



*Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.*

Ef um er að ræða krydd og jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- Samþykki ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna fer yfir leyfilegt hámark.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn sem ætluð eru beint til manneldis:

- Samþykki ef ekkert undirsýna fer yfir leyfilegt hámark;
- synjun ef eitt eða fleiri undirsýnanna fara yfir leyfilegt hámark.

Ef safnsýnið er undir 10 kg:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

### **2.3. Hnetur aðrar en jarðhnetur, pistasiuhnetur og parahnetur, þurrkaðir ávextir aðrir en fíkjur og korn þar sem framleiðslueiningar eru undir 50 tonnum**

#### *Sýnatökuáðferð.*

Fyrir þessar afurðir má nota þá sýnatökuáðferð sem lýst er í lið 2.2. í D hluta.

Með hliðsjón af því hversu sjaldgæft er að þessar afurðir mengist og/eða með hliðsjón af nýjum gerðum umbúða, sem heimilt er að selja þessar afurðir í, má þó nota einfaldari sýnatökuáðferðir.

Fyrir framleiðslueiningar kornafurða, sem eru undir 50 tonnum, má styðjast við sýnatökuáætlun, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10 til 100 hlutasýni, hvert 100 grömm að þyngd, eru tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 til 10 kg. Styðjast má við tölurnar í töflu D3 til þess að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

**Tafla D3**

**Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.**

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 - ≤ 3	20
>3 - ≤ 10	40
>10 - ≤ 20	60
>20 - ≤ 50	100

*Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.*

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- Samþykki ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna fer yfir leyfilegt hámark.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn sem ætluð eru beint til manneldis:

- Samþykki ef ekkert undirsýna fer yfir leyfilegt hámark;
- synjun ef eitt eða fleiri undirsýnanna fara yfir leyfilegt hámark.

Ef safnsýnið er undir 10 kg:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

### 3. Mjólk.

*Sýnatökuaðferð.*

Sýnataka í samræmi við mjólkurreglugerð þar sem mælt er fyrir um ákveðnar aðferðir við greiningu og próf á hrámmjólk og hitameðhöndlaðri mjólk:

- Fjöldi hlutasýna: lágmark 5;
- þyngd safnsýnis: lágmark 0,5 kg eða lítrar.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

### 4. Afleiddar afurðir og samsett matvæli.

#### 4.1. Mjólkurafurðir.

*Sýnatökuaðferð.*

Sýnataka í samræmi við gildandi mjólkurreglugerð.

Fjöldi hlutasýna skal að lágmarki vera 5.

Samsvarandi aðferðir eru notaðar fyrir aðrar mjólkurafurðir.

*Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta:*

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

#### 4.2. Aðrar afleiddar afurðir með mjög léttum ögnum, svo sem mjól, fíkjumauk, hnetusmjör (einsleit dreifing aflatoxínmengunar).

*Sýnatökuaðferð:*

- Fjöldi hlutasýna skal vera 100. Fyrir framleiðslueiningar undir 50 tonnum skal fjöldi hlutasýna vera 10 til 100 og fara eftir þyngd framleiðslueiningarinnar (sjá töflu D3);
- þyngd hlutasýna á að vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningar í smásöluumbúðum fer þyngd hlutasýna eftir þyngd smásöluumbúðanna;
- þyngd safnsýnis skal vera 1-10 kg og skal það vera nægilega blandað.

*Fjöldi sýna sem taka ber.*

Fjöldi safnsýna sem taka ber fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar. Skiptingu stórra framleiðslueininga í framleiðsluhluta skal háttað svo sem kveðið er á um fyrir korn í töflu D2 liður 2.1. í D-hluta. Taka ber sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.

*Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta:*

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

#### 4.3. Aðrar afleiddar afurðir með tiltölulega stórum kornum (misleit dreifing aflatoxínmengunar).

Sýnatökuaðferð og samþykki eins og kveðið er á um hér að ofan að mjólk undanskilinni.

*Sýnataka á smásölustigi.*

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatöku-

aðferðir þar sem því verður við komið. Þar sem því er ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuaðferðir, svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

## E hluti

### 1. Undirbúningur sýna og viðmiðanir fyrir greiningaraðferðir notaðar við opinbert eftirlit með magni aflatoxína í matvælum.

*Varúðarráðstafanir.*

Við framkvæmdina skal útiloka sólarljós eins og hægt er því að aflatoxín brotnar smám saman niður vegna áhrifa útfjólublás ljóss. Þar eð dreifing aflatoxína er ekki einsleit ber að undirbúa sýni, einkum þegar þau eru gerð einsleit, með mikilli varfærni. Nota ber allt efni, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning sýnis.

*Útreikningur á hlutfalli skurnar/hnetukjarna í heilum hnetum.*

Hámarksgildi fyrir aflatoxín gilda um æta hlutann.

Hægt er að ákvarða magn aflatoxína í æta hlutanum með því að:

- Skurna sýni af hnetum „í skurn“ og ákvarða magn aflatoxína í æta hlutanum;
- nota undirbúningsaðferðina fyrir hnetur „í skurn“.

Í sýnatöku- og greiningaraðferðinni ber að áætla þyngd hnetukjarnanna í safnsýninu. Þyngd hnetukjarnanna í safnsýninu er áætluð þegar skilgreindur hefur verið hæfilegur stuðull fyrir hlutfallið milli hnetuskurnar og hnetukjarna í heilum hnetum. Stuðst er við þetta hlutfall til þess að reikna magn kjarnanna í vörusýninu sem tekið er við undirbúning sýnis eða við greiningu. Um það bil 100 heilar, stakar hnetur eru teknar frá af handahófi úr framleiðslueiningunni eða þær eru teknar úr hverju einasta safnsýni. Hlutfallið, fyrir hvert rannsóknarsýni, má finna með því að vigta heilar hnetur, skurna þær og vigta á ný skurn og hnetukjarna hvort í sínu lagi. Hlutfallið milli skurnar og hnetukjarna má þó sannreyna á rannsóknarstofunni með endurteknum mælingum á sýnum og hægt er að styðjast við það í greiningarvinnu síðar. Ef tiltekið rannsóknarsýni brýtur í bága við einhver ákvæði um mörk ber að ákvarða hlutfallið fyrir viðkomandi sýni með því að nota um það bil 100 hnetur sem teknar voru frá.

*Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknarstofunni.*

Hvert rannsóknarsýni er fín malað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni.

### 2. Greiningaraðferð, sem nota ber á rannsóknarstofunni, og kröfur um eftirlit á rannsóknarstofunni við mælingar á aflatoksínum, þungmálum og 3-MPCD í matvælum.

*Skilgreiningar.*

Nokkrar af helstu skilgreiningum sem rannsóknarstofan þarf að styðjast við eru eftirfarandi:

$r =$  Endurtekningarnákvæmni (repeatability) er það gildi sem er stærra en tölugildi mismunar tveggja stakra prófnidurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (það er sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og á skömmum tíma), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er  $r = 2,8 \times s_r$ .

$s_r =$  Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.

$RSD_r =$  Hlutfallslegt staðalfrávik er reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði  $[(s_r / \bar{x}) \times 100]$ , þar sem  $\bar{x}$  er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknarstofur og öll sýni.

R = Samanburðarnákvæmni (reproducibility): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófnidurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (það er sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni), og vænta má að liggi innan tiltekinnna líkinda (venjulega 95%);

R =  $2,8 \times S_R$ .

$S_R$  = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.

$RSD_R$  = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(S_R / \bar{x}) \times 100]$ .

$HORRAT_r$  = reiknað  $RSD_r$  deilt með  $RSD_r$  sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni þar sem gengið er út frá því að  $r=0,66R$ .

$HORRAT_R$  = reiknað  $RSD_R$  deilt með  $RSD_R$  gildi sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni.

*Sérstakar kröfur.*

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk aflatoxína í matvælum er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá aðferð sem samræmist viðmiðunum í töflu E1.

**Tafla E1**  
**Viðmiðanir.**

Viðmiðun	Styrkleikasvið	Ráðlögð gildi	Hæsta leyfilega gildi
Núllprófssýni	Öll	Óverulegt	
Endurheimt — Aflatoxín $M_1$	0,01–0,05 µg/kg > 0,05 µg/kg	60 til 120 % 70 til 110 %	
Endurheimt — Aflatoxín $B_1, B_2, G_1, G_2$	< 1,0 µg/kg 1–10 µg/kg > 10 µg/kg	50 til 120 % 70 til 110 % 80 til 110 %	
$RSD_R$ að því er varðar samkvæmni <sup>3</sup>	Öll	Sem leidd eru af Horwitz-jöfnunni	2 × gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni

*Athugasemdir við töflu E1:*

- Gildin eiga bæði við um  $B_1$  og summuna af  $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$ ;
- ef birta á upplýsingar um summuna af einstökum aflatoxínum  $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$  skal svörun hvers þeirra við greiningaraðferðinni annaðhvort vera þekkt eða jafngild innbyrðis;
- greiningarmörk aðferðanna eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrkleika;
- samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni, það er að segja:

$$RSD_R = 2^{(1 - 0,5 \log C)}$$

þar sem:

$RSD_R$  er hlutfallslegt staðalfrávik reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(S_R/x) \times 100]$ ;

- C er styrkhluftallið (það er að segja 1 = 100 g/100 g, 0,001 = 1 000 mg/kg).

Þetta er almenn samkvæmnisjafna sem reynst hefur óháð greiniefni og efnaumhverfi, í flestum venjubundnum greiningaraðferðum er hún einungis háð styrkleikanum.

<sup>3</sup>  $RSD_r$  að því er varðar samkvæmni má reikna sem 0,66 sinnum  $RSD_R$  að því er varðar samkvæmni við tilgreindan styrkleika.

### 3. Útreikningar á endurheimt.

Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga leiðréttum eða óleiðréttum. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint.

#### F hluti

#### Sýnatökur fyrir mælingar á okratoksíni A í matvælum.

##### 1. Almenn ákvæði.

*Undirbúningur safnsýna.*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum.

*Samhliða sýni.*

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur.

*Pökkun og flutningur á rannsóknasýnum.*

Hvert rannsóknasýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

*Innsigling og merking sýna.*

Hvert sýni, sem tekið er til opinberra nota skal innsiglað á sýnatökustað og merkt samkvæmt reglum. Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

##### 2. Sýnatökuaðferðir.

*Mismunandi framleiðslueiningar.*

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Með fyrirvara um ákvæði sem mælt er fyrir um í þessum hluta viðaukans skal styðjast við eftirfarandi jöfnu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni } n = \frac{\text{Þyngd framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

- Þyngd í kg

- Sýnatökutíðni: n-ti hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunda að næstu heilu tölu).

*Þyngd hlutasýnis.*

Þyngd hlutasýnis ætti að vera um 100 grömm nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

**Tafla F1**  
**Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir**  
**afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.**

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Korn og kornvörur	≥ 1.500	500 tonn	100	10
	> 300 og < 1.500	3 framleiðsluhlutar	100	10
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	100	10
	< 50	-	10-100 <sup>4</sup>	1-10
Þurrkaðir vínviðarávextir (garðaber, rúsínur og kúrennur)	≥ 15	15-30 tonn	100	10
	< 15	-	10-100 <sup>5</sup>	1-10

**2.1. Sýnatökuáferð á korni og kornvörum (framleiðslueining ≥ 50 tonn) og þurrkuðum vínviðarávöxtum (framleiðslueining ≥ 15 tonn).**

*Sýnatökuáferð:*

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu F1. Þar sem þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna má þyngd þeirra mest fara 20% umfram tilgreinda þyngd;
- sýnataka skal fara fram í hverjum framleiðsluhluta fyrir sig;
- fjöldi hlutasýna skal vera 100. Ef framleiðslueining á korni og kornvörum er undir 50 tonnum og framleiðslueining á þurrkuðum vínviðarávöxtum er undir 15 tonnum, skal fara eftir lið 2.2. Safnsýni skal vegea 10 kg;
- ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuáferð, sem lýst er hér að framan er heimilt að beita annarri áferð við sýnatöku að því tilskildu að hún sé svo dæmigerð sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún studd traustum rökum.

**2.2. Sýnatökuáferð fyrir korn og kornvörur (framleiðslueining < 50 tonn) og þurrkaða vínviðarávexti (framleiðslueining < 15 tonn).**

Fyrir framleiðslueiningar kornafurða sem eru undir 50 tonnum og framleiðslueiningar af þurrkuðum vínviðarávöxtum sem eru undir 15 tonnum, má styðjast við sýnatökuáætlun, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10-100 hlutasýni eru tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 – 10 kg. Styðjast má við tölurnar í töflu F2 til að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

**Tafla F2**  
**Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi**  
**þyngdarflokkum framleiðslueininga kornafurða.**

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 - ≤ 3	20
> 3 - ≤ 10	40
> 10 - ≤ 20	60
> 20 - ≤ 50	100

<sup>4</sup> Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar – sjá töflu F2 í þessum viðauka.

<sup>5</sup> Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar – sjá töflu F3 í þessum viðauka.

**Tafla F3**  
**Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum**  
**framleiðslueininga af þurrkuðum vínviðarávöxtum.**

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 - ≤ 0,2	15
>0,2 - ≤ 0,5	20
>0,5 - ≤ 1,0	30
>1,0 - ≤ 2,0	40
>2,0 - ≤ 5,0	60
>5,0 - ≤ 10,0	80
>10,0 - ≤ 15,0	100

*Sýnataka á smásölustigi.*

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatökuaðferðir þar sem því er við komið. Þar sem því er ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuaðferðir svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

*Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta:*

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfileg hámarksgildi;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfileg hámarksgildi.

## G-hluti

### 1. Undirbúningur sýna og viðmiðanir fyrir greiningaraðferðir notaðar við opinbert eftirlit með magni okratoksins A í matvælum.

*Varúðarráðstafanir.*

Þar sem dreifing okratoksins A er ekki einsleit ber að undirbúa sýni með mikilli varfærni, einkum þegar þau eru gerð einsleit. Nota ber allt efni, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning sýnis.

*Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknarstofunni.*

Hvert rannsóknarsýni er fín malað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni.

*Frekari skipting sýnis vegna fullnustuákvæða og verslunarverndar.*

Endurtökusýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála skal tekið úr einsleita sýninu svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatöku.

### 2. Greiningaraðferð, sem nota ber á rannsóknarstofunni og kröfur um eftirlit á rannsóknarstofunni við greiningar.

*Skilgreiningar.*

Nokkrar af helstu skilgreiningum sem rannsóknarstofan þarf að styðjast við eru eftirfarandi:

$r =$  Endurtekningarnákvæmni (repeatability) er það gildi sem er stærra en tölugildi mismunar tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (þ.e. sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og á skömmum tíma), og vænta má að liggja innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er  $r = 2,8 \times s_r$ .

$s_r$  = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.

$RSD_r$  = Hlutfallslegt staðalfrávik er reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði  $[(s_r / \bar{x}) \times 100]$ , þar sem  $\bar{x}$  er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknarstofur og öll sýni.

$R$  = Samanburðarnákvæmni (reproducibility): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (þ.e. sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á samskonar efni), og vænta má að liggja innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%);

$$R = 2,8 \times S_R.$$

$S_R$  = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.

$RSD_R$  = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(S_R / \bar{x}) \times 100]$ .

#### Sérstakar kröfur.

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk okratoksíns A í matvælum er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá aðferð sem samræmist eftirfarandi viðmiðunum:

**Tafla G1**  
**Viðmiðanir.**

Viðmiðun µg/kg	Okratoksín A		
	RSD (%)	RSD <sub>r</sub> (%)	Endurheimt (%)
< 1	≤ 40	≤ 60	50 – 120
1 - 10	≤ 20	≤ 30	70 – 110

- Greiningarmörk aðferðanna eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrkleika;
- samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni:

$$RSD_R = 2^{(1 - 0,5 \log C)}$$

þar sem:

- $RSD_R$  er hlutfallslegt staðalfrávik reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(S_R / \bar{x}) \times 100]$ ;
- $C$  er styrkhlutfallið (þ.e. 1 = 100 g/100 g, 0,001 = 1 000 mg/kg).

Þetta er almenn samkvæmnisjafna sem reynst hefur óháð greiniefni og efnaumhverfi, í flestum venjubundnum greiningaraðferðum er hún einungis háð styrkleikanum.

#### Útreikningar á endurheimt.

Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga leiðrétum eða óleiðrétum. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint.



# REGLUGERÐ

## um meðhöndlun úrgangs.

### I. KAFLI

#### Markmið, gildissvið o.fl.

##### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, einkum mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts.

Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun úrgangs.

Um förgun úrgangs fer samkvæmt reglugerðum um urðun úrgangs og brennslu úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Reglugerðin gildir ekki um geislavirkan úrgang.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

*Atvinnurekstur*: hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

*Besta fáanlega tækni*: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

*Eftirlitsaðilar*: viðkomandi heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Flokkunarmiðstöðvar*: staðir þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar til endurnýtingar og/eða til förgunar.

*Förgunarstaðir*: staður þar sem förgun úrgangs fer fram m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

*Grunnvatn*: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

*Heilbrigðisstofnanir*: stofnanir og starfsaðstaða sem lækna, tannlækna, dýralækna eða aðrir sem hafa sambærileg réttindi til að koma í veg fyrir og greina sjúkdóma í mönnum eða dýrum, gera að sárum og/eða hafa eftirlit með sjúkdómum. Hér er einnig átt við stofnanir og starfsaðstöðu svo sem lækni- og líffræðilegar rannsóknastofur, elliheimili og aðra umönnunarstaði fyrir fólk, fótaaðgerðarstofur og stofur sem stunda húðgatanir og húðflúr.

*Heimilisúrgangur (sorp)*: úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

*Landbúnaðarúrgangur*: úrgangur frá landbúnaði, til dæmis húsdýraskítur, gamalt hey, heyrullplast og dýrahæ.

*Lífrænn úrgangur (lífbrjótanlegur úrgangur):* úrgangur sem er niðurbrjótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis, t.d. matarleifar, garðúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír og pappi, og seyra.

*Meðferð úrgangs:* meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.

*Meðhöndlun úrgangs (sorphirða):* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

*Böggun:* þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

*Flokkun:* aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

*Flutningur:* ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

*Endurnotkun (reuse):* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

*Endurnýting (recovery):* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.

*Endurvinnsla (recycling):* endurframleiðsla úr úrgangi til upprunalegra eða annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla.

*Förgun:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega s.s. urðun og brennsla úrgangs.

*Pökkun:* þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

*Mengun:* þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

*Mengunarvarnaeftirlit:* eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

*Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðferðar. Þaðan fer úrgangur til nýtingar eða förgunar. Undir móttökustöðvar falla flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og brennslustöðvar.

*Rekstraradili:* einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

*Rekstrarúrgangur:* úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun annar en heimilisúrgangur.

*Ruslabiður:* ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang.

*Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum:* úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem hefur í för með sér meiri sýkingarhættu og hættu á meiðslum en annar úrgangur. Til þessa flokks heyrir: sóttmengaður úrgangur, líkamsleifar, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur, spilliefni, geislavirk efni og frumubreytandi efni sem geta haft stökkbreytingar í för með sér.

*Sorpgeymsla:* aðstaða í eða við fasteign, fyrirtæki eða stofnun þar sem úrgangi er safnað áður en hann er fluttur til söfnunarstöðva eða móttökustöðva.

*Sorpílát:* ílát til að safna úrgangi, s.s. tunnur og gámar af ýmsum stærðum.

*Smitandi:* efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eiturefni þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

*Sóttmengaður úrgangur:* úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem er smitandi samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annar úrgangur sem er smitandi.

*Spilliefni:* úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista sem spilliefni í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

*Söfnunarstöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenníngi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

*Umhverfi:* samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

*Urðun:* varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

*Urðunarstaðir:* staðir þar sem tekið er við úrgangi til urðunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaðir þar sem framleiðandi úrgangs fargar eigin úrgangi á framleiðslustað og varanlegir staðir, þ.e. þar sem úrgangur er geymdur lengur en eitt ár áður en honum er fargað, eða þrjú ár áður endurnýting hefst.

*Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og er skráður á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

*Úrgangshafi:* framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

*Vatn:* grunnvatn og yfirborðsvatn.

*Vöktun:* kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

*Yfirborðsvatn:* kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

## II. KAFLI Stjórnvöld o.fl.

### 4. gr.

#### *Framkvæmd.*

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar og meðhöndlun spilliefna og hefur eftirlit með því að starfsleyfishafi fari að ákvæðum þess.

Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðferð á úrgangi sem fjallað er um í III. kafla reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og annars konar starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður, annarri en fjallað er um í 3. mgr., og hefur eftirlit með þeirri starfsemi, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Um eftirlit með þeirri starfsemi fer samkvæmt reglugerð um mengunarvarnaeftirlit.

### 5. gr.

#### *Landsáætlun.*

Umhverfisstofnun skal, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs, gefa út almenna áætlun til minnst tólf ára í senn um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt og skal hún m.a. byggja á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum. Áætlunin skal taka mið af lögum um meðhöndlun úrgangs, reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og hafa það að markmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu. Í landsáætlun skal tilgreina stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Í áætluninni skal eftirfarandi a.m.k. koma fram:

- a) yfirlit yfir magn, tegundir, uppruna og ráðstöfun úrgangs,
- b) umfjöllun um endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs,
- c) möguleikar á tæknilegum útfærslum á förgun úrgangs,

Í landsáætlun ber sérstaklega að gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann lífræna heimilisúrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.

Í landsáætlun skal einnig gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur, sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.

Þá ber í landsáætlun að gera grein fyrir leiðum til að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og hvernig umbúðir eru endurnotaðar. Gera skal grein fyrir því hvernig minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðarúrgangs er endurnýttur, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðarúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig.

Ennfremur ber í landsáætlun að gera grein fyrir endurnotkun og endurnýtingu úr sér genginna ökutækja. Gera skal grein fyrir því hvernig eigi síðar en 1. janúar 2006 að endurnotkun og endurvinnsla sé að lágmarki 85% og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja að lágmarki vera 95% og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis

Loks ber í landsáætlun sérstaklega að gera grein fyrir söfnun og meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Stefnt skal að því að að jafnaði verði safnað 4 kílóum á hvern íbúa á ári af slíkum úrgangi og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

## 6. gr.

### *Skyldur sveitarstjórna.*

Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpílata og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum á viðkomandi svæðum.

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpíláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott.

Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþrómg og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi eða sóttmengaður úrgangur, sbr. þó 4. mgr. 18. gr. og ákvæði einstakra starfsleyfa.

Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpílát í nánd við sumarhúshverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpíláts vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpílátin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpílátum, m.t.t. tegundar úrgangs.

## 7. gr.

### *Ferðamannastaðir o.fl.*

Sveitarstjórn og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra sé það ekki falið öðrum rekstraraðila.

## 8. gr.

*Áætlanir sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst tólf ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar sbr. 5. gr. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota eða endurnýta úrgang, förgunarleiðum. Þá skal í áætluninni vera yfirlit yfir hentug svæði þar sem úrgangi kann að verða fargað. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

## 9. gr.

*Samþykktir.*

Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum um meðhöndlun úrgangs, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í slíkri samþykkt er m.a. heimilt að kveða á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og samþærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 10. gr.

*Gjaldtaka.*

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað.

Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar þessarar, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpiláta og eða þjónustustig.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum reglugerðar þessara.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

## III. KAFLI

**Meðhöndlun úrgangs.**

## 11. gr.

*Meginreglur.*

Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur.

Meðferð úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um brennur, t.d. áramótabrennur o.þ.h., sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, enda sé í leyfinu kveðið á um að brennslutími miðist við tilefnið og að efni og magn sem fari í brennuna sé tilgreint.

Hafi úrgangur dreifst eða sé meðferð úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Úrgangshafa er óheimilt að þynna eða blanda úrgang í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs.

#### 12. gr.

##### *Forgangsröðun.*

Ávallt skal leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Þann hluta sem úrgangshafi nýtir ekki sjálfur skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.

Lausnir í úrgangsmálum skulu taka mið af umhverfislegum og efnahagslegum forsendum og skal nota til þess bestu fánlegu tækni. Tæknilegar lausnir skulu taka mið af eftirfarandi forgangsröðun að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt:

1. Að dregið verði úr myndun úrgangs.
2. Endurnotkun.
3. Endurnýting.
4. Endanleg förgun.

#### 13. gr.

##### *Hreinsunarúrgangur.*

Hreinsunarúrgangur sem fellur til við hreinsun, s.s. salernisúrgangur, síu- eða ristarúrgangur og seyru sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi. Þetta gildir einnig um úrgang frá landbúnaði nema reglugerð kveði á um annað. Taka skal mið af ákvæðum reglugerðar um seyru þegar seyra er nýtt til uppgræðslu, í landbúnaði eða til annarra nota.

#### 14. gr.

##### *Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum.*

Tryggja skal að allur úrgangur sem fellur til á heilbrigðisstofnunum sé meðhöndlaður á viðunandi hátt og að sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum blandist ekki við heimilisúrgang og annan úrgang. Til að koma í veg fyrir smit, eitranir, ofnæmi, óþol, eld, íkveikju- og sprengihættu, jónandi geislun og mengun umhverfis skal gæta ítrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.

Þeir sem hafa undir höndum sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum eða sjá um geymslu hans, þökkun og undirbúning á flutningi hans ber að tryggja að farið sé með þennan úrgang eins og kveðið er á um í viðauka. Stjórnendum heilbrigðisstofnana ber að tryggja að starfsfólk þeirra sem meðhöndlar sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnum og/eða efni og hluti sem verða að slíkum úrgangi fái fræðslu um meðhöndlun þessa úrgangs og upplýsingar um þá ábyrgð sem það ber varðandi hann.

## 15. gr.

*Smitandi úrgangur o.fl.*

Meðferð á sýktu heyi, dýrahæjum, smitandi sláturúrgangi og öðrum smitandi úrgangi en fjallað er um í 14. gr. skal vera á viðunandi hátt og þess gætt að hann blandist ekki við annan úrgang og valdi ekki smiti. Um meðferð á þessum úrgangi skal hafa samráð við heilbrigðisnefnd og viðkomandi héraðsdýralækni eftir því sem við á. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

## 16. gr.

*Um almennan þrifnað utanhúss.*

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslaugar bifreiðar og bílflök og samþæriglega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum.

## 17. gr.

*Sorpílát.*

Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið.

Ganga skal þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu, gerð og þrif sorpílláta. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar.

Fasteignareigandi skal sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum.

## 18. gr.

*Skyldur rekstraraðila.*

Úrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Úrgang skal geyma í hentugum og heilum sorpílátum þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau. Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis.

Rekstraraðili skal sjá til þess að rekstri hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Óheimilt er að veita atvinnurekstri starfsleyfi nema fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi til þess að geyma úrgang.

Rekstraraðilar sem úrgangur fellur til hjá skulu sjá um flutning og bera kostnað vegna meðhöndlunar.

Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

#### IV. KAFLI Starfsleyfis skylda.

19. gr.

*Starfsleyfi.*

Meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi eins og nánar segir í reglugerð þessari og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skulu ákvæði starfsleyfis taka mið af aðstæðum á viðkomandi stað.

Til að vernda heilsu fólks skal við staðsetningu söfnunar- og flokkunarmiðstöðva fyrir úrgang taka mið af því að ekki hljóti af óþægindi fyrir íbúa og taka tillit til nálægðar við íbúðarhús, skóla, matvælaframleiðslu- og sölustaði, heilbrigðisstofnanir og aðra dvalarstaði fólks.

#### V. KAFLI Ýmis ákvæði.

20. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

21. gr.

*Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekkni að óþörfu.

22. gr.

*Gjaldskrár.*

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

23. gr.

*Þvingunarúrræði.*

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veita viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.



Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir sem Umhverfisstofnun innheimtir skulu renna til ríkissjóðs en dagsektir sem heilbrigðisnefnd innheimtir til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Ef svo alvarleg hættu stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað.

Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

Til að knýja á um ráðstafanir gagnvart starfsleyfishafa samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit, sbr. ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

#### 24. gr.

##### *Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögáðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögáðilann.

#### 25. gr.

##### *Lagastof og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 13. og 22. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga.

Reglugerðin er jafnframt sett með hliðsjón af tölul. 27, 32d, 32db, 32e og 2aa XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, tilskipunum 1999/31/EB, 2000/53/EB og 2002/96 og ákvörðunum 94/3/EB, 96/350/EB, 94/741/EB) og með hliðsjón af 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 94/62/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu og fellur reglugerð um úrgang, nr. 805/1999 úr gildi þar með.

##### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Umhverfisstofnun skal gefa út landsáætlun, sbr. 5. gr., fyrir 1. apríl 2004. Sveitarstjórnir skulu staðfesta fyrstu áætlun, sbr. 8. gr. innan eins árs frá þeim tíma.

*Umhverfisráðuneytinu, 29. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## VIÐAUKI

**Meðferð á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.**

Meginflokkar úrgangs frá heilbrigðisstofnunum eru heimilisúrgangur (sorp) og sérstakur úrgangur.

Meðhöndla þarf allan úrgang frá heilbrigðisstofnunum með varkárni og nákvæmni þar sem hann getur haft beina hættu í för með sér ekki síður fyrir fólk en umhverfi.

Flokka skal úrgang frá heilbrigðisstofnunum á upprunastað. Sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum skal tafarlaust pakkað í viðeigandi umbúðir eftir að hann hefur myndast og hann merktur og honum komið í geymslu í loftræstu og læstu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Sá sem sér um flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Koma skal í veg fyrir að úrgangurinn verði fyrir hnjaski við flutning til förgunar og tryggja ber að honum verði eytt á viðurkenndan hátt, sbr. töflu. Halda skal kvittunum um móttöku til haga fyrir eftirlitsaðila.

**Flokkar úrgangs.**

Sérstakur úrgangur flokkast í eftirfarandi þætti:

1. Sóttmengaðan úrgang:
  - Úrgangur frá sjúklingum, t.d. á einangrunardeild, sem haldnir eru hættulegum og smitandi sjúkdómum.
  - Einnota áhöld sem menguð eru smitefni frá sýktum sjúklingi.
  - Blóðsmitaður úrgangur, blóð, blóðþættir og blóðmengið einnota áhöld og hlutir.
  - Umbúðir og sýni frá sýktum sárum.
2. Líkamshluta og vefi:
  - Vefir eða líkamsleifar úr fólki og dýrum sem kemur t.d. frá skurðstofum, líkskurðstofum, rannsóknnum eða starfsemi dýralækna.
3. Hvassa hluti:
  - Nálar og sprautur.
  - Skurðhnífablöð.
  - Rakblöð.
  - Mjög brothætt gler.
  - Annað sem getur hugsanlega skorið eða stungið.
4. Lyf.
5. Geislavirkan úrgang, skilgreindan samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins.
6. Önnur spilliefni.

**Meðferð, þökkun úrgangs á upprunastað, flutningur og förgun.**

Við frágang sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum skal gæta fyllsta öryggis við þökkun, geymslu og aðra meðferð.

## 1. Almennar reglur:

- Meðhöndla skal öll ílát fyllt sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum með varúð.
- Ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum skulu vera greinilega merkt, þannig að ekki leiki vafi á að þau innihaldi slíkan úrgang
- Nota skal tvöfalda poka þegar þess er þörf.
- Óheimilt er að hella fljótandi efnum beint ofan í poka. Koma skal vökvum fyrir í vökvaheldum ílátum áður en þeir eru settir í poka.
- Binda skal tryggilega fyrir poka með þar til gerðum plastböndum.
- Óheimilt er að stafla pokum hverjum upp á annan og op pokanna skal alltaf snúa upp.

- Ekki má skilja þannig við pokana að þeir geti oltið út á hlið.
2. Umbúðir:
- Allar umbúðir skal merkja með flokksheitum, sbr. flokka sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum.
  - Sóttmengaðan úrgang sem búið er að dauðhreinsa skal setja í plastpoka og hann merktur „dauðhreinsað“.
  - Sóttmengaðan úrgang sem ekki er búið að dauðhreinsa skal setja í gulan poka úr þykku plasti.
  - Líkamshluta og vefi skal setja í poka úr þykku plasti og geyma í kæli eða frysti.
  - Hvassa hluti skal setja í ílát úr þykku plasti með þéttu loki.
  - Spilliefni skal setja í heil ílát, upprunaílát ef kostur er.
  - Lyf skal setja í plastílát með þéttu loki og í upprunalegum umbúðum
  - Geislavirkan úrgang skal pakka samkvæmt fyrirmælum Geislavarna ríkisins.
3. Meðferð einstakra tegunda sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum:
- Dauðhreinsa skal smitnæm og hættumerkt sýni áður en þau eru flutt frá viðkomandi stofnun. Þó er heimilt, þegar aðstæður leyfa, að flytja sóttmengaðan úrgang frá heilbrigðisstofnunum án undangenginnar dauðhreinsunar þegar tryggt er að umbúnaður er tryggur og að sóttmengaði úrgangurinn er fluttur til förgunar í móttökustöð sem hefur stafsleyfi fyrir slíka förgun.
  - Ganga skal fá öllu blóði og blóðmenguðum hlutum á sama hátt hvort sem þeir koma frá einstaklingum í áhættuhópi eða ekki.
  - Líkamshluta og vefi skal geyma í kældu rými. Þá má ekki geyma lengur við herbergishita en í fjóra tíma og ekki lengur en í þrjá sólarhringa í kæliskáp. Djúpfrysta skal það sem geyma þarf í lengri tíma.
  - Rotvarnarvökva skal farga sem spilliefni.
  - Ílát undir hvassa hluti skal ekki fylla meira en nemur  $\frac{3}{4}$  af rúmmáli þess. Úrgangnum skal komið til förgunar strax og skipt er um ílát.
  - Um önnur spilliefni fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.
  - Úrgangslýfjum ber að safna í tilskilin ílát og merkja vel sem „úrelt/gölluð lyf“ og tilgreina hvaða tegund er um að ræða. Halda skal tegundum aðskildum ef mögulegt er og skila til móttökustöðvar eða í lyfjaverslun.
  - Geislavarnir ríkisins gefa upplýsingar um meðferð á geislavirkum úrgangi.
4. Flutningur:
- Einungis aðilar sem hafa stafsleyfi frá heilbrigðisnefnd mega annast flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum á förgunarstað. Úrgangur skal undirbúinn og fluttur til förgunar í samræmi við eftirfarandi:
  - Sóttmengaður úrgangur skal dauðhreinsaður á viðkomandi stofnun eða fluttur með viðurkenndum aðila til móttökustöðvar. Að fengnu leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar má flytja sóttmengaðan úrgang til brennslu í móttökustöð án undangenginnar dauðhreinsunar. Óheimilt er að flytja sóttmengaðan úrgang án undangenginnar dauðhreinsunar til urðunar í móttökustöð.
  - Um flutning á geislavirkum úrgangi fer samkvæmt ákvæðum Geislavarna ríkisins og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.
  - Annar úrgangur skal fluttur til móttökustöðvar.
5. Förgun:
- Brennsla, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um brennslu úrgangs.
  - Urðun, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um urðun úrgangs, eftir efnameðferð eða hitameðferð (vothitameðferð, þurrhitameðferð eða örbylgjumeðferð).

**Tafla.****Mismunandi aðferðir við meðhöndlun á úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.**

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir helstu aðferðir til að gera sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum óskaðlegan og farga honum endanlega með öruggum hætti.

	Aðferð	Sótt- meng. úrg.	Líkams- hlutar	Stungu- áhöld	Lyf	Frumu- drepani efni	Efna- úrgangur
BRENNSLA	Meðbrennsla í iðnaðarofni, t.d. í sementsframleiðslu	Já	Já	Já	Já	Já	Já
	Úrgangs- brennsluofn	Já	Já	Já	Já	Já	Já
EFNAMEÐFERÐ	Efnameðferð	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
HITAMEÐFERÐ	Vothitameðferð (dauðhreinsun með raka)	Já	Í sumum gerðum tækja	Já	Nei	Nei	Nei
	Örbylgju- meðferð	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
URÐUN	Einangrun /þökkun ( <i>encapsulation</i> )	Nei	Nei	Já	Já	Í litlu mæli	Í litlu mæli
	Urðun á viðurkenndum stað	Já	Já	Já	Já	Já	Já

**REGLUGERÐ****um urðun úrgangs.****I. KAFLI****Markmið, gildissvið o.fl.****1. gr.***Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að því að urðun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Í því felst að urðun úrgangs mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, að dregið verði úr þeirri hættu sem urðun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra, að dregið verði úr urðun úrgangs og að urðun verði háttað þannig að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

**2. gr.***Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um urðun úrgangs og skilyrði fyrir móttöku hans til urðunar.

**3. gr.***Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking orða og hugtaka sem hér segir:

*Afskekkt byggð:* landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km eða þar sem

vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

*Almennur úrgangur:* úrgangur annar en spilliefni.

*Besta fáanlega tækni:* framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

*Eftirlit:* athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

*Eftirlitsaðilar:* viðkomandi heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Fljótandi úrgangur:* úrgangur í vökvaformi, sbr. ÍST EN 12457 viðauki B, með þurr-efnisinnihald undir 20%.

*Flokkunarmiðstöðvar:* staðir þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, endurnotkunar, endurnýtingar og/eða förgunar.

*Grunnvatn:* vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

*Hauggas:* allar gastegundir sem myndast við niðurbrot úrgangs á urðunarstað.

*Heilbrigðisstofnanir:* stofnanir og starfsaðstaða sem lækna, tannlækna, dýralækna eða aðrir sem hafa sambærileg réttindi til að koma í veg fyrir og greina sjúkdóma í mönnum eða dýrum, gera að sárum og/eða hafa eftirlit með sjúkdómum. Hér er einnig átt við stofnanir og starfsaðstöðu svo sem læknis- og líffræðilegar rannsóknastofur, elliheimili og aðra umönnunarstaði fyrir fólk, fótaaðgerðarstofur og stofur sem stunda húðgatanir og húðflúr.

*Heimilísúrgangur (sorp):* úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

*Klumpaður úrgangur (monolithic waste):* einsleitur úrgangur sem er af tiltekinni lágmarksstærð og hefur þannig eðliseiginleika að hann molnar ekki niður á tilteknum tíma.

*Kornaður úrgangur:* úrgangur sem er ekki vökvi, eða, gas eða klumpaður.

*Landbúnaðarúrgangur:* úrgangur frá landbúnaði, til dæmis húsdýraskítur, gamalt hey, heyrúlluplast og dýrahæ.

*Lífrænn úrgangur (lífbrjótanlegur úrgangur):* úrgangur sem er niðurbjótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis, t.d. matarleifar, garðaúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír og pappi og seyra.

*Meðferð úrgangs:* meðhöndlun úrgangs, önnur en endanleg förgun.

*Meðhöndlun úrgangs (sorphirða):* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

*Böggun:* þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

*Flokkun:* aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til víðeigandi förgunar.

*Flutningur:* ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

*Endurnotkun (reuse):* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

*Endurnýting (recovery):* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.

*Endurvinnsla (recycling):* endurframleiðsla úr úrgangi til upprunalegra eða annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla.

*Förgun:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega s.s. urðun og brennsla úrgangs.

*Pökkun:* þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

*Mengun:* þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

*Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðferðar. Þaðan fer úrgangur til nýtingar eða förgunar. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og brennslustöðvar.

*Nýr urðunarstaður:* urðunarstaður sem hefur fengið útgefið starfsleyfi eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

*Ovirkur úrgangur:* úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

*Rekstraraðili:* einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

*Rekstartími urðunarstaðar:* tímabil frá því urðunarstaður hefur fengið starfsleyfi þar til Umhverfisstofnun hefur samþykkt að vöktunartímabil sé hafið.

*Rekstrarúrgangur:* úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun annar en heimilisúrgangur.

*Sigvatn:* vökví sem seytlar í gegnum urðunarstað og er veitt frá eða geymist í honum.

*Smitandi:* efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eitrefni þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

*Sóttmengaður úrgangur:* úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem er smitandi samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annar úrgangur sem er smitandi.

*Spilliefni:* úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

*Starfandi urðunarstaður:* urðunarstaður sem hefur fengið útgefið starfsleyfi í fyrsta sinn fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

*Söfnunarstöð (gámasstöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenn- ingi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

*Umhverfi:* samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

*Urðun:* varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

*Urðunarstaðir:* staðir þar sem tekið er við úrgangi til urðunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaðir þar sem framleiðandi úrgangs fargar eigin úrgangi á framleiðslustað og varan- legir staðir, þ.e. þar sem úrgangur er geymdur lengur en eitt ár áður en honum er fargað, eða þrjú ár áður en endurnýting hefst.

*Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og er skráður á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

*Úrgangshafi:* framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

*Vatn:* grunnvatn og yfirborðsvatn.

*Vöktun:* kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

*Yfirborðsvatn:* kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

## II. KAFLI

### Urðun úrgangs.

#### 4. gr.

##### *Stjórnvöld.*

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Umhverfisstofnun veitir leiðbeiningar um framkvæmd reglugerðarinnar og kemur upplýsingum til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir urðunarstaði og hefur eftirlit með því að starfsleyfishafi fari að ákvæðum þess.

Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt reglugerð þessari í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun skal í slíkum tilvikum gera sérstakt samkomulag við viðkomandi heilbrigðisnefnd um umfang eftirlitsins, nánara fyrirkomulag þess, skyldu til samráðs og sambærileg atriði.

Umhverfisstofnun er einnig heimilt með sérstökum samningi að fela tiltekna þætti eftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum, sbr. ákvæði 21. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

#### 5. gr.

##### *Meginreglur.*

Urðun úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af, sbr. og ákvæði 5. liðar I. viðauka. Beita skal bestu fánlegri tækni við urðun úrgangs.

Einungis er heimilt að urða úrgang sem hlotið hefur eðlisræna, varmatengda, efnafræðilega eða líffræðilega meðferð, þ.m.t. flokkun, sem breytir eiginleikum úrgangsins þannig að umfang hans minnkar, af honum stafar síður hætta eða urðun verður einfaldari.

Ákvæði 2. mgr. gildir þó ekki um óvirkan úrgang, sem ekki er tæknilega gerlegt að meðhöndla, sbr. 2. mgr., né annan úrgang ef slík meðhöndlun þjónar ekki markmiðum þessarar reglugerðar, eins og nánar er kveðið á um í starfsleyfi.

Urðun úrgangs er starfsleyfisskyld starfsemi.

#### 6. gr.

##### *Flokkun urðunarstaða og móttaka úrgangs.*

Urðunarstaðir flokkast í staði fyrir:

- a. óvirkan úrgang;
- b. almennan úrgang og
- c. spilliefni.

Heimilt er að flokka urðunarstaði nánar í undirflokk, sbr. ákvæði í II. viðauka.

Á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang má eingöngu urða óvirkan úrgang.

Á urðunarstað fyrir almennan úrgang má urða allan annan úrgang en spilliefni. Þó má urða stöðug óvirk spilliefni, sem hafa t.d. harðnað í fast efni eða umbreytt í gler, þar sem útskolunin er með svipuðum hætti og í heimilis- og rekstrarúrgangi og úrgangurinn fullnægir viðeigandi viðmiðunum um móttöku sem settar eru í II. viðauka. Ekki skal koma slíkum úrgangi fyrir í urðunarreinum eða hólfum sem eru ætluð undir lífrænan úrgang.

Allur úrgangur á urðunarstað fyrir almennan úrgang skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku í II. viðauka.

Á urðunarstað fyrir spilliefni er eingöngu heimilt að urða spilliefni sem fullnægir þeim viðmiðunum sem eru settar í II. viðauka. Þar sem viðmiðanir eiga ekki við tiltekna gerð spilliefna er heimilt að styðjast við framlögð gögn um áhættumat fyrir viðkomandi urðunarstað, sbr. ákvæði 25. gr.

## 7. gr.

*Takmörkun á urðun.*

Dýrahrae, smitandi sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang er einungis heimilt að urða að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sem hefur um það samráð við viðkomandi héraðsdýralækni eftir því sem við á. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

## 8. gr.

*Úrgangur sem óheimilt er að urða.*

Óheimilt er að urða eftirtalinn úrgang:

- a) fljótandi úrgang;
- b) úrgangur sem er, við þau skilyrði sem ríkja á urðunarstað og samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sprengifimur, ætandi, eldnærandi, mjög eldfimur eða eldfimur;
- c) sóttmengaðan úrgang annan en tilgreindur er í 7. gr.;
- d) hjólbarða hvort sem um er að ræða heila eða kurlaða. Þetta á þó ekki við um hjólbarða sem eru notaðir sem byggingar- og stoðefni á urðunarstað né reiðhjóladekk og hjólbarða með stærra þvermáli en 1,4 m;
- e) brotajárn og ökutæki;
- f) geislavirkan úrgangur skilgreindan samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins.
- g) úrgangur sem hefur verið þynntur eða blandaður í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs á urðunarstað;
- h) annan úrgangur sem fullnægir ekki þeim viðmiðunum um móttöku sem ákvarðaðar eru í II. viðauka með reglugerð þessari eftir því sem við á og ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

## III. KAFLI

**Móttaka, sýnataka, prófanir og skráning.**

## 9. gr.

*Afhending úrgangs.*

Við afhendingu úrgangs, skulu liggja fyrir nauðsynlegar upplýsingar um að úrgangurinn uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi urðunarstaðarins.

Við afhendingu úrgangs skal úrgangshafi sem kemur með úrgang til móttöku sýna fram á með viðeigandi gögnum, fyrir eða við afhendingu, að umræddur úrgangur sé tækur til urðunar á staðnum og að hann uppfylli þær viðmiðanir um móttöku sem settar eru fram í II. viðauka eftir því sem við á. Ef um áframhaldandi afhendingu á sömu tegund úrgangs er að ræða er nægjanlegt að sýna fram á þetta við afhendingu í fyrsta sinn sem komið er með úrgang til urðunar. Um úrgang þar sem prófunar er ekki krafist vísast til liðar 1.1.4 í II. viðauka, sbr. einnig liði 2.1.1 fyrir óvirkan úrgang og 2.2.1 fyrir almennan úrgang í sama viðauka.

## 10. gr.

*Móttaka úrgangs.*

Við móttöku úrgangs skal rekstraraðili urðunarstaðar:

- a) yfirfara gögn úrgangshafa um úrganginn. Einnig ef um spilliefni er að ræða skjöl sem krafist er skv. 11. gr. reglugerðar um spilliefni og gögn er varða flutning úrgangs innan, til og út af EES-svæðinu;
  - b) skoða úrganginn og kanna hvort úrgangurinn samrýmist þeim gögnum sem úrgangshafi leggur fram við afhendingu úrgangs, sbr. einnig lið 1.3 í II. viðauka;
  - c) gefa út móttökukvittun.
- Tilkynna skal eftirlitsaðila tafarlaust ef úrgangi er hafnað til urðunar.



11. gr.  
*Skráning.*

Rekstraraðili skal halda skrá yfir allan urðaðan úrgang. Skrá skal magn og eiginleika úrgangs, uppruna, dagsetningu móttöku og framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef um er að ræða heimilisúrgang. Skrá skal hvar úrgangur er urðaður innan urðunarsvæðisins þegar um er að ræða spilliefni.

IV. KAFLI  
**Starfsleyfi fyrir urðunarstaði.**

12. gr.  
*Staðarval urðunarstaða.*

Við staðsetningu urðunarstaða skal taka mið af þeim kröfum sem fram koma í I. viðauka.

Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegundum, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað.

Ef staðsetning og einkenni urðunarstaðar, sbr. lið 1.1 í I. viðauka, benda til þess að urðunarstaðurinn skapi alvarlega hættu fyrir umhverfið þrátt fyrir fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir skal synjað um starfsleyfi.

Umhverfisstofnun getur, með nýju starfsleyfi, heimilað staðsetningu nýs urðunarstaðar við hlið urðunarstaðar sem lokað hefur verið.

13. gr.  
*Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaði.*

Í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn umsækjanda;
- b) lýsing á tegund þess úrgangs, sem koma á fyrir, og heildarmagni hans;
- c) áætluð móttökugeta urðunarstaðarins og áætlaður rekstrartími;
- d) lýsing á urðunarstaðnum, þar á meðal lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans;
- e) fyrirhugaðar aðferðir í því skyni að fyrirbyggja mengun og draga úr henni;
- f) áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit;
- g) áætlun um lokun, áðgerðir í kjölfar lokunarinnar og kostnað sem af því hlýst;
- h) fullnægjandi trygging umsækjanda, eða sérhver önnur jafngild ráðstöfun, sem krafist er samkvæmt 17. gr.;
- i) greinargerð um þær aðferðir sem rekstraraðili hyggst beita í því skyni að fyrirbyggja mengun eða draga úr henni þ.m.t. tilhögun innra eftirlits, áætlun um vöktun, lokun og aðgerðir í kjölfar lokunnar;
- j) aðrar upplýsingar ef þörf er á.

Í umsókn samkvæmt 1. mgr. skal vera samantekt á almennu máli um þau atriði sem fram koma í umsókn um starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja upplýsingar um stöðu skipulags á svæðinu. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum skal fylgja umsókn um starfsleyfi ef urðunarstaðurinn er háður mati á umhverfisáhrifum. Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er heimilt að vísa til skýrslu um mat á umhverfisáhrifum ef þar er að finna þær upplýsingar sem greinir í 1. til 3. mgr.

## 14. gr.

*Útgáfa starfsleyfis.*

Áður en starfsleyfi er veitt fyrir urðun úrgangs er skylt að láta fara fram rannsókn eins og við á hverju sinni á styrk tiltekinna efna, þ.m.t. eiturefna og hættulegra efna í vatni og grunnvatni, sem hætta er á að geti mengast. Áður en starfsleyfi er gefið út skal enn fremur það svæði þar sem vöktun og greining fer fram afmarkað.

Starfsleyfi skal ekki gefa út fyrr en farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum eftir því sem lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, kveða á um. Starfsleyfi skal vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

Um meðferð umsóknar um starfsleyfi fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Þegar starfsleyfi fyrir urðunarstaði er undirbúið skal gæta sérstaklega að ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun grunnvatns og I. viðauka með reglugerð þessari.

## 15. gr.

*Gildissvið starfsleyfis.*

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu urðunarstaðarins, tegund hans, forsendur fyrir urðun úrgangs m.t.t. grunnvatns- og jarðvegsverndar, magn og tegundir þess úrgangs sem heimilt er að urða, gildistíma og hvenær fyrirhugað er að endurskoða starfsleyfið.

## 16. gr.

*Skilyrði starfsleyfis.*

Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda heilsu manna og umhverfi. Starfsleyfisskilyrði skulu taka mið af aðstæðum á viðkomandi stað.

Í starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. skulu vera ákvæði um:

- a) kröfur sem varða undirbúning urðunarstaðarins, urðunarframkvæmdir og ef við á gassöfnun;
- b) skrásetningu úrgangs, sbr. 11. gr.;
- c) varúðarráðstafanir á urðunarstað;
- d) hávaða, varnir gegn meindýrum;
- e) tæknilegar kröfur sem gera skal til urðunarstaða;
- f) samþættar mengunarvarnir og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma;
- g) nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra;
- h) fullnægjandi trygging umsækjanda, eða sérhver önnur jafngild ráðstöfun, sem krafist er samkvæmt 17. gr.;
- i) aðferðir við vöktun og eftirlit, þar á meðal neyðaráætlanir, sbr. B-lið 4. liðar í III. viðauka, sem og bráðabirgðakröfur sem varða aðgerðir við lokun og eftirlit í kjölfar hennar;
- j) árlega skýrslugjöf til eftirlitsaðila, sbr. 22. gr.;
- k) að stjórnandi urðunarstaðar hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hljóti faglega og tæknilega menntun og hjálfun;
- l) að meðhöndlun úrgangsins samræmist viðeigandi áætlunum og viðmiðum um mótöku og meðhöndlun úrgangs sem kveðið er á um í lögum um meðhöndlun úrgangs;
- m) tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa sem gætu valdið mengun eða haft önnur óæskileg áhrif á umhverfið;
- n) um innra eftirlit og eftirlit eftirlitsaðila;

- o) takmörkun á aðgangi að urðunarstaðnum, sbr. 7. lið í I. viðauka;
- p) lokun og endanlegan frágang urðunarstaða;
- q) vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni, sbr. III. viðauka, sem berst frá urðunarstaðnum og greiningu grunnvatns í nágrenni staðarins svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði 30 ár frá lokun urðunarstaðarins;
- r) hvort veittar eru undanþágur samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Starfsleyfi skal gefa út til tiltekins tíma. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir eða ef starfsleyfishafi óskar eftir því. Um endurskoðun starfsleyfis fer samkvæmt lögum um hollustu-hætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### 17. gr.

##### *Starfsleyfistrygging.*

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Ákvæði þetta gildir þó ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Fjárhæð tryggingar eða ábyrgðar skal tiltekin í starfsleyfi og skal hún samræmast áætluðum kostnaði við lokun urðunarstaðarins, vöktun og tíðni sýnatöku í kjölfar lokunar sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi fyrir viðkomandi urðunarstað og miðast við 30 ára vöktunartímabil.

Rekstraraðili getur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að trygging vegna urðunarstaðar, sem er í rekstri eða hefur verið lokað, verði lækkuð.

Aðför má ekki gera í tryggingunni/ábyrgðinni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs. Tryggingin/ábyrgðin skal jafnframt undanskilin þrotabúi rekstraraðila verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta innan 30 ára frá lokun urðunarstaðarins.

Fjárhagsleg trygging eða ábyrgð sem samþykkt skal af Umhverfisstofnun getur verið eftirfarandi:

- a) bankatrygging sem er veitt af fjármálastofnun;
- b) bundinn reikningur í fjármálastofnun;
- c) trygging á grundvelli eigna rekstraraðila, t.d. fasteignir o.fl.;
- d) ábyrgðaryfirlýsing viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga eða stofnanna þeirra eftir því sem við á;
- e) önnur, sambærileg trygging skv. mati Umhverfisstofnunar.

#### 18. gr.

##### *Gjald fyrir urðun úrgangs.*

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 17. gr. reglugerðar þessarar og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsleyfishafa sem aðeins annast urðun á eigin úrgangi á framleiðslustað.

Gjald sem innheimt er, ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag, skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, svo sem þróunar nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

## 19. gr.

*Varúðarráðstafanir á urðunarstað.*

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

## 20. gr.

*Aðgerðir sem varða vatn og sigvatn.*

Gera skal viðeigandi ráðstafanir, með tilliti til einkenna urðunarstaðarinnar og veðurfræðilegra skilyrða, sbr. I. viðauka, í því skyni að:

- a) hafa stjórn á úrkomuvatni sem berst í urðaða úrganginn;
- b) varna því að yfirborðs- og/eða grunnvatn komist í urðaða úrganginn;
- c) safna saman menguðu vatni og sigvatni;
- d) meðhöndla mengað vatn og sigvatn, sem safnað er frá urðunarstaðnum í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

## 21. gr.

*Aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstrartíma.*

Rekstraraðili skal fylgja áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka. Gæðakerfi rekstraraðila skal jafnframt taka til þeirra atriða er varða móttöku úrgangs, sbr. 10. gr.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið, sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, og hlíta ákvörðun Umhverfisstofnunar um eðli og tímasetningu þeirra aðgerða til úrbóta sem grípa ber til. Þær aðgerðir skulu vera á kostnað rekstraraðilans.

## 22. gr.

*Skýrslugjöf.*

Rekstraraðili urðunarstaðar skal skila Umhverfisstofnun a.m.k. árlega skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktunaráætlun, sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðili skal, svo oft sem Umhverfisstofnun ákveður og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, gefa Umhverfisstofnun skýrslu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, um allar niðurstöður af vöktuninni, svo að unnt sé að sýna fram á samræmi við skilyrði leyfisins og auka þekkingu á hegðun úrgangsins á urðunarstað.

Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er rekstraraðila heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna þær upplýsingar sem greinir í 1. mgr.

## V. KAFLI

**Lokun urðunarstaðar.**

## 23. gr.

*Lokun urðunarstaðar.*

Lokunarferli skal hefja á urðunarstað eða hluta hans, að uppfylltum skilyrðum sem sett

eru fram í starfsleyfinu, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar eða með rökstuddri ákvörðun Umhverfisstofnunar.

Lokun urðunarstaðar, eða hluta hans, telst ekki endanleg fyrir en Umhverfisstofnun hefur látið fara fram lokaskoðun á vettvangi, metið allar skýrslur sem rekstraraðili hefur lagt fram og ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun liggur fyrir. Þetta skerðir á engan hátt þá ábyrgð sem rekstraraðili ber samkvæmt skilyrðum leyfisins.

#### 24. gr.

##### *Vöktun í kjölfar lokunar urðunarstaðar.*

Þegar urðunarstað hefur verið lokað endanlega ber rekstraraðili ábyrgð á viðhaldi hans, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá staðnum, sbr. ákvæði III. viðauka, og greiningu grunnvatns í nágrenni staðarins, eftir því sem nánar greinir í ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun staðarins svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið, sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, og hlíta ákvörðun Umhverfisstofnunar um eðli og tímasetningu þeirra aðgerða til úrbóta sem grípa ber til. Þær aðgerðir skulu vera á kostnað rekstraraðilans.

Umhverfisstofnun skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar.

Umhverfisstofnun er heimilt að gefa rekstraraðila fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekin hefur verið urðunarstaður þótt rekstraraðili hafi ekki umráð yfir viðkomandi landsvæði. Eigandi eða umráðamaður lands þar sem eftirlit fer fram samkvæmt ákvæði þessu skal hlíta því að rekstraraðili framkvæmi lokunar-, vöktunar- og eftir atvikum hreinsunaraðgerðir eftir lokun urðunarstaðar samkvæmt reglugerð þessari. Veiti eigandi eða umráðamaður lands ekki aðgang að landi sínu til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt fyrirmælum Umhverfisstofnunar er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf svo aðgerðirnar nái fram að ganga.

Verði eigandi eða umráðamaður lands sannanlega fyrir tjóni, s.s. vegna jarðraskis og átroðnings vegna þessa ákvæðis skal rekstraraðili bæta það tjón. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati skv. lögum um framkvæmd eignarnáms Umhverfisstofnun skal láta þinglýsa á viðkomandi fasteign fyrirmælum um vöktun og umsjón með urðunarstað eftir að honum er lokað. Jafnframt skal slíku skjali aflýst þegar vöktunartímabili telst lokið. Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu og aflýsingu.

#### VI. KAFLI

##### **Undanþágur.**

#### 25. gr.

##### *Almennt.*

Umhverfisstofnun getur ákveðið í starfsleyfi að:

- a) minnka þær kröfur sem settar eru fram í liðum 3.2 og 3.3 í I. viðauka, með tilliti til lektar og sigvatnssöfnunar þar sem sýnt hefur verið fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni, eða
- b) að ekki sé þörf á sigvatnssöfnun, eða
- c) að ákvæði 20. gr. gildi ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

Ákvörðun 1. mgr. skal byggjast á framlögðum gögnum um áhættumat í umsókn um starfsleyfi og ef við á mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, og vera tekin í samræmi við lið 2 í I. viðauka.

## 26. gr.

*Afskekktar byggðir.*

Hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgangs frá þeirri afskekktu byggð getur Umhverfisstofnun ákveðið í starfsleyfi:

- a) að veita rekstraraðila undanþágu frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka;
- b) að veita rekstraraðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni, og mælingum á breytlingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið;
- c) veita undanþágu frá starfsleyfistryggingu;
- d) að veita undanþágu frá 3. mgr. 6. gr.;
- e) að veita undanþágu frá 2. mgr. 9. gr. um afhendingu úrgangs;
- f) að veita undanþágu frá 2. mgr. 21. gr. um gæðakerfi rekstraraðila.
- g) að veita undanþágu frá ákvæðum er varða verndun jarðvegs og vatns og aðgerðir er varða hauggas, sbr. 3. og 4. lið í I. viðauka.

Að því er varðar urðunarstaði, sem hafa fengið undanþágu skv. ákvæðum reglugerðar þessarar skal rekstraraðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að viðkomandi urðunarstaður sé skoðaður reglulega til þess að ganga úr skugga um að eingöngu sé tekið við hættulitlum úrgangi í samræmi við undanþáguna, og að haldin sé skrá yfir magn úrgangsins sem er komið fyrir á staðnum.

Rekstraraðili skal sjá til þess að upplýsingar um magn og, ef því verður við komið, tegund úrgangs sem berst urðunarstöðum sem hafa fengið undanþágu komi fram í skýrslunum sem sendar eru árlega til eftirlitsaðila.

## X. KAFLI

**Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.**

## 27. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

## 28. gr.

*Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

## 29. gr.

*Valdsvið og þvingunarúrræði.*

Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veita rekstraraðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir sem Umhverfisstofnun innheimtir skulu renna til ríkissjóðs en dagsektir sem heilbrigðisnefnd innheimtir til rekstraraðila heilbrigðisnefndar og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Heimilt er að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtist síðar hjá hlutaðeigandi rekstraraðila. Kostnað við verkið og dagestir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Ef svo alvarleg hættu stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað.

Sinni rekstraraðili ekki úrbótum og um alvarlegt eða ítrekað tilvik að ræða getur Umhverfisstofnun svipt rekstraraðila starfsleyfi.

Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

30. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Tilraun til brota gegn reglugerð þessari skal varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Sektir má ákvarða lögáðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögáðilann. Einnig má með sama skilorði, gera lögáðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

## XI. KAFLI

### Lagastoð, gildistaka o.fl.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 27, 2aa, 32d og 32db XX. viðauka EES-samningsins, (tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, ákvörðunum 94/3/EB, 96/350/EB, 94/741/EB, 2003/33 og tilskipun 1999/31/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

I.

Starfandi urðunarstaðir skulu uppfylla kröfur reglugerðarinnar fyrir 16. júlí 2009, að undanskildum kröfunum í 1. lið I. viðauka, en verða lokað ella.

Rekstraraðili starfandi urðunarstaðar skal senda Umhverfisstofnun aðlögunaráætlun um hvernig unnt er að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum reglugerðar þessarar fyrir 31. desember 2003. Í áætluninni skulu m.a. koma fram þær upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 16. gr. og þær aðgerðir til úrbóta sem rekstraraðili telur nauðsynlegar til þess að uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í reglugerð þessari, að undanskildum kröfunum í 1. lið I. viðauka.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. og II. viðauka reglugerðar þessarar skulu gilda um starfandi urðunarstaði fyrir spilliefni frá og með 1. janúar 2004. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 3., 4. og 6. mgr. 6. gr. skulu gilda um starfandi urðunarstaði fyrir spilliefni frá og með 16. júlí 2004.

Umhverfisstofnun skal svo fljótt sem unnt er taka ákvörðun um það hvort heimilt sé að halda rekstri urðunarstaðarins áfram á grundvelli fyrrgreindrar breytingaráætlunar aðlögunartíma til að ljúka framkvæmd áætlunarinnar.

Rekstraraðili urðunarstaðar sem ekki hefur fengið leyfi til að halda rekstri urðunarstaðar áfram skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að loka honum, svo fljótt sem við verður komið.

## II.

Ef urðunarstaður er í rekstri í eyju hér við land við gildistöku reglugerðar þessarar getur Umhverfisstofnun veitt undanþágu:

- a) frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka;
- b) frá sýnatöku eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið;
- c) starfsleyfistryggingu sbr. 17. gr.;
- d) frá 2. mgr. 9. gr. um afhendingu úrgangs;
- e) frá 2. mgr. 21. gr. um gæðakerfi rekstraraðila;
- f) frá 3. mgr. 6. gr.
- g) frá 3. og 4. lið I. viðauka um verndun jarðvegs og vatns og aðgerðir er varða hauggas.

Slíkar undanþágur er þó einungis heimilt að veita hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað sem getur að hámarki tekið við 15.000 tonnum af úrgangi eða 1.000 tonnum á ári og er eini urðunarstaðurinn í eyjunni og þjónar henni einni.

## III.

Þrátt fyrir ákvæði d. liðar 8. gr. er heimilt að urða kurlaða hjólbarða til 16. júlí 2006.

## IV.

Heimilt er að urða úrgang án þess að hann uppfylli skilyrði II. viðauka til 16. júlí 2004. Þó skal fara fram prófun á staðnum sbr. lið 1.3. II. viðauka reglugerðarinnar. Heimilt er einnig að urða úrgang án prófana samkvæmt 2. lið II. viðauka til 16. júlí 2005.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. september 2003.*

### Siv Friðleifsdóttir.

*Magnús Jóhannesson.*

## I. VIÐAUKI

### Almennar kröfur sem gilda um alla flokka urðunarstaða.

#### 1. Staðsetning.

1.1. Þegar urðunarstaður er valinn ber að taka tillit til:

- a) fjarlægða frá ystu mörkum staðarins að íbúða- og útivistarsvæðum, vatnaleiðum, vatnasvæðum og öðrum stöðum þar sem landbúnaður er stundaður eða þéttbýlt er;
- b) grunnvatns, strandsjávar eða náttúruverndarsvæða á viðkomandi svæði;
- c) jarðfræðilegra og vatnajarðfræðilegra skilyrða á svæðinu;
- d) hættu á flóðum, landsigi, skriðuhlaupum eða snjóflóðum á staðnum;
- e) verndun náttúrunnar eða menningarminja á svæðinu;
- f) landslags og veðurfars á svæðinu.

#### 2. Aðgerðir sem varða vatn og sigvatn.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir, með tilliti til einkenna urðunarstaðarinnar og veðurfræðilegra skilyrða, í því skyni að:



- hafa stjórnun á úrkomuvatni sem berst í urðaða úrganginn,
- varna því að yfirborðs- og/eða grunnvatn komist í urðaða úrganginn,
- safna menguðu vatni og sigvatni. Umhverfisstofnun getur ákveðið í starfsleyfi að þetta ákvæði eigi ekki við ef niðurstaða mats, sem byggist á staðsetningu urðunarstaðarins og þeim úrgangi sem tekið er við, er sú að umhverfinu stafi óveruleg hætta af urðunarstaðnum,
- meðhöndla mengað vatn og sigvatn, sem safnað er frá urðunarstaðnum, þannig að það samræmist þeim stöðlum sem gilda um losun þess.

Umhverfisstofnun ákveður í starfsleyfi hvort framangreind ákvæði gilda um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

### 3. Verndun jarðvegs og vatns.

- 3.1. Urðunarstaður verður að vera þannig staðsettur og þannig úr garði gerður að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði sem varna því að jarðvegur, grunnvatn eða yfirborðsvatn mengist og sem tryggja að sigvatni sé safnað á skilvirkan hátt í þeim tilvikum sem þess er krafist samkvæmt 2. lið og eins og kröfur þar segja til um. Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal vernda með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu meðan rekstrar-/virkniskeið varir og með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og yfirborðspéttingu meðan óvirka skeiðið varir/eftir lokun.
- 3.2. Um jarðfræðilegan tálma er að ræða þegar jarðfræðilegar og vatnajarðfræðilegar aðstæður undir urðunarstaðnum og í nágrenni hans veita slíka fyrirstöðu að jarðvegi og grunnvatni stafar engin hætta af.

Á botni og í hliðum urðunarstaðarins skal vera jarðlag sem uppfyllir þær kröfur, sem gerðar eru um lekt og þykkt með sameinaða verkun með tilliti til verndar jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns í heild að minnsta kosti á sambærilegan hátt og yrði að uppfylltum eftirfarandi kröfum:

- urðunarstaður fyrir spilliefni:  $K \leq 1,0 \times 10^{-9}$  m/s; þykkt  $\geq 5$  m,
- urðunarstaður fyrir almennan úrgang:  $K \leq 1,0 \times 10^{-9}$  m/s; þykkt  $\geq 1$  m,
- urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang:  $K \leq 1,0 \times 10^{-7}$  m/s; þykkt  $\geq 1$  m,

Uppfylli jarðfræðilegi tálminn ekki framangreind skilyrði frá náttúrunnar hendi má fullgera hann og styrkja á annan hátt þannig að hann veiti samsvarandi vörn. Tilbúinn jarðfræðilegur tálmi skal ekki vera minna en 0,5 metrar að þykkt.

- 3.3. Til viðbótar þeim jarðfræðilega tálma, sem lýst var að framan, skal koma á kerfi til að safna sigvatni og þetta botninn í samræmi við eftirfarandi meginreglur í því skyni að tryggja að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni urðunarstaðarins.

### Söfnun sigvatns og botnþétting

Flokkur urðunarstaðar	almennur úrgangur	spilliefni
Tilbúin þétting	nauðsynleg	nauðsynleg
Hriplag $\geq 0,5$ m	nauðsynlegt	nauðsynlegt

Hafi Umhverfisstofnun ákveðið að safna skuli sigvatni á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang skal setja sértæk skilyrði varðandi tilbúna þéttingu og hriplag sbr. hér að ofan í starfsleyfi.

Í starfsleyfi urðunarstaðar þar sem niðurstaðan, að lokinni athugun á því hvort umhverfinu sé hætta búin, er sú að nauðsynlegt sé að hindra myndun sigvatns skal Umhverfisstofnun mæla fyrir um yfirborðspéttingu. Miða skal við eftirfarandi yfirborðspéttingu:

Flokkur urðunarstaðar	almennur úrgangur	spilliefni
Gassöfnunarlág	nauðsynlegt	ekki nauðsynlegt
Tilbúin þétting	ekki nauðsynleg	nauðsynleg
Þétt jarðlag	nauðsynlegt	nauðsynlegt
Hriplag > 0,5 m	nauðsynlegt	nauðsynlegt
Þekjandi yfirborðsjarðlag > 1 m	nauðsynlegt	nauðsynlegt

3.4. Umhverfisstofnun getur ákveðið í starfsleyfi að minnka kröfurnar sem settar eru fram í liðum 3.2 og 3.3 í þessum viðauka, með tilliti til lektar og sigvatnssöfnunar þar sem sýnt hefur verið fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni eða að ekki sé þörf á sigvatnssöfnun. Ákvörðunin skal byggjast á framlögðum gögnum um áhættumat í umsókn um starfsleyfi og ef við á mati á umhverfisáhrifum og vera tekin í samræmi við 1. lið I viðauka.

#### 4. Aðgerðir sem varða hauggas.

- 4.1. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að hafa stjórn á því hauggasi sem safnast fyrir á urðunarstaðnum og berst frá honum (III. viðauki).
- 4.2. Safna ber hauggasi á urðunarstöðum sem taka á móti lífrænum úrgangi eftir því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi. Skyld er að meðhöndla og nýta gasið. Verði því ekki við komið að nota það gas sem safnast til orkuframleiðslu skal eyða því með bruna.
- 4.3. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins samkvæmt lið 4.2 skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna.

#### 5. Óþægindi og hætta.

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem safar af urðunarstaðnum vegna:

lyktar og ryks sem leggur frá staðnum,  
efna sem fjúka,  
hávaða og umferðar,  
fugla, meindýra og skordýra,  
lagskiptingar og úðaefna,  
elda.

Ganga skal þannig um urðunarstaðinn að óhreinindi berist ekki frá honum á opinbera vegi og landið umhverfis hann.

#### 6. Stöðugleiki.

Koma skal úrganginum þannig fyrir á urðunarstaðnum að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til staðhátta jarðmyndana á urðunarstaðnum, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

#### 7. Takmörkun aðgangs.

Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Hlið skulu vera lokað nema þann hluta dags sem starfsemi fer fram. Á hverjum urðunarstað skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum.

## II. VIÐAUKI

### Viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs.

#### Inngangur.

Í þessum viðauka er mælt fyrir um samræmda aðferð við flokkun úrgangs og móttöku á urðunarstöðum.

Í 1. lið þessa viðauka er mælt fyrir um aðferð til að ákvarða hvort taka megi á móti úrgangi á urðunarstað. Aðferðin byggist á lýsingu á grunneiginleikum, samræmisprófun og sannprófun á staðnum.

Í 2. lið þessa viðauka er mælt fyrir um viðmiðanir um móttöku fyrir hvern flokk urðunarstaða. Úrgangur telst tækur á urðunarstað ef hann uppfyllir viðmiðanir um móttöku úrgangs fyrir viðkomandi flokk urðunarstaða.

Í 3. lið þessa viðauka er skrá yfir þær aðferðir sem nota skal við töku sýna og prófun úrgangs.

Í viðbæti A er skilgreining á mati á öryggi sem vinna skal vegna neðanjarðargeymslu.

Viðbæti B er til upplýsinga og þar er yfirlit yfir urðunarkosti sem falla undir reglugerðina og dæmi um mögulega undirflokkun urðunarstaða fyrir almennan úrgang.

#### 1. AÐFERÐ VIÐ MÓTTÖKU ÚRGANGS Á URÐUNARSTÖÐUM.

##### 1.1. Lýsing á grunneiginleikum. Fyrsta þrep.

Lýsing á grunneiginleikum er fyrsti liðurinn í móttöku úrgangs og tekur til fullnaðarlýsingar á eiginleikum úrgangsins og allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir örugga förgun úrgangs til langframa. Krafist er lýsingar á grunneiginleikum hverrar tegundar úrgangs.

##### 1.1.1. Markmiðin með lýsingu á grunneiginleikum eru eftirfarandi:

- a) að veita grunnupplýsingar um úrganginn (tegund og uppruna, samsetningu, þéttleika, útskolun og, ef nauðsyn krefur og upplýsingar liggja fyrir, um aðra einkennandi eiginleika),
- b) að öðlast skilning á hegðun úrgangsins á urðunarstöðum og hvaða vinnsla hentar samanber 2. mgr. 5. gr reglugerðar þessarar,
- c) að meta úrganginn m.t.t. losunarmarkna,
- d) að greina aðal breytur sem nota skal til samræmisprófunar og möguleika á einföldun á framkvæmd samræmisprófana (sem leitt gæti til verulegrar fækkunar þeirra breyta/þátta sem þarf að mæla, en eingöngu eftir að slík fækkun hefur verið réttlætt). Slík greining getur skilað upplýsingum um samband milli grunneiginleika og einfaldaðra prófana og jafnframt um hve oft þarf að framkvæma samræmisprófanir.

Ef lýsingin á grunneiginleikum úrgangsins leiðir í ljós að úrgangurinn uppfyllir viðmiðanirnar fyrir tiltekinn flokk urðunarstaða, eins og mælt er fyrir um í 2. lið þessa viðauka, telst úrgangurinn tækur á viðkomandi urðunarstað. Ef ekki, telst úrgangurinn ekki tækur á urðunarstað í þessum flokki.

Framleiðandi úrgangsins eða sá sem ber ábyrgð á vinnslu hans sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, ef framleiðandi er óþekktur, er ábyrgur fyrir því að upplýsingarnar sem varða lýsinguna á eiginleikum séu réttar.

Rekstraraðili skal halda skrár yfir þær upplýsingar sem krafist er og geyma þær í sjö ár.

##### 1.1.2. Grundvallarkröfur sem gerðar eru til lýsingar á grunneiginleikum úrgangs.

Tilgreina skal:

- a) tilurð og uppruna úrgangsins,

- b) upplýsingar um framleiðsluferlið sem úrgangurinn verður til við (lýsing á hráefnum og afurðum og eiginleikum þeirra),
- c) lýsingu á vinnslu úrgangsins, sem beitt er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, eða rökstuðning fyrir því að slík vinnsla teljist ekki nauðsynleg,
- d) gögn um samsetningu úrgangsins og hvernig útskolun er háttað, þar sem við á,
- e) eiginleika úrgangsins (lykt, litur og eðlisástand),
- f) flokka úrgangs samkvæmt reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang,
- g) fyrir spilliefni ef um tvíþæslur er að ræða: hættulegir eiginleikar sem skipta máli skv. III. viðauka við reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang,
- h) upplýsingar sem sýna fram á að úrgangurinn falli ekki undir úrgang sem óheimilt er að urða skv. 8. gr. reglugerðar þessarar,
- i) flokk urðunarstaða sem taka má á móti úrganginum,
- j) frekari varúðarráðstafanir sem gera þarf á urðunarstaðnum ef nauðsyn krefur,
- k) upplýsingar um hvort unnt er að endurvinna eða endurnýta úrganginn.

### 1.1.3. *Prófun.*

Prófanir á úrganginum skulu almennt gerðar til þess að afla framangreindra upplýsinga auk þess að ljóst skal vera hvernig útskolun er háttað, skal samsetning úrgangsins vera þekkt eða hún ákvörðuð með prófun. Samræmisprófun skal ávallt vera hluti af þeim prófunum sem er beitt til þess að lýsa grunneiginleikum úrgangsins.

Inntak lýsingarinnar, umfang prófana sem krafist er á rannsóknastofu og venslin milli lýsingar á grunneiginleikum og samræmisprófunar ráðast af tegund úrgangs hverju sinni. Gera má greinarmun á eftirfarandi:

- a) úrgangi sem fellur reglulega til í sama ferli;
- b) úrgangi sem fellur til öðru hverju.

Lýsingin sem kemur fram í a- og b-liðum gefur upplýsingar sem nota má beint og bera saman við viðmiðanir um móttöku fyrir viðkomandi flokk urðunarstaða; jafnframt má veita lýsandi upplýsingar (t.d. afleiðingar þess að urða úrgang með heimilsúrgangi).

- a) Úrgangur sem fellur reglulega til í sama ferli;

Þetta varðar einstakan úrgang með stöðuga eiginleika sem fellur reglulega til í sama ferli þar sem:

- stöðin og ferlið sem úrgangurinn fellur til í eru vel þekkt og efnin, sem notuð eru í ferlinu, og ferlið sjálft eru vel skilgreind,
- rekstraraðili stöðvarinnar veitir allar nauðsynlegar upplýsingar og upplýsir rekstraraðila urðunarstaðarins ef breytingar verða á ferlinu (einkum breytingar á efnunum sem eru notuð í ferlinu).

Ferlið einskorðast oft við eina stöð. Í öðrum tilvikum getur úrgangurinn verið frá mismunandi stöðvum, en aðeins ef hann getur talist mynda stöðugan straum úrgangs með svipaða eiginleika sem eru innan þekktra marka (t.d. botnaska frá brennslustöð fyrir heimilsúrgang).

Lýsing á grunneiginleikum þessa úrgangs skal a.m.k. taka til grundvallarkrafanna í lið 1.1.2, og einkum skal tilgreina eftirfarandi:

- breytileika í samsetningu fyrir mismunandi tegundir úrgangs,
- breidd og breytileika einkennandi eiginleika,
- ef ástæða er til; útskolun úrgangsins sem skal ákvarða með útskolunarprófi lotunnar og/eða síuprófun og/eða sýrustigprófi,
- lykildreytur sem prófa skal reglulega.

Ef úrgangurinn fellur til í sama ferli í mismunandi stöðvum skal veita upplýsingar um umfang matsins. Af þeim sökum verður að gera nægilega margar mælingar til að sýna fram

á breidd og breytileika einkennandi eiginleika úrgangsins. Þá telst eiginleikum úrgangsins hafa verið lýst og þaðan í frá skal eingöngu láta samræmisprófanir fara fram, nema verulegar breytingar eigi sér stað á framleiðsluferlinu.

Mælingar á úrgangi, sem fellur til í sama ferli í sömu stöð, geta leitt í ljós að lítil breytileiki er á eiginleikum m.t.t. viðeigandi losunarmarka. Þá telst eiginleikum úrgangsins hafa verið lýst og þaðan í frá skal eingöngu láta samræmisprófanir fara fram, nema verulegar breytingar eigi sér stað á framleiðsluferlinu.

Mikill munur getur verið á eiginleikum úrgangs frá stöð sem safnar saman eða blandar úrgangi, úrgangs frá umhleðslustöð eða úrgangs sem er úr ýmsum áttum og kemur frá þeim sem safna saman úrgangi. Til þessa skal taka tillit þegar grunneiginleikum er lýst. Úrgangur af þessum toga getur fallið undir b-lið.

b) Úrgangur sem fellur til öðru hverju.

Þessi úrgangur fellur ekki til reglulega í einu og sama ferlinu í sömu stöðinni og er ekki hluti af vel skilgreindum straumi úrgangs. Lýsa skal eiginleikum allra vinnslutöna úrgangs af þessu tagi. Lýsing á grunneiginleikum skal taka til grundvallarkrafna sem gerðar eru til lýsingar á grunneiginleikum. Þar eð skylt er að lýsa eiginleikum úrgangs í öllum vinnslutönum er samræmisprófun óþörf.

#### 1.1.4. Tilvik þar sem prófunar er ekki krafist.

Sleppa má prófun að því er varðar lýsingu á grunneiginleikum í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef úrgangurinn er tilgreindur í skrá yfir úrgang sem ekki er skylt að prófa skv. 2. lið í þessum viðauka;
- b) allar upplýsingar, sem krafist er að því er varðar lýsingu á grunneiginleikum, liggja fyrir og hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun;
- c) ef um tiltekna tegundir úrgangs er að ræða þar sem erfitt er að koma prófun við eða heppilegar prófunaraðferðir og viðmiðanir um móttöku liggja ekki fyrir. Þetta skal rökstutt og stutt gögnum, þ.á m. skal færa rök fyrir því hvers vegna úrgangurinn telst tækur á urðunarstað í þessum flokki.

## 1.2. Samræmisprófun – 2. þrep.

Teljast úrgangurinn tækur fyrir tiltekinn flokk urðunarstaða á grundvelli lýsingarinnar á grunneiginleikum skv. 1. lið skal hann samræmisprófaður til að ákvarða hvort hann samræmist niðurstöðum lýsingarinnar á grunneiginleikum og viðkomandi viðmiðunum um móttöku eins og mælt er fyrir um í 2. lið.

Samræmisprófun er einkum gerð til að hafa reglubundið eftirlit með úrgangi sem berst stöðugt að.

Viðeigandi færribreytur, sem prófa skal, eru ákvarðaðar í lýsingunni á grunneiginleikum. Færribreytur skulu vera í tengslum við upplýsingar um lýsingu á grunneiginleikum. Eingöngu skal hafa eftirlit með markbreytum (lykilbreytum) eins og þær eru ákvarðaðar í lýsingunni á grunneiginleikum. Með eftirlitinu skal sýnt fram á að úrgangurinn uppfylli losunarmörkin að því er varðar markbreytur.

Prófanir, sem gerðar eru vegna samræmisprófunar, skulu vera gerðar með einni eða fleiri þeirra aðferða sem notaðar eru við lýsinguna á grunneiginleikum. Prófunin skal a.m.k. vera fólgin í útskolunarprófun á vinnslutötu. Í því tilviki skal nota þær aðferðir sem tilgreindar eru í 3. lið.

Úrgangur, sem er undanþeginn prófunarkröfum að því er varðar lýsingu á grunneiginleikum í a- og c-liðum liðar 1.1.4, er einnig undanþeginn samræmisprófun. Hins vegar skal gengið úr skugga um að sá úrgangur samræmist öðrum upplýsingum en úr prófunum að því er varðar lýsingu á grunneiginleikum.

Samræmisprófun skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári og rekstraraðilinn skal í öllum tilvikum tryggja að umfang hennar og tíðni sé eins og ákvarðað er í lýsingunni á grunneiginleikum.

Rekstraraðilinn skal geyma skrár með niðurstöðum prófananna í sjö ár.

### 1.3. Sannprófun á staðnum – 3. þrep.

Hver farmur úrgangs, sem fluttur er á urðunarstað, skal skoðaður fyrir og eftir losun. Skoða ber öll tilskilin gögn.

Ef framleiðandi úrgangs fargar honum á urðunarstað, sem hann ber ábyrgð á, má þessi sannprófun fara fram á þeim stað sem úrgangurinn er sendur frá.

Úrgangurinn telst tækur á urðunarstaðnum ef hann er sá sami og gekkst undir lýsingu á grunneiginleikum og samræmisprófun og sem lýst er í fylgiskjölunum. Ef ekki, skal hafna móttöku hans.

Sýni skulu tekin reglulega í tengslum við afhendinguna. Tekin sýni skulu geymd eftir móttöku úrgangsins í einn mánuð hið minnsta.

## 2. VIÐMIÐANIR UM MÓTTÖKU ÚRGANGS.

Í þessum lið eru settar fram viðmiðanir fyrir móttöku úrgangs á urðunarstöðum fyrir hvern flokk, þ.m.t. viðmiðanir fyrir geymslustaði neðanjarðar.

Við tiltekna aðstæður mega losunarmörkin vera allt að þreföld fyrir sérstakar færri-breytur sem tilgreindar eru í þessum lið (aðrar en uppleyst, lífrænt kolefni (DOC) í liðum 2.1.2.1, 2.2.2, 2.3.1 og 2.41, BTEX, PCB og jarðolía í lið 2.1.2.2, heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) og pH í lið 2.3.3 og glæðitap (LOI) og/eða heildarmagn lífræns kolefnis í lið 2.4.2 og með því að takmarka hugsanlega hækkun losunarmarkna fyrir heildarmagn lífræns kolefnis í lið 2.1.2.2 við tvöföldun þess) ef:

- Umhverfisstofnun heimilar í hverju tilviki að taka á móti tilteknum úrgangi á urðunarstað að teknu tilliti til eiginleika urðunarstaðarins og umhverfis hans og
- áhættumat leiðir í ljós að losun (þ.m.t. útskolun) frá urðunarstaðnum, að teknu tilliti til losunarmarkanna fyrir sérstöku færri-breyturnar í þessum lið, stuðlar ekki að frekari hættu fyrir umhverfið.

Valin verður ein eða fleiri prófunaraðferð sbr. (3. lið) og hver af losunarmörkunum munu gilda í töflunum hér á eftir fyrir 16. júlí 2005.

### 2.1. Viðmiðanir fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi.

#### 2.1.1. Skrá yfir úrgang sem telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang án prófunar.

Úrgangur í eftirfarandi skrá telst uppfylla viðmiðanirnar, sem settar eru fram í skilgreiningunni á óvirkum úrgangi í reglugerð þessari, og viðmiðanirnar í lið 2.1.2. Taka má án prófunar á móti úrganginum á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang.

Úrgangurinn verður að vera af einum straumi (aðeins einn uppruni) og af einni og sömu tegund. Taka má á móti mismunandi tegundum úrgangs af skránni á einum og sama stað svo fremi þær séu af sameiginlegum uppruna.

Leiki grunur á að úrgangurinn geti verið mengaður (annaðhvort á grundvelli skoðunar eða vegna þess að vitað er hvaðan hann kemur) skal prófun fara fram eða synja um móttöku úrgangsins. Ef úrgangurinn er mengaður eða hann inniheldur efni á borð við málma, asbest, plast eða önnur efni í þeim mæli að það auki áhættuna sem fylgir úrganginum svo mjög að það nægi til að réttlæta förgun hans á urðunarstöðum í öðrum flokkum telst hann ekki tækur á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang.

Leiki vafi á því hvort úrgangurinn samræmist skilgreiningunni á óvirkum úrgangi skv. reglugerð þessari og viðmiðuninum í lið 2.1.2 eða hvort hann er laus við mengandi efni skal prófun fara fram. Í því tilviki skal nota þær aðferðir sem tilgreindar eru í 3. lið.

Flokkur**	Lýsing	Takmarkanir
1011 03	Úrgangur frá glertrefjæfnum	Eingöngu án lífrænna bindiefna
1501 07	Glerumbúðir	
1701 01	Steinsteypa	Eingöngu valinn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur (*)
1701 02	Múrsteinar	Eingöngu valinn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur (*)
1701 03	Flísar og keramik	Eingöngu valinn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur (*)
1701 07	Blanda af steinsteypu, múrsteinum, flísum og keramik	Eingöngu valinn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur (*)
1702 02	Gler	
1705 04	Jarðvegur og steinar	Þó ekki gróðurmold eða mór og heldur ekki jarðvegur og steinar af menguðum stöðum
1912 05	Gler	
2001 02	Gler	Eingöngu sérstaklega flokkað gler
2002 02	Jarðvegur og steinar	Eingöngu garðaúrgangur, þó ekki gróðurmold og mór

(\*) Valinn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur: sem inniheldur lítið af öðrum efnum (á borð við málna, plast, jarðveg, lífræn efni, timbur og gúmmí). Uppruni úrgangsins skal vera þekktur.

- Enginn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur úr byggingum sem er mengaður ólífrænum eða lífrænum, hættulegum efnum, t.d. vegna framleiðsluferla meðan á byggingu stóð, jarðvegsmengunar, geymslu og notkunar varnarefna eða annarra hættulegra efna, nema sýnt hafi verið fram á með skýrum hætti að verulegrar mengunar hafi ekki gætt í niðurrifnu byggingunni.
- Enginn steinsteypu- og niðurrífsúrgangur úr byggingum sem hafa verið meðhöndlaðar, þaktar eða málaðar með efnum sem innihalda hættuleg efni í umtalsverðum mæli.

(\*\*) Flokkur úrgangs skv. viðauka I í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Úrgangur sem er ekki tilgreindur í þessari skrá skal gangast undir prófun eins og mælt er fyrir um í 1. lið til þess að ákvarða hvort hann uppfylli viðmiðanir fyrir úrgang sem telst tækur á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang skv. lið 2.1.2.

2.1.2. *Losunarmörk fyrir úrgang sem telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.*

2.1.2.1. *Losunarmörk fyrir útskolun.*

Eftirfarandi losunarmörk fyrir útskolun gilda um úrgang sem telst tækur á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang, reiknuð sem hlutfall vökva og fasts efnis (L/S), 2 l/kg og 10 l/kg fyrir heildarlosun og gefið upp í mg/l fyrir C<sub>0</sub> (fyrsti síuvökvi úr síuprófun þar sem L/S = 0,1 l/kg.

Efnisþáttur	L/S = 2 l/kg	L/S = 10 l/kg	C <sub>0</sub> (síuþrófun)
	mg/kg þurrefnis	mg/kg þurrefnis	mg/l
As	0,1	0,5	0,06
Ba	7	20	4
Cd	0,03	0,04	0,02
Cr alls	0,2	0,5	0,1
Cu	0,9	2	0,6
Hg	0,003	0,01	0,002
Mo	0,3	0,5	0,2
Ni	0,2	0,4	0,12
Pb	0,2	0,5	0,15
Sb	0,02	0,06	0,1
Se	0,06	0,1	0,04
Zn	2	4	1,2
Klóríð	550	800	460
Flúoríð	4	10	2,5
Súlfat	560 (*)	1 000 (*)	1 500
Fenóltala	0,5	1	0,3
DOC (**)	240	500	160
TDS (***)	2 500	4 000	—

(\*) Þótt úrgangurinn uppfylli ekki þessi losunarmörk fyrir súlfat telst hann eigi að síður uppfylla móttökuvíðmiðanirnar ef útskolunin er ekki yfir eftirfarandi gildum: 1500 mg/l sem C<sub>0</sub> þar sem L/S = 0,1 l/kg og 6000 mg/kg þar sem L/S = 10 l/kg. Nauðsynlegt er að beita síuþrófun til þess að ákvarða víðmiðunargildin þar sem L/S = 0,1 við upphafsjafnvægi, en hins vegar má ákvarða gildið L/S = 10 l/kg annaðhvort með útskolunarþrófun fyrir vinnslulotu eða síuþrófun við skilyrði sem nálgast staðbundið jafnvægi.

(\*\*) Ef úrgangurinn uppfyllir ekki þessi gildi fyrir uppleyst, lífrænt kolefni (DOC) við eigið sýrustig má líka prófa hann þar sem L/S = 10 l/kg og pH er milli 7,5 og 8,0. Úrgangurinn telst uppfylla móttökuvíðmiðanirnar að því er varðar uppleyst, lífrænt kolefni ef niðurstaða prófunarinnar fer ekki yfir 500 mg/kg. (Uppkast að aðferð sem grundvallast á prEN 14429 liggur fyrir.)

(\*\*\*) Gildi fyrir heildarmagn uppleystra efna (TDS) má nota í stað gilda fyrir súlfat og klóríðs.

Nota má gildin fyrir heildarmagn uppleystra, fastra efna (TDS) í stað gildanna fyrir súlfat og klóríð.

### 2.1.2.2. Losunarmörk fyrir heildarmagn lífrænna efnisþátta.

Óvirkur úrgangur verður að uppfylla, auk víðmiðunargildanna í lið 2.1.2.1 fyrir útskolun, eftirfarandi víðmiðunarmörk:

Efnisþáttur	Gildi mg/kg
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	30 000 (*)
Bensen, tólúen, etýlbensen og xýlen (BTEX)	6
Fjöklórúð bifeníl, 7 skyld efni (PCB)	1
Jarðolía (C10 til C40)	500
Fjölhiringa, arómatísk vetniskolefni (PAH)	Gildi verður sett fyrir 16. júlí 2005

(\*) Ef um jarðveg er að ræða getur Umhverfisstofnun samþykkt hærri víðmiðunarmörk svo fremi að gildinu 500 mg/kg hafi verið náð fyrir uppleyst, lífrænt kolefni þar sem L/S = 10 l/kg, annaðhvort við eigið sýrustig jarðvegsins eða við sýrustig milli 7,5 og 8,0.

## 2.2. Víðmiðanir fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti almennum úrgangi.

Í þessum lið er mælt fyrir um losunarmörk fyrir almennan úrgang sem er urðaður í rein með stöðugum, óvirkum spilliefnum.

### 2.2.1. Úrgangur sem er tækur á urðunarstaði fyrir almennan úrgang án prófunar.

Heimilisúrgangur samkvæmt skilgreiningu í reglugerð þessari, sem er flokkaður sem



hættulítil í 20. flokki I. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sérstaklega flokkaður hluti heimilísúrgangs og sams konar almennur úrgangur af öðrum uppruna telst tækur án prófunar á urðunarstöðum fyrir almennan úrgang.

Ekki skal taka á móti úrganginum ef hann hefur ekki gengist undir meðhöndlun samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar eða ef hann er mengaður í þeim mæli að það auki áhættuna sem fylgir úrganginum svo mjög að það réttlæti förgun hans á öðrum urðunarstöðum.

Ekki má urða óprófaðan úrgang í reinum þar sem tekið er á móti stöðugum, óvirkum, spilliefnum skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

### 2.2.2. Losunarmörk fyrir almennan úrgang.

Eftirfarandi losunarmörk gilda um kornaðan almennan úrgang sem urða má í rein með stöðugum, óvirkum, spilliefnum, reiknuð með  $L/S = 2$  og  $10$  l/kg fyrir heildarlosun og gefið upp í mg/l fyrir  $C_0$  (fyrsti síuvökvi úr síuprófun þar sem  $L/S = 0,1$  l/kg).

Efnisþáttur	L/S = 2 l/kg	L/S = 10 l/kg	$C_0$ (síuprófun)
	mg/kg þurrefnis	mg/kg þurrefnis	mg/l
As	0,4	2	0,3
Ba	30	100	20
Cd	0,6	1	0,3
Cr alls	4	10	2,5
Cu	25	50	30
Hg	0,05	0,2	0,03
Mo	5	10	3,5
Ni	5	10	3
Pb	5	10	3
Sb	0,2	0,7	0,15
Se	0,3	0,5	0,2
Zn	25	50	15
Klóríð	10 000	15 000	8 500
Flúoríð	60	150	40
Súlfat	10 000	20 000	7 000
DOC (*)	380	800	250
TDS (**)	40 000	60 000	—

(\*) Ef úrgangurinn uppfyllir ekki þessi gildi fyrir uppleyst, lífrænt kolefni (DOC) við eigið sýrustig má líka prófa hann þar sem  $L/S = 10$  l/kg og pH er milli 7,5 og 8,0. Úrgangurinn telst uppfylla móttökuvíðmiðanirnar að því er varðar uppleyst, lífrænt kolefni ef niðurstaða prófunarinnar fer ekki yfir 800 mg/kg. (Uppkast að aðferð sem grundvallast á prEN 14429 liggur fyrir.)

(\*\*) Gildi fyrir heildarmagn uppleystra efna (TDS) má nota í stað gilda fyrir súlfat og klóríð.

### 2.2.3. Gifsúrgangur.

Gifsúrgangur má ekki urða með lífrænum úrgangi. Losunarmörkin fyrir heildarmagn lífræns kolefnis og uppleyst, lífrænt kolefni, sem tilgreind eru í liðum 2.3.1 og 2.3.2, gilda um úrgang sem er urðaður með efnum sem eru úr gísi.

### 2.3. Losunarmörk fyrir spilliefni sem teljast tæk á urðunarstaði fyrir almennan úrgang skv. 3. mgr. 6. gr.

Stöðugur og óvirkur vísar til þess að eiginleikar úrgangsins m.t.t. útskolunar breytast ekki til hins verra til langframa við eðlileg skilyrði á urðunarstaðnum eða í tengslum við fyrirsjáanleg óhöpp:

- í úrganginum sjálfum (t.d. með lífrænu niðurbroti), við langvinn umhverfisáhrif (t.d. vegna vatns, lofts, hita eða álags),

- vegna áhrifa annars úrgangs (þ.m.t. vegna myndefna úrgangsins, svo sem sigvatns og gass).

### 2.3.1. Losunarmörk fyrir útskolun.

Eftirfarandi losunarmörk gilda um kornaðan úrgang sem flokkast sem spilliefni og sem telst tækur á urðunarstaði fyrir almennan úrgang, reiknuð með  $L/S = 2$  og  $10$  l/kg fyrir heildarlosun og gefið beint upp í mg/l fyrir  $C_0$  (fyrsti síuvökvi úr síuþrófun þar sem  $L/S = 0,1$  l/kg).

Efnisþáttur	L/S = 2 l/kg	L/S = 10 l/kg	$C_0$ (síuþrófun)
	mg/kg þurrefnis	mg/kg þurrefnis	mg/l
As	0,4	2	0,3
Ba	30	100	20
Cd	0,6	1	0,3
Cr alls	4	10	2,5
Cu	25	50	30
Hg	0,05	0,2	0,03
Mo	5	10	3,5
Ni	5	10	3
Pb	5	10	3
Sb	0,2	0,7	0,15
Se	0,3	0,5	0,2
Zn	25	50	15
Klóríð	10 000	15 000	8 500
Flúoríð	60	150	40
Súlfat	10 000	20 000	7 000
DOC (*)	380	800	250
TDS (**)	40 000	60 000	—

(\*) Ef úrgangurinn uppfyllir ekki þessi gildi fyrir uppleyst, lífrænt kolefni (DOC) við eigið sýrustig má líka prófa hann þar sem  $L/S = 10$  l/kg og pH er milli 7,5 og 8,0. Úrgangurinn telst uppfylla móttökviðmiðanirnar að því er varðar uppleyst, lífrænt kolefni ef niðurstaða prófunarinnar fer ekki yfir 800 mg/kg. (Uppkast að aðferð sem grundvallast á prEN 14429 liggur fyrir.)

(\*\*) Gildi fyrir heildarmagn uppleystra efna (TDS) má nota í stað gilda fyrir súlfat og klóríð.

### 2.3.2. Aðrar viðmiðanir.

Kornaður úrgangur verður að uppfylla, auk losunarmarkanna í lið 2.3.1 fyrir útskolun, eftirfarandi viðmiðanir:

Efnisþáttur/færibreyta	Gildi
TOC (heildarmagn lífræns kolefnis)	5 % (*)
pH	Að lágmarki 6
ANC (hæfni til að hlutleysa síru)	Skal metin

(\*) Ef þetta gildi næst ekki getur Umhverfisstofnun samþykkt hærri viðmiðunarmörk svo fremi að gildinu 800 mg/kg hafi verið náð fyrir uppleyst, lífrænt kolefni þar sem  $L/S = 10$  l/kg, annaðhvort við eigið sýrustig efnisins eða við sýrustig milli 7,5 og 8,0.

### 2.3.3. Asbestúrgangur.

Urða má án prófunar byggingarefni, sem í er asbest og annar asbestúrgangur, á urðunarstöðum fyrir almennan úrgang í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Urðunarstaðir, þar sem tekið er á móti byggingarefnum sem í er asbest og asbestúrgangur, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:

- í úrganginum eru engin önnur hættuleg efni en bundið asbest, þ.m.t. trefjar sem eru bundnar með bindiefni eða í plastumbúðum,

- á urðunarstaðnum er eingöngu tekið á móti byggingarefni sem í er asbest og asbest-úrgangur. Pennan úrgang má einnig urða í sérstakri rein á urðunarstað fyrir almennan úrgang ef reinin er nægilega afmörkuð,
- til að komast hjá því að trefjar dreifist skal þekja urðunarsvæðið daglega og í hvert sinn áður en þjappað er með viðeigandi efni og úða skal reglulega yfir úrganginn ef hann er ekki í umbúðum,
- endanlegt þekjulag er sett á urðunarstaðinn eða reinina til að komast hjá því að trefjar dreifist,
- engar aðgerðir (t.d. holuborun) á urðunarstað eða í reininni mega leiða til þess að trefjar dreifist,
- eftir lokun urðunarstaðarinnar skal geyma kort af urðunarstaðnum eða reininni sem sýnir hvar asbestúrgangur hefur verið urðaður,
- viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að draga sem mest úr líkum á að landið verði notað eftir lokun urðunarstaðarinnar til að komast hjá því að menn komist í snertingu við úrganginn.

Ef framangreindum kröfum er fullnægt er heimilt að draga úr kröfunum sem eru settar fram í liðum 3.2 og 3.3 í I. viðauka í reglugerð þessari að því er varðar urðunarstaði þar sem eingöngu er tekið á móti byggingarefnum sem asbest er í.

## 2.4. Viðmiðanir fyrir úrgang sem telst tækur á urðunarstaði fyrir spilliefni.

### 2.4.1. Losunarmörk fyrir útskolun.

Eftirfarandi losunarmörk gilda um kornaðan úrgang sem telst tækur á urðunarstöðum fyrir spilliefni, reiknuð með  $L/S = 2$  og  $10$  l/kg fyrir heildarlosun og gefið upp í mg/l fyrir  $C_0$  (fyrsti síuvökvi úr síuprófun þar sem  $L/S = 0,1$  l/kg).

Efnisþáttur	L/S = 2 l/kg	L/S = 10 l/kg	$C_0$ (síuprófun)
	mg/kg þurrefnis	mg/kg þurrefnis	mg/l
As	6	25	3
Ba	100	300	60
Cd	3	5	1,7
Cr alls	25	70	15
Cu	50	100	60
Hg	0,5	2	0,3
Mo	20	30	10
Ni	20	40	12
Pb	25	50	15
Sb	2	5	1
Se	4	7	3
Zn	90	200	60
Klóríð	17 000	25 000	15 000
Flúoríð	200	500	120
Súlfat	25 000	50 000	17 000
DOC (*)	480	1 000	320
TDS (**)	70 000	100 000	—

(\*) Ef úrgangurinn uppfyllir ekki þessi gildi fyrir uppleyst, lífrænt kolefni (DOC) við eigið sýrustig má líka prófa hann þar sem  $L/S = 10$  l/kg og pH er milli 7,5 og 8,0. Úrgangurinn telst uppfylla móttökuvíðmiðanirnar að því er varðar uppleyst, lífrænt kolefni ef niðurstaða prófunarinnar fer ekki yfir 1 000 mg/kg. (Drög að aðferð sem grundvallast á prEN 14429 liggur fyrir.)

(\*\*) Nota má gildin fyrir heildarmagn uppleystra, fastra efna (TDS) í stað gildanna fyrir súlfat og klóríð.

#### 2.4.2. Aðrar viðmiðanir.

Spilliefni verða að uppfylla, auk losunarmarkanna í lið 2.4.2.1 fyrir útskolun, eftirfarandi viðmiðanir:

Efnisþáttur/færíbreyta	Gildi
LOI (glæðitap) (*)	10%
TOC (heildarmagn lífræns kolefnis) (*)	6% (**)
ANC (hæfni til að hlutleysa síru)	Skal metin

(\*) Annaðhvort skal stýðjast við glæðitap (LOI) eða heildarmagn lífræns kolefnis (TOC).  
 (\*\*) Ef þetta gildi næst ekki getur Umhverfisstofnun samþykkt hærri viðmiðunarmörk svo fremi að gildinu 1 000 mg/kg hafi verið náð fyrir uppleyst, lífrænt kolefni þar sem L/S = 10 l/kg, annaðhvort við eigið sírustig efnisins eða við sírustig milli 7,5 og 8,0.

#### 2.5. Viðmiðanir fyrir geymslu neðanjarðar.

Ekki má taka á móti úrgangi til geymslu neðanjarðar nema að fram hafi farið mat á aðstæðum á viðkomandi stað og það hafi verið unnið samkvæmt viðbæti A með viðauka þessum. Úrgangur telst því aðeins tækur að hann samrýmist staðarsértæka matinu á öryggi.

Á stöðum þar sem óvirkur úrgangur er geymdur neðanjarðar má eingöngu taka á móti úrgangi sem uppfyllir viðmiðanirnar í lið 2.1.

Á stöðum þar sem almennur úrgangur er geymdur neðanjarðar má eingöngu taka á móti úrgangi sem uppfyllir viðmiðanirnar í liðum 2.2 eða 2.3.

Á stöðum þar sem spilliefni eru geymd neðanjarðar telst úrgangur því aðeins tækur að hann samrýmist staðarsértæka matinu á öryggi. Í því tilviki gilda ekki viðmiðanirnar í lið 2.4. Hins vegar skal farið með úrganginn eins og mælt er fyrir um í 1. lið um aðferð við móttöku hans.

#### 3. SÝNATÖKU- OG PRÓFUNARAÐFERÐIR.

Óháðir og hæfir einstaklingar og stofnanir skulu annast sýnatöku og prófun að því er varðar lýsingu á grunneiginleikum og samræmisprófun. Rannsóknarstofur skulu geta staðfest að þær búi yfir reynslu af prófun og greiningu úrgangs og að þær ráði yfir virku gæðatryggingakerfi.

Umhverfisstofnun getur samþykkt að:

1. framleiðanda úrgangs eða rekstraraðila sé heimilt að annast sýnatöku með því skilyrði að nægilega traust eftirlit óháðra og hæfra einstaklinga eða stofnana tryggji að markmiðunum, sem sett eru fram í þessari ákvörðun, verði náð;
2. framleiðanda úrgangs eða rekstraraðila sé heimilt að annast prófun úrgangsins ef þeir ráða yfir viðeigandi gæðatryggingarkerfi, þ.m.t. reglubundið eftirlit óháðs aðila.

Þar til CEN-staðall liggur fyrir sem opinber, evrópskur staðall skulu aðildarríkin nota annaðhvort innlenda staðla eða aðferðir eða drögin að CEN-staðlinum þegar hann hefur náð prEN-stiginu.

Eftirfarandi aðferðir skulu notaðar:

Sýnataka

Gera skal áætlun um töku sýna úr úrgangi, vegna lýsingar á grunneiginleikum, samræmisprófunar og sannprófunar á staðnum, samkvæmt 1. hluta sýnatökustaðalsins sem hefur verið í þróun á vegum Staðlasamtaka Evrópu (CEN).

Almennir eiginleikar úrgangs

EN 13137 Ákvörðun á heildarmagni lífræns kolefnis í úrgangi, eðju og seti.

prEN 14346 Reikningar á þurrefni með ákvörðun á þurri leif eða vatnsinnihaldi.

Útskolunarprófanir

prEN 14405 Prófun á útskolunareiginleikum – uppstreymissíuprófun (fyrir ólíf-ræna efnisþætti).

- EN 12457/1-4 Útskolun – samræmisprófun fyrir útskolun úr kornuðum úrgangi og eðju  
 hluti 1: L/S = 2 l/kg, agnastærð < 4 mm  
 hluti 2: L/S = 10 l/kg, agnastærð < 4 mm  
 hluti 3: L/S = 2 og 8 l/kg, agnastærð < 4 mm  
 hluti 4: L/S = 10 l/kg, agnastærð < 10 mm
- Leysing ómeðhöndlaðs úrgangs
- EN 13657 Leysing með kóngavatni til að ákvarða leysanlegan hluta frumefna (leysing fasts úrgangs að hluta áður en frumefnagreining er gerð þar sem silíkatgrunnurinn helst óskaddaður).
- EN 13656 Leysing að tilstuðlan örbylgna með blöndu af flússýru (HF), saltpéturssýru (HNO<sub>3</sub>) og saltsýru (HCL) til að ákvarða í kjölfarið þau frumefni sem þannig leysast upp (fullkomin leysing á föstum úrgangi áður en frumefnagreining er gerð).
- Greiningar
- ENV 12506 Greiningar á síuvökva – ákvörðun á pH, As, Ba, Cd, Cl, Co, Cr, CrVI, Cu, Mo, Ni, NO<sub>2</sub>, Pb, alls S, SO<sub>4</sub>, V og Zn (efnagreining ólífrænna efnispátta í föstum úrgangi og/eða síuvökva hans; aðal- og millistein-efni og snefilefni).
- ENV 13370 Greiningar á síuvökva – ákvörðun á ammoníaki, aðseygum, lífrænum halógenum (AOX), leiðni, Hg, fenóltölu, heildarmagni lífræns kol-efnis, auðleysts sýniðs, flúoríði (efnagreining ólífrænna efnispátta í föstum úrgangi og/eða síuvökva hans (anjónir)).
- prEN 14039 Ákvörðun á magni vetniskolefna af stærðinni C10 til C40 með gasgreiningu.

Þessari skrá verður breytt þegar fleiri CEN-staðlar liggja fyrir.

Þar sem CEN-aðferðir liggja enn ekki fyrir skulu þær aðferðir, sem notaðar eru við prófanir og greiningar, vera samþykktar af Umhverfisstofnun.

#### Viðbætur A

### Mat á öryggi í tengslum við móttöku úrgangs til geymslu neðanjarðar.

#### 1. MEGINREGLUR UM ÖRYGGI Í TENGLUM VIÐ GEYMSLU NEÐANJARÐAR: ALLAR GERÐIR.

##### 1.1. Mikilvægi jarðfræðilega tálmans.

Meginmarkmiðið með endanlegri förgun úrgangs í geymslu neðanjarðar er að einangra hann frá lífhvolfinu. Úrgangurinn, jarðfræðilegi tálminn og holrýmin, þ.m.t. öll hugsanleg mannvirki, skapa kerfi sem verður að uppfylla allar viðeigandi kröfur, einnig í öllu öðru tæknilegu tilliti.

Samkvæmt reglugerð um grunnvatn liggur almennt bann við því að losa mengunarefni beint í grunnvatn.

##### 1.2. Staðarsértækt áhættumat.

Í áhættumatinu skulu eftirfarandi þættir ákvarðaðir:

- hættan (í þessu tilviki urðaður úrgangur),
- markumhverfið (í þessu tilviki lífhvolfið og hugsanlega grunnvatn),
- möguleikinn á að efni geti borist úr úrganginum út í lífhvolfið og
- mat á áhrifum efnanna sem geta borist út í lífhvolfið.

Móttökuviðmiðanir fyrir geymslu neðanjarðar skulu m.a. ákveðnar út frá greiningum á eiginleikum berggrunnins þannig að staðfesta megi að engin skilyrði á staðnum, sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð þessa (að undanskildum 2., 3., 4. og 5. lið I. viðauka), skipti máli.

Eingöngu er unnt að ákvarða móttökuviðmiðanirnar fyrir geymslu neðanjarðar m.t.t. skilyrða á staðnum. Þetta krefst þess að sýnt sé fram á að jarðlöggin henti fyrir neðanjarðargeymslu, þ.e. vinna verður áhættumat að því er varðar einangrunina þar sem tillit er tekið til heildarkerfis úrgangsins, mannvirkjana, holrýmanna og berggrunnins sem geymslan er í.

Staðarsértækt áhættumat fyrir stöðina skal unnið bæði meðan hún er í rekstri og eftir að rekstri hefur verið hætt. Þetta mat skal lagt til grundvallar þegar ákvarðanir eru teknar um nauðsynlegt eftirlit og öryggisráðstafanir og þegar móttökuviðmiðanirnar eru settar.

Samhæfð greining á rekstrarþáttum skal fara fram og ná m.a. til eftirfarandi:

1. jarðfræðilegs mats;
2. jarðaflfræðilegs mats;
3. vatnajarðfræðilegs mats;
4. jarðefnafræðilegs mats;
5. mats á áhrifum á lífhvolfið;
6. mats á rekstrarstiginu;
7. mats á langtímaáhrifum;
8. mats á áhrifum allrar aðstöðu sem er á yfirborði staðarins.

#### 1.2.1. *Jarðfræðilegt mat.*

Krafist er nákvæmrar rannsóknar eða viðtækrar þekkingar á jarðfræðilegum þáttum á staðnum. Þetta skal ná til rannsókna og greiningar á bergtegundum, jarðvegi og staðfræðilegum þáttum. Jarðfræðilega matið skal sýna fram á að staðurinn henti fyrir neðanjarðargeymslu. Taka skal tillit til staðsetningar, þéttleika og gerðar hvers kyns sprungna og misgengis í jarðlöggunum umhverfis og til hugsanlegra áhrifa af völdum jarðskjálftavirkni. Kanna skal hvort aðrir staðir komi til greina.

#### 1.2.2. *Jarðaflfræðilegt mat.*

Sýna skal fram á með viðeigandi rannsóknum og mati að holrúmin séu stöðug. Við vinnslu þessa mats skal taka tillit til urðaða úrgangsins. Ferlin skulu greind og skráð á kerfisbundinn hátt.

Sýnt skal fram á eftirfarandi:

1. að meðan holrúmin eru gerð og eftir að þau hafa myndast sé þess ekki að vænta að holrúmin sjálf aflagist eða yfirborðið yfir þeim sem gæti spillt rekstrarþáttum neðanjarðargeymslunnar eða valdið því að leið opnast út í lífhvolfið;
2. að burðarþol veggja holrúmsins sé svo mikið að það hrynji ekki saman meðan rekstur fer þar fram;
3. að urðaða efnid sé svo stöðugt að það samrýmist jarðaflfræðilegum eiginleikum berggrunnins.

#### 1.2.3. *Vatnajarðfræðilegt mat.*

Krafist er nákvæmrar rannsóknar á straumfræðilegum eiginleikum til að meta rennsli grunnvatnsins í nálægum jarðlögum og skal styðjast við upplýsingar um lekt berggrunnins, sprungur og jarðvatnshalla.

#### 1.2.4. *Jarðefnafræðilegt mat.*

Krafist er nákvæmrar rannsóknar á berginu og samsetningu grunnvatnsins til að meta núverandi samsetningu grunnvatnsins og hugsanlegar breytingar síðar, eðli og umfang holu-

yllingasteinda, svo og magnbundna, steindafræðilega lýsingu á berggrunninum. Meta skal áhrif óstöðugleika úrgangsins á jarðefnafræðilega þáttinn.

#### 1.2.5. *Mat á áhrifum á lífhvolfið.*

Krafast er rannsóknar á þeim áhrifum sem geymsla úrgangs neðanjarðar getur haft á lífhvolfið. Rannsóknir skulu gerðar til að ákvarða staðbundinn, náttúrlegan bakgrunnsstyrk efna sem máli skipta.

#### 1.2.6. *Mat á rekstrarstigi.*

Greiningar meðan á rekstri stendur skulu sýna fram á eftirfarandi:

1. stöðugleika holrúmma skv. lið 1.2.2;
2. að engin óviðunandi hættu sé á að úrgangurinn komist í snertingu við lífhvolfið;
3. að ekki liggi fyrir nein óviðunandi hættu sem geti haft áhrif á rekstur stöðvarinnar.

Þegar sýnt er fram á öryggi í rekstri skal vinna kerfisbundna greiningu á rekstri stöðvarinnar á grundvelli sérstakra gagna um úrgangsskrána, stjórn stöðvarinnar og rekstraráætlun hennar. Sýna skal fram á að úrgangurinn gangi hvorki efna- né eðlisfræðilega í samband við berggrunninn þannig að það skerði styrk hans eða þéttleika eða hafi hættu í för með sér fyrir geymsluna sjálfa. Auk úrgangs sem er bannaður skv. 8. gr. reglugerðar þessarar telst á úrgangur ekki tækur sem hætt er við að kvikni í við ríkjandi geymsluskilyrði (hiti, raki), einnig rokgjarnar afurðir, eldfimur úrgangur og úrgangur sem safnað er saman og í eru óþekktar blöndur.

Staðfesta skal sérstök atvik sem gætu leitt til þess að úrgangurinn komist í snertingu við lífhvolfið meðan á rekstri stendur. Hinir ýmsu áhættuþættir, sem geta tengst rekstrinum, skulu teknir saman og skipt í sérstaka flokka. Meta skal hugsanleg áhrif þeirra. Sýna skal fram á að ekki sé óviðunandi hættu á að urðaði úrgangurinn komist í snertingu við lífhvolfið. Ráðstafanir, sem grípa skal til í neyðartilvikum, skulu liggja fyrir.

#### 1.2.7. *Mat á langtímaáhrifum.*

Áhættumatið skal taka til langs tíma svo að náð verði þeim markmiðum að urðunin verði sjálfbær. Tryggja skal að engin hættu sé á að snerting verði við lífhvolfið við langtíma-geymslu neðanjarðar eftir að rekstri hefur verið hætt.

Tálmar neðanjarðargeymslunnar (t.d. eiginleikar úrgangsins, mannvirki, endurfylling og þétting ganga og borholna), eiginleikar berggrunnsins, nálægri jarðlaga og jarðvegsþekju skulu metin á magnbundinn hátt til langs tíma litið og út frá staðarsértækum gögnum eða nægilega varfærnislegum ályktunum. Taka skal tillit til jarðefnafræðilegra og vatnajarðfræðilegra skilyrða, svo sem rennslis grunnvatns (sjá liði 1.2.3 og 1.2.4), virkni tálmans, náttúrlegrar deyfingar, svo og til útskolunar úr urðaða úrganginum.

Sýna skal fram á langtímaöryggi neðanjarðargeymslunnar með mati á öryggi sem felur í sér lýsingu á upphafsástandi á tilteknum tíma (t.d. við lokunartíma) ásamt mynd af þeim mikilvægu breytingum sem búist er við að eigi sér stað á jarðsögulega löngum tíma. Að lokum skal meta afleiðingar sem hljótast af losun efna, sem skipta máli, úr neðanjarðargeymslunni og hafa þá í huga mynd af mismunandi aðstæðum sem endurspeglar hugsanlega langtímaþróun lífhvolfsins, landhvelsins og neðanjarðargeymslunnar.

Ekki skal taka tillit til iláta og klæðningar á veggjum holrúma við mat á langtímahættu af völdum urðunarstaða þar eð líftími þeirra er svo takmarkaður.

#### 1.2.8. *Mat á áhrifum frá móttökuaðstöðu á yfirborði.*

Þótt ætlunin sé að úrganginum, sem tekið er á móti á staðnum, verði komið fyrir neðanjarðar verður hann affermdur, prófaður og hugsanlega geymdur á yfirborðinu áður en honum verður komið fyrir á endanlegum stað. Aðstaðan fyrir móttöku verður að vera hönnuð og rekin þannig að ekki hljóti af skaði fyrir lýðheilsu og umhverfi staðarins. Hún verður að uppfylla sömu kröfur og aðstaða fyrir móttöku alls annars úrgangs.

### 1.2.9. *Mat á áhættu af öðrum toga.*

Af ástæðum, sem varða vernd starfsmanna, skal eingöngu koma úrgangi fyrir í neðanjarðargeymslu sem er í öruggri fjarlægð frá námurekstri. Ekki skal taka á móti úrgangi ef í honum er eða í honum geta myndast hættuleg efni eða annað sem getur skaðað lýðheilsu, t.d. sýklar sem valda smitsjúkdómum.

## 2. MÓTTÖKUVIÐMIÐANIR Í TENGLUM VIÐ GEYMSLU NEÐANJARÐAR: ALLAR GERÐIR.

### 2.1. **Ótækur úrgangur.**

Samkvæmt liðum 1.2.2 til 1.2.8 má ekki urða í neðanjarðargeymslu úrgangur sem getur tekið óæskilegum, eðlis-, efna- eða líffræðilegum breytingum eftir að urðun hefur átt sér stað. Um er að ræða eftirfarandi úrgangur:

- a) úrgangur sem er tilgreindur í 8. gr. reglugerðar þessarar;
- b) úrgangur ásamt ílátum sem gætu hvarfast við vatn eða berggrunninn við þau skilyrði sem ríkja í geymslunni og valdið:
  - breytingu á rúmmáli,
  - því að sjálfkviknandi, eitruð eða sprengifim efni eða lofttegundir myndast eða fram fara efnahvörf af öðrum toga sem gætu sett í hættu rekstraröryggið og/eða skaðað traustleika tálmans.

Mismunandi tegundir úrgangs, sem gætu hvarfast hver við aðra, skulu skilgreindar og flokkaðar eftir samrýmanleika. Úrgangur úr mismunandi samrýmisflokkum skal vera aðskilinn þannig að blöndun geti ekki orðið milli mismunandi tegunda úrgangs í geymslunni;

- c) úrgangur sem er niðurbrotanlegur;
- d) úrgangur sem af er sterk og kæfandi lykt;
- e) úrgangur sem í getur myndast blanda gass og lofts sem er eitruð eða sprengifim. Einkum er vísað til úrgangs sem:
  - í myndast gas sem er eitruð vegna nægilegs styrks ýmissa efnispátta,
  - myndar efni í styrk sem, þegar þau eru settu í íláti, er yfir 10% þess styrks sem svarar til lægri sprengimarku;
- f) úrgangur sem er ekki nægilega stöðugur m.t.t. jarðaflfræðilegra aðstæðna;
- g) úrgangur, sem getur kviknað í af sjálfu sér við þau skilyrði sem ríkja, loftkenndar afurðir, rokgjarnan úrgangur og úrgangur sem safnað er saman og í eru óþekktar blöndur;
- h) úrgangur sem í eru sýklar sem valda smitsjúkdómum eða úrgangur sem sýklar af því tagi geta borist frá (þegar tilgreint í 8. gr. reglugerðar þessarar).

### 2.2. **Skrá yfir úrgangur sem er tækur til geymslu neðanjarðar.**

Óvirkur úrgangur, spilliefni og almennur úrgangur, sem er ekki útilokaður með ákvæðum liða 2.1 og 2.2, telst tækur til geymslu neðanjarðar.

### 2.3. **Staðarsértækt áhættumat.**

Móttaka úrgangs á tilteknum stað skal vera háð því að staðarsértækt áhættumat hafi farið fram.

Staðarsértæka matið, sem lýst er í lið 1.2 fyrir úrgangur sem taka skal á móti til geymslu neðanjarðar, skal sýna fram á að unnt sé að einangra úrganginn nægilega vel frá lífhvolfinu. Viðmiðanirnar skulu uppfylltar við þau skilyrði sem ríkja við geymsluna.

### 2.4. **Móttökuskilyrði.**

Úrgangur skal eingöngu koma fyrir í neðanjarðargeymslu sem er í öruggri fjarlægð frá námurekstri.



Mismunandi tegundir úrgangs, sem gætu hvarfast hver við aðra, skulu skilgreindar og flokkaðar eftir samrýmanleika. Úrgangur úr mismunandi samrýmisflokkum skal vera aðskilinn þannig að blöndun geti ekki orðið milli mismunandi tegunda úrgangs í geymslunni.

### 3. ÖNNUR UMHUGSUNAREFNI: SALTNÁMUR.

#### 3.1. Mikilvægi jarðfræðilega tálmans.

Þegar fjallað er um öryggi saltnáma er ljóst að berggrunnurinn, sem umlykur úrganginn, gegnir tvíþættu hlutverki:

- hann myndar bergumgjörðina sem umlykur úrganginn;
- ásamt þéttum jarðlögum undir og yfir (t.d. anhydriti) verkar hann sem jarðfræðilegur tálmi sem er ætlað að varna því að grunnvatn renni inn í urðunarstaðinn og, þar sem svo háttar til, kemur í veg fyrir að vökvar og lofttegundir sleppi af urðunarsvæðinu. Ef göt eru sett á þennan jarðfræðilega tálma, t.d. göng eða borholur, verður að þetta þau meðan á rekstri stendur til að tryggja að vatn sæki ekki inn á urðunarstaðinn og gera þau loftþétt eftir að urðun neðanjarðar hefur verið hætt. Ef vinnsla steinefna varir lengur en urðunarstarfsemin verður að loka urðunarsvæðinu, þegar rekstri urðunarstaðarins hefur verið hætt, með vatnspéttri stíflu sem er gerð samkvæmt reiknuðum vökvaprýstingi á viðkomandi dýpi þannig að vatnið, sem hripar inn í námuna, sem enn er í rekstri, geti ekki borist yfir á urðunarsvæðið.
- í saltnámu er saltið talið tryggja fullkomna innilokun. Úrgangurinn kemst eingöngu í snertingu við lífhvolfið ef óhapp verður eða við jarðsögulegan atburð, svo sem hreyfingu jarðlaga eða rof (t.d. í tengslum við hækkingu sjávarstöðu). Ólíklegt er að úrgangurinn taki breytingum í geymslunni en íhuga verður hvaða afleiðingar slíkir atburðir gætu haft.

#### 3.2. Mat á langtímaáhrifum.

Þegar sýnt er fram á langtímaöryggi urðunar neðanjarðar í saltlögum skal fyrst og fremst ganga út frá því að lögin séu tálmi. Saltlög uppfylla settar kröfur vegna þess að hvorki lofttegundir né vökvar smjúga gegnum þau, lögin umlykja úrganginn vegna samleitinna eiginleika sinna og þau loka hann algerlega inni þegar umbreytingarferlinu lýkur.

Samleitnir eiginleikar saltlaganna stangast því ekki á við kröfuna um að á rekstrarstiginu skuli holrúmin vera stöðug. Stöðugleikinn er mikilvægur eiginleiki sem tryggir öryggi í rekstri og stuðlar að því að viðhalda heilleika jarðfræðilega tálmans í bráð og lengd og því nýtur lífhvolfið áframhaldandi verndar. Úrgangurinn skal vera einangraður frá lífhvolfinu um alla framtíð. Landsig jarðvegsþekjunnar, sem eftirlit er haft með, eða annað sem fer úrskaiðis til langs tíma litið er því aðeins ásættanlegt að unnt sé að sýna fram á að umbreytingin verði ekki til þess að sprungur opnast, að sýnt sé að heilleiki tálmans viðhaldist og að engar leiðir opnast sem geti orðið til þess að vatn komist í snertingu við úrganginn eða að úrgangurinn eða efnisþættir hans geti borist út í lífhvolfið.

### 4. ÖNNUR UMHUGSUNAREFNI: BERGGRUNNUR.

Geymsla djúpt í berggrunninum er skilgreind sem neðanjarðargeymsla á nokkurra hundraða metra dýpi, þar sem berggrunnurinn er ýmiss konar storkuberg, t.d. granít eða gneis, en hann getur einnig verið setberg, t.d. kalksteinn eða sandsteinn.

#### 4.1. Meginreglur um öryggi.

Geymsla djúpt í berggrunninum er heppileg aðferð því að með henni má komast hjá því að síðari kynslóðum verði íþyngt með ábyrgð á úrganginum þar eð unnt er að gera slíkar

geymslur þannig úr garði að þær hafi engin áhrif og þarfnist einskis viðhalds. Gerð mannvirkisins ætti ekki heldur að koma í veg fyrir að unnt verði að endurvinnna úrganginn eða að í framtíðinni megi koma við aðgerðum til úrbóta. Geymslustaðurinn skal einnig vera þannig úr garði gerður að tryggt sé að neikvæð umhverfisáhrif eða afleiðingar af starfsemi núverandi kynslóðar bitni ekki á síðari kynslóðum.

Í meginreglunum um förgun úrgangs neðanjarðar varðar mestu að einangra úrganginn frá lífhvolfinu, svo og að hvers kyns mengunarefni, sem kunna að leka úr úrganginum, verði óskaðleg fyrir tilstilli náttúrulegra ferla. Að því er varðar tiltekna tegundir hættulegra efna og spilliefna hefur verið sýnt fram á nauðsyn þess að vernda samfélagið og umhverfið gegn viðvarandi váhrifum til langframa. Til langframa merkir í þessu samhengi nokkur þúsund ár. Þannig vernd fæst með því að koma geymslunni fyrir djúpt í berggrunninum. Geymsla fyrir úrgang djúpt í berggrunni getur hvort sem er verið í gamalli námu þar sem rekstri hefur verið hætt eða í nýrri geymsluaðstöðu.

Þegar geymslan er í berggrunninum getur innilokunin aldrei verið alger. Þegar svo háttar til verður neðanjarðargeymslan að vera þannig gerð að þau jarðlög sem næst liggja mildi svo áhrif mengunarefnanna að þau hafi engin óafturhverf, neikvæð áhrif í för með sér fyrir umhverfið. Þetta merkir að hæfileiki nálægs umhverfis til þess að milda áhrif mengunarefna og/eða brjóta þau niður skeri úr um það hvort losun frá geymsluaðstöðu af þessu tagi teljist viðunandi.

Gas getur myndast í geymslum djúpt í berggrunninum við langvarandi niðurbrot úrgangs, umbúða eða manngerðra hluta geymslunnar. Það skal haft í huga við hönnun geymslustaða djúpt í berggrunninum.

## Viðbætur B

### Yfirlit yfir urðunarkosti samkvæmt reglugerð þessari.

#### Inngangur.

Á 1. mynd er yfirlit yfir kosti sem standa til boða við urðun úrgangs samkvæmt reglugerð þessari, ásamt nokkrum dæmum um undirflokk helstu flokka urðunarstaða. Upphafspunkturinn (efst til vinstri) er við úrgang sem kemur til urðunar. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar er einhvers konar vinnsla nauðsynleg fyrir flestar tegundir úrgangs áður en kemur til urðunar. Gengið er út frá því að úrgangurinn falli ekki undir neinn þeirra flokka sem tilgreindir eru í 8. gr. reglugerðar þessarar.

#### Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang.

Fyrsta spurningin sem spyrja þarf er hvort úrgangurinn flokkist sem spilliefni eða ekki. Teljist hann ekki spilliefni (samkvæmt reglugerð um spilliefni og reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang) verður næsta spurning hvort úrgangurinn sé óvirkur eða ekki. Ef hann uppfyllir viðmiðanir um úrgang sem á að urða á stað fyrir óvirkan úrgang (flokkur A, sjá 1. mynd og töflu 1) má koma úrganginum fyrir á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang.

Annar kostur er að koma óvirkum úrgangi fyrir á urðunarstað fyrir almennan úrgang, enda uppfylli hann viðeigandi viðmiðanir (sem hann á að öllu jöfnu að gera).

#### Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang, þ.m.t. undirflokkar.

Ef úrgangurinn er hvorki spilliefni né óvirkur hlýtur hann að vera almennur og ætti því að fara á urðunarstað fyrir almennan úrgang. Þrjú helstu undirflokkar urðunarstaða fyrir almennan úrgang eru sýndir á 1. mynd: urðunarstaðir fyrir ólífrænan úrgang með litlu af lífrænu/lífniðurbrotjótanlegu efni (B1), urðunarstaðir fyrir lífrænan úrgang (B2) og urðunarstaðir

fyrir blandaðan, almennan úrgang með talsverðu af bæði lífrænum/lífbrjótanlegum efnum og ólífrænum efnum. Stöðum í flokki B1 má skipta enn frekar niður í staði fyrir úrgang sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem eru tilgreindar í lið 2.2.2 fyrir ólífrænan, almennan úrgang sem má urða með stöðugum, óhvarfgjörnum, spilliefnum (B1a) og staði fyrir úrgang sem uppfyllir ekki þessar viðmiðanir (B1b). Stöðum í flokki B2 má t.d. skipta enn frekar niður í urðunarstaði fyrir lífhvarfa og urðunarstaði fyrir óhvarfgjarnari, lífrænt meðhöndlaðan úrgang.

### **Urðun stöðugra, óhvarfgjarna, spilliefna á urðunarstöðum fyrir almennan úrgang.**

Ef úrgangurinn er spilliefni (samkvæmt reglugerð um spilliefni og reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang) er hugsanlegt að vinnsla hans hafi orðið til þess að úrgangurinn uppfylli móttökuvíðmiðanirnar fyrir stöðugan, óhvarfgjarnan úrgang á urðunarstöðum fyrir almennan úrgang í reinum fyrir ólífrænan úrgang sem í er lítið af lífrænu efni sem uppfyllir viðmiðanirnar í lið 2.2.2 (flokkur B1b). Úrgangurinn má vera kornaður (og skal vera efnafræðilega stöðugur) eða gerður að föstu efni/innsteyptur.

### **Urðunarstaðir fyrir spilliefni.**

Ef spilliefni uppfyllir ekki móttökuvíðmiðanirnar fyrir urðunarstaði í flokki B1b eða í rein fyrir almennan úrgang skal næst spyrja hvort hann uppfylli móttökuvíðmiðanir fyrir urðunarstaði fyrir spilliefni (flokkur C). Að uppfylltum þeim viðmiðunum telst úrgangurinn tækur á urðunarstöðum fyrir spilliefni.


Ef móttökuvíðmiðanir eru ekki uppfylltar fyrir urðunarstaði fyrir spilliefni getur úrgangurinn þurft að gangast undir vinnslu og síðan þarf að prófa hann gagnvart viðmiðununum, allt þar til þær eru uppfylltar.

### **Geymsla neðanjarðar.**

Annar kostur er að prófa úrganginn m.t.t. viðmiðana fyrir geymslu neðanjarðar. Ef viðmiðanirnar eru uppfylltar má flytja úrganginn í aðstöðu þar sem spilliefni eru geymd neðanjarðar (flokkur D<sub>HAZ</sub>). Ef viðmiðanir fyrir geymslu neðanjarðar eru ekki uppfylltar getur úrgangurinn þurft að gangast undir frekari vinnslu og síðan skal prófa hann á ný.

Þótt geymsla neðanjarðar sé að líkindum einkum hugsuð fyrir tiltekin spilliefni má í meginatriðum einnig nota urðunarstaði í þessum flokki fyrir óvirkan úrgang (flokkur D<sub>INERT</sub>) og almennan úrgang (flokkur D<sub>NON-HAZ</sub>).

*1. mynd*  
*Skýringarmynd sem sýnir yfirlit yfir kosti við urðun*  
*úrgangs samkvæmt reglugerð þessari*



(\*) Í meginatriðum er óvirkur og almennur úrgangur einnig tækur til geymslu neðanjarðar.

Tafla 1

Yfirlit yfir flokka urðunarstaða og dæmi um undirflokka			
Flokkur urðunarstaða	Helstu undirflokkar (neðanjarðargeymslur, urðunarstaðir fyrir eina tegund úrgangs og staðir fyrir klumpaðan úrgang (*) sem er tækur fyrir alla flokka urðunarstaða)	ID	Móttökuviðmiðanirnar
Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang	Urðunarstaðir sem taka á móti óvirkum úrgangi	A	Sjá 2.1.2 varðandi útskolunarmörk og TOC
Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang	Urðunarstaðir fyrir ólífrænan, almennan úrgang sem inniheldur lítið af lífrænu efni þegar úrgangurinn uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem settar eru í lið 2.2.2 fyrir þann ólífræna, heimilis- og rekstrarúrgang sem heimilt er að urða með stöðugum, óhvarfgjörnum, spilliefnum	B1a	
	Urðunarstaðir fyrir ólífrænan almennan úrgang sem inniheldur lítið af lífrænu efni	B1b	Sjá 2.2 varðandi útskolunarmörk og TOC
	Urðunarstaðir fyrir lífrænan, heimilis- og rekstrarúrgang	B2	
	Urðunarstaðir fyrir blandaðan, almennan úrgang sem inniheldur talsvert af bæði lífrænu og ólífrænu efni	B3	
Urðunarstaðir fyrir spilliefni	Urðunarstaðir fyrir spilliefni (ekki neðanjarðar)	C	Sjá 2.4.2
	Neðanjarðargeymslur	D <sub>HAZ</sub>	Sjá viðbæti A

(\*) Klumpaður úrgangur telst eingöngu tækur á urðunarstöðum í undirflokkum B1, C og D<sub>HAZ</sub>, og hugsanlega A.

### III. VIÐAUKI

#### Aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstrartíma urðunarstaðar og eftir lokun hans.

##### 1. Inngangur.

Þessi viðauki gerir grein fyrir lágmarkseftirlitsaðferðum til að sannreyna:

- hvort úrgangur, sem tekið hefur verið á móti til förgunar, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fyrir hvern flokk urðunarstaða,
- hvort öll ferli á urðunarstaðnum verki eins og æskilegt er,
- hvort þau kerfi, sem ætlað er að vernda umhverfið, starfi að öllu leyti eins og til er ætlast,
- hvort skilyrðum starfsleyfisins fyrir urðunarstaðinn er fylgt.

##### 2. Veðurfræðileg gögn.

Eftirfarandi veðurfræðilegra gagna skal afla við vöktun á urðunarstaðnum eða frá næstu veðurathugunarstöð á rekstartíma samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi og eftir lokun urðunarstaðarins, eins lengi og Umhverfisstofnun ákveður í ákvörðun sinni um lokun.

	Á rekstrartíma	Eftir lokun
1.1 Magn úrkomu	Daglega	Daglega og mánaðarúrkoma
1.2 Hitastig (lágmark, hámark, kl. 14.00 að Mið-Evróputíma)	Daglega	Meðalhiti mánaðar
1.3 Stefna og styrkur ríkjandi vindáttar	Daglega	Ekki krafist
1.4 Uppgufun (hrip- og útskolunarmælir) <sup>(1)</sup>	Daglega	Daglega og mánaðaruppgufun
1.5 Loftraki (kl. 14.00 að Mið-Evróputíma)	Daglega	Meðalraki mánaðar

<sup>(1)</sup> Eða með annarri nothæftri aðferð.

### 3. Gögn um losun: vatn, sigvatn og söfnun hauggass.

Sýnataka og mælingar (rúmmál og samsetning) á sigvatni skulu gerðar sérstaklega fyrir hvern stað þar sem sigvatni er veitt frá staðnum. Tilvísun: Almennar viðmiðunarreglur um sýnatökutækni, ISO-staðall nr. 5667-2 (1991).

Eftirlit með yfirborðsvatni skal fara fram á ekki færri stöðum en tveimur, annars vegar á stað þar sem vatnið streymir að urðunarstaðnum og hins vegar þar sem það streymir frá honum.

Eftirlit með hauggasi skal gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins. Tíðni sýnatöku og greininga er tilgreind í eftirfarandi töflu. Vegna eftirlits ber að taka sýni af sigvatni og vatni á stað þar sem meðalsamsetningin er dæmigerð.

Aðlaga má tíðni sýnatökunnar eftir því hvernig úrganginum er komið fyrir á urðunarstaðnum (haugur, grafinn o.s.frv.). Þetta verður að koma fram í starfsleyfinu.

	Á rekstrartíma	Eftir lokun <sup>(1)</sup>
2.1 Magn sigvatns	Mánaðarlega <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup>	Á sex mánaða fresti
2.2 Samsetning sigvatns <sup>(2)</sup>	Ársfjórðungslega <sup>(2)</sup>	Á sex mánaða fresti
2.3 Magn og samsetning yfirborðsvatns <sup>(2)</sup>	Ársfjórðungslega <sup>(2)</sup>	Á sex mánaða fresti
2.1 Möguleg losun lofttegunda og loftþrýstingur <sup>(4)</sup> (CH <sub>4</sub> , CO <sub>2</sub> , O <sub>2</sub> , H <sub>2</sub> S, H <sub>2</sub> o.s.frv.)	Mánaðarlega <sup>(2)</sup> <sup>(5)</sup>	Á sex mánaða fresti <sup>(6)</sup>

<sup>(1)</sup> Haga má tíðni sýnatökunnar eftir því hvernig úrganginum er komið fyrir á urðunarstaðnum (haugur, grafinn o.s.frv.) Þetta verður að koma fram í starfsleyfinu.

<sup>(2)</sup> Færíbreyturnar sem mæla skal og þau efni sem ber að greina eru mismunandi eftir samsetningu þess úrgangs sem urðaður er; tilgreina skal færíbreyturnar í starfsleyfinu og að þær eiga að endurspeglar útskolunareiginleika úrgangsins.

<sup>(3)</sup> Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálta eftirlit gefi jafn góða raun er heimilt að breyta tilhöguninni. Að því er sigvatnið varðar skal í öllum tilvikum mæla leiðni þess einu sinni á ári hið minnsta.

<sup>(4)</sup> Þessar mælingar tengjast einkum innihaldi lífræns efnis í úrganginum.

<sup>(5)</sup> CH<sub>4</sub>, CO<sub>2</sub>, O<sub>2</sub>, reglulega; aðrar lofttegundir eftir þörfum, í samræmi við samsetningu urðaða úrgangsins, svo að útskolunareiginleikar hans verði ljósir.

<sup>(6)</sup> Fylgjast verður reglulega með virkni gassöfnunarkerfisins.

<sup>(7)</sup> Umhverfisstofnun getur ákveðið að vegna einkenna urðunarstaðarins séu þessar mælingar óþarfar.

Liðir 2.1 og 2.2 gilda eingöngu þar sem sigvatni er safnað (sjá 2. lið I. viðauka).

### 4. Verndun grunnvatns.

#### A. Sýnataka.

Mælingarnar skulu veita upplýsingar um það grunnvatn sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna losunar úrgangsins og skal að minnsta kosti einn mælipunktur vera á

aðstreymissvæði grunnvatnsins og tveir á frástreymissvæði þess. Bæta má við mælipunktum á grundvelli sérstakrar vatnajarðfræðilegrar rannsóknar og ef það er nauðsynlegt til þess að greina snemma ef sigvatn berst út í grunnvatnið fyrir slysi.

Taka ber sýni að minnsta kosti á þremur stöðum áður en urðun hefst svo að viðmiðun-argildi séu handbær vegna sýnatöku síðar. Tilvísun: sýnataka úr grunnvatni, ISO-staðall nr. 5667, 11. hluti (1993).

#### B. Vöktun.

Þær færíbreytur, sem greina skal í sýnum, skulu ákvarðaðar út frá þeirri efnasamsetningu sem búist er við að sigvatnið hafi og gæðum grunnvatnsins á svæðinu. Við val á færíbreytum vegna greininga skal taka tillit til hreyfinga á grunnvatnssvæðinu. Færíbreytur geta einnig verið vísifæríbreytur svo að tryggt sé að breytingar á vatnsgæðum uppgötvist snemma. Æskilegar færíbreytur: súrustig, heildarmagn lífræns kolefnis, fenól, þungmálmar, flúoríð, arsen, olfa/vetniskolefni.

	Á rekstrartíma	Í kjölfar lokunar <sup>(3)</sup>
Staða grunnvatns	Á sex mánaða fresti <sup>(1)</sup>	Á sex mánaða fresti <sup>(1)</sup>
Efnasamsetning grunnvatns	Staðarsértæk tíðni <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>	Staðarsértæk tíðni <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>

<sup>(1)</sup> Auka verður tíðnina ef grunnvatnsstaðan er breytileg.

<sup>(2)</sup> Tíðnin verður að grundvallast á því að á milli þess sem sýni eru tekin verði unnt að grípa til aðgerða til úrbóta ef viðbragðapröskuldi er náð, tíðnina verður með öðrum orðum að ákvarða á grundvelli þekkingar og mats á rennslis hraða grunnvatnsins.

<sup>(3)</sup> Þegar viðbragðapröskuldi er náð (sjá C-lið) er nauðsynlegt að sannprófa hann með því að taka sýni á ný. Ef þröskuldsgildin eru staðfest verður að fylgja neyðaráætlun (sem mælt er fyrir um í starfsleyfinu).

#### C. Viðbragðspröskuldur.

Um verulegan umhverfisskaða, sem um getur í 21. og 24. gr. þessarar reglugerðar, á grunnvatni er að ræða þegar greining á grunnvatnssýnum leiðir í ljós umtalsverða breytingu á gæðum vatnsins. Ákvarða ber viðbragðapröskuld með hliðsjón af sértækum vatnajarðfræðilegum myndunum á urðunarstaðnum og gæðum grunnvatnsins. Ætíð skal tilgreina viðbragðapröskuldinn í starfsleyfinu ef því verður við komið.

Niðurstöður mælinganna skal meta með hjálp gátlista og fastsettum eftirlitsreglum fyrir hverja borholu sem er undanstreymis. Umfang eftirlits skal ákvarðað út frá staðbundnum breytileika á gæðum grunnvatnsins.

#### 5. Svæðislýsing staðarins: gögn um urðaða úrganginn.

	Á rekstrartíma	Eftir lokun
5.1. Gerð og samsetning urðaða úrgangsins <sup>(1)</sup>	Árlega	
5.2. Breyting á umfangi (sig) urðaða úrgangsins	Árlega	Árleg mæling

<sup>(1)</sup> Gögn um stöðuna á viðkomandi urðunarstað: svæði undir úrgangi, magn og samsetning úrgangs, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.

# REGLUGERÐ

## um brennslu úrgangs.

### I. KAFLI

#### Markmið, gildissvið o.fl.

##### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða takmarka eftir því sem kostur er neikvæð áhrif á umhverfið vegna losunar út í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn við brennslu eða sambrennslu úrgangs.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um brennslu- og sambrennslustöðvar.

Eftirfarandi stöðvar falla ekki undir gildissvið reglugerðar þessarar:

- a) Stöðvar sem einungis meðhöndla eftirfarandi úrgang:
- i) jurtaleyfar frá landbúnaði og skógrækt,
  - ii) jurtaleyfar frá matvælavinnslu ef varmaorkan, sem losnar við brennsluna, er nýtt,
  - iii) trefjaríkar jurtaleyfar frá framleiðslu á deigi úr nýjum trefjum og frá framleiðslu á pappír úr pappírsdeigi ef úrgangurinn er sambrenndur á framleiðslustað og varmaorkan, sem losnar, er nýtt,
  - iv) viðarúrgang, að undanskildum viðarúrgangi sem kann að innihalda halógeneruð, lífræn efnasambönd eða þungmálma af völdum meðhöndlunar með viðarvarnar-efnum eða frá efnunum til yfirborðsmeðhöndlunar og sem inniheldur einkum viðarúrgang frá byggingar- og niðurrífsstarfsemi,
  - v) korkúrgang,
  - vi) geislavirkan úrgang, skilgreindan samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins,
  - vii) dýrahæ,
  - viii) úrgang sem fellur til við leit að og nýtingu olú- og gasauðlinda frá mannvirkjum á hafi úti og brennslu þeirra þar.
- b) Tilraunastöðvar sem notaðar eru til rannsókna, þróunar og prófana í því skyni að bæta brennsluferlið og sem meðhöndla minna en 50 tonn af úrgangi á ári.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Besta fánlega tækni:* framleiðsluáðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluáðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluáðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með *bestu* er átt við virkustu áðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

*Blandaður almennur úrgangur:* heimilis- og rekstrarúrgangur, en að undanskildum flokkuðum úrgangi sem tilgreindur er í úrgangsflokki 20 01 og 20 02 í I. viðauka við reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

*Brennsluleifar:* allt fljótandi eða fast efni (þ.m.t. botnaska og gjall, svifaska og ketilryk, föst myndefni frá hreinsun reyks, skólpeðja frá meðhöndlun úrgangsvatns, notaðir hvatar og notuð, virk kol) skilgreint sem úrgangur í lögum um meðhöndlun úrgangs sem fellur til við



brennslu- eða sambrennsluferlið, meðhöndlun útblásturslofts eða úrgangsvatns eða önnur ferli innan brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar.

*Brennslustöð*: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki. Þar með er talin brennsla úrgangs með oxun, sem og önnur varmatengd meðhöndlun, svo sem hitasundrun, gösun eða plasmameðferð, enda séu efnin, sem myndast við meðhöndlunina, brennd á eftir. Þessi skilgreining tekur til allrar brennslustöðvarinnar og tilheyrandi svæðis, þ.m.t. allra brennslulína, móttöku úrgangs, geymslu, formeðhöndlunaraðstöðu á staðnum, kerfa sem veita úrgangi, eldsneyti og lofti til brennslustöðvarinnar, hitaketils, búnaðar til að meðhöndla útblástursloft, búnaðar á staðnum til að meðhöndla og geyma efnaleifar og úrgangsvatn, reykháfs, tækja og búnaðar til að stjórna brennslunni og sjá um skráningu og vöktun brennsluskilyrða.

*Dioxín og fúrön*: öll fjölkloruð díbensó-p-dioxín og díbensófúrön sem eru tilgreind í I. viðauka.

*Heimilisúrgangur (sorp)*: úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

*Heilbrigðisstofnanir*: stofnanir og starfsaðstaða sem lækna, tannlækna, dýralækna eða aðrir sem hafa sambærileg réttindi til að koma í veg fyrir og greina sjúkdóma í mönnum eða dýrum, gera að sárum og/eða hafa eftirlit með sjúkdómum. Hér er einnig átt við stofnanir og starfsaðstöðu svo sem læknis- og líffræðilegar rannsóknastofur, elliheimili og aðra umönnunarstaði fyrir fólk, fótaaðgerðarstofur og stofur sem stunda húðgatanir og húðflúr.

*Losun*: bein eða óbein losun efna, titrings, hita eða hávaða frá stökum eða dreifðum losunarstöðum í stöðinni út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg.

*Losunarmörk*: eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

*Nafnafköst*: samanlögð afköst brennsluofna stöðvar samkvæmt lýsingu framleiðanda og staðfestingu rekstraraðila, einkum með tilliti til varmagildis úrgangsins sem tilgreint er sem magn úrgangs sem brennt er á klukkustund.

*Rekstraraðili*: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

*Rekstrarúrgangur*: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun annar en heimilisúrgangur.

*Sambrennslustöð*: hvers kyns tæknibúnaður sem hefur þann megintilgang að framleiða orku eða framleiða vörur og sem notar úrgang sem eldsneyti eða sem viðbótareldsneyti eða þar sem úrgangur er varmameðhöndlaður þar sem meginmarkmiðið er að farga honum. Ef megintilgangur sambrennslustöðvarinnar er ekki að framleiða orku eða framleiða vörur heldur varmatengd meðhöndlun úrgangs skal líta á hana sem brennslustöð samanber skilgreiningu. Þessi skilgreining tekur til allrar sambrennslustöðvarinnar og tilheyrandi svæðis, þ.m.t. allra sambrennslulína, móttöku úrgangs, geymslu, aðstöðu til formeðhöndlunar á staðnum, kerfa sem veita úrgangi, eldsneyti og lofti til brennslustöðvarinnar, hitaketils, búnaðar til að meðhöndla útblástursloft, búnaðar á staðnum til að meðhöndla og geyma brennsluleifar og úrgangsvatn, reykháfs, tækja og búnaðar til að stjórna brennslunni og sjá um skráningu og vöktun brennsluskilyrða.

*Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum*: úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem hefur í för með sér meiri sýkingarhættu og hættu á meiðslum en annar úrgangur. Til þessa flokks heyrir: sóttmengaður úrgangur, líkamsleifar, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur, spilliefni, geislavirk efni og frumubreytandi efni sem geta haft stökkbreytingar í för með sér.

*Smitandi*: efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eitrefni þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

*Sóttmengaður úrgangur*: úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem er smitandi samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annar úrgangur sem er smitandi.

*Spilliefni*: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

*Starfandi brennslu- eða sambrennslustöð*: brennslu- eða sambrennslustöð sem hefur starfsleyfi gefið út fyrir 28. desember 2002 og er í rekstri eða hefur rekstur eigi síðar en 28. desember 2003.

*Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

## II. KAFLI

### Umsjón.

4. gr.

*Umsjón.*

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum um meðferð úrgangs í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

## III. KAFLI

### Starfsleyfi.

5. gr.

*Starfsleyfisskylda.*

Rekstur sorpbrennslu- og sambrennslustöðva er starfsleyfisskyldur atvinnurekstur. Starfsleyfi getur tekið til einnar stöðvar eða fleiri, í heild eða að hluta, sem eru staðsettar á sama stað og sami aðili rekur.

Atvinnurekstur sem brennir eigin úrgangi skal hafa heimild til þess í starfsleyfi og uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

6. gr.

*Umsókn um starfsleyfi.*

Sækja skal um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Með umsókn um starfsleyfi skal fylgja lýsing á þeim ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru til að tryggja að:

- a) stöðin sé hönnuð, útbúin og verði starfrækt með þeim hætti að kröfurnar í þessari reglugerð verði uppfylltar með tilliti til þeirra flokka úrgangs sem á að brenna;
- b) varmaorkan, sem myndast við brennslu- og sambrennsluferlið, sé endurheimt eftir því sem við verður komið, t.d. til varma- og raforkuvinnslu, gufuframleiðslu eða fjarhitunar;
- c) dregið verði úr magni og skaðsemi brennsluleifa og þær endurunnar eftir því sem við á;
- d) förgun brennsluleifa, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir, draga úr eða endurvinna, skuli fara fram í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir byggðar á þeim.

## 7. gr.

*Útgáfa starfsleyfis.*

Einungis skal veita starfsleyfi ef sýnt er fram á í umsókninni að fyrirhugaðar mæliaðferðir fyrir losun út í andrúmsloftið séu í samræmi við III. viðauka og í samræmi við 1. og 2. lið III. viðauka að því er varðar vatn.

## 8. gr.

*Skilyrði starfsleyfis.*

Í starfsleyfinu skulu vera ákvæði:

- a) sem tryggja að viðeigandi samþættar mengunarvarnir séu viðhafðar og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma,
- b) sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra,
- c) sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og viðeigandi aðgerðir á rekstrarsvæði þegar móttöku-stöð er lokað,
- d) um losunarmörk,
- e) um tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa sem gætu haft í för með sér mengun eða önnur óæskileg áhrif á umhverfið,
- f) um innra eftirlit og eftirlit eftirlitsaðila,
- g) um að stjórnandi stöðvarinnar hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og starfslið hennar hljóti þá fræðslu og þjálfun sem til þarf,
- h) sem tryggja að meðhöndlun úrgangsins samræmist viðeigandi áætlunum og viðmiðum um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem kveðið er á um í lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim,
- i) um skýrslugjöf skv. 41. gr.,
- j) um skrá yfir þá flokka úrgangs sem heimilt er að meðhöndla. Í skránni skal a.m.k. notast við þá flokka úrgangs sem settir eru upp í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, ef mögulegt er, og skal hún innihalda upplýsingar um magn úrgangs eftir því sem við á,
- k) um heildarafkastagetu stöðvarinnar til brennslu- eða sambrennslu úrgangs,
- l) er tilgreini sýnatöku- og mæliaðferðir sem notaðar eru til að uppfylla skuldbindingar sem kveðið er á um varðandi reglulegar mælingar á einstökum mengunarefnum í andrúmslofti og vatni,
- m) um losun á úrgangsvatni sem fellur til við hreinsun á útblásturslofti frá brennslu- eða sambrennslustöð,
- n) losunarmörk fyrir þau mengandi efni, sem um getur í IV. viðauka, í samræmi við 20. gr. og til að uppfylla kröfurnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr.,
- o) færíbreytur fyrir rekstrareftirlit með úrgangsvatni, a.m.k. fyrir sýrustig, hitastig og rennsli,
- p) losunarmörk fyrir fjölhringa arómatísk vetniskolefni og önnur mengunarefni eftir því sem við á,
- q) um önnur þau atriði sem samræmast ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs.

Í starfsleyfinu skal tilgreina heimildir þeirra flokka úrgangs sem hægt er að sambrenna í skilgreindum flokkum sambrennslustöðva.

## 9. gr.

Starfsleyfi þar sem spilliefnum er fargað.

Í starfsleyfi þar sem spilliefnum er fargað skal enn fremur:

- a) vera skrá yfir magn mismunandi flokka spilliefna sem heimilt er að meðhöndla,
- b) tilgreina lágmarks- og hámarksmassaflæði spilliefna, lágmarks- og hámarksvarmagildi og hámarksinnihald mengunarefna, t.d. PCB, PCP, klórs, flúors, brennisteins og þungmálma. Sérkröfur um spilliefni í þessari reglugerð skulu ekki gilda um:
- a) eldfiman, fljótandi úrgang, þ.m.t. olíuúrgang eins og hann er skilgreindur í reglugerð um olíuúrgang að því tilskildu að hann uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:
- massainnihald fjöklóraðra, arómatískra vetniskolefna, t.d. fjöklóraðra bifenylna (PCB) eða fimmklóraðra fenóla (PCP), samsvari styrk sem er ekki meiri en sá sem er ákveðinn í reglugerð um olíuúrgang;
  - þessi úrgangur verði ekki hættulegur við það að innihalda efni sem skráð eru í VII. viðauka við reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang í magni eða styrk sem samræmist ekki markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs; og
  - nettóvarmagildi sé að minnsta kosti 30 MJ/kg,
- b) allan eldfiman, fljótandi úrgang sem ekki veldur meiri losun í andrúmsloft en stafar frá brennslu gasolíu eins og hún er skilgreind í reglugerð um fljótandi eldsneyti.

#### 10. gr.

##### *Endurskoðun starfsleyfis og breytingar á rekstri.*

Skilyrði starfsleyfisins skal endurskoða reglulega samanber ákvæði í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og uppfæra þau ef nauðsyn krefur.

Ef rekstraraðili brennslu- eða sambrennslustöðvar fyrir almennan úrgang fyrirhugar breytingar á rekstrinum sem myndu fela í sér brennslu eða sambrennslu á spilliefnum skal líta á það sem verulega breytingu í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og skal endurskoða starfsleyfið í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.

#### 11. gr.

##### *Ákvæðum starfsleyfis ekki fylgt.*

Sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfinu skal rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að brennslustöðin eða sambrennslustöðin fullnægi kröfum um losunarmörk.

### IV. KAFLI

#### **Afhending og móttaka úrgangs.**

#### 12. gr.

##### *Varúðarráðstafanir við móttöku úrgangs.*

Rekstraraðili brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar skal grípa til allra nauðsynlegra varúðarráðstafana varðandi afhendingu og móttöku úrgangs, eftir því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem við verður komið, neikvæð áhrif á umhverfið, einkum mengun andrúmsloftsins, jarðvegs, yfirborðsvatns og grunnvatns, sem og lykt og hávaða og beina áhættu fyrir heilbrigði manna. Þessar ráðstafanir skulu a.m.k. vera sambærilegar og þær kröfur sem settar eru fram í 13. gr.

Rekstraraðilinn skal ákvarða massann fyrir hvern flokk úrgangs, samkvæmt reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang ef mögulegt er, áður en tekið er við úrgangi í brennslu- eða sambrennslustöð, eins og nánar er kveðið á um í starfsleyfi.

Í starfsleyfi má heimila að veita undanþágur frá 2. mgr. fyrir iðjuver og fyrirtæki sem brenna eða sambrenna einungis eigin úrgangi á staðnum þar sem hann fellur til, að því tilskildu að kröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar.

## 13. gr.

*Móttaka spilliefna.*

Við afhendingu spilliefna, skulu liggja fyrir nauðsynlegar upplýsingar um að þau uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar. Rekstraraðilinn skal yfirfara upplýsingar um úrganginn í því skyni að sannprófa m.a. að farið sé að ákvæði 9. gr. Upplýsingarnar skulu taka til:

- a) upplýsinga um myndunarferlið sem er að finna í skjölunum sem um getur í a-lið 2. mgr.;
- b) eðlisfræðilegrar og, eftir því sem við verður komið, efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins og allra annarra upplýsinga sem þörf er á til að meta hvort hann henti fyrir fyrirhugað brennsluferli;
- c) hættulegra eiginleika úrgangsins, efna sem ekki má blanda honum saman við og varúðarráðstafana sem grípa skal til við meðhöndlun úrgangsins.

Áður en tekið er við spilliefnum í brennslu- eða sambrennslustöðinni skal rekstraraðilinn:

- a) kanna þau skjöl sem krafist er samkvæmt reglugerð um spilliefni og, þar sem við á, þau sem krafist er samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi og gögn er varðað flutning úrgangs innan, til og út af EES-svæðinu,
- b) taka dæmigerð sýni (nema það eigi ekki við, t.d. fyrir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum) eftir því sem við verður komið áður en afferming fer fram, til að sannprófa að hann sé í samræmi við upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. mgr. og til að gera eftirlitsaðila kleift að sannreyna eðli úrgangsins sem er meðhöndlaður. Þessi sýni skulu geymd í a.m.k. einn mánuð eftir að brennsla fer fram.

Í starfsleyfi má heimila að veita undanþágur frá þessari grein fyrir iðjuver og fyrirtæki sem brenna eða sambrenna einungis eigin úrgangi á staðnum þar sem hann fellur til, að því tilskildu að kröfurnar í þessari reglugerðar séu uppfylltar.

## V. KAFLI

**Rekstrarskilyrði.**

## 14. gr.

*Rekstrarskilyrði brennslustöðva.*

Brennslustöðvar skulu starfræktar á þann hátt að bruninn verði þannig að heildarmagn lífræns kolefnis í gjalli og botnösku sé minna en 3% eða að glæðitapið sé minna en 5% af þurrvigt efnisins/úrgangsins. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar úrgangs ef nauðsynlegt er.

Brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við vinnsluna, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850°C í tvær sekúndur hið minnsta, eins og mælt er nálægt innvegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfsins eins og heimilað er af Umhverfisstofnun. Ef brennd eru spilliefni sem innihalda meira en 1% af halógeneruðum, lífrænum efnem, gefið upp sem klór, verður að hækka hitann í 1100°C í a.m.k. tvær sekúndur.

Hver lína brennslustöðvarinnar skal útbúin a.m.k. einum aukabrennara. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirkt þegar hiti brennslulofttegunda frá brennslu eftir síðustu inndælingu brunalofts fellur niður fyrir 850°C eða 1100°C eftir því sem við á. Einnig skal nota hann við ræsingu eða stöðvun vinnslu í stöðinni í því skyni að tryggja að ávallt sé haldið 850°C eða 1100°C hita meðan starfsemi fer fram og meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu.

Við ræsingu eða stöðvun eða þegar hiti brennslulofts fer niður fyrir 850°C eða 1100°C, eftir því sem við á, má ekki láta aukabrennarann ganga fyrir eldsneyti sem hefur í för með sér meiri losun en þá sem verður við brennslu jarðgass, fljótandi gass eða gasolíu eins og hún er skilgreind í reglugerð um fljótandi eldsneyti.

## 15. gr.

*Rekstrarskilyrði sambrennslustöðva.*

Sambrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við sambrennsluna, séu hitaðar á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850°C í tvær sekúndur hið minnsta. Ef sambrennd eru spilliefni sem innihalda meira en 1% af halógeneruðum lífrænum efnum, gefið upp sem klór, verður að hækka hitann í 1100°C.

## 16. gr.

*Sjálfvirk kerfi í brennslu- og sambrennslustöðvum.*

Brennslu- og sambrennslustöðvar skulu vera búnar sjálfvirku kerfi til að koma í veg fyrir að úrgangi sé veitt til varmatengdrar meðhöndlunar:

- a) við ræsingu þar til náðst hefur hiti, sem nemur 850°C eða 1100°C, eftir því sem við á, eða hitinn sem tilgreindur er samkvæmt 17. gr.;
- b) ef ekki tekst að halda hita, sem nemur 850°C eða 1100°C, eftir því sem við á, eða hitanum sem tilgreindur er samkvæmt 17. gr.;
- c) þegar samfelldu mælingarnar, sem krafist er í þessari reglugerð, sýna að farið er yfir losunarmörk vegna truflana eða bilana í hreinsibúnaði.

## 17. gr.

*Frávík rekstrarskilyrða brennslu- og sambrennslustöðva.*

Í starfsleyfi má heimila önnur skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í 14. gr. og, að því er varðar hitastigið, í 16. gr. og tilgreind eru í starfsleyfinu fyrir ákveðna flokka úrgangs eða fyrir ákveðna varmatengda meðhöndlun, enda séu kröfurnar í þessari reglugerð uppfylltar. Breytingin á rekstrarskilyrðunum skal ekki valda meiri brennsluleifum eða brennsluleifum sem innihalda meira af lífrænum mengunarefnum en þær brennsluleifar sem hægt er að búast við samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 14. gr.

Í starfsleyfi má heimila önnur skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í 15. gr. og, að því er varðar hitastigið, í 16. gr. og tilgreind eru í starfsleyfinu fyrir ákveðna flokka úrgangs eða fyrir ákveðna varmatengda meðhöndlun enda séu kröfurnar í þessari reglugerð uppfylltar. Slík heimild skal vera háð því skilyrði að uppfyllt séu a.m.k. ákvæðin fyrir losunarmörkin sem sett eru fram í V. viðauka fyrir heildarmagn lífræns kolefnis og kolmónoxíðs.

Að því er varðar sambrennslu á eigin úrgangi á þeim stað þar sem hann fellur til í barkarkötlum sem eru í notkun í pappírseigs- og pappírsiðnaðinum skal slíkt leyfi vera háð því skilyrði að uppfyllt séu a.m.k. ákvæðin að því er varðar losunarmörk sem sett eru fram í V. viðauka fyrir heildarmagn lífræns kolefnis.

Eftirlitsaðili skal halda yfirlit um öll rekstrarskilyrði, sem ákvörðuð eru samkvæmt þessari grein, og niðurstöður sannprófana sem gerðar eru og eru hluti upplýsinganna sem lagðar eru fram í samræmi við kröfurnar varðandi skýrslugjöf.

## 18. gr.

*Ýmis ákvæði varðandi rekstrarskilyrði.*

Brennslu- og sambrennslustöðvar skulu hannaðar, útbúnar og starfræktar þannig að koma megi í veg fyrir losun í andrúmsloftið sem veldur verulegri loftmengun niðri við jörðu. Þess skal einkum gætt að losun útblásturslofts sé stjórnað um reyk háf en hæð hans er ákvörðuð þannig að heilbrigði manna og verndun umhverfisins séu tryggð og hún sé í samræmi við viðeigandi loftgæðastaðla.

Öll varmaorkan, sem myndast við brennslu- eða sambrennsluferlið, skal endurheimt eftir því sem við verður komið.

Setja skal sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum beint í ofninn án þess að blanda honum áður við aðra flokka úrgangs og án beinnar meðhöndlunar.

## VI. KAFLI

### Losunarmörk, brennsluleifar og eftirlit.

#### 19. gr.

##### *Losunarmörk í andrúmsloft.*

Brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að ekki sé farið yfir losunarmörkin í útblásturslofti sem sett eru í V. viðauka.

Sambrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að ekki sé farið yfir losunarmörkin í útblásturslofti sem ákvörðuð eru í samræmi við eða sett í II. viðauka. Ef meira en 40% af losuðum varma kemur frá brennslu spilliefna í sambrennslustöð skulu losunarmörkin, sem sett eru í V. viðauka, gilda.

Niðurstöður mælinganna, sem eru gerðar til að sannreyna að losunarmörkin séu virt, skulu staðlaðar með tilliti til skilyrðanna sem mælt er fyrir um í VII. kafla.

Ef um er að ræða sambrennslu á blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi sem ekki hefur verið flokkaður og rúmmálsminnkaður skulu losunarmörkin ákvörðuð í samræmi við V. viðauka og ákvæði II. viðauka gilda þá ekki.

#### 20. gr.

##### *Losun úrgangsvatns vegna hreinsunar á útblásturslofti.*

Takmarka skal, eftir því sem við verður komið, losun úrgangsvatns, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts, í vatn, og skal hún vera a.m.k. í samræmi við losunarmörkin sem sett eru í IV. viðauka.

Ef kveðið er sérstaklega á um það í starfsleyfinu má losa úrgangsvatn, sem fellur til við hreinsun á útblásturslofti, í vatn eftir sérstaka meðferð, að því tilskildu að:

- a) kröfur í viðeigandi reglugerðum, og staðbundin ákvæði séu uppfyllt að því er varðar losunarmörk og
- b) massastyrkur mengandi efna, sem um getur í IV. viðauka, fari ekki yfir losunarmörkin sem þar er mælt fyrir um.

#### 21. gr.

##### *Losunarmörk fyrir vatn.*

Losunarmörkin fyrir mengandi efnin í IV. viðauka skulu gilda á þeim stað þar sem úrgangsvatnið sem fellur til við hreinsun útblásturslofts er losað frá brennslu- eða sambrennslustöðinni.

Þar sem úrgangsvatn, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts, er meðhöndlað á svæðinu ásamt öðru úrgangsvatni sem á sér önnur upptök á svæðinu skal rekstraraðilinn gera mælingar sem um getur í VII. kafla:

- a) á úrgangsvatninu þegar það kemur úr hreinsunarferlinu á útblástursloftinu áður en það er leitt inn í sameiginlegu hreinsistöðina fyrir úrgangsvatn;
- b) á öðru úrgangsvatni áður en það er leitt í sameiginlegu hreinsistöðina fyrir úrgangsvatn;
- c) á þeim stað þar sem úrgangsvatnið er að lokum losað frá brennslu- eða sambrennslustöðinni eftir hreinsun.

#### 22. gr.

##### *Massajafnvægisútreikningar.*

Rekstraraðilinn skal gera viðeigandi massajafnvægisútreikninga til þess að ákvarða losunarmagn í endanlega úrgangsvatninu, sem hægt er að rekja til úrgangsvatns frá hreinsun

útblásturslofts, í því skyni að hafa eftirlit með því að losunarmörk, sem sett eru í IV. viðauka fyrir úrgangsvatnið sem streymir frá hreinsunarferli útblástursloftsins, séu virt.

Ekki má undir neinum kringumstæðum þynna úrgangsvatnið til að losunarmörk, sem sett eru í IV. viðauka, séu virt.

### 23. gr.

#### *Hreinsun úrgangsvatns utan brennslustöðvar.*

Ef úrgangsvatn, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts sem inniheldur mengandi efnin sem um getur í IV. viðauka, er hreinsað í hreinsistöð sem er einungis ætluð fyrir þess háttar úrgangsvatn og er utan brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar skulu losunarmörkin í IV. viðauka gilda á þeim stað þar sem úrgangsvatn fer frá hreinsistöðinni. Ef þessi hreinsistöð, sem ekki er á svæði brennslustöðvarinnar, er ekki eingöngu ætluð til að hreinsa úrgangsvatn frá brennslu skal rekstraraðilinn gera viðeigandi massajafnvægisútreikninga, eins og kveðið er á um í a-, b-, og c-lið 2. mgr. 21. gr. og 22. gr., í því skyni að ákvarða losunarmagn í endanlegu úrgangsvatni sem hægt er að rekja til úrgangsvatns frá hreinsun útblásturslofts til að hafa eftirlit með því að losunarmörk, sem sett eru í IV. viðauka fyrir úrgangsvatnið sem streymir frá hreinsunarferli útblástursloftsins, séu virt. Ekki má undir neinum kringumstæðum þynna úrgangsvatnið til að losunarmörkin, sem sett eru í IV. viðauka, séu virt.

### 24. gr.

#### *Geymsluaðstaða fyrir úrgang.*

Svæði brennslu- og sambrennslustöðva ásamt geymslusvæðum fyrir úrgang, sem tengjast þeim, skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir losun, sem er óheimil eða verður fyrir slysi, á hvers kyns mengandi efnum í jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn í samræmi við ákvæðin sem kveðið er á um í viðkomandi reglugerðum. Enn fremur skal sjá fyrir geymsluaðstöðu fyrir mengað afrennsli regnvatns frá svæði brennslu- eða sambrennslustöðva eða mengað vatn sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa.

Þessi geymsluaðstaða skal nægja til að tryggja að hægt sé að prófa og hreinsa slíkt úrgangsvatn áður en það er losað ef þurfa þykir.

### 25. gr.

#### *Brennsluleifar.*

Draga skal úr magni og skaðsemi brennsluleifa sem falla til við starfsemi brennslu- eða sambrennslustöðva. Endurvinna skal brennsluleifar, eftir því sem við á, beint í stöðinni eða fyrir utan hana í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Þurrar brennsluleifar í formi ryks, t.d. ketilryk og þurrar brennsluleifar, sem falla til við hreinsun brennslulofittegunda, skal flytja og geyma til bráðabirgða með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að þær dreifist út í umhverfið, t.d. í lokuðum ílátum.

Áður en ákvarðað er hvernig farga á eða endurvinna brennsluleifar frá brennslu- eða sambrennslustöðvum skal gera viðeigandi prófanir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og hugsanlega mengunarhættu af völdum hinna ýmsu brennsluleifa. Greiningin skal taka til þess heildarhluta sem er uppleysanlegur og heildarhluta uppleysanlegra þungmálma.

### 26. gr.

#### *Eftirlit og vöktun.*

Setja skal upp mælíbúnað og nota aðferðir til að vakta færíbreytur, skilyrði og massastyrk sem skipta máli í brennslu- eða sambrennsluferlinu.



Tiltaka skal mælikröfur í starfsleyfinu, sbr. ákvæði VII. kafla.

Viðeigandi uppsetning og starfsemi sjálfvirks vöktunarbúnaðar fyrir losun í andrúmsloft og í vatn skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun skal fara fram með samhliða mælingum samkvæmt tilvísunaraðferðunum á a.m.k. þriggja ára fresti.

Umhverfisstofnun skal mæla fyrir um staðsetningu sýnatöku- og mælipunktanna.

Reglubundnar mælingar á losun í andrúmsloft og vatn skulu fara fram í samræmi við 1. og 2. lið í III. viðauka.

## VII. KAFLI

### Mælikröfur.

#### 27. gr.

##### *Mælikröfur.*

Eftirfarandi mælingar skal tilgreina í starfsleyfi, nema annað sé tekið fram;

- a) samfelldar mælingar á eftirfarandi efnum: CO, heildarmagni ryks, heildarmagni lífræns kolefnis, HCl, HF og SO<sub>2</sub>;
- b) samfelldar mælingar á eftirtöldum færíbreytum er varða vinnsluna: hitastigi nálægt innvegg brunahólsins eða öðrum dæmigerðum stað í brunahólfinu, eins og Umhverfisstofnun ákveður, styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufuinnihaldi í útblásturslofti;
- c) minnst tvær mælingar á ári á þungmálum og díoxínum og fúrönum. Fyrstu 12 mánuði starfseminnar skal hins vegar mæla á a.m.k. þriggja mánaða fresti. Sannprófa skal með viðeigandi hætti dvalartíma, sem og lágmarkshita og súrefnisinnihald í útblásturslofti, a.m.k. einu sinni þegar brennslu- eða sambrennslustöðin er tekin í notkun og við óhagstæðustu rekstrarskilyrði sem búast má við.

Sleppa má samfelldum mælingum á HF ef HCl er meðhöndlað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir losunarmörkin fyrir HCl. Í því tilviki skal losun HF mæld reglulega eins og mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr.

Samfelldar mælingar á innihaldi vatnsgufu eru ekki nauðsynlegar ef sýni útblásturslofts er þurrkað áður efnagreining á útblásturslofti fer fram.

Í starfsleyfinu má heimila reglubundnar mælingar, eins og mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr., á HCl, HF og SO<sub>2</sub> í stað samfelldra mælinga í brennslu- eða sambrennslustöðvum ef rekstraraðilinn getur sannað að losun þessara mengunarefna geti ekki undir neinum kringumstæðum verið meiri en losunarmörkin sem mælt er fyrir um.

#### 28. gr.

##### *Heimild til lægri tíðni á reglubundnum mælingum.*

Í starfsleyfinu má heimila að dregið sé úr tíðni á reglubundnum mælingum á þungmálum úr tvisvar á ári í einu sinni á tveggja ára fresti og á díoxínum og fúrönum úr tvisvar á ári í einu sinni á ári, að því tilskildu að losun, sem stafar frá sambrennslu eða brennslu, sé minni en 50% af losunarmörkunum sem ákvörðuð eru í samræmi við II. eða V. viðauka.

#### 29. gr.

##### *Skilyrði sem gilda fyrir losunarmörkin.*

Niðurstöður mælinganna, sem eru gerðar til að sannprófa losunarmörkin séu virt, skulu umreiknaðar við eftirfarandi skilyrði og fyrir súrefni samkvæmt formúlunni eins og um getur í VI. viðauka:

- a) hitastig 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni, þurr loft, í útblásturslofti brennslustöðva;
- b) hitastig 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 3% súrefni, þurr loft, í útblásturslofti brennslustöðva fyrir oluúrgang eins og hann er skilgreindur í reglugerð um oluúrgang;

- c) ef úrgangurinn er brenndur eða sambrenndur í súrefnisauðguðu andrúmslofti er hægt að umreikna niðurstöður mælinganna til samræmis við súrefnisinnihald sem Umhverfisstofnun ákveður og endurspeglar hinar sérstöku aðstæður hverju sinni;
- d) að því er sambrennslu varðar skulu niðurstöður mælinganna umreiknaðar til samræmis við heildarsúrefnisinnihaldið sem er reiknað út í II. viðauka.

Ef dregið er úr losun mengunarefna með því að hreinsa útblástursloft í brennslu- eða sambrennslustöð þar sem spilliefni eru meðhöndluð skal því aðeins umreikna niðurstöður, að því er varðar súrefnisinnihald sem kveðið er á um í a-lið, að súrefnisinnihald, sem mælt er á sama tímabili og fyrir mengunarefnið sem í hlut á, fari yfir viðeigandi, staðlað súrefnisinnihald.

### 30. gr.

#### *Mælikröfur.*

Allar mæliniðurstöður skulu skráðar, unnar og settar fram á viðeigandi hátt í því skyni að gera eftirlitsaðilum kleift að sannprófa hvort rekstrarskilyrðin, sem heimiluð eru, og losunarmörkin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu virt.

### 31. gr.

#### *Losunarmörk í andrúmsloft.*

Líta skal svo á losunarmörk í andrúmsloft séu virt ef:

- a) ekkert af daglegu meðalgildunum fer yfir einhver losunarmarkanna sem sett eru í a-lið í V. viðauka eða í II. viðauka; eða, ef við á, 97% af daglegu meðalgildunum yfir árið fara ekki yfir losunarmörkin sem sett eru í fyrsta undirlið e-liðar í V. viðauka;
- b) ekkert af 30 mínútna meðalgildunum fer yfir einhver losunarmarkanna, sem sett eru í A-dálki í b-lið V. viðauka eða, ef við á, 97% af 30 mínútna meðalgildunum yfir árið fara ekki yfir einhver losunarmarkanna sem sett eru í B-dálki í b-lið í V. viðauka;
- c) ekkert af meðalgildunum á sýnatökutímanum, sem ákveðin voru fyrir þungmálma og díoxín og fúrön, fer yfir losunarmörkin sem sett eru í c- og d-lið V. viðauka eða II. viðauka;
- d) ákvæði annars undirliðar e-liðar í V. viðauka eða II. viðauka eru uppfyllt.

### 32. gr.

#### *Meðalgildi.*

Ákvarða skal 30 og 10 mínútna meðalgildi á virkum starfstíma (að undanskildum ræsingar- og stöðvunartíma ef ekki er verið að brenna úrgang) út frá mældum gildum þegar búið er að draga frá gildi öryggisbilsins sem tilgreint er í 3. lið III. viðauka. Dagleg meðalgildi skulu ákvörðuð út frá þessum fullgiltu meðalgildum.

Til að fá gilt, daglegt meðalgildi skal ekki sleppa meira en fimm 30 mínútna meðalgildum á einum degi vegna bilunar eða viðhalds á samfellda mælikerfinu. Ekki skal sleppa fleiri en tíu daglegum meðalgildum á ári vegna bilunar eða viðhalds á samfellda mælikerfinu.

Meðalgildin á sýnatökutímanum og meðalgildin, ef um er að ræða reglulegar mælingar á HF, HCl og SO<sub>2</sub>, skulu ákvörðuð í samræmi við kröfurnar í 2. og 4. mgr. 26. gr. um eftirlit og vöktun og III. viðauka.

### 33. gr.

#### *Mælikröfur vegna losunar á úrgangsvatni.*

Eftirfarandi mælingar skulu fara fram á þeim stað þar sem úrgangsvatn er losað:

- a) samfelldar mælingar á færibreytunum sem um getur í o-lið 8. gr.;

- b) daglegar mælingar á heildarmagni svifagna með punktsýnatöku. Umhverfisstofnun má heimila í starfsleyfi mælingar á sýni sem er dæmigert fyrir hlutfallslegt rennsli á 24 klukkustunda tímabili;
- c) a.m.k. mánaðarlegar mælingar á sýni, sem er dæmigert fyrir hlutfallslegt rennsli á 24 klukkustunda tímabili, vegna losunar mengandi efna sem um getur í 2. mgr. 20. gr. og sem tilgreind eru í 2.-10. lið í IV. viðauka;
- d) mælingar á díoxínnum og fúrönnum á minnst sex mánaða fresti. Hins vegar skal gera minnst eina mælingu á þriggja mánaða fresti fyrstu 12 mánuði starfseminnar. Heimilt er að ákveða mælitímabil ef sett hafa verið losunarmörk fyrir fjölhringa arómátísk vetniskolefni eða önnur mengunarefni.

## 34. gr.

*Vöktun á massa mengunarefna.*

Ef sett hafa verið losunarmörk fyrir massa mengunarefna í hreinsuðu úrgangsvatni í starfsleyfi, skal í starfsleyfi jafnframt tilgreina tíðni mælinga.

## 35. gr.

*Mælikröfur vegna losunarmarka í vatn.*

- Líta skal svo á að losunarmörkin í vatn séu virt ef:
- a) 95 og 100% mældu gildanna fyrir heildarmagn svifagna (mengunarefni nr. 1) fara ekki yfir losunarmörkin sem sett eru fram í IV. viðauka;
  - b) ekki fleiri en ein mæling á ári fer yfir losunarmörkin, að því er varðar þungmálma (mengunarefni nr. 2-10), sem sett eru fram í IV. viðauka ef sýni eru færri en 20, annars skulu ekki fleiri en 5% þessara sýna fara yfir losunarmörkin sem sett eru fram í IV. viðauka;
  - c) mælingarnar, sem fara fram tvisvar á ári á díoxínnum og fúrönnum (mengunarefni nr. 11), fara ekki yfir losunarmörkin sem sett eru fram í IV. viðauka.

## 36. gr.

*Tilkynning ef farið er yfir losunarmörkin.*

Ef mælingarnar sýna að farið hafi verið yfir losunarmörkin í andrúmsloft eða í vatn skal tilkynna það eftirlitsaðila án tafar.

## VIII. KAFLI

**Sérákvæði um starfandi brennslu- og sambrennslustöðvar.**

## 37. gr.

*Sérákvæði um starfandi stöðvar sem brenna minna en 5.000 tonn á ári.*

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. og 28. gr. gilda ekki um starfandi brennslu- og sambrennslustöðvar sem brenna minna en 5.000 tonn á ári. Í þeirra stað komi eftirfarandi þrjár málsgreinar.

Eftirfarandi mælingar skal tilgreina í starfsleyfi, nema annað sé tekið fram:

- a) árlegar mælingar á eftirfarandi efnum: CO, heildarmagni ryks, heildarmagni lífræns kolefnis, HCl, HF og SO<sub>2</sub>;
- b) samfelldar mælingar á eftirtöldum færíbreytum er varða vinnsluna: hitastigi nálægt innvegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum stað í brunahólfinu, eins og Umhverfisstofnun ákveður, styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufuinnihaldi í útblásturslofti;
- c) árlegar mælingar á þungmálmum;
- d) díoxín og fúrön skal mæla a.m.k. einu sinni á tímabilinu 1. janúar 2006 til 1. janúar 2008, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Í starfsleyfinu má heimila að dregið sé úr tíðni á reglubundnum mælingum á þungmálum úr einu sinni á ári í einu sinni á tveggja ára fresti, að því tilskildu að losun, sem stafar frá sambrennslu eða brennslu, sé minni en 50% af losunarmörkunum sem ákvörðuð eru í samræmi við 38. og 39. gr.

Ákvæði 2. mgr. og 4. mgr. 27. gr., 31., 32., 33., 35. og 36. gr. gilda ekki um starfandi brennslu- og sambrennslustöðvar. Um losunarmörk fyrir starfandi brennslu- og sambrennslustöðvar fer samkvæmt ákvæðum greina 38 og 39.

## 38. gr.

*Losunarmörk fyrir starfandi brennslu- og sambrennslustöðvar.*

Eftirfarandi losunarmörk sem stöðluð eru við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% O<sub>2</sub> (súrefnisinnihald) eða 9% CO<sub>2</sub> (koldíoxíð) sem þurr gas, gilda um starfandi sorpbrennslustöðvar.

Losunarmörk í mg/Nm<sup>3</sup> miðað við nafnaköst brennslustöðvarinnar:

Mengunarefni	Minna en 1 tonn/klst.	1 tonn/klst. eða meira en minna en 3 tonn/klst.
Ryk alls	200	100
Þungmálmar		
- Pb+Cr+Cu+Mn	--	5
- Ni+As	--	1
- Cd og Hg	--	0,2
Saltsýra (HCl)	250	100
Flúorsýra (HF)	---	4
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	---	300

Þegar í hlut eiga stöðvar með afköst undir einu tonni á klukkustund er heimilt að miða losunarmörk við 17% súrefnisinnihald. Ef svo er má styrkur ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um í 1. mgr., deilt með 2,5.

Í starfsleyfi skal setja losunarmörk fyrir önnur mengunarefni en þau sem nefnd eru í 1. mgr. þegar við á með tilliti til samsetningar úrgangsins sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Við setningu þessara losunarmarka skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfið, heilsu manna, svo og til bestu fánlegrar tækni.

Starfandi sorpbrennslustöðvar skulu fullnægja eftirfarandi kröfum þegar þær eru starfræktar:

- styrkur kolmónoxíðs (CO) í útblásturslofti frá brennslu má ekki fara yfir 100 mg/Nm<sup>3</sup>;
- styrkur lífrænna efnasambanda (tilgreindur sem heildarmagn kolefnis) í útblásturslofti frá brennslu má ekki fara yfir 20 mg/Nm<sup>3</sup>.

Mörkin sem kveðið er á um í a- og b-liðum hér að ofan skulu stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO<sub>2</sub> og þurr loft.

## 39. gr.

*Losunarmörk fyrir starfandi brennslu- og sambrennslustöðvar  
þar sem spilliefnum er brennt.*

Brennslustöðvar og sambrennslustöðvar þar sem spilliefnum er brennt skulu búnar og starfræktar þannig að að minnsta kosti verði ekki farið yfir eftirtalin mörk fyrir útblástursloft:

- a. Dagleg meðalgildi:
- |   |                      |  |
|---|----------------------|--|
| 1. Heildarmagn ryks   | 10 mg/m <sup>3</sup> |  |
| 2. Lífræn efni í loftkenndu ástandi, táknað sem lífrænt kolefni | 10 mg/m <sup>3</sup> |  |
| 3. Vetnisklórið (HCl)   | 10 mg/m <sup>3</sup> |  |
| 4. Vetnisflúorið (HF)   | 1 mg/m <sup>3</sup>  |  |
| 5. Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )                        | 50 mg/m <sup>3</sup> |  |
- b. 30 mínútna meðalgildi:
- |   | A                     | B                    |
|---|-----------------------|----------------------|
| 1. Heildarmagn ryks   | 30 mg/m <sup>3</sup>  | 10 mg/m <sup>3</sup> |
| 2. Lífræn efni í loftkenndu ástandi, táknað sem lífrænt kolefni | 20 mg/m <sup>3</sup>  | 10 mg/m <sup>3</sup> |
| 3. Vetnisklórið (HCl)   | 60 mg/m <sup>3</sup>  | 10 mg/m <sup>3</sup> |
| 4. Vetnisflúorið (HF)   | 4 mg/m <sup>3</sup>   | 2 mg/m <sup>3</sup>  |
| 5. Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )                        | 200 mg/m <sup>3</sup> | 50 mg/m <sup>3</sup> |
- c. Öll meðalgildi á prófunartíma sem nema minnst 30 mínútum og mest 8 klukkustundum:
- |   |                        |                         |
|---|------------------------|-------------------------|
| 1. Kadmíum og efnasambönd þess, táknað sem kadmíum (Cd) að viðbættu þallíum og efnasamböndum þess, táknað sem þallíum (Tl)  | 0,05 mg/m <sup>3</sup> | 0,1 mg/m <sup>3</sup> * |
| 2. Kvikasilfur og efnasambönd þess, táknað sem kvikasilfur (Hg)   | 0,05 mg/m <sup>3</sup> | 0,1 mg/m <sup>3</sup> * |
| 3. Samanlagðir styrkir allra eftirtalinnna málma og efnasambanda þeirra, táknað sem viðkomandi málmur:<br>Antímon (Sb), arsen (As), blý (Pb), króm (Cr), kóbolt (Co), kopar (Cu), mangan (Mn), nikkell (Ni), vanadíum (V) og tin (Sn) | 0,5 mg/m <sup>3</sup>  | 1,0 mg/m <sup>3</sup> * |

Ofangreind viðmiðunargildi taka einnig til loft- og gufukenns forms viðeigandi þungmálma sem og efnasambanda þeirra. Gildin sem merkt eru með \* eiga við um brennslur sem tóku til starfa fyrir 1. janúar 1997.

Draga skal úr útblæstri díoxína og fúrana með þróuðustu tækniáferðum sem völ er á. Miða skal við mörkin 0,1 ng/m<sup>3</sup> og er óheimilt að fara yfir þau mörk. Mörkin eru skilgreind sem summa styrks einstakra díoxína og fúrana sem metin eru í samræmi við I. viðauka. Beita skal samræmdum mæliaðferðum sem koma fram í III. viðauka með reglugerðinni.

**IX. KAFLI**  
**Ýmis ákvæði.**

## 40. gr.

*Óeðlileg rekstrarskilyrði.*

Í starfsleyfinu skal taka fram hve lengi óumflýjanleg stöðvun af tæknilegum orsökum, röskun eða bilun á hreinsibúnaði eða mælibúnaði má vara og hve lengi styrkur þeirra efna, sem reglugerð þessi tekur til og losuð eru út í andrúmsloftið og sem eru í hreinsaða úrgangsvatninu, má vera yfir losunarmörkum.

Ef um bilun er að ræða skal rekstraraðilinn draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný.

Með fyrirvara um c-lið 16. gr. skal ekki undir neinum kringumstæðum brenna í brennslu- eða sambrennslustöð eða brennslulínu úrgangi í meira en fjórar klukkustundir samfleytt ef farið er yfir losunarmörk. Enn fremur má rekstur við þessi skilyrði á einu ári ekki vara lengur en 60 klukkustundir samanlagt. Þessi 60 klukkustunda mörk eiga við um þær línur í allri stöðinni sem tengjast einum og sama hreinsibúnaðinum fyrir útblástursloft.

Heildarmagn ryks, sem brennslustöð losar út í andrúmsloftið, skal ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir 150 mg/m<sup>3</sup> gefið upp sem 30 mínútna meðaltal. Enn fremur skal ekki fara yfir losunarmökin fyrir kolmónoxíð og heildarmagn lífræns kolefnis. Öll önnur skilyrði, sem um getur í 16. gr., skulu uppfyllt.

#### 41. gr.

##### *Skýrslugjöf.*

Rekstraraðili brennslu- eða sambrennslustöðvar skal skila Umhverfisstofnun a.m.k. árlega skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktun-aráætlun, sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er rekstraraðila heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna þær upplýsingar sem greinir í 1. mgr.

#### 42. gr.

##### *Aðgangur að upplýsingum.*

Umsóknir um ný starfsleyfi fyrir brennslu- og sambrennslustöðvar skulu vera aðgengi- legar almenningi á einum eða fleiri stöðum, svo sem á skrifstofum staðaryfirvalda, í hæfi- legan tíma til að hægt sé að leggja fram athugasemdir við þær samanber ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Almennigur skal einnig hafa aðgang að ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins og síðari breytingum, að meðtöldu minnst einu afriti af leyfinu.

Fyrir brennslu- og sambrennslustöðvar með nafnarköst sem nema meira en tveimur tonnum á klukkustund skal árleg skýrsla, sem rekstraraðilinn á að gefa eftirlitsaðila um rekstur og vöktun stöðvarinnar, gerð aðgengileg almenningi. Lágmarkskrafa er að í þessari skýrslu sé gerð grein fyrir því hvernig ferlið gengur fyrir sig og losuninni í andrúmsloft og vatn í samanburði við losunarstaðlana í þessari reglugerð. Umhverfisstofnun skal útbúa skrá yfir brennslu- eða sambrennslustöðvar með nafnarköst undir tveimur tonnum á klukkustund og hún skal gerð aðgengileg almenningi.

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, upplýsingalögum og lögum um meðhöndlun úrgangs.

#### 43. gr.

##### *Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

## X. KAFLI

**Þvingunarúrræði og viðurlög.**

44. gr.

*Valdsvið og þvingunarúrræði.*

Ef brennslu- eða sambrennslustöð uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfisins, einkum losunarmörkin í andrúmsloft og vatn, skal eftirlitsaðili grípa til aðgerða til að sjá til þess að skilyrðin verði uppfyllt samanber ákvæði reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit.

Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veita rekstraraðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf. Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Heimilt er að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtist síðar hjá hluteigandi rekstraraðila. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Ef svo alvarleg hætta stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað. Sinni rekstraraðili ekki úrbótum og um alvarlegt eða ítrekað tilvik að ræða getur Umhverfisstofnun svipt rekstraraðila starfsleyfi. Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

45. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Tilraun til brota gegn reglugerð þessari skal varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

## XI. KAFLI

**Lagastoð, gildistaka o.fl.**

46. gr.

*Lagastoð, gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 13. og 22. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga. Reglugerðin er einnig sett með hliðsjón af tl. 32f, XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 2000/76/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Frá 28. desember 2005 fellur úr gildi 1. mgr. 9. gr reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang og viðauki við sömu reglugerð. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 807/1999 um brennslu spilliefna og reglugerð nr. 808/1999 um sorpbrennslustöðvar.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

## I.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda um starfandi stöðvar frá 28. desember 2005.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**


---

*Magnús Jóhannesson.*

## I. VIÐAUKI

**Jafngildisstuðlar fyrir díbensó-p-díoxín og díbensófúrön.**

Við ákvörðun á heildarstyrk díoxína og fúrana skal margfalda massastyrk eftirfarandi díbensó-p-díoxína og díbensófúrana með eftirfarandi jafngildisstuðlum áður en lagt er saman:

## Eiturjafngildisstuðull

2,3,7,8	–	Tetraklórdíbensódíoxín (TCDD)	1
1,2,3,7,8	–	Pentaklórdíbensódíoxín (PeCDD)	0,5
1,2,3,4,7,8	–	Hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,6,7,8	–	Hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,7,8,9	–	Hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	–	Heptaklórdíbensódíoxín (HpCDD)	0,01
	–	Oktaklórdíbensódíoxín (OCDD)	0,001
2,3,7,8	–	Tetraklórdíbensófúran (TCDF)	0,1
2,3,4,7,8	–	Pentaklórdíbensófúran (PeCDF)	0,5
1,2,3,7,8	–	Pentaklórdíbensófúran (PeCDF)	0,05
1,2,3,4,7,8	–	Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,6,7,8	–	Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,7,8,9	–	Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
2,3,4,6,7,8	–	Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	–	Heptaklórdíbensófúran (HpCDF)	0,01
1,2,3,4,7,8,9	–	Heptaklórdíbensófúran (HpCDF)	0,01
	–	Oktaklórdíbensófúran (OCDF)	0,001

## II. VIÐAUKI

**Ákvörðun á losunarmörkum í andrúmsloft fyrir sambrennslu úrgangs.**

Beita skal eftirfarandi formúlu (blöndunarreglu) þegar sérstök losunarmörk fyrir heildarlosun „C“ hafa ekki verið sett í töflu í þessum viðauka.

Losunarmörkin fyrir hvert einstakt mengunarefni og kolmónoxíð í útblásturslofti, sem myndast við sambrennslu úrgangs, skal reikna á eftirfarandi hátt:



$$\frac{V_{\text{úrg.}} \times C_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsla}} \times C_{\text{vinnsla}}}{V_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsla}}} = C$$

- $V_{\text{úrg.}}$ : rúmmál útblásturslofts sem myndast við brennslu á úrgangi sem aðeins er ákvarðað út frá úrgangi með lægsta varmagildi sem tilgreint er í starfsleyfinu og umreiknað við skilyrðin í þessari reglugerð.  
Ef varminn, sem losnar við brennslu spilliefna, er minni en 10% af heildarvarmanum sem losnar í stöðinni skal  $V_{\text{úrg.}}$  reiknað út frá (fræðilegu) magni úrgangs sem við brennslu myndi samsvara 10% af losuðum varma við fasta heildarlosun varma.
- $C_{\text{úrg.}}$ : losunarmörk sem sett eru fyrir brennslustöðvar í V. viðauka fyrir viðeigandi mengunarefni og kolmónoxíð.
- $V_{\text{vinnsla}}$ : rúmmál útblásturslofts sem myndast við vinnslu stöðvarinnar, þ.m.t. brennsla leyflegs eldsneytis sem venjulega er notað í stöðinni (að undanskildum úrgangi), sem er ákvarðað á grundvelli súrefnisinnihalds samkvæmt viðmiðunum í ákvæðum reglugerða og starfsleyfis. Ef engin ákvæði eru til um þessa gerð stöðvar verður að miða við raunverulegt súrefnisinnihald í útblástursloftinu án þess að þynna það með viðbótarlofti sem er ekki nauðsynlegt fyrir vinnsluna. Önnur skilyrði, sem höfð eru til grundvallar, eru tilgreind í þessari reglugerð.
- $C_{\text{vinnsla}}$ : losunarmörk eins og mælt er fyrir um í töflum þessa viðauka fyrir ákveðnar iðngreinar eða, ef slík tafla eða gildi liggja ekki fyrir, losunarmörk viðeigandi mengunarefna og kolmónoxíðs í útblásturslofti frá stöðvum sem uppfylla skilyrði innlendrar laga og stjórnáslufyrirmæla um slíkar stöðvar þegar þær brenna eldsneyti sem venjulega er leyft (að undanskildum úrgangi). Ef engar slíkar ráðstafanir eru fyrir hendi skal miða við losunarmörkin sem mælt er fyrir um í starfsleyfi. Ef þau eru ekki tilgreind í starfsleyfinu eru raunverulegir massastyrkleikar notaðir.
- C: losunarmörk fyrir heildarlosun og súrefnisinnihald eins og mælt er fyrir um í töflum þessa viðauka fyrir ákveðnar iðngreinar og ákveðin mengunarefni eða, ef slík tafla eða slík losunarmörk liggja ekki fyrir, samanlögð losunarmörk fyrir kolmónoxíð og viðeigandi mengunarefni sem koma í stað losunarmarkanna eins og mælt er fyrir um í sérstökum viðaukum við þessa reglugerð. Heildarsúrefnisinnihaldið, sem kemur í stað súrefnisinnihaldsins sem notað er við stöðlun, er reiknað út á grundvelli framangreinds innihalds með hliðsjón af hlutarúmmálinu.

Í starfsleyfi er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um undanþágurnar sem kveðið er á um í þessum viðauka.

### II.1. Sérákvæði fyrir sementsofna þar sem úrgangur er sambrenndur.

Dagleg meðalgildi (fyrir samfelldar mælingar). Sýnatökutímabil og aðrar mælikröfur eins og í 20. gr. Öll gildi í  $\text{mg}/\text{m}^3$  (díoxín og fúrön  $\text{ng}/\text{m}^3$ ). Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á daglegum meðalgildum.

Niðurstöður mælinganna, sem gerðar eru til að sannprófa að losunarmörkin séu virt, skulu staðlaðar við eftirfarandi skilyrði: hitastig 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 10% súrefni, þurr loft.

II.1.1. C – *samanlögð losunarmörk:*

Mengunarefni	C
Heildarmagn ryks	30
Saltsýra (HCl)	10
Flússýra (HF)	1
Köfnunarefnisoxíð (NO <sub>x</sub> ) fyrir starfandi stöðvar	800
Köfnunarefnisoxíð (NO <sub>x</sub> ) fyrir nýjar stöðvar	500

Mengunarefni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05
Sb + As + Pb + Cr + Co + Cu + Mn + Ni + V	0,5
Díoxín og fúrón	0,1

Til 1. janúar 2008 er í starfsleyfi heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð þegar um er að ræða starfandi sementsofna með blautvinnslu eða sementsofna þar sem brennt er minna en þremur tonnum af úrgangi á klukkustund, að því tilskildu að í starfsleyfinu sé ekki gert ráð fyrir því að samanlögð losunarmörk fyrir köfnunarefnisoxíð séu hærri en 1.200 mg/m<sup>3</sup>.

Til 1. janúar 2008 er í starfsleyfi heimilt að veita undanþágur fyrir ryk þegar um er ræða sementsofna þar sem brennt er minna en þremur tonnum af úrgangi á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé ekki gert ráð fyrir því að samanlögð losunarmörk séu hærri en 50 mg/m<sup>3</sup>.

II.1.2. C – *samanlögð losunarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>) og heildarmagn lífræns kolefnis.*

Mengunarefni	C
SO <sub>2</sub>	50
Heildarmagn lífræns kolefnis	10

Í starfsleyfi er heimilt að veita undanþágur í þeim tilvikum þar sem heildarmagn lífræns kolefnis og brennisteinsdíoxíðs stafar ekki af brennslu úrgangs.

II.1.3. *Losunarmörk fyrir kolmónoxíð.*

Umhverfisstofnun getur sett losunarmörk fyrir kolmónoxíð.

II.2. **Sérákvæði fyrir sambrennsluver fyrir úrgang.**II.2.1. *Dagleg meðalgildi.*

Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á daglegum meðalgildum.

**C<sub>vinnsla</sub>:**

C<sub>vinnsla</sub> fyrir fast eldsneyti gefið upp í mg/Nm<sup>3</sup> (O<sub>2</sub>-innihald 6%):

Mengunarefni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO <sub>2</sub> að jafnaði		850	850 til 200 (línuleg lækkun úr 100 í 300 MWth)	200
innlent eldsneyti		eða hlutfall brenni- steinshreinsunar ≥ 90%	eða hlutfall brenni- steinshreinsunar ≥ 92%	eða hlutfall brenni- steinshreinsunar ≥ 95%
köfnunarefnisoxíð		400	300	200
ryk	50	50	30	30

Til 1. janúar 2007 gilda losunarmörkin fyrir köfnunarefnisoxíð ekki um stöðvar þar sem einungis eru sambrennd spilliefni.

Til 1. janúar 2008 er í starfsleyfi heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð og brennisteinsdíoxíð þegar um er að ræða starfandi sambrennslustöðvar á bilinu 100 til 300 MWth þar sem notuð er svifbeðstækni og föstu eldsneyti er brennt, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir gildi á C<sub>vinnslu</sub> sem er ekki hærra en 350 mg/Nm<sup>3</sup> fyrir NO<sub>x</sub> og ekki hærra en 850 til 400 mg/Nm<sup>3</sup> (línuleg lækkun úr 100 í 300 MWth) fyrir SO<sub>2</sub>.

C<sub>vinnsla</sub> fyrir lífmassa gefið upp í mg/Nm<sup>3</sup> (O<sub>2</sub>-innihald 6%):

„Lífmassi“: afurðir að heild eða hluta úr hvers kyns lífrænu efni frá landbúnaði eða skógrækt, sem nota má til að vinna úr orku, ásamt úrgangi sem er tilgreindur í i- til v-undirlíð í a-lið 2. mgr. 2. gr.

Mengunarefni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO <sub>2</sub>		200	200	200
NO <sub>x</sub>		350	300	300
ryk	50	50	30	30

Til 1. janúar 2008 er í starfsleyfi heimilt að veita undanþágur fyrir NO<sub>x</sub> þegar um er að ræða starfandi sambrennslustöðvar á bilinu 100 til 300 MWth þar sem notuð er svifbeðstækni og lífmassa er brennt, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir gildi á C<sub>vinnslu</sub> sem er ekki hærra en 350 mg/Nm<sup>3</sup>.

C<sub>vinnsla</sub> fyrir fljótandi eldsneyti gefið upp í mg/Nm<sup>3</sup> (O<sub>2</sub>-innihald 3%):

Mengunarefni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO <sub>2</sub>		850	850 til 200 (línuleg lækkun úr 100 í 300 MWth)	200
NO <sub>x</sub>		400	300	200
ryk	50	50	30	30

### II.2.2. C — samanlögð losunarmörk.

C er gefið upp í mg/Nm<sup>3</sup> (O<sub>2</sub>-innihald 6%). Öll meðalgildi á sýnatökutímabilinu sem er að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05
Sb + As + Pb + Cr + Co + Cu + Mn + Ni + V	0,5

C er gefið upp í  $\text{ng/Nm}^3$  ( $\text{O}_2$ -innihald 6%). Öll meðalgildi sem mæld eru á sýnatökutímabili sem er að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Díoxín og fúrön	0,1

### II.3. Sérákvæði um tegundir iðjuvera sem ekki falla undir II.1 eða II.2 þar sem sambrennsla á úrgangi fer fram.

#### II.3.1. C — samantögð losunarmörk:

C er gefið upp í  $\text{ng/Nm}^3$ . Öll meðalgildi sem mæld eru á sýnatökutímabili sem er að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Díoxín og fúrön	0,1

C er gefið upp í  $\text{mg/Nm}^3$ . Öll meðalgildi á sýnatökutímabilinu sem er að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05

## III. VIÐAUKI

### Mæliaðferðir.

1. Mælingar, sem eru gerðar til að ákvarða styrk mengandi efna í andrúmslofti og vatni, skulu gerðar á dæmigerðan hátt.
2. Sýnataka og greining mengunarefna, þ.m.t. díoxína og fúrana, sem og viðmiðunarmæli- aðferðir til að kvarða sjálfvirk mælikerfi, skulu framkvæmdar eins og tilgreint er í stöðlum staðlasamtaka Evrópu (CEN-stöðlum). Ef CEN-staðlar eru ekki tiltækir skulu ISO-staðlar gilda eða innlendir eða alþjóðlegir staðlar sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.
3. Að því er varðar daglegu losunarmörkin skulu gildin fyrir 95% öryggisbil einstakra mæliniðurstaðna ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshluta viðmiðunarmarkanna fyrir losun:

Kolmónoxíð:	CO	10%
Brennisteinsdíoxíð:	SO <sub>2</sub>	20%
Köfnunarefnisdíoxíð:	NO <sub>2</sub>	20%
Heildarmagn ryks:	PM	30%
Heildarmagn lífræns kolefnis:	TOC	30%
Vetnisklórið:	HCl	40%
Vetnisflúorið:	HF	40%.

## IV. VIÐAUKI

**Losunarmörk vegna losunar úrgangsvatns sem fellur til við hreinsun útblásturslofts.**

Mengandi efni	losunarmörkin, gefin upp sem massastyrkur fyrir ósíuð sýni	
	95%	100%
1. Heildarmagn svifagna eins og skilgreint er í reglugerð um fráveitur og skólþ	30 mg/l	45 mg/l
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,03 mg/l	
3. Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)	0,05 mg/l	
4. Þallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem þallíum (Tl)	0,05 mg/l	
5. Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)	0,15 mg/l	
6. Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)	0,2 mg/l	
7. Króm og efnasambönd þess, gefin upp sem króm (Cr)	0,5 mg/l	
8. Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)	0,5 mg/l	
9. Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkell (Ni)	0,5 mg/l	
10. Sink og efnasambönd þess, gefin upp sem sink (Zn)	1,5 mg/l	
11. Díoxín og fúrön, skilgreind sem summa einstakra díoxína og fúrana, metin í samræmi við I. viðauka	0,3 ng/l	

Til 1. janúar 2008 er í starfsleyfi heimilt að veita undanþágur fyrir heildarmagn svifagna þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar, að því tilskildu að í starfsleyfinu sé gert ráð fyrir að 80% mældu gildanna fari ekki yfir 30 mg/l og ekkert þeirra fari yfir 45 mg/l.

## V. VIÐAUKI

**Losunarmörk í andrúmsloft.**a) **Dagleg meðalgildi.**

Heildarmagn ryks	10 mg/m <sup>3</sup>
Lífræn efni í loftkenndu og eimkenndu ástandi, gefin upp sem heildarmagn lífræns kolefnis	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetniskloríð (HCl)	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisflúoríð (HF)	1 mg/m <sup>3</sup>
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	50 mg/m <sup>3</sup>
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> ), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnaköstum sem nema meira en 6 tonnum á klukkustund eða nýjar brennslustöðvar	200 mg/m <sup>3</sup>
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> ), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnaköstum sem nema 6 tonnum á klukkustund eða minna	400 mg/m <sup>3</sup>

Í starfsleyfi er heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar:

- með nafnaköst sem nema 6 tonnum á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 500 mg/m<sup>3</sup> og að þetta gildi til 1. janúar 2008,
- með nafnaköst sem nema > 6 tonnum á klukkustund en ≤ 16 tonnum á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 400 mg/m<sup>3</sup> og að þetta gildi til 1. janúar 2010,
- með nafnaköst sem nema > 16 tonnum á klukkustund en < 25 tonnum á klukkustund og þar sem ekki fellur til vatn sem losað er, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 400 mg/m<sup>3</sup> og að þetta gildi til 1. janúar 2008.

Til 1. janúar 2008 er Umhverfisstofnun heimilt að veita undanþágur fyrir ryk þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 20 mg/m<sup>3</sup>.

**b) 30 mínútna meðalgildi.**

	(100%) A	(97%) B
Heildarmagn ryks	30 mg/m <sup>3</sup>	10 mg/m <sup>3</sup>
Lífræn efni í loftkenndu og eimkenndu ástandi, gefin upp sem heildarmagn lífræns kolefnis	20 mg/m <sup>3</sup>	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisklóríð (HCl)	60 mg/m <sup>3</sup>	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisflúoríð (HF)	4 mg/m <sup>3</sup>	2 mg/m <sup>3</sup>
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	200 mg/m <sup>3</sup>	50 mg/m <sup>3</sup>
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> ), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnaköstum sem nema meira en 6 tonnum á klukkustund eða nýjar brennslustöðvar	400 mg/m <sup>3</sup>	200 mg/m <sup>3</sup>

Til 1. janúar 2010 er í starfsleyfi heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnaköst á bilinu 6 til 16 tonn á klukkustund, að því tilskildu að 30 mínútna meðalgildið fari ekki yfir 600 mg/m<sup>3</sup> fyrir A-dálk eða 400 mg/m<sup>3</sup> fyrir B-dálk.

- c) **Öll meðalgildi á sýnatökutímabili sem er að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir.**

Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)	alls 0,05 mg/m <sup>3</sup>
Pallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem pallíum (Tl)	
Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,05 mg/m <sup>3</sup>
Antímon og efnasambönd þess, gefin upp sem antímon (Sb)	alls 0,5 mg/m <sup>3</sup>
Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)	
Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)	
Króm og efnasambönd þess, gefin upp sem króm (Cr)	
Kóbalt og efnasambönd þess, gefin upp sem kóbalt (Co)	
Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)	
Mangan og efnasambönd þess, gefin upp sem mangan (Mn)	
Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkel (Ni)	
Vanadíum og efnasambönd þess, gefin upp sem vanadíum (Cd)	

Þessi meðalgildi taka einnig til losunar á viðeigandi þungmálum og efnasamböndum þeirra í loftkenndu og eimkenndu formi.

- d) **Öll meðalgildi skulu mæld á sýnatökutímabilinu sem er að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir. Losunarmörkin vísa til heildarstyrks díoxína og fúrana sem er reiknaður með því að nota hugtakið eiturjafngildi í samræmi við I. viðauka.**

Díoxín og fúrón	0,1 ng/m <sup>3</sup>
-----------------	-----------------------

- e) **Ekki skal fara yfir eftirfarandi losunarmörk fyrir CO í brennsluofttegundum (að undanskilinni ræsingu og stöðvun):**

- 50 milligrömm/m<sup>3</sup> brennsluofttegunda, ákvarðað sem daglegt meðalgildi;
- 150 milligrömm/m<sup>3</sup> brennsluofttegunda í a.m.k. 95% allra mælinga, ákvarðað sem 10 mínútna meðalgildi eða 100 mg/m<sup>3</sup> brennsluofttegunda í öllum mælingum, ákvörðuð sem 30 mínútna meðalgildi sem mæld eru á einhverju tilteknu 24 klukkustunda tímabili.

Í starfsleyfi er heimilt að veita undanþágur fyrir brennslustöðvar þar sem notið er svifbedstækni, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir losunarmörkum fyrir kolmónoxíð sem eru ekki hærri en 100 mg/m<sup>3</sup> sem klukkustundarmeðalgildi.

## VI. VIÐAUKI

**Formúla til að reikna út losunarstyrk sem hundraðshluta af staðlaða súrefnisstyrknum.**

$$E_S = \frac{21 - O_S}{21 - O_M} \times E_M$$

$E_S$  = reiknaður losunarstyrkur sem hundraðshlutar staðlaða súrefnisstyrksins

$E_M$  = mældur losunarstyrkur

$O_S$  = staðlaður súrefnisstyrkur

$O_M$  = mældur súrefnisstyrkur

6. október 2003

Nr. 740

**REGLUGERÐ****um (11.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.**

## 1. gr.

Í 1. viðauka II. kafla bætist við tilvísun til tilskipunar nr. 2002/70/EB.

## 2. gr.

27. liður töflunnar í B. hluta 1. viðauka II. kafla breytist og verður:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
27. Díoxín (summa fjöl-klóraðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjöl-klóraðra díbensófúrana (PCDF), gefið upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðlar frá 1997))	(a) Allt fóður úr jurtaríkinu þ.m.t. jurtaoliur og aukaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(b) Steinefni samanber 11. lið 2. viðauka II. kafla	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(c) Kaolinitleir, vatnsfirrt kalsíum-súlfat, vermikúlít, natrólít – fónólít, tilbúð kalsíumalúmínat og klínóptílólit upprunnin úr seti, samanber 10. lið 3. viðauka II. kafla.	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(d) Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og eggjafita.	2,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(e) Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir, egg og eggjaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(f) Fisklýsi	6 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>4</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(g) Fiskur, önnur sjávardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnu fiskipróteini með meira en 20% fitu ( <sup>4</sup> )	1,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(h) Fóðurblöndur, að undanskildu loðdýra-, gæludýra- og fiskafóðri	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(i) Fiskafóður og gæludýrafóður	2,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )
	(j) Vatnsrofið (melt) fiskiprótein með meira en 20% fitu	2,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ( <sup>2</sup> ) ( <sup>3</sup> )



Í enda töflunnar er neðanmálgrein <sup>(2)</sup> eytt og eftirfarandi bætt við:

- (<sup>2</sup>) Efri styrkleikamörk eru reiknuð út frá þeirri forsendu að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.
- (<sup>3</sup>) Endurskoða skal þessi viðmiðunarmörk í fyrsta sinn fyrir 31. desember 2004 í ljósi nýrra gagna um tilvist díoxína og díoxín-líkra PCB-efna, einkum í því skyni að fella PCB-efni, sem líkjast díoxíni, inn í þau gildi sem sett hafa verið og sem verða síðan endurskoðuð fyrir 31. desember 2006 með það að markmiði að lækka viðmiðunarmörkin til muna.
- (<sup>4</sup>) Ferskur fiskur, sem er afhentur beint og notaður án millistigsvinnslu við framleiðslu á fóðri fyrir loðdýr, er undanskilinn þessum viðmiðunarmörkum og hámarksgildi 4,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg eru heimil í ferskum fiski fyrir gæludýr og dýr í dýragörðum og sirkusum. Afurðir, unnin dýrapróttín sem eru framleidd úr þessum dýrum þ.e. loðdýrum, gæludýrum og dýrum í dýragörðum og sirkusum, mega ekki komast inn í fæðukeðjuna og bannað er að nota þær sem fóður fyrir húsdýr sem eru alin og ræktað til manneldis.

3. gr.

Með hliðsjón af tilskipun nr. 2002/70/EB bætist við Óæskileg efni í 12. viðauka Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit, undir *Greining/ákvörðun* Díoxín og tilvísun í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/70/EB sem er birt sem fylgiskjal 1 við reglugerð þessa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/70/EB skv. ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 39/2003 og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/57/EB. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 6. október 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/70/EB**

frá 26. júlí 2002

**um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fódri**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með staðfestingargreiningu. Því þykir rétt að kveða á um kröfur að því er varðar staðfestingargreiningu og skimunaraðferðina.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/373/EBE frá 20. júlí 1970 um að taka upp í bandalaginu aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fódri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. gr.

- 1) Í tilskipun ráðsins 1999/29/EB frá 22. apríl 1999 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/102/EB <sup>(3)</sup>, er kveðið á um hámarksviðmiðunargildi fyrir díoxín og fúrón í nokkrum fódurefnum og fódri.

Aðildarríkin skulu tryggja að sýnataka vegna opinbers eftirlits með magni díoxína og fúrana, og ákvörðun á magni díoxínlikra PCB-efna í fódri sé í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í I. viðauka.

- 2) Nauðsynlegt er að setja kröfur, sem greiningaraðferðin skal uppfylla, svo að tryggt sé að rannsóknarstofur styðjist við greiningaraðferðir sem eru allar svipaðar hvað varðar áreiðanleika.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að undirbúningur sýna og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni díoxína og fúrana og ákvörðun á magni díoxínlikra PCB-efna í fódri sé í samræmi við þær viðmiðanir sem lýst er í II. viðauka.

- 3) Ákvæðin um sýnatöku og greiningaraðferðir voru sett með hliðsjón af núverandi þekkingu og þau má laga að framförum á sviði vísinda og tækni.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. febrúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

- 4) Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, gilda eingöngu um greiningu á díoxínum og díoxínlikum PCB-efnum vegna framkvæmdar á tilskipun 2001/102/EB um breytingu á tilskipun 1999/29/EB um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

- 5) Beita skal markvissum aðgerðum til að afla heildstæðra, áreiðanlegra gagna um tilvist díoxínlikra PCB-efna í fódurefni og fódri. Því skal mælt fyrir um kröfur um greiningaraðferðir sem nota skal við ákvörðun á díoxínlikum PCB-efnum í fódurefni og fódri.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

- 6) Nota má afkastamikla skimunargreiningu, sem hefur hlotið staðfesta, fullnægjandi og viðtæka fullgildingu, til að velja sýni með umtalsverðum styrk díoxína. Síðan þarf að ákvarða magn díoxína í þessum sýnum

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 170, 3.8.1970, bls. 2.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 115, 4.5.1999, bls. 32.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 45.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SÝNATÖKUADFERÐIR VIÐ OPINBERT EFTIRLIT MEÐ MAGNI DÍOXÍNA (PCDD/PCDF) OG ÁKVÖRÐUN Á DÍOXÍNLÍKUM PCB-EFNUM Í TILTEKNU FÖÐRI

1. Tilgangur og gildissvið

Sýnin, sem eru ætluð til opinbers eftirlits með magni díoxína (PCDD/PCDF), svo og til að ákvarða magn díoxínlikra PCB-efna<sup>(1)</sup> í föðri, skulu tekin samkvæmt ákvæðum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 76/371/EBE frá 1. mars 1976 um aðferðir bandalagsins við sýnatöku vegna opinbers eftirlits með föðri<sup>(2)</sup>. Safnsýni, tekin á þann hátt, skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueiningarnar eða framleiðsluhlutana sem þau eru tekin úr. Ákvarðað skal á grundvelli þess magns, sem finnst í rannsóknarsýnum, hvort farið sé að ákvæðum um hámarks magn sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/29/EB.

2. Samræmi framleiðslueiningar eða framleiðsluhluta við forskriftir

Rannsóknarstofan, sem annast eftirlit, skal greina rannsóknarsýnið tvisvar ef niðurstöður fyrstu greiningarinnar eru minna en 20% undir eða yfir hámarksviðmiðunargildum, og reikna meðaltal niðurstöðanna. Framleiðslueiningin er viðurkennd ef niðurstöður fyrstu greiningarinnar eru meira en 20% yfir hámarksviðmiðunargildum eða ef tvöföld greining er nauðsynleg og meðalgildið er í samræmi við viðkomandi hámarksviðmiðunargildi sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/29/EB.

(<sup>1</sup>) Tafla yfir jafngildisstuðla Alþjóðahelbrigðismálastofnunarinnar fyrir eituhrif (WHO TEF) til nota við áhættumat fyrir menn sem grundvallast á niðurstöðum ráðstefnu stofnunarinnar í Stokkhólmi í Svíþjóð 15. til 18. júní 1997 (Van den Berg et al., (1998) *Toxic Equivalency Factors (TEFs) for PCBs, PCDDs, PCDFs for Humans and for Wildlife. Environmental Health Perspectives, 106(12), 775*).

Efnamyndir	TEF-gildi	Efnamyndir	TEF-gildi
<b>Dibensó-p-díoxín (PCDD)</b>		<b>„Dioxínlik PCB-efni“: PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + ein-ortó-PCB-efni</b>	
2,3,7,8-TCDD	1	<b>PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni</b>	
1,2,3,7,8-PeCDD	1	PCB 77	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 169	0,01
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01		
OCDD	0,0001		
<b>Dibensófurón (PCDF)</b>		<b>Ein-ortó-PCB-efni</b>	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,0001
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05	PCB 114	0,0005
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5	PCB 118	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,0005
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,0005
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,0001
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0001		

Skammstafanir: T = tetra, Pe = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta, CDD = klórídibensó-p-díoxín, CDF = klórídibensófurón, CB = klórbifenýl.

(<sup>2</sup>) Sjátið. EBL 102, 15.4.1976, bls. 1.

## II. VIÐAUKI

UNDIRBÚNINGUR SÝNA OG KRÖFUR VARÐANDI GREININGARAÐFERÐIR, SEM ERU NOTAÐAR VIÐ OPINBERT EFTIRLIT MEÐ MAGNI DÍOXÍNA (PCDD/PCDF), OG ÁKVÖRÐUN Á DÍOXÍNLÍKUM PCB-EFNUM Í TILTEKNU FÖÐRI

1. **Markmið og gildissvið**

Þessar kröfur skulu gilda þegar föðurefni og föður eru efnagreind til að ákvarða díoxín (fjólklórúð díbensó-p-díoxín (PCDD) og fjólklórúð díbensófúrón (PCDF)) og díoxínlik fjólklórúð bifényl (PCB-efni).

Unnt er að fylgjast með magni díoxína í föðri með því að nota skimunaraðferð til að velja þau sýni þar sem magn díoxína og díoxínlika PCB-efna er minna en 30–40% undir eða yfir því styrkbili sem mælingar miðast við. Ákvarða eða staðfesta þarf magn díoxína í þessum sýnum, þar sem magnið er umtalsvert, með staðfestingargreiningu.

Skimunaraðferðir eru aðferðir sem eru notaðar til að greina magn díoxína og díoxínlika PCB-efna við eða yfir því styrkbili sem mælingar miðast við. Þessar aðferðir bjóða upp á mikil arköst og eru notaðar til þess að rannsaka mikinn fjölda sýna og greina þau frá sýnum sem gætu gefið jákvæðar niðurstöður. Þær eru sérstaklega hannaðar þannig að þær eiga ekki að gefa rangar, neikvæðar niðurstöður.

Staðfestingaraðferðir eru aðferðir sem veita fullnaðar- eða viðbótarupplýsingar sem gera kleift að sanngreina og ákvarða magn díoxína og díoxínlika PCB-efna á ótvíræðan hátt á því styrkbili sem mælingar miðast við.

2. **Bakgrunnur**

Þar eð sýni vegna umhverfisrannsókna og líffræðilegra rannsókna (þ.m.t. föðurefna-/föðursýni) innihalda að öllu jöfnu flókna blöndu mismunandi efnamynda díoxíns hefur hugtakið eiturjafngildisstuðull (Toxic Equivalence Factor – TEF) verið tekið upp til að auðvelda áhættumat. Eiturjafngildisstuðlar voru ákvarðaðir til að unnt væri að gefa upp styrk fyrir blöndu PCDD- og PCDF-efna sem eru með sethópa í 2,3,7,8-stöðu, og nýlega einnig fyrir tiltekin PCB-efni, sem eru með klór sem sethóp í annarri stöðu en ortó-stöðu og einortó-setinn klór og búa yfir díoxínlikri virkni sem mæla má sem eiturjafngildi (TEQ) fyrir 2,3,7,8-TCDD (sjá l. nmgr. í I. viðauka).

Styrkur einstakra efna í tilteknu sýni er margfaldaður með viðeigandi eiturjafngildisstuðli og síðan eru gildin lögð saman til að finna heildarstyrk díoxínlika efnasambanda sem er gefinn upp í eiturjafngildi.

Hugtakið „efri styrkleikamörk“ merkir að allar efnamyndir, sem hafa ekki verið magngreindar, teljast vegna ámóta þungt í eiturjafngildi og nemur magngreiningarmörkum þeirra.

Hugtakið „nedri styrkleikamörk“ merkir að hlutdeild allra efnamynda, sem hafa ekki verið magngreindar, í eiturjafngildi telst vera núll.

Hugtakið „miðlungsstyrkleikamörk“ merkir að hlutdeild allra efnamynda, sem hafa ekki verið magngreindar, í eiturjafngildi telst vera helmingur magngreiningarmarka.

3. **Kröfur um gæðatryggingu sem uppfylla þarf við undirbúning sýnis**

Almennu ákvæðin um undirbúning sýna vegna greiningar, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/680/EBE frá 30. júlí 1981 um breytingu á tilskipun 71/250/EBE, 71/393/EBE, 72/199/EBE, 73/46/EBE, 74/203/EBE, 75/84/EBE, 76/372/EBE og 78/633/EBE um að ákvarða greiningaraðferðir bandalagsins vegna opinbers eftirlits með föðri <sup>(1)</sup>, gilda.

Að auki skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

- sýnin skulu geymd og flutt í gler-, ál-, pólyprópylen- eða pólyetýlenlátum. Fjarlægja verður allan vott af pappirsryki úr sýnislátinu. Hreinsa skal glervöru með leysiefnum sem rannsökuð hafa verið með tilliti til þess hvort í þeim séu díoxín,
- greining á núllsýni skal gerð með því að láta allt greiningarferlið fara fram þar sem sýninu einu er sleppt,
- þyngd þess sýnis, sem er notað við útdráttinn, verður að vera næg til þess að uppfylla kröfurnar að því er varðar næmi.

4. **Kröfur á rannsóknarstofum**

- Sýna skal á rannsóknarstofum fram á útkomu aðferðar á því styrkbili sem mælingar miðast við, t.d. 0,5 ×, 1 × og 2 × tiltekna styrkbilið með viðunandi fráviksstuðli við endurtekna efnagreiningu. Sjá nánar um viðmiðanir um samþykki í 5. lið.
- Magngreiningarmörk fyrir staðfestingaraðferð skulu vera u.þ.b. fimmtungur af þeim mörkum, sem tiltekin eru, til að tryggja að tillit sé tekið til viðunandi fráviksstuðla við það styrkbil sem mælingar miðast við.

(<sup>1</sup>) Stj.úð. EB L 246, 29.8.1981, bls. 32.

- Það skal vera liður í innra gæðaeftirliti að fram fari regluleg greining blindsýna og athuganir á heimtum með viðbótum eða greining viðmiðunarsýna (einkum ef völ er á vottuðu viðmiðunarefni).
- Árangursrík þátttaka í rannsóknum með öðrum rannsóknarstofum, þar sem frammistaða rannsóknarstofa er metin, er vænlegust til þess að staðfesta hæfni í sértækum efnagreiningum. Árangursrík þátttaka í rannsóknum með öðrum rannsóknarstofum, t.d. á jarðvegs- eða skólpsýnum, staðfestir þó ekki að hæfin sé hin sama við efnagreiningar matvæla- eða fódursýna þar sem mengunar gæfir síður. Af þeim sökum er samfelld þátttaka í rannsóknum með öðrum rannsóknarstofum skyldubundin við ákvörðun á dioxínnum og díoxínlikum PCB-efnum í viðkomandi sýnagerð matvæla eða fódurs sem mælt er í.
- Viðurkenndur aðili, sem starfar í samræmi við *ISO-leiðbeiningar 58*, skal faggilda rannsóknarstofur til að tryggja að þær búi yfir gæðatryggingu við efnagreiningar. Rannsóknarstofur skulu faggiltar samkvæmt staðlinum ISO/IEC/17025:1999.

## 5. Kröfur varðandi efnagreiningaraðferðir á dioxínnum og díoxínlikum PCB-efnum

*Grunnkröfur varðandi viðurkenningu á efnagreiningaraðferðum:*

- *Mikil næmi og lág greiningarmörk.* Sökum þess hversu mjög eitruð sum þessara efnasambanda eru skal greinanlegt magn fyrir PCDD og PCDF vera af stærðargráðunni pikógrömm eiturjafngildis ( $10^{-12}$  g). Vitað er að PCB-efni eru í meira magni en PCDD og PCDF. Fyrir gasgreiningar-/massagreiningaraðferðir er nauðsynlegt að greina milli mismunandi efnamynda, svo sem milli eittraðra efna (t.d. milli hinna sautján PCDD- og PCDF-efna með sethópa í 2,3,7,8-stöðu og díoxínlikra PCB-efna) og annarra efnamynda. Unnt skal vera að ákvarða eiturjafngildi með lífgreiningu hvort sem er sem summu PCDD- eða PCDF-efna eða díoxínlikra PCB-efna.
- *Mikil valvísí (sérvirkni).* Nauðsynlegt er að greina PCDD, PCDF og díoxínlik PCB-efni frá fjölmörgum öðrum efnasamböndum sem eru dregin út með þeim og hafa hugsanlega truflandi áhrif á efnasambönd sem eru í styrk sem getur verið margfalt meiri en greiniefnanna. Fyrir gasgreiningar-/massagreiningaraðferðir er nauðsynlegt að greina milli mismunandi efnamynda, svo sem milli eittraðra efna (t.d. milli hinna sautján PCDD- og PCDF-efna með sethópa í 2,3,7,8-stöðu og díoxínlikra PCB-efna) og annarra efnamynda. Unnt skal vera að ákvarða eiturjafngildi með lífgreiningu hvort sem er sem summu PCDD- eða PCDF-efna eða díoxínlikra PCB-efna.
- *Mikil nákvæmni (réttleiki og samkvæmni).* Ákvörðunin skal veita fullnægjandi og áreiðanlegt mat á raunverulegum styrk í sýni. Mikil nákvæmni (mælinákvæmni: hversu vel niðurstöðum ber saman við mælingar og raunveruleg eða tilgreind mæligildi) er nauðsynleg til að komast megi hjá því að þurfa að hafna niðurstöðum á efnagreiningu sýnis á grundvelli þess að mat á eiturjafngildi er óáreiðanlegt. Nákvæmni er gefin upp sem réttleiki (munurinn á mældu meðalgildi fyrir greiniefni í vottuðu efni og staðfestu gildi fyrir það, gefinn upp sem hundraðshluti þessa gildis) og samkvæmni (samkvæmni er venjulega reiknuð sem staðalfrávik, þ.m.t. endurtekingarnákvæmni og samanburðarnákvæmni, og gefur til kynna hve gott samræmi er milli niðurstaðnanna sem fást þegar tilraunin er endurtekin mörgum sinnum með sömu aðferð við skilyrði sem kveðið er á um).

Skimunaraðferðir eru t.d. lífgreiningar og gas- og massagreiningar; staðfestingaraðferðir eru gasgreining og massagreining, hvorar tveggju með mikilli upplausn (HRGC/HRMS). Eftirfarandi viðmiðanir skulu uppfylltar að því er varðar heildareiturjafngildi:

	Skimunaraðferðir	Staðfestingaraðferðir
Rangar, neikvæðar niðurstöður	< 1%	
Réttleiki		- 20% til + 20%
Frávíksstuðull	< 30%	< 15%

## 6. Sérkröfur varðandi gas- og massagreiningaraðferðir sem uppfylla verður í tengslum við skimun og staðfestingu

- Bæta verður við  $^{13}\text{C}$ -merktum, innri PCDD/F-stöðlum með klórsethópi í 2,3,7,8-stöðu (og  $^{13}\text{C}$ -merktum, innri stöðlum með díoxínlikum PCB-efnum, ef ákvarða skal díoxínlik PCB-efni) strax í upphafi efnagreiningarinnar, þ.e. áður en útdráttur fer fram, til að fullgilda greiningarferlið. Viðbót a.m.k. einnar efnamyndar þarf að koma til fyrir hvern tetra- til oktaklóraðan, samsvarandi hóp PCDD/F-efna (og a.m.k. einnar efnamyndar fyrir hvern samsvarandi hóp díoxínlikra PCB-efna, ef ákvarða skal díoxínlik PCB-efni) (að öðrum kosti skal bæta við a.m.k. einni efnamynd fyrir hvert jónmassaval sem er notað við greiningu á PCDD/F-efnum og díoxínlikum PCB-efnum). Allra best er þó, einkum þegar um staðfestingaraðferðir er að ræða, að nota alla 17  $^{13}\text{C}$ -merktu innri staðlana með sethópi í 2,3,7,8-stöðu og alla 12  $^{13}\text{C}$ -merktu, innri díoxínliku PCB-staðlana (ef ákvarða skal díoxínlik PCB-efni).

Einnig skal ákvarða svörunarstuðla fyrir þær efnamyndir þar sem engu  $^{13}\text{C}$ -merktu, hliðstæðu efni er bætt við með því að nota viðeigandi kvörðunarlausnir.

- Fyrir fôður bæði úr jurta- og dýraríkinu, sem inniheldur minna en 10% fitu, verður að bæta við innri staðlinum áður en útdráttur fer fram. Fyrir fôður úr dýraríkinu, sem inniheldur meira en 10% fitu, má bæta innri stöðlunum við annaðhvort áður eða eftir að fita hefur verið dregin út. Skilvirkin útdráttarinn skal staðfest á viðeigandi hátt eftir því á hvaða stigi innri stöðlum er bætt við og eftir því hvort niðurstöðurnar eru gefnar upp á grundvelli afurðar eða fitu.
- Fyrir gas- eða massagreiningu verður að bæta við einum eða tveimur heimtarstöðlum (staðgöngustöðlum).
- Nauðsynlegt er að fylgjast með heimt. Að því er varðar staðfestingaraðferðir skulu heimtur einstakra, innri staðla vera á bilinu 60 til 120%. Heimtur fyrir einstakar efnamyndir mega bæði vera minni eða meiri, einkum þegar um er að ræða tiltekin hepta- og oktaklóruð díbensódíoxín og díbensófúrón, með því skilyrði að hlutdeild þeirra í eiturjafngildi fari ekki yfir 10% af heildareiturjafngildinu (eingöngu á grundvelli PCDD/F-efna). Að því er varðar skimunaraðferðir skulu heimtur vera á bilinu 30 til 140%.
- Aðgreining díoxína frá klórúðum efnasamböndum, sem hafa truflandi áhrif, svo sem PCB-efnum og klórúðum dífenýletrum, skal eiga sér stað með heppilegum skiljunaraðferðum (helst á flórísíls-, súrals- og/eda kolefnissúlu).
- Aðgreining myndbrigða með gasgreiningu getur nægt (< 25% af fjarlægð milli toppa 1,2,3,4,7,8-HxCDF og 1,2,3,6,7,8-HxCDF).
- Ákvörðun skal fara fram samkvæmt aðferð Umlhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) nr. 1613, endurskoðun B: *Tetra- through octa-chlorinated dioxins and furans by isotope dilution HRGC/HRMS* eða annarri aðferð sem uppfyllir samsvarandi kröfur.
- Mismunurinn á efri og neðri styrkleikamörkum skal ekki vera meiri en 20% fyrir fôður þar sem díoxínmengunin er á því bili sem hámarks-gildin segja til um eða yfir þeim. Fyrir fôður þar sem mengun er langt undir hámarksviðmiðunargildinu getur mismunurinn verið á bilinu 25 til 40%.

## 7. Aðferðir við skimunargreiningu

### 7.1. *Imngangur*

Nota má mismunandi tilhögun við greiningu þegar skimunaraðferð er beitt: hreina skimun eða magnákvörðun.

#### Hrein skimun

Svörun sýnanna er borin saman við svörun viðmiðunarsýnis á því styrkbili sem mælingar miðast við. Sýni þar sem svörun er minni en hjá viðmiðunarsýninu teljast neikvæð en ef svörun er meiri er líklegt að sýnin séu jákvæð. Kröfur:

- í hverri prófunaröð skal vera bæði núll- og viðmiðunarsýni og þau skulu dregin út og prófuð samtímis við eins skilyrði. Svörun fyrir viðmiðunarsýnið skal greinilega vera meiri en fyrir núllsýni.
- bæta skal við viðmiðunarsýnum sem eru  $0,5 \times$  og  $2 \times$  styrkbilið sem mælingarnar miðast við til að sýna fram á að prófunin standist kröfur á því styrkbili sem mælingar miðast við vegna eftirlits á viðkomandi styrkbili,
- við prófun á öðrum sviðum skal sýna fram á að viðmiðunarsýnið eða -sýnin séu heppileg, einkum með því að nota einnig sýni sem sýnt er fram á með gas- eða massagreiningu með mikilli upplausn (HRGC/HRMS) að hafi eiturjafngildi sem sé á móta og í viðmiðunarsýninu eða nota núllsýni þar sem samsvarandi magni staðals er bætt við,
- þar eð ekki er unnt að nota innri staðla í lífgreiningum varðar það miklu að prófanir verði gerðar á endurteknungarnákvæmni svo að fá megi upplýsingar um fráviksstuðullinn í einni prófunarsýrpu. Fráviksstuðullinn skal vera undir 30%.
- þegar um lífgreiningar er að ræða skal skilgreina markefnasambönd, hugsanleg, truflandi áhrif og viðunandi hámarksviðmiðunargildi fyrir núllsýni.

#### Magnbundin rannsókn

Fyrir magnbundna rannsókn þarf röð staðalþynninga, tvö- eða þrefalda hreinsun og mælingu, svo og núllsýnis- og heimtarprófanir. Niðurstöðurnar má gefa upp sem eiturjafngildi og er þá gert ráð fyrir því að efnasamböndin, sem skapa merkið, svari til meginreglunnar um eiturjafngildi (TEQ principle). Þetta er gerlegt með því að nota TCDD (staðalblöndu díoxíns og fúrans) til að fá fram kvörðunarfærli þannig að reikna megi eiturjafngildi í útdrættinum og þá jafnframt í sýninu. Síðan er leiðrétt fyrir eiturjafngildið í núllsýni (til að taka tillit til óhreininda í leysiefnum og iðefnum sem notuð eru) og heimtur (reiknaðar út frá eiturefnajafngildi í gæðaeftirlitssýni kringum það styrkbil sem mælingar miðast við). Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að hluti þess sem tapast við heimtur getur stafað af áhrifum vegna mismunandi sýnagerðar og/eda munar á gildum fyrir eiturjafngildisstuðla í lífgreiningum og opinberum gildum fyrir eiturjafngildisstuðla sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setur.

### 7.2. *Kröfur varðandi skimunargreiningu*

- Við skimun er heimilt að nota gas- og massagreiningaraðferðir og lífgreiningu. Fyrir gas- og massagreiningaraðferðirnar ber að miða við kröfumar sem mælt er fyrir um í 6. lið. Mælt er fyrir um sérstakar kröfur varðandi lífgreiningu sem gerð er á frumum, í lið 7.3 og fyrir lífgreiningu, sem gerð er á greiningarsetti, í lið 7.4.

- Upplýsingar um fjölda rangra, jákvæðra og rangra, neikvæðra niðurstaðna úr stóru mengi sýna, sem eru undir og yfir hámarksviðmiðunargildinu eða aðgerðarmarki, eru nauðsynlegar til samanburðar við eiturjafngildið sem ákvarðað er með staðfestingargreiningu. Hlutfall raunverulegra, rangra, neikvæðra niðurstaðna skal vera minna en 1%. Hlutfall rangra, jákvæðra sýna skal vera nægilega lítið til að skimun sé hagkvæm.
- Jákvæðar niðurstöður skulu ávallt staðfestar með staðfestingargreiningu (HRGC/HRMS). Að auki skulu sýni sem spanna vitt bil eiturjafngildis staðfest með HRGC/HRMS (u.þ.b. 2–10% af neikvæðu sýnum). Upplýsingar varðandi samsvörun milli niðurstaðna úr lífgreiningu og HRGC/HRMS skulu gerðar aðgengilegar.

#### 7.3. Sérstakar kröfur varðandi lífgreiningu sem gerð er á frumum

- Þegar lífgreining er gerð verður að keyra hverja prófun með mismunandi viðmiðunarstyrk af TCDD eða blöndu dioxíns og fúrans (svörunarferill fyrir fullan skammt þar sem  $R^2 > 0,95$ ). Hvað skimun varðar væri hins vegar hægt að nota útvíkkaðan feril fyrir lítinn styrk til að greina sýni með vægum styrk.
- Viðmiðunarstyrkur fyrir TCDD (sem samsvarar u.þ.b. þreföldum magngreiningarmörkum) á gæðaeftirlitsblaði skal notaður fyrir niðurstöðuna úr lífgreiningu á föstu tímabili. Annar kostur gæti verið hlutfallsleg svörun viðmiðunarsýnis í samanburði við kvörðunarlinuna fyrir TCDD þar sem svörun frumnanna getur verið háð mörgum þáttum.
- Gera skal gæðaeftirlitsskipurit fyrir hverja gerð viðmiðunarefnis og yfirfara það til að tryggja að niðurstaðan sé í samræmi við leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru.
- Við magnbundna útreikninga er einkum mikilvægt að aðleiðsla á þynningu sýnisins sé innan línulega hluta svörunarferilsins. Þynna verður sýni sem fara yfir línulega hluta svörunarferilsins og prófa þau aftur. Því er ráðlagt að prófa a.m.k. þrjár eða fleiri þynningar í einu.
- Hundradshluti staðalfráviksins skal ekki vera yfir 15% í þrefaldri ákvörðun fyrir hverja þynningu sýnisins og ekki yfir 30% í þremur sjálfstæðum tilraunum.
- Heimilt er að setja greiningarmörk sem eru þrefalt staðalfrávikðið fyrir núllsýnisleysinn eða bakgrunns-svörunina. Önnur aðferð er að beita svörun sem er ofar en bakgrunnurinn (aðleiðslustuðull sem er fimmfaldur núllsýnisleysir) sem er reiknaður út frá kvörðunarferli dagsins. Heimilt er að setja magngreiningarmörk sem eru fimm- eða sexfalt staðalfrávik núllsýnisleysisins eða bakgrunns-svörunarinnar eða beita svörun sem er greinilega ofar en bakgrunnurinn (aðleiðslustuðull tífaldr núllsýnisleysir) reiknað út frá kvörðunarferli dagsins.

#### 7.4. Sérkröfur varðandi lífgreiningu sem gerð er með greiningarsetti <sup>(1)</sup>

- Fylgja verður leiðbeiningum framleiðanda um undirbúning sýnis og greiningu.
- Ekki skal nota prófunarsett eftir fyrningardagsetningu þeirra.
- Ekki skal nota efni eða íhluti sem eru hannaðir til notkunar með öðrum settum.
- Prófunarsett skulu geymd við hita, sem er innan þess bils sem tilgreint er, og notuð við þann hita sem tilgreindur er.
- Greiningarmörk fyrir ónæmisgreiningu eru ákvörðuð sem summa meðaltals og þrefalda staðalfráviks sem byggist á 10 endurteknum greiningum á núllsýninu og síðan er deilt í með hallagildi línulegu aðhvarfsjöfnunnar.
- Viðmiðunarstaðlar skulu notaðir við prófanir á rannsóknarstofu til að tryggja að svörunin við staðlinum sé innan viðunandi marka.

#### 8. Skýrslur um niðurstöður

Að því marki, sem greiningaraðferðin leyfir, skal styrkur einstakra PCDD/F-efna og PCB-efnamynda koma fram í greiningarniðurstöðum sem neðri styrkleikamörk, efri styrkleikamörk og miðlungsstyrkleikamörk í því skyni að sem mest af upplýsingum sé að finna í skýrslunni um niðurstöður þannig að unnt sé að túlka niðurstöðurnar samkvæmt sérstökum kröfum.

Í skýrslunni skal einnig koma fram fituefnainihald sýnisins sem og aðferðin sem er notuð við útdrátt fituefnanna.

Gera skal grein fyrir tölum um heimtur einstakra innri staðla ef heimturnar eru utan þess bils sem um getur í 6. lið, ef þær eru hærra en hámarksviðmiðunargildið, svo og ef eftir því er leitað.

<sup>(1)</sup> Ekki hafa verið færðar sönnur á að lífgreining með greiningarsettum, sem fást á almennum markaði, sé nægilega næm og áreiðanleg til að unnt sé að nota þau við skimun á matvæla- og fôðursýnum þar sem gengið er úr skugga um hvort dioxín séu í sýnum í þeim styrk sem kröfur miðast við.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, sbr. reglugerð nr. 658/2002.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á kafla A-1 í viðauka II reglugerðarinnar:

a. Við aukaefnaflokkinn 4.1.1 bætist eftirfarandi efni:

Askorbinsýra og askorbót (E 300-302)  
Sítrónusýra (E 330)

}  
}  
} GFH

b. Við aukaefnaflokkinn 4.1.3 bætist eftirfarandi efni:

Askorbinsýra og askorbót (E 300-302)  
Sítrónusýra (E 330)

}  
}  
} GFH, Aðeins í flysjaðar  
kartöflur

c. Eftirfarandi efni fellur brott úr aukaefnaflokknum 9.4.1:

Nítröt (E 251-252)

(Alls 250 mg/kg í saltaðar,  
reyktar eða niðurlagðar kjötvörur)

#### 2. gr.

2. tölul. 2. mgr. 18 gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

3. tölul. tilskipunar 65/66/EBE um sérstök skilyrði um hreinleika rotvarnarefna sem heimilt er að nota í matvæli með síðari breytingum, 16. tölul. tilskipun 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum með síðari breytingum, 17. tölul. tilskipun 78/664/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir þrávarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli með síðari breytingum, 29. tölul. tilskipunar 81/712/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins til staðfestingar á að tiltekin aukefni sem notuð eru í matvælum fullnægi skilyrðum um hreinleika, 46. tölul. tilskipunar 95/31/EB um hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni sem ætluð eru til notkunar í matvælum með breytingum 98/66/EB, 2000/51/EB og 2001/52/EB, tilskipun 95/45/EB um hreinleikaskilyrði fyrir litarefni, með breytingum 99/75/EB og 2001/50/EB og tilskipun 2002/82/EB um hreinleikaskilyrði fyrir aukefni önnur en litar- og sætuefni.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (tilskipun nr. 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni). Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 30. september 2003.*

F. h. r.

**Halldór Þorgeirsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samþykkt neðangreindar breytingar:
- Frístundabyggð í landi Ásgarðs, Hvammur 25 og 27.*  
Breytingin felst í því að mörk lóðar nr. 27 við Hvamma færast um 15 m inn á lóð nr. 25.
  - Frístundabyggð í landi Snæfoksstaða.*  
Breytingin felst í því að lóðir við Grámosaveg 1-11 og 2-8 stækka og fjölgar um eina lóð. Jafnframt stækkar skipulagssvæðið til vesturs.
  - Frístundabyggð í landi Norðurkots.*  
Breytingin felst í því að lóð nr. 40 í landi Norðurkots er skipt í lóðir nr. 40, 40a og 40b.

Breytingin á deiliskipulaginu sem auglýst er með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. september 2003.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

- Einstefna verði á Norðurgötu til norðurs frá Gránugötu að Eyrargötu.
- Gránugata og Tjarnargata verði aðalbraut frá Suðurgötu niður á Hafnarbryggju. Biðskylda verði á götum sem koma inn á aðalbrautina.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Siglufirði, 30. september 2003.*

**Guðgeir Eyjólfsson.**

## REGLUGERÐ

### um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textíl- og leðurvörum.

#### 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna eða haft eituráhrif á lífríki í vatni.

#### 2. gr.

Óheimilt er að meðhöndla textílvörur, svo sem föt, undirföt og lín, með eldtefjandi efnum sem talin eru upp í 1. viðauka, ef ætla má að vörurnar geti komist í snertingu við höfund.

Óheimilt er að selja eða flytja inn textílvörur, sbr. 1. mgr., sem meðhöndlaðar hafa verið með eldtefjandi efnum, sbr. 1. viðauka.

#### 3. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota asólitarefni, sem talin eru upp í 2. viðauka, sem litarefni í textíl- og leðurvörur hvort sem er á hreinu formi eða í efnavöru þar sem styrkur asólitarefnisins er hærri en 0,1%<sup>1</sup>.

#### 4. gr.

Óheimilt er að nota asólitarefni í textíl- og leðurvörur, sbr. 3. viðauka, sem ætla má að geti komist í beina og langvarandi snertingu við höfund eða munn ef efnin geta brotnað niður í eitthvert þeirra arómatísku amína sem talin eru upp í 4. viðauka. Þetta á við þegar styrkur niðurbrotsefna er yfir 30 ppm<sup>2</sup>. Mæling skal gerð með viðurkenndri prófunaraðferð, sbr. 5. viðauka.

Óheimilt er að selja eða flytja inn textíl- og leðurvörur sem litaðar hafa verið með asólitarefnum ef þær uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr.

#### 5. gr.

Óheimilt er að nota kvikasilfurssambönd í slitþolnar textílvörur og garn ætlað í framleiðslu þeirra.

Óheimilt er að flytja inn eða selja garn og textílvörur sem meðhöndlaðar hafa verið með kvikasilfurssamböndum.

#### 6. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni og efnavörur, sem í er meira en 0,1% af pentaklórfenóli (PCP), til gegndreytingar trefja og slitþolinna textílvára.

Óheimilt er að nota trefjar og slitþolnar textílvörur, svo sem fatnað, áklæði eða teppi, sem gegndreyptar hafa verið með PCP sbr. 1. mgr.

#### 7. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

<sup>1</sup> Hlutfall miðað við þyngd.

<sup>2</sup> Hluti af milljón (miðað við þyngd).

## 8. gr.

Með brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. t. l. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 79/663/EBE, 83/264/EBE, 89/677/EBE, 91/173/EBE, 1999/51/EB, 2002/61/EB og 2003/3/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 419/2000, um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

## I.

Ákvæði 3. gr. taka ekki gildi fyrr en 30. júní 2004.

## II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 4. gr. er heimilt að nota og markaðssetja textílvörur úr endurunnum trefjum ef styrkur þeirra niðurbrotsefna sem talin eru upp í 4. viðauka er lægri en 70 ppm og ef þau má rekja til fyrri litunar á sömu trefjum. Þessi undanþága gildir til 1. janúar 2005.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. október 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

1. VIÐAUKI  
**Eldtefjandi efni.**

	CAS númer	EB númer
tris(2,3-díbrómprópýl)fosfat (TRIS)	126-72-7	204-799-9
tris(1-asiridínýl)fosfínnoxíð (TEPA)	545-55-1	208-892-5
pólýbrómbífenýl (PBB)	59536-65-1	-

2. VIÐAUKI  
Asólitarefni.

	CAS númer	EB númer	Raðnúmer
Blanda: dínatríum(6-(4-anisidínó)-3-súlfónató-2-(3,5-dínitró-2-oxídófenýlasó)-1-naftólató)(1-(5-klór-2-oxídófenýlasó)-2-naftólató)krómat(1-) og trínatríumbis(6-(4-anisidínó)-3-súlfónató-2-(3,5-dínitró-2-oxídófenýlasó)-1-naftólató)krómat(1-)	Ekki úthlutað  1. þáttur: $C_{39}H_{23}ClCrN_7O_{12}S \cdot 2Na$  118685-33-9  2. þáttur: $C_{46}H_{30}CrN_{10}O_{20}S_2 \cdot 3Na$	405-665-4  -  -	611-070-00-2  -  -

3. VIÐAUKI  
Leiðbeinandi listi yfir textíl- og leðurvörur.

- Fatnaður, lín, handklæði, hártoppar, hárkollur, hattar, taubleiur og aðrar hreinlætisvörur, svefnpokar.
- Skór, hanskar, úlniðsólar, handtöskur, buddur/veski, skjalatöskur, stólaáklæði, axlar-töskur.
- Tau- eða leðurleikföng og leikföng sem eru að hluta til gerð úr leðri eða textílvörum.
- Garn og álnavara, ætlað fyrir almenning.

4. VIÐAUKI  
Arómatísk amín - niðurbrotsefni asólitarefna.

	CAS númer	EB númer	Raðnúmer
4-amínóasóbensen	60-09-3	200-453-6	611-008-00-4
bensidín	92-87-5	202-199-1	612-042-00-2
bífenýl-4-ýlamín 4-amínóbífenýlxenýlamín	92-67-1	202-177-1	612-072-00-6
2,2'-díklór-4,4'-metýlendíanilín 4,4'-metýlenbis(2-klóranilín)	101-14-4	202-918-9	612-078-00-9
3,3'-díklórbensidín 3,3'-díklórbífenýl-4,4'-ýlendíamín	91-94-1	202-109-0	612-068-00-4
3,3'-dímetoxybensidín o-díanisidín	119-90-4	204-355-4	612-036-00-X
3,3'-dímetýlbensidín o-tólídín	119-93-7	204-358-0	612-041-00-7
4-klóranilín	106-47-8	203-401-0	612-137-00-9
4-klór-o-tólúidín	95-69-2	202-441-6	
4,4'-metýlendí-o-tólúidín	838-88-0	212-658-8	612-085-00-7
2-metoxýanilín o-anisidín	90-04-0	201-963-1	612-035-00-4
4-metoxý-m-fenýlendíamín	615-05-4	210-406-1	
6-metoxý-m-tólúidín	120-71-8	204-419-1	
4,4'-metýlendíanilín 4,4'-díamínódifenýlmetan	101-77-9	202-974-4	612-051-00-1
4-metýl-m-fenýlendíamín	95-80-7	202-453-1	612-099-00-3
2-naftýlamín	91-59-8	202-080-4	612-022-00-3
5-nítró-o-tólúidín	99-55-8	202-765-8	
4,4'-oxýdíanilín	101-80-4	202-977-0	
o-tólúidín	95-53-4	202-429-0	612-091-00-X
4-o-tólýlasó-o-tólúidín o-amínóasótólúen 4-amínó-2',3'-dímetýlasóbensen	97-56-3	202-591-2	611-006-00-3
2,4,5-trímetylanilín	137-17-7	205-282-0	
4,4'-þíódíanilín	139-65-1	205-370-9	

5. VIÐAUKI  
Arómatísk amín - niðurbrotsefni asólitarefna.

Par til samþykkt hefur verið stöðluð greiningaraðferð skal nota þýska greiningaraðferð eða aðra sambærilega. Þýska aðferðin er birt í: *Amtliche Sammlung von Analysenmethoden nach § 35 des Lebensmittel- und Bedarfsgegenstandegesetzes, Methode B-82.02, Blatt 2 und 4. ISBN 3-410-11220-0.*

# REGLUGERÐ

## um styrk ósons við yfirborð jarðar.

### I. KAFLI

#### Markmið, gildissvið o.fl.

##### *Markmið.*

##### 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna, gróður, vistkerfi og umhverfið í heild sinni, með því að setja gróðurverndarmörk, heilsuverndarmörk og viðvörnumörk fyrir styrk ósons við yfirborð jarðar.

Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að reynt verði að tryggja að magn ósons í andrúmslofti utanhúss aukist ekki og að það minnki þar sem loftgæði eru ekki viðunandi. Einnig að tryggja að viðunandi og samræmdar mælingar á styrk ósons við yfirborð jarðar séu gerðar og að upplýsingum um styrk ósons í andrúmslofti verði miðlað til almennings.

##### *Gildissvið.*

##### 2. gr.

Reglugerð þessi gildir um eftirlit, vöktun, mælingar, upplýsingaskipti og viðvaranir til almennings vegna ósons í andrúmslofti.

Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eins og við á.

Reglugerðin gildir ekki á vinnustöðum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

##### *Skilgreiningar.*

##### 3. gr.

*Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

*Besta fáanlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

*Forefni ósons* eru efni sem stuðla að ósonmyndun við yfirborð jarðar.

*Gróðurverndarmörk* eru mörk sem miða að því að vernda gróður gegn skaðlegum áhrifum.

*Heilsuverndarmörk* eru mörk sem tryggja heilsu manna til lengri tíma.

*Langtímamarkmið* miða að því að styrkur ósons í andrúmsloftinu verði ekki meiri en svo að ólíklegt sé að heilbrigði manna og /eða umhverfið verði fyrir beinum skaðlegum áhrifum.

*Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd eða eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

*Mengunarefni* eru efni sem menn losa beint eða óbeint út í andrúmsloftið og líklegt er að hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna og /eða umhverfið í heild.

*Rokgjörn lífræn efnasambönd* eru öll lífræn efnasambönd, manngerð og af lífrænum uppruna, önnur en metan, sem geta myndað ljósoxandi efni við efnahvörf með köfnunar-efnisoxíðum fyrir tilstilli sólarljóss.

*Umhverfismörk* er leyfilegt hámarksgildi mengunar í tilteknum viðtaka sett til að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk).

*Upplýsingamörk* eru mörk þar sem hætta er á tímabundnum áhrifum á heilsu manna sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun ef farið er yfir þau. Senda skal út tilkynningar til almennings ef hætta er á að farið verði yfir þau mörk.

*Viðvörðunarmörk* eru ákvörðuð þannig að ef farið er yfir þau stafar heilsu manna hætta af mengun þótt hún vari í stuttan tíma. Senda verður út viðvörðun og grípa til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að farið verði yfir mörkin.

*Svæði* er hluti landsins sem afmarkaður hefur verið til að meta loftgæði.

*Þéttbýlisstaður* er svæði þar sem þéttleiki byggðar er slíkur að nauðsynlegt er að meta og stjórna gæðum andrúmslofts.

## II. KAFLI

### Hlutverk Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda.

#### 4. gr.

Umhverfisstofnun ásamt heilbrigðisnefndum undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

## III. KAFLI

### Meginreglur.

#### *Umhverfismörk.*

#### 5. gr.

Styrkur ósons í andrúmslofti, sem mældur er í samræmi við tilvísunaraðferðir í VIII. viðauka, skal vera undir umhverfismörkum samkvæmt II. hluta I. viðauka.

Í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamlar gegn loftmengun af völdum ósons og beita skal til þess bestu fánlegu tækni.

Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á er heimilt að gera strangari kröfur en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.

#### *Langtímamarkmið.*

#### 6. gr.

Langtímamarkmið um styrk ósons í andrúmslofti samkvæmt III. hluta I. viðauka, skulu nást fyrir árslok 2020.

Halda skal skrá yfir mælistaði þar sem gildin fyrir óson í andrúmslofti eru hærri en segir í 1. mgr. þessarar greinar, en þó innan marka þess sem segir í 1. mgr. 5. gr. Fyrir þau svæði og þéttbýlisstaði skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að hægt verði að uppfylla langtímamarkmið.

#### *Mælistöðvar.*

#### 7. gr.

Umhverfisstofnun skal sjá um að mælistöðvar séu settar upp sem veita nauðsynlegar upplýsingar svo að fara megi að ákvæðum reglugerðarinnar. Þá skal stofnunin sjá um framkvæmd vöktunar.

Flokkun og val á stöðvum skal ákveðin í samræmi við I. hluta IV. viðauka og skal endurskoða staðarvalið reglulega í samræmi við III. hluta IV. viðauka.

Lágmarksfjöldi fastra sýnatökustaða fyrir samfelldar mælingar á ósoni á hverju svæði og þéttbýlisstað þar sem mat á loftgæðum byggist einvörðungu á upplýsingum sem fást með mælingum skal ákveðinn í samræmi við I. hluta V. viðauka. Að minnsta kosti ein mælistöð skal vera starfrækt til að afla gagna um styrk forefna ósons sem tilgreind eru í VI. viðauka.

Fækka má fjölda sýnatökustaða sbr. 3. mgr. vegna fastra mælinga á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem langtímamarkmið hafa náðst í samræmi við II. hluta V. viðauka.

Þar sem sýnt hefur verið fram á að þörf er á föstum mælistöðvum vegna staðbundinnar uppsprettu skal sá atvinnurekstur sem valdur er að menguninni kosta rekstur mælistöðva.

*Aðgerðaáætlanir til skamms tíma.*

8. gr.

Aðgerðaáætlanir skal gera á þeim svæðum þar sem hætta er á að farið verði yfir viðvörunarmörk enda séu veruleg líkindi á að takast megi að draga úr hættunni eða stytta þann tíma sem farið er yfir viðvörunarmörkin.

Í aðgerðaáætlun skal koma fram hvenær grípa skal til sértækra aðgerða og/eða kostnaðarhagkvæmra ráðstafana sem gerðar skulu í áföngum til að stýra og ef þurfa þykir draga úr eða stöðva tiltekna starfsemi, t.d. umferð ökutækja, rekstur fyrirtækja eða notkun iðnaðarvara. Að öðru leyti fer um aðgerðaáætlanir og ráðstafanir sem gilda á svæðum þar sem styrkur er yfir viðvörunarmörkum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um loftgæði.

*Mælingar og mat á styrk ósons.*

9. gr.

Fastar og samfelldar mælingar skal framkvæma á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem styrkur ósons hefur á undangengnu fimm ára tímabili farið yfir þau gildi sem sett eru skv. langtímamarkmiði.

Ef fyrirbyggjandi gögn ná yfir styttra tímabil má styðjast við stutt mælingaráttak á þeim tíma árs og á þeim stöðum þar sem líklegast þykir að mestrar mengunar gæti og styðjast við reiknilíkön sem byggja á niðurstöðum upplýsinga úr skráum um losun til að ákvarða hvort farið hefur verið yfir umhverfismörk.

Við mælingar á styrk ósons skal nota tilvísunaraðferð í I. hluta VIII. viðauka eða aðra greiningaraðferð sem Umhverfisstofnun telur sambærilega.

Upplýsingamörk og viðvörunarmörk fyrir óson eru tilgreind í I. hluta II. viðauka.

Til viðbótar mælingum í föstum mælistöðvum má nota aðrar aðferðir við mat á loftgæðum, s.s. líkanagerð, leiðbeinandi mælingar og hlutlægar matsaðferðir. Á svæðum þar sem ekki er krafist fastra mælistöðva má nota slíkar aðferðir eingöngu.

*Mælingar og mat á styrk forefna ósons.*

10. gr.

Við mælingar á styrk köfnunarefnisoxíðs skal nota tilvísunaraðferð í VI. viðauka eða aðra aðferð sem Umhverfisstofnun telur sambærilega.

Mælingar á köfnunarefnisoxíði skulu fara fram á a.m.k. 50% mælistöðva fyrir óson samkvæmt I. hluta V. viðauka. Mælingar á köfnunarefnisoxíði skulu vera samfelldar nema á bakgrunnstöðum í dreifbýli eins og skilgreint er í I. hluta VI. viðauka þar sem heimilt er að nota aðrar mæliaðferðir.

*Miðlun upplýsinga og viðvaranir til almennings.*

11. gr.

Ef styrkur ósons í andrúmsloftinu fer yfir upplýsingamörk eða viðvörunarmörk, sbr. gildin í I. hluta II. viðauka, ber Umhverfisstofnun að gefa almenningi upplýsingar um það í fjölmiðlum í samræmi við upplýsingar og leiðbeiningar sem koma fram í II. hluta II. viðauka.



Nýjustu upplýsingar um styrk ósons í andrúmslofti skulu kynntar almenningi sem og viðeigandi samtökum, svo sem umhverfissamtökum, neytendasamtökum, samtökum sem annast hagsmuni viðkvæmra hópa, og fyrir öðrum viðeigandi aðilum á sviði heilsugæslu. Þetta má t.d. gera með tilstilli útvarps- og sjónvarpsstöðva, fréttamiðla, upplýsingaskilta eða veraldarvefsins eftir því sem við á.

Upplýsingar um styrk ósons skulu uppfærðar daglega hið minnsta og ef klukkustundargildi liggja fyrir skal uppfæra upplýsingarnar á hverri klukkustund ef því verður við komið.

#### *Upplýsingagjöf.*

12. gr.

Heilbrigðisnefndum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mælinga á umhverfisgæðum samkvæmt þessari reglugerð til Umhverfisstofnunar í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Á sama hátt ber Umhverfisstofnun að skila upplýsingum um niðurstöður vöktunar samkvæmt þessari reglugerð til viðkomandi heilbrigðisnefnda.

#### IV. KAFLI

##### **Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.**

###### *Aðgangur að upplýsingum.*

13. gr.

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

###### *Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

14. gr.

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

###### *Viðurlög.*

15. gr.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal refsast með sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

#### V. KAFLI

##### **Lagastoð, gildistaka o.fl.**

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað þátt sveitarfélaganna varðar, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

Einnig er höfð hliðsjón af III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahags- svæðið; tölulíð 21 ag, tilskipun 2002/3/EB um óson í andrúmslofti svo og tilskipun 2001/81/EB um innlend losunarmörk fyrir losun tiltekinnna loftmengunarefna.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 791/1999, um mælingar á styrk ósons við yfirborð jarðar og viðvaranir til almennings.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. september 2003.*

F. h. r.

**Halldór Þorgeirsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## I. VIÐAUKI

### Skilgreiningar, umhverfismörk og langtímamarkmið fyrir óson.

#### I. Skilgreiningar.

Öll gildi skulu gefin upp í  $\mu\text{g}/\text{m}^3$ . Rúmmálið skal staðlað við eftirfarandi hita og loftþrýsting:  $293^\circ\text{K}$  og  $101,3\text{ kPa}$ .

AOT40 (gefið upp í  $(\mu\text{g}/\text{m}^3)\cdot\text{h}$ ) er summa mismunarins milli klukkustundarstyrks sem er yfir  $80\ \mu\text{g}/\text{m}^3$  (= 40 milljarðshlutar eða 40 ppb) og  $80\ \mu\text{g}/\text{m}^3$  á tilteknu tímabili þar sem eingöngu er stuðst við klst. gildi sem eru mæld daglega milli klukkan 6.00 og 18.00. AOT60 (gefið upp í  $(\mu\text{g}/\text{m}^3)\cdot\text{h}$ ) er summa mismunarins milli klukkustundarstyrks sem er yfir  $120\ \mu\text{g}/\text{m}^3$  (= 60 ppb) og  $120\ \mu\text{g}/\text{m}^3$  á tilteknu tímabili þar sem eingöngu er stuðst við klst. gildi sem eru mæld daglega.

Ársgögn, um þau tilvik, þar sem farið er yfir mörk, sem eru notuð til að skera úr um hvort umhverfismörk samkvæmt II. hluta I. viðauka eru virt og langtímamarkmiðunum samkvæmt III. hluta I. viðauka hefur verið náð, skulu uppfylla viðmiðin í II. hluta III. viðauka.

#### II. Umhverfismörk fyrir óson.

	Færibreyta	Umhverfismörk
1. Heilsuverndarmörk	Hæsta átta klukkustunda meðalgildi hvers dags (a)	$120\ \mu\text{g}/\text{m}^3$ , sem ekki má fara yfir oftar en 25 daga á almanaksári að meðaltali á þriggja ára tímabili. Á sama tímabili skal AOT60 vera undir $5800\ (\mu\text{g}/\text{m}^3)\cdot\text{h}$ .
2. Gróðurverndarmörk	AOT40, reiknað út frá klukkustundagildi frá maí til júlí	$18000\ (\mu\text{g}/\text{m}^3)\cdot\text{h}$ , meðaltal fimm ára (b)
a) Daglegur hámarksmeðalstyrkur í átta klukkustundir skal fundinn með því að athuga meðaltal átta klukkustunda samfelld sem er reiknað út frá gögnum fyrir hverja klukkustund og uppfært einu sinni á klukkustund. Hvert þannig reiknað átta klukkustunda meðaltal skal fært á þann dag sem lok þess ber upp á, þ.e. fyrsta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 17.00 á deginum á undan fram til 01.00 á þessum tiltekna degi; síðasta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 16.00 til 24.00 á þeim degi. b) Ef meðaltal árunna þriggja eða fimm verður ekki ákvarðað á grundvelli fullnægjandi og samfelldra ársagna skulu árleg lágmarksgögn, sem krafist er til að skera úr um hvort umhverfismörk eru virt, vera sem hér segir: – fyrir umhverfismörk að því er varðar heilsuvernd: gild gögn fyrir eitt ár, – fyrir umhverfismörk að því er varðar gróðurvernd: gild gögn fyrir þrjú ár.		

**III. Langtímamarkmið að því er varðar óson.**

	<b>Færibreyta</b>	<b>Langtímamarkmið</b>
1. Heilsuverndarmörk	Hæsta átta klukkustunda meðalgildi innan almanaksárs	120 $\mu\text{g}/\text{m}^3$
2. Gróðurverndarmörk	AOT40, reiknað út frá klukkustundagildi frá maí til júlí	6000 $\mu\text{g}/\text{m}^3\cdot\text{h}$

**II. VIÐAUKI****Upplýsingamörk og viðvörunarmörk.****I. Upplýsingamörk og viðvörunarmörk fyrir óson.**

	<b>Færibreyta</b>	<b>Gildi</b>
Upplýsingamörk	Klukkustundameðaltal	180 $\mu\text{g}/\text{m}^3$
Viðvörunarmörk	Klukkustundameðaltal a)	240 $\mu\text{g}/\text{m}^3$
a) Að því er varðar framkvæmd 8. gr. reglugerðar þessarar skal meta með mælingum hvort farið er yfir viðvörunarmörk þrjár klukkustundir samfleytt eða setja fram spá um það.		

**II. Lágmarksupplýsingar sem veita ber almenningi þegar farið er yfir upplýsingamörk eða viðvörunarmörk eða þegar gera má ráð fyrir að farið verði yfir þessi mörk.**

Upplýsingar, sem veita á almenningi á nægilega greinargóðan hátt og svo fljótt sem auðið er, skulu innihalda:

- Tilvik þar sem farið er yfir upplýsingamörk eða viðvörunarmörk:
  - staður eða svæði þar sem farið er yfir mörkin,
  - mörk sem farið er yfir (upplýsingamörk eða viðvörunarmörk),
  - tímasetning þegar fyrst er farið yfir mörkin og hve lengi styrkur er yfir mörkum,
  - hæsti meðalstyrkur í eina og átta klukkustundir.
- Spá fyrir næsta eða næstu eftirmiðdaga eða daga:
  - landsvæði þar sem líklegt er að farið verði yfir upplýsingamörk og/eða viðvörunarmörk,
  - breytingar sem búast má við að verði (framför, kyrrstaða eða afturför).
- Upplýsingar um áhættuhópa sem málið varðar, hugsanleg áhrif á heilsu og æskilegar aðgerðir til úrbóta:
  - upplýsingar um áhættuhópa,
  - lýsing á líklegum einkennum,
  - varúðarráðstafanir sem mælt er með að viðkomandi grípi til,
  - hvar finna megi frekari upplýsingar.
- Upplýsingar um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr mengun og/eða áhrifum vegna hennar:
  - upplýsingar um helstu uppsprettur mengunar; ráðlagðar aðgerðir til að draga úr losun.

## III. VIÐAUKI

## Viðmiðanir fyrir samantekt gagna og útreikning á tölfræðilegum færíbreytum.

## I. Tegund og umfang gagna.

	Tegundir stöðva	Gildi	Tími reiknaðs meðaltals/samantektar	Bráðabirgðaskýrsla fyrir hvern mánuð frá apríl til september	Ársskýrsla
Upplýsinga-mörk	Allar	180 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	1 klst.	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir hvern dag sem farið er yfir mörk: dagsetning og heildarfjöldi stunda yfir mörkum, hámarksklukkustundargildi fyrir óson og tengd gildi fyrir NO<sub>2</sub> ef þörf krefur,</li> <li>– mánaðarlegt hámarksklukkustundargildi fyrir óson</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir hvern dag sem farið er yfir mörk: dagsetning og heildarfjöldi stunda yfir mörkum, hámarksklukkustundargildi fyrir óson og tengd gildi fyrir NO<sub>2</sub> ef þörf krefur</li> </ul>
Viðvörðunarmörk	Allar	240 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	1 klst.	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir hvern dag sem farið er yfir mörk: dagsetning og heildarfjöldi stunda yfir mörkum, hámarksklukkustundargildi fyrir óson og tengd gildi fyrir NO<sub>2</sub> ef þörf krefur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir hvern dag sem farið er yfir mörk: dagsetning og heildarfjöldi stunda yfir mörkum, hámarksklukkustundargildi fyrir óson og tengd gildi fyrir NO<sub>2</sub> ef þörf krefur</li> </ul>
Heilsuvernd	Allar	120 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	8 klst.	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir hvern dag sem farið er yfir mörk: dagsetning og hámarksildi 8 klst. (b)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– fyrir hvern dag sem farið er yfir mörk: dagsetning og hámarksildi 8 klst. (b)</li> </ul>
Heilsuvernd	Allar	AOT60 (a) = 5800 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )·h	1 klst., samantekt	–	Gildi
Gróðurvernd	Stöðvar í úthverfum, dreifbýli og bakgrunnsstöðvar í dreifbýli	AOT40 (a) = 6000 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )·h	1 klst., samantekt frá maí til júlí	–	Gildi
Skógarvernd	Stöðvar í úthverfum, dreifbýli og bakgrunnsstöðvar í dreifbýli	AOT40 (a) = 20000 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )·h	1 klst., samantekt frá apríl til september	–	Gildi
Mannvirki, byggingar, stytur o.fl.	Allar	40 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	1 ár	–	Gildi
a) Sjá skilgreiningu á AOT40/60 í I. hluta I. viðauka. b) Hæsta, daglega 8 klst. meðalgildi (sjá II. hluta I. viðauka, athugasemd a).					

Í árlegri skýrslugjöf skal jafnframt leggja fram eftirfarandi upplýsingar um öll fyrir-  
liggjandi klukkustundargögn fyrir óson, köfnunarefnisdíoxíð og önnur köfnunarefnisoxíð  
viðkomandi árs:

- fyrir óson, köfnunarefnisdíoxíð, önnur köfnunarefnisoxíð og summu ósons og köfnunarefnisdíoxíðs (samanlagt sem ppb og gefið upp í  $\mu\text{g}/\text{m}^3$  ósons) hámarksgildið og hundraðshlutamörkin 99,9 og 98 og 50 sbr. II. hluta III. viðauka ásamt ársmeðaltali og fjölda staðfesta meðalgilda úr einnar klukkustundar röðum,
- hámarksgildið og hundraðshlutamörkin 98 og 50 ásamt ársmeðaltali úr röðum daglegra 8 klukkustunda hámarksgilda.

Gögn, sem birtast í mánaðarskýrslum, teljast bráðabirgðagögn og skulu uppfærð eftir því sem þörf krefur í síðari skýrslum.

## II. Viðmiðanir fyrir samantekt gagna og útreikning á tölfraðilegum færíbreytum.

Hundraðshlutamörk skulu reiknuð á eftirfarandi hátt:

X-hundraðshlutamarkið skal reiknað út frá gildum sem hafa í raun verið mæld. Öllum gildunum skal raðað eftir vaxandi stærð:

$$X_1 \leq X_2 \leq X_3 \leq \dots \leq X_k \leq \dots \leq X_{N-1} \leq X_N$$

Hundraðshlutamark  $x$  er gildi  $k$ , reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$k = (q \cdot N)$$

þar sem  $q$  jafngildir  $x/100$  og  $N$  er fjöldi þeirra gilda sem hafa í raun verið mæld. Stærðin  $(q \cdot N)$  skal hækkuð eða lækkuð í næstu heilu tölu.

Eftirfarandi viðmiðanir skulu notaðar til að kanna gildi gagna við samantekt þeirra og útreikning á tölfraðilegum færíbreytum:

Færíbreyta	Hundraðshluti gilda gagna sem krafa er gerð um
1 klst. gildi	75% (þ.e. 45 mínútur)
8 klst. gildi	75% af gildunum (þ.e. 6 klst.)
Hæsta, daglega 8 klst. meðalgildi úr mælingum á hverri klukkustund í 8 klst. samfleytt	75% af hlaupandi 8 klst. meðaltali sem er mælt á hverri klukkustund (þ.e. 18 átta klst. meðaltöl á dag)
AOT40	90% af klst. gildum á því tímabili sem skilgreint er vegna útreikninga á gildi fyrir AOT40 (a)
AOT60	75% af klst. gildum, annars vegar að sumri (apríl til september) og hins vegar að vetri (janúar til mars, október til desember) (a)
Ársmeðaltal	75% af klst. gildum, annars vegar að sumri (apríl til september) og hins vegar að vetri (janúar til mars, október til desember)
Fjöldi tilvika þar sem farið er yfir mörk og hámarksgildi hvers mánaðar	90% af daglegum 8 klst. hámarksmeðalgildum (27 fyrirliggjandi daglegra gilda á mánuði) 90% klst. gilda milli kl. 6.00 og 18.00
Fjöldi tilvika þar sem farið er yfir mörk og hámarksgildi hvers árs	fimm af sex mánuðum að sumri (apríl til september)
a) Nota skal eftirfarandi þætti til að reikna gildi AOT40/60 í þeim tilvikum þar sem á vantar að öll hugsanleg mæligögn liggi fyrir:	

$$\text{AOT40 [áætlað]} = \frac{\text{mesti, mögulegi heildarfjöldi klukkustunda*}}{\text{fjöldi mældra klukkustundargilda}}$$

$$\text{AOT40}_{\text{mælt}}$$

\* Fjöldi klukkustunda á tímabilinu sem gildir samkvæmt skilgreiningunni á AOT40 (þ.e. kl. 6.00 til 18.00 frá 1. maí til 31. júlí hvers árs, að því er varðar gróðurvernd, og frá 1. apríl til 30. september hvers árs að því er varðar skógarvernd).

## IV. VIÐAUKI

## Viðmiðanir fyrir flokkun og val á stöðum til sýnatöku á styrk ósons.

Taka skal tillit til eftirfarandi þátta við fastar mælingar:

## I. Val sýnatökustaðar.

Tegund stöðvar	Markmið	Dæmigert fyrir (a)	Viðmiðanir
Þéttbýli	<b>Heilsuvernd:</b> til að meta váhrif ósons á íbúa þéttbýlis, þ.e. þar sem byggð er tiltölulega þétt og styrkur ósons tiltölulega mikill og lýsandi fyrir váhrif á íbúana almennt	Nokkrir km <sup>2</sup>	Fjarri áhrifum af staðbundinni losun, svo sem frá umferð, bensinstöðvum o.s.frv. Opin svæði þar sem loftið blandast vel og styrkur mælist svipaður í öllum mælingum. Íbúðar- og verslunarhverfi, garðar (fjarri trjám), götur eða torg þar sem umferð er lítil eða engin. Opin svæði með kennslustofnunum eða íþrótt- og útivistaraðstöðu.
Úthverfi	<b>Heilsu- og gróðurvernd:</b> til að meta váhrif á íbúa og gróður í jaðri þéttbýlis þar sem styrkur ósons er mestur og vænta má að íbúar og gróður verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum	Nokkrir tugir km <sup>2</sup>	Í tiltekinni fjarlægð frá svæðinu þar sem losun er mest, undan meginvindstefnu(m) við skilyrði sem eru hagstæð fyrir myndun ósons. Þar sem íbúar, viðkvæmar nytjaplöntur eða náttúruleg vistkerfi, í jaðri þéttbýlis, verða fyrir váhrifum vegna mikils styrks ósons. Þar sem við á, stöð í úthverfi vindmegin við svæðið þar sem losun er mest til að ákvarða bakgrunnsstyrk ósons á svæðinu.
Dreifibýli	<b>Heilsu- og gróðurvernd:</b> til að meta váhrif á íbúa, nytjaplöntur og náttúruleg vistkerfi vegna styrks ósons	Nokkur hundruð km <sup>2</sup>	Litlir þéttbýlisstaðir og/eða svæði með náttúrulegu vistkerfi, skógi eða nytjaplöntum. Fjarri áhrifum frá staðbundinni losun, svo sem frá iðjuverum og vegum. Á opnum svæðum en ekki á háum fjallstindum.
Bakgrunnsstöð í dreifibýli	<b>Heilsu- og gróðurvernd:</b> til að meta váhrif á nytjaplöntur og náttúruleg vistkerfi vegna styrks ósons á svæðinu, svo og váhrif á íbúana	1000 til 10.000 km <sup>2</sup>	Strjálbýl svæði, t.d. með náttúrulegum vistkerfum eða skógi eða á svæðum sem eru tiltölulega langt frá þéttbýli og iðnaðarsvæðum og fjarri uppsprettum staðbundinnar losunar. Forðast skal staði þar sem aðstæður eru þannig að hitahvarf geti orðið nærri jörðu, einnig tinda hárra fjalla. Strandstöðvar þar sem gætir sterkra, staðbundinna sólfarsvinda eru ekki æskilegar

a) Sýnatökustaðir skulu eftir því sem unnt er vera dæmigerðir fyrir svipaða staði sem eru utan næsta nágrennis þeirra.

## II. Uppsetning sýnatökubúnaðar.

Eftirfarandi viðmiðunarreglum skal fylgt eftir því sem við verður komið:

1. Flæðið við inntak sýnatökunemans skal vera óhindrað (í a.m.k. 270° boga) án nokkurra tálma sem hafa áhrif á loftflæðið í nágrenni sýnatökubúnaðarins, þ.e. fjarlægðin frá byggingum, svölum, trjám eða öðru sem hindrar, skal nema a.m.k. tvöfaldri hæð þess hluta hindrunarinnar sem skagar upp fyrir sýnatökubúnaðinn.
2. Að öllu jöfnu skal inntak sýnatökubúnaðar vera á bilinu 1,5 m (innöndunarhæð) til 4 m hæð yfir jörðu. Hærri staðsetning kemur til greina fyrir stöðvar í þéttbýli við tiltekna aðstæður og á skógivöxnum svæðum.
3. Inntak sýnatökubúnaðarins skal vera í góðri fjarlægð frá upptökum á borð við útblástur frá ofnum og brennslustöðvum og fjær næsta vegi en 10 m. Fjarlægðin skal aukin eftir því sem umferðin er meiri um veginn.
4. Útblástursfrárás sýnatökubúnaðarins skal komið þannig fyrir að komast verði hjá því að útblástursloft sýnatökubúnaðarins berist að sýnatökuinntakinu.

Einnig ætti að taka tillit til eftirfarandi þátta:

1. truflandi mengunaruppsprettu,
2. öryggis,
3. aðgengis,
4. aðgengis að rafmagni og símafjarskiptum,
5. hve áberandi sýnatökubúnaðurinn er í umhverfinu,
6. öryggis almennings og rekstraraðila,
7. hagræðis sem fylgir því að setja upp sameiginlega sýnatökustaði fyrir mismunandi mengunarefni,
8. skipulagsákvæða.

### III. Skráning og endurskoðun á staðarvali.

Aðferðirnar, sem notaðar eru við staðarval, skulu skráðar ítarlega á flokkunarstigi með ljósmyndum af umhverfinu, teknum í höfuðáttir, og nákvæmu korti. Sýnatökustaðir skulu endurmetnir með reglulegu millibili og endurtekinni skráningu til að tryggja að viðmiðanir við valið séu enn uppfylltar.

Þetta útheimtir að vöktunargögnin verði metin og túlkuð út frá veðurfræðilegum og ljósefnafræðilegum þáttum sem hafa áhrif á styrk ósons sem mælist á tilteknum stað.

## V. VIÐAUKI

### Viðmiðanir þegar ákvarða skal lágmarksfjölda fastra sýnatökustaða við mælingar á styrk ósons.

- I. Lágmarksfjöldi fastra sýnatökustaða vegna samfelldra mælinga sem gerðar eru til að meta loftgæði með tilliti til þess hvort umhverfismörk, ákvæði í langtímamarkmiðum, upplýsingamörk og viðvörðunarmörk, þar sem einu upplýsingarnar eru gögn úr samfelldum mælingum, séu virt.

Íbúafjöldi (× 1000)	Þéttbýlissvæði (þéttbýli og úthverfi) (a)	Önnur svæði (úthverfi og dreifbýli) (a)	Bakgrunnssstöðvar í dreifbýli
< 250	1	1	Meðalþéttleiki skal vera 1
< 500	1	2	stöð/50.000 km <sup>2</sup> á öllum svæðum hvers lands (b)

a) A.m.k. 1 stöð í úthverfum þar sem líklegt er að íbúar verði fyrir mestum váhrifum af ósoni. Í þéttbýli skulu a.m.k. 50% stöðvanna vera í úthverfum.

b) Þar sem staðhættir eru margbreytilegir er æskilegt að 1 stöð sé á hverja 25.000 km<sup>2</sup>.

## II. Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem langtímamarkmið hafa náðst.

Fjöldi sýnatökustaða vegna mælinga á ósoni skal vera nægilegur til að unnt sé að fylgjast með þróun ósonmengunar og ganga úr skugga um hvort ákvæði í langtímamarkmiðum séu uppfyllt og auk þess skal styðjast við viðbótarmatsaðferðir, svo sem gerð reiknilíkans fyrir loftgæði og mælingar á köfnunarefnisdíoxíði á sama stað. Fækka má stöðvum í þéttbýli og á öðrum svæðum þannig að fjöldi þeirra verði þriðjungur þeirrar tölu sem tilgreind er í I. hluta. Ef upplýsingar frá föstum mælistöðvum eru einu upplýsingarnar skal halda úti a.m.k. einni vöktunarstöð. Ef þetta verður til þess að engin mælistöð er lengur á tilteknu svæði þar sem viðbótarmat fer fram skal tryggja með samræmingu við fjölda stöðva á nærliggjandi svæðum að unnt sé að meta styrk ósons með tilliti til settra langtímamarkmiða. Fjöldi stöðva til mælinga á bakgrunnsstyrk í dreifbýli skal vera 1 á hverja 100.000 km<sup>2</sup>.

### VI. VIÐAUKI Mælingar á forefnum ósons.

#### Markmið:

Meginmarkmið mælinga af þessum toga er að greina breytingar á styrk forefna ósons, að kanna árangur af áætlunum sem miða að því að draga úr losun, kanna hvort upplýsingar um losun séu réttar og að tengja saman uppsprettur losunar og styrk mengunarefna.

Annað markmið er að auka skilning á myndun ósons og dreifingu forefna ósons, svo og hvernig beita megi ljósefnafræðilegum reiknilíkönunum.

#### Efni:

Mælingar á forefnum ósons skulu ná til köfnunarefnisoxíða og viðeigandi, rokgjarnra lífrænna efnasambanda. Eftirfarandi er skrá yfir rokgjörn lífræn efnasambönd sem mælt er með að verði mæld:

etan	1-búten	ísópren	etýlbensen
etýlen	trans-2-búten	n-hexan	m+p-xýlen
asetýlen	sis-2-búten	i-hexan	o-xýlen
própan	1,3-bútadíen	n-heptan	1,2,4-trímetylbensen
própen	n-pentan	n-oktan	1,2,3-trímetylbensen
n-bútan	i-pentan	i-oktan	1,3,5-trímetylbensen
i-bútan	1-penten	bensen	formaldehýð
	2-penten	tólúen	heilдарvetniskolefni, önnur en metan

#### Tilvísunaraðferðir:

Nota skal tilvísunaraðferð sem tilgreind er í reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings eða sambærilega aðferð sem er samþykkt af Umhverfisstofnun.

#### Staðsetning mælistöðva:

Mælingar skulu gerðar í þéttbýli og úthverfum við allar vöktunarstöðvar sem eru settar upp í samræmi við kröfur reglugerðar um loftgæði og teljast heppilegar í tengslum við framangreind markmið um vöktun.



VII. VIÐAUKI  
**Markmið um gæði gagna og samantekt á  
 niðurstöðum úr mati á loftgæðum.**

**I. Markmið um gæði gagna.**

Eftirfarandi markmið eru sett um gæði gagna, varðandi leyfilega óvissu matsaðferð, lágmarkstímalengd og öflun mæligagna.

	Fyrir óson, NO og NO <sub>2</sub>
<b>Samfelldar, fastar mælingar</b>	
Óvissa í einstökum mælingum	15%
Lágmarksgagnaöflun	90% að sumri 75% að vetri
<b>Leiðbeinandi mælingar</b>	
Óvissa í einstökum mælingum	30%
Lágmarksgagnaöflun	90%
Lágmarkstímalengd	> 10% að sumri
<b>Reiknilíkan</b>	
Óvissa	
1 klst. meðaltal (að degi)	50%
8 klst. daglegt hámarksgildi	50%
<b>Hlutlægt mat</b>	
Óvissa	75%

Óvissan (á 95% öryggisbili) í mæliaðferðum verður metin í samræmi við meginreglur í „Guide to the Expression of Uncertainty in Measurement“ (ISO 1993) eða aðferðir skv. ISO-staðli 5725-1 „Accuracy (trueness and precision) of measurement methods and results“ (1994) eða samsvarandi staðli. Hundraðshlutatölur um óvissu í töflunni eru gefnar upp sem meðalgildi einstakra mælinga á tímabilinu, sem umhverfismörkin og langtímamarkmiðin miðast við, með öryggisbilinu 95%. Túlka ber óvissu í tengslum við fastar mælingar þannig að þær gildi á styrkssvæði viðkomandi viðmiðunargildis.

Óvissa, tengd reiknilíkönum og hlutlægu mati, er skilgreind sem hámarksfrávik mældra og reiknaðra gilda fyrir styrk á tímabilinu, sem útreikningar á viðeigandi viðmiðunarmörkum miðast við, án tillits til tímasetninga í framvindu.

„Tímalengd“ er skilgreind sem hundraðshluti þess tíma sem miðað er við þegar styrkur mengunarefnis er mældur í tengslum við ákvörðun á umhverfismörkum.

„Gagnaöflun“ er skilgreind sem hlutfall þess tíma, sem tækið skilar gildum gögnum, og þess tíma sem miðað er við þegar tölfraðilega færíbreytan eða heildargildið er reiknað. Kröfur um lágmarksgagnaöflun og lágmarkstímalengd ná ekki til gagna sem glatast vegna reglubundinnar kvörðunar eða eðlilegs viðhalds tækjabúnaðarins.

**II. Niðurstöður úr mati á loftgæðum.**

Eftirfarandi upplýsinga skal afla fyrir svæði eða þéttbýlisstaði þar sem aukið er við mæligögn með upplýsingum, fengnum með öðrum hætti en með mælingum:

- lýsing á því mati sem fram fer,
- sérstakar aðferðir sem eru notaðar ásamt tilvísun í lýsingar á hverri aðferð,
- hvaðan gögn og upplýsingar eru fengnar,
- lýsing á niðurstöðum, þ.m.t. óvissu, og síðast en ekki síst umfangi allra undirsvæða innan svæða eða þéttbýlisstaða þar sem styrkur er meiri en gildi í langtímamarkmiðum segja til um eða yfir markgildum,
- í tengslum við langtímamarkmið eða umhverfismörk, sem eru sett til að vernda heilbrigði manna, skal gefa upp hvaða íbúar geta orðið fyrir váhrifum vegna styrks sem er yfir upplýsingamörkum.

Umhverfisstofnun skal, þar sem því verður við komið, gera kort sem sýna styrkdreifingu innan hvers svæðis og þéttbýlisstaðar.

### III. Stöðlun.

Að því er varðar óson skal rúmmálið staðlað við eftirfarandi hita og loftþrýsting: 293°K og 101,3 kPa. Að því er varðar köfnunarefnisoxíð gildir stöðlunin sem tilgreind er í reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svífrýk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.

## VIII. VIÐAUKI

### Tilvísunaraðferð við greiningu ósons og kvörðun á mælitækjum fyrir óson.

#### I. Tilvísunaraðferð við greiningu ósons og kvörðun á mælitækjum fyrir óson

- Greiningaraðferð: ljósmæling sem byggist á útfjólubláum geislum (ISO FDIS 13964),
- Kvörðunaraðferð: tilvísunarljósmælir fyrir útfjólublátt ljós (ISO FDIS 13964, VDI 2468, B1.6).

Staðlasamtök Evrópu (CEN) vinna nú að stöðlun þessarar aðferðar. Þegar Staðlasamtökin hafa birt viðkomandi staðal verður aðferðin og tæknin, sem þar er lýst, tilvísunar- og kvörðunaraðferðin í þessari tilskipun.

Umhverfisstofnun er einnig heimilt að nota aðra aðferð, enda geti hún sýnt fram á að aðferðin gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um skipun starfsgreinaráða nr. 475/2001.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr.:

Staflíður m orðist svo:

Fjármála- og verslunargreinum.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr.:

1) 9. mgr. orðist svo:

*Starfsgreinaráð rafiðngreina*: 3 fulltrúar tilnefndir af Rafiðnaðarsambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði.

2) 11. mgr. orðist svo:

*Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina*: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 2 fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 1 fulltrúi tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu.

3) 14. mgr. orðist svo:

*Starfsgreinaráð snyrtigreina*: 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra snyrtifræðinga.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 1. október 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*

Nr. 747

1. október 2003

## REGLUR

### um afnám reglna um veitingu réttinda í snyrtifræði nr. 364, 20. júní 1996.

#### 1. gr.

Felldar eru úr gildi reglur nr. 364, 20. júní 1996, um veitingu réttinda í snyrtifræði.

#### 2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 1. október 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
718	29. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Athafna- svæði Hellnahrauni 1. áfanga“ vegna Hringhellu 2 í Hafnarfirði .....	2143
719	18. sept.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Hveragerði .....	2143
720	22. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Löngumýri 28 í Garðabæ .....	2143
721	18. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi .....	2144
722	23. sept.	Auglýsing um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2004 .....	2144
723	24. sept.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. ....	2145
724	22. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002 - 2017, Selbrekka, Egilsstöðum .....	2145
725	22. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990 - 2010, aðkomuleiðir að hafnar­svæði og miðbær, Fjarðabyggð .....	2146
726	22. sept.	Samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg .....	2146-2148
727	26. sept.	Samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum .....	2148-2149
728	23. sept.	Auglýsing um hættumat fyrir Bolungarvík .....	2150
729	24. sept.	Reglugerð Hitaveitu Flúða .....	2150-2156
730	23. sept.	Reglugerð um örverurannsóknir á sláturafurðum og bún- aði sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva .....	2157-2162
731	24. sept.	Skipulagsskrá Sjóðs Sigríðar Lárusdóttur .....	2162-2163
732	25. sept.	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Bókmennta- háttíðin í Reykjavík .....	2164-2165
733	25. sept.	Skipulagsskrá fyrir Rannsóknasjóð um offitu og skylda sjúkdóma .....	2166-2167
734	26. sept.	Skipulagsskrá fyrir Landbótasjóð Fljótsdalshrepps .....	2168-2169
735	30. sept.	Reglugerð um (10.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri .....	2170-2180
736	26. sept.	Reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mæl- ingar á aðskotaefnum í matvælum .....	2180-2201
737	29. sept.	Reglugerð um meðhöndlun úrgangs .....	2202-2213
738	29. sept.	Reglugerð um urðun úrgangs .....	2213-2248
739	29. sept.	Reglugerð um brennslu úrgangs .....	2249-2273
740	6. okt.	Reglugerð um (11.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri .....	2273-2280
741	30. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, sbr. reglugerð nr. 658/2002 .....	2281
742	26. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Grímsnes- og Grafningshreppi .....	2282
743	30. sept.	Auglýsing um umferð á Siglufirði .....	2282
744	6. okt.	Reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinnna efna við meðhöndlun á textíl- og leðurvörum .....	2283-2286
745	30. sept.	Reglugerð um styrk ósons við yfirborð jarðar .....	2287-2299
746	1. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um skipun starfs- greinaráða nr. 475/2001 .....	2300
747	1. okt.	Reglur um afnám reglna um veitingu réttinda í snyrtifræði nr. 364, 20. júní 1996 .....	2300

